

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

12. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*



Háskólaútgáfan
Reykjavík 2020

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U6201404
ISBN 978-9935-23-026-3

Efni

Frá ritstjórum	7
--------------------------	---

GREINAR

Kristín Ingvarsdóttir

Ævintýraeyjurnar Japan og Ísland: Um Japansdvöl Nonna, 1937–1938	13
---	----

Erla Erlendsdóttir

Vanadio, itrio, ángstrom... En torno a términos científicos de origen nórdico en español	50
---	----

François Heenen

Mémoire et temps du passé.	85
------------------------------------	----

Birna Arnbjörnsdóttir

Enska sem kennslumál við Háskóla Íslands og kennsla í akademískri ensku	119
--	-----

Þórhallur Eyþórsson

Býsn og fádæmi í tungumálinu: Um magn og gæði heimilda í sögulegri setningarfræði .	139
--	-----

Þorgerður Anna Björnsdóttir

Gluggi í austurátt – þýðingasaga íslenskra og kínverskra bókmennta	169
---	-----

Angela Rawlings, Lara W. Hoffmann, Randi W. Stebbins

Multilingual Writing in Iceland: The Reception of Ós Pressan and its Members Nationally and Internationally	191
--	-----

ÞÝÐINGAR

Geir Þ. Þórarinnsson

Lýsías, „Um morðið á Eratosþenesi“ 223

Helgi Skúli Kjartansson

Tómas frá Celano, „Dies Irae“ 238

Geir Sigurðson

Hans Henny Jahnn, „Ragna og Níls“ 248

Hjörleifur Rafn Jónsson

Síðaóruang, „Matsí“ 260

Hólmfríður Garðarsdóttir

Neida de Mendonça, „Þar til dauðinn aðskilur okkur“ . . . 271

Hólmfríður Garðarsdóttir

Chiquita Barreto, „Allt fór fjandans til“ 276

Hólmfríður Garðarsdóttir

Delfina Acosta, „Amalía leitar unnusta“ 281

Gunnbildur Jónatansdóttir

Nuala Ní Dhomhnaill, „Spurning um tungumálið“
(Ceist na Teangan). 286

Höfundar, þýðendur og ritstjórar 289

Frá ritstjórum

*M*illi mála – tímarit um erlend tungumál og menningu er gefið út í tólfta sinn hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Tímaritið kemur út einu sinni á ári í opnum vefaðgangi (millimala.hi.is) og þar birtast ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, bókmennta, málvísinda, málakennslu og þýðingafræði. Í *Milli mála* hefur einnig skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka.

Að þessu sinni eru sjö ritrýndar greinar í heftinu og er efni þeirra á sviði bókmennta, málvísinda, kennslufræði erlendra tungumála, þýðinga og ritunar.

Í grein sinni „Ævintýraeyjurnar Japan og Ísland: Um Japansdöl Nonna, 1937–1938“ fjallar Kristín Ingvarsdóttir um för hins háaldrada, kaþólska prests Jóns Sveinssonar til Japans og þá virðingu sem honum var sýnd þar, og gerir einnig grein fyrir áhrifum hans í japanskri menningu. Lítið hefur áður verið fjallað um þær viðtökur sem Jón hlaut í Japan en Kristín byggir umfjöllun sína einkum á japönskum frumheimildum og setur döl Jóns í Japan í samhengi við það erfiða ástand sem var uppi í japönsku þjóðfélagi á milli-stríðsárunum.

Erla Erlendsdóttir fjallar í grein sinni „Vanadio, itrio, ángstrom ... en torno a Términos científicos de origen nórdico en español“ um norrænan orðaforða sem barst inn í spænsku fyrir á öldum og af hvaða rótum hann er runninn. Orð af norrænum rótum í spænsku eru af ýmsu tagi en í greininni er einkum fjallað um vísindalegan orðaforða, sem var tekinn upp í spænsku frá lokum 18. aldar og fram á 20. öld, oft í gegnum þriðja mál, einkum frönsku en einnig þýsku. Þessi orð má m.a. rekja til örnefna, eiginnafröna og jafnvel til goðafræðinnar en engar rannsóknir hafa áður verið gerðar á þessum orðum.

Í greininni „Mémorire et temps du passé“ fjallar François Frans Heenen um samband minninga og málfræðilegrar þátíðar í frönsku. Hér er á ferðinni róttæk tilraun til þess að greina tíðakerfi franska

sagna út frá ólíkri virkni minninga og leysa með því ýmis vandamál sem fylgja því að styðjast við hefðbundin hugtök um tímaskírskotun og horf hinna ýmsu tíða sagnkerfisins.

Birna Arnbjörnsdóttir skrifar greinina „Enska sem kennslumál við Háskóla Íslands og kennsla í akademískri ensku“. Þar fjallar hún um ónógan undirbúning bæði kennara og nemenda þegar gerðar eru (auknar) kröfur um að allir geti lesið námsefni fræðigreina á ensku og skrifað um þau fræði á ensku. Birna lýsir þeirri þróun sem orðið hefur innan enskukennslunnar til að þjálfar nemendur í að skrifa á viðurkenndan hátt og á máli sem þykir við hæfi í fræðaheimi háskóla.

Í grein sinni „Býsn og fádæmi í tungumálinu: Um magn og gæði heimilda í sögulegri setningarfræði“ hugleiðir og rekur Þórhallur Eyþórsson dæmi um hvað lesa megir úr heimildum og hversu traustar þær þurfi að vera til þess að byggja megi á þeim kenningar um málfræðifyrirlæsi í fornu máli. Eins og gefur að skilja eru dæmi úr fornum heimildum oft af skörum skammti og gömul vinnuregla minnir á að eitt dæmi dugi ekki til staðfestingar. Textinn sjálfur, sem ber dæminu vitni, getur verið textafræðilega vandasamur en auk þess dugar tilvist fáeinna dæma ekki endilega til þess að færa sönnur á að málfræðifyrirlæsið hafi verið hluti af almennri málnotkun. Þórhallur bendir á að gæði dæmanna skipta meira máli en fjöldi þeirra þegar ályktanir eru dregnar af þeim og sýnir hvernig meta megi gæði dæmanna.

Þorgerður Anna Björnsdóttir hefur safnað heimildum um þýðingar milli kínversku og íslensku og rekur þá sögu í greininni „Gluggi í austurátt – þýðingasaga íslenskra og kínverskra bókmennta“. Hér gerir hún grein fyrir því efni sem þýtt hefur verið bæði úr íslensku á kínversku og úr kínversku á íslensku og nefnir höfunda og þýðendur: Þorgerður varpar ljósi á hvernig val á verkum til þýðinga er bæði breytilegt og undir áhrifum frá sviptingum stjórnmálanna í gegnum tíðina og einnig auknum samskiptum þjóðanna. Á það bæði við um íslensk verk sem þýdd hafa verið á kínversku og um kínversk verk sem þýdd hafa verið á íslensku.

Að síðustu rita þær Angela Rowlings, Lara W. Hoffmann og Randi W. Stebbins um höfunda af erlendum uppruna sem vilja koma sér á framfæri á íslenskum ritvelli í greininni „Multilingual Writing

in Iceland: The Reception of Ós Pressan and its Members Nationally and Internationally“. Þykja þeim viðtökur ekki alltaf góðar og fálæti gagnvart þeim ríkjandi.

Í þessu hefti *Milli mála* er nú að finna verk átta höfunda sem þýdd hafa verið úr sex tungumálum. Elstir þeirra eru textar frá fornöld og miðöldum. Geir Þórarinn Þórarinsson þýðir úr forngrísku varnar-ræðuna „Um morðið á Eratosþenesi“ eftir Lýsías. Í formála segir Geir frá höfundinum og forngrískri ræðumennsku og mælskulist. Fornar ræður hafa heimildagildi um margt, s.s. réttarfar, pólitísk átök og daglegt líf auk þess að vera mikilvægar málheimildir. Þær eru, eins og Geir segir í formála, „gluggi inn í gríska menningu 5. og 4. aldar f.o.t.“.

Helgi Skúli Kjartansson þýðir úr latínu ljóðið „Dies Irae“ eftir Tómas frá Celano. Fleiri hafa spreytt sig á að þýða kvæðið á íslensku en í eftirmála gerir Helgi Skúli grein fyrir þýðingu sinni og fylgja henni ítarlegar skýringar.

Geir Sigurðsson þýðir úr þýsku söguna „Ragna og Níls“ eftir Hans Henny Jahnn og kynnir lífshlaup höfundar í stuttu máli. Verk Jahnn hafa verið talin einkennast af ákveðnum kvíða og bölsýni, af tómhyggju og jafnvel sadómasókískum stefnum en hann beinir sjónum oft að hvers kyns harðneskju og grimmd. Undanfarið hafa verk Jahnn vakið eftirtekt fyrir að beina sjónum að ýmsum jaðar-hópum en segja má að Jahnn hafi sjálfur verið jaðarsettur höfundur á sínum tíma.

Raddir kvenna heyrast í smásögum fjögurra kvenhöfunda sem birtast í þessu hefti. Hólmfríður Garðarsdóttir þýðir þrjár smásögur frá Paragvæ eftir þrjá kvenhöfunda og segir af ferli þeirra. Þetta eru sögurnar „Þar til dauðinn aðskilur okkur“ eftir Neida de Mendonça, „Allt fór fjandans til“ eftir Chiquita Barreto og „Amalía leitar unn-usta“ eftir Delfina Acosta. Sögurnar varpa hver á sinn hátt ljósi á reynsluheim kvenna. Það gerir einnig sagan „Matsí“ eftir Sidaóruang sem Hjörleifur Rafn Jónsson þýðir úr tælensku. Smásagan afhjúpar í raun ákveðinn tvískinnung í gildum búddismans því hún flettir ofan af því hvernig konur eru síður lofaðar og jafnvel lastaðar fyrir það sem hefja myndi karlmann til skýjanna. Matsí er goðsagnakennd eiginkona Vesandons prins, sem varð Búdda. Í sögu Sidaóruang

hefur Matsí verið færð inn í nútímann og henni stendur einfaldlega ekki til boða að leitast við að vera laus við hvers kyns veraldleg tengsl, eins og Hjörleifur útskýrir í formála að þýðingunni.

Loks er þýðing Gunnhildar Jónatansdóttur á írska ljóðinu „Spurning um tungumálið“ (Ceist na Teangan) eftir Nuala Ní Dhomhnaill ásamt stuttri kynningu á höfundu. Í ljóðinu líkir skáldið írska tungumálinu við körfuna í sefinu sem Móses var lagður í. En írskan ber ekki Móses heldur vonir skáldsins.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum, ritrýnum, prófarkalesurum, Jessicu Murphy, Marion Poilvez, Nuria Frias Jimenez og Sigríði Harðardóttur, og umbrotsmanni, Valgerði Jónasdóttur, fyrir ánægjulegt samstarf og minna á skilafrest greina og þýðinga í næsta hefti – sem er 1. mars 2021. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is.

Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórbildur Oddsdóttir

Greinar

Ævintýraeyjurnar Japan og Ísland: Um Japansdvöl Nonna, 1937–1938

Seint á rithöfundarferli Jóns Sveinssonar, Nonna, rættist draumur hans um að heimsækja Japan. Jón lagði upp í heimsreisu einn síns liðs í ágúst 1936 nærri 79 ára gamall, sem var hár aldur á mælikvarða þess tíma. Hann var þá einn þekktasti Íslendingur samtímans og naut mikilla vinsælda á meginlandi Evrópu fyrir barnabækurnar um Nonna og Manna, sem alls voru þýddar á um 30 tungumál.¹ Áfangastaðirnir voru fyrst og fremst tveir: fyrst Bandaríkin og síðan Japan. Jón kom til Japans vorið 1937 og dvaldist í eitt ár við hinn þekhta Sophia-háskóla í Tókýó, sem rekinn var af trúbræðrum hans í Jesúitareglunni. Jón skráði ferðasögu sína og kom hún út á Íslandi í tveimur hlutum að honum látnum undir heitunum *Ferð Nonna umhverfis jörðina* (1955) og *Nonni í Japan* (1956). Í ferðasögunni segir frá Japansdvölinni á fjörlegan hátt, en hún er langt frá því að teljast með þekktari eða vinsælli verkum höfundar.² Japansdvölin er þó um margt merkileg heimild, þar sem hún veitir innsýn í eina af fyrstu meiriháttar landkynningunum sem Íslandi hefur hlotnast í fjarlægum heimsálfum, enda þótt hún hafi alls ekki verið skipulögð sem slík. Einnig tengist hún með áhugaverðum hætti sögu Jesúitareglunnar og kaþólskunnar í Japan á milli-stríðsárunum. Jón kom víða við meðan á dvölinni í Japan stóð. Hann hélt 56 fyrirlestra vítt og breitt um landið, þ.m.t. í virtustu

1 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 7. Sjá einnig lista í dagbók Jóns yfir 27 tungumál sem Nonnabækurnar höfðu verið þýddar á (dagbók 8+9, færsla 9. des. 1937), en fleiri þýðingar hafa bæst við síðar.

2 Sjá t.a.m. ritdóm um fyrri hluta ferðabókarinnar í *Þjóðviljanum*, þar sem gagnrýnandi (B.B.) tekur fram að Jóni sé „nokkuð tekið að förlast, enda kominn yfir áttærætt“. „Nonni í Ameríku“, bls. 6.

menntastofnun landsins, Keisaralega háskólanum í Tókýó; hann kom fram í útvarpi og þrjár af bókum hans komu út á japönsku um þetta leyti. Honum var sómi sýndur af bæði japönsku keisarafjölskyldunni og forsætisráðherra landsins; hann var aufúsugestur hjá sendiherrum, rithöfundum og ýmsu menntafólki og hundruð barna flyktust oft til að hlýða á fyrirlestra hans og upplestra.³ Að auki var tíð og umfangsmikil umfjöllun um Jón og Nonnabækur hans í japönskum dagblöðum og tímaritum meðan á dvölinni stóð, en markmiðið með ritun þessarar greinar er einmitt að kynna og greina þá fjölbreyttu umfjöllun. Greinarnar eru langflestar á japönsku og ekki hefur verið fjallað um efni þeirra áður, hvorki á Íslandi né í Japan, að örfáum greinum undanskildum.

Sagnfræðingurinn Gunnar F. Guðmundsson hefur ritað ítarlega ævisögu Jóns (2012) þar sem Japansdvölinni eru gerð góð skil. Bókin byggist á umfangsmikilli rannsóknarvinnu á bæði íslenskum og erlendum frum- og eftirheimildum, en þó einungis að litlu leyti japönskum. Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á Japansdvöl Jóns á grundvelli rannsóknar á japönskum heimildum frá þeim tíma sem Jón dvaldist í Japan. Leitast verður við að svara hvar og með hvaða hætti fjallað var um rithöfundinn og verk hans í japönskum dagblöðum og tímaritum. Til grundvallar liggja heimildir, sem greinarhöfundur hefur aflað í japönskum skjalasöfnum og gagnagrunnum, ásamt japönskum heimildum á Nonnasafni Landsbókasafns. Með því að rannsaka þessar heimildir bætist nýtt sjónarhorn við fyrri rannsóknir á Japansdvöl Jóns. Jafnframt verður lögð áhersla á að varpa ljósi á þær þjóðfélags- og trúarhræringar sem ruddu sér til rúms í Japan á fyrri hluta síðustu aldar og hafa vafalítið haft áhrif á þær viðtökur sem höfundurinn og verk hans fengu í Japan. Greinin er þannig byggð upp að hún hefst á stuttum inngangskafli, þar sem rætt er um heimildir um viðfangsefnið og fyrri skrif um Japansdvöl Jóns. Að öðru leyti skiptist greinin í tvo meginhluta. Í fyrri hlutanum er fjallað um stöðu Japans í alþjóðlegu samhengi á þeim árum sem Jón kemur til Japans, sem og stöðu trúarbragða og Sophia-háskólans á fjórða áratugi síðustu aldar. Í seinni hlutanum er fjallað um þá mynd sem japanskar heimildir

3 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nomni*, bls. 385–400.

gefa af Japansdvöl Jóns og þeim viðtökum sem hann hlaut í landinu.

1. Heimildir um viðfangsefnið og fyrri skrif

Líklega hefur Jóni Sveinssyni hvergi verið sýnd jafnmikil virðing og athygli og í Japan. Það var alla vega upplifun hans sjálfs líkt og lesa má í bæði ferðabókinni, *Nonni í Japan*, og dagbókum Jóns. Sagnfræðingurinn Gunnar F. Guðmundsson tekur í sama streng í gagnmerkri ævisögu Jóns, *Pater Jón Sveinsson: Nonni* (2012). Japansdvöl Jóns hefur þó ekki hlotið þá athygli sem hún verðskuldar, og má e.t.v. segja að það sama eigi við um allt ævistarf Jóns. Tvær greinargóðar eftirheimildir eru þó til um Japansdvölinu. Sú fyrri er undirkafla um Nonna í Japan í áðurnefndri ævisögu Gunnars um Jón, en hún er byggð á umfangsmikilli rannsóknarvinnu á bæði íslenskum og erlendum frum- og eftirheimildum. Í bókinni er Japansdvölinni gerð afbragðsgóð skil og lesendur fá tækifæri til að kynnast bæði því sem á daga Jóns drífur og hvernig hann hugsar og tjáir sig um dvölinu í dagbókum sínum og bréfum til vina og ættingja. Hin heimildin er japönsk sýning um Nonna, *Seinni ferð Nonna til Japans*, sem var opnuð í Tókýó haustið 2008 í samstarfi Nonnahúss á Akureyri og Motokatsu Watanabe, fyrrverandi sendifulltrúa í sendiráði Japans á Íslandi.⁴ Watanabe, er lögfræðingur að mennt, en hann tók miklu ástfóstri við Nonna á meðan hann starfaði á Íslandi og fékk því áorkað að sýning um Nonna var opnuð í Japan og að bókin *Nonni og Manni og undursamlega ævintýrið* var endurútgefin í nýrri þýðingu hans sama ár. Sýningin byggist í grunninn á ferðasýningu sem Nonnahús á Akureyri gerði um Jón árið 2007 í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli hans, en þar við bætist efni sem Watanabe safnaði sérstaklega um Japansdvöl Jóns.⁵ Watanabe hefur tekið við-

4 Sýningin var haldin í Jiyu Gakuen menningarmiðstöðinni í Tókýó og hét á japönsku ノニの70年後の再訪日 [Nonni no nanajūengo no saihōnichi]. Sýningin er í íslenskum fjölmiðlum kölluð *Seinni ferð Nonna til Japans*, sjá t.d. grein með sama titil í *Fréttablaðinu* þ. 19. sept. 2008, bls. 24.

5 Fjölmarginir lögðu hönd á plóg bæði í Japan og á Íslandi til að gera sýninguna að veruleika, þ.á m. Vináttufélag Íslands í Japan. Yukiko Koshizuka, fyrrverandi starfsmaður hjá japanska sendiráðinu, vann lengi að sýningunni og þýddi m.a. texta sýningarinnar yfir á japönsku. (Skv. tölvupósti frá Brynhildi Pétursdóttur, fyrrverandi safnstjóra Nonnahúss, júlí 2020. Brynhildur vann að sýningunni fyrir hönd safnsins og lét greinarhöfundu japönsku sýningarspjöldin í té.)

töl við eldri Japani sem hlýddu á Jón sem börn, leitað að efni um Jón á skjalasöfnum ýmissa skóla sem Jón heimsótti og safnað umfjöllun um höfundinn í Japan.⁶ Aðeins lítill hluti af efninu er þó með í sjálfri sýningunni þannig að hún bætir litlu við rannsókn Gunnars F. Guðmundssonar hvað upplýsingar varðar. Sýningin hefur þó mikið gildi í japönsku samhengi þar sem nafn Nonna var við það að falla í gleymsku þegar Watanabe hóf kynningarátak sitt.⁷ Að lokum má nefna að greinarhöfundur birti yfirlitsgreinar um samskiptasögu Íslands og Japans í vor- og hausthefti *Skírnis* árið 2017 og í fyrri greininni sem fjallar um samskipti landanna fyrir seinni heimsstyrjöld er vikið stuttlega að Japansdvöl Jóns.⁸ Jafnframt ber að nefna bókina *Nonni og Nonnabús* (1993) eftir Jón Hjaltason, en mikið af myndum úr Japansferðinni prýða bókina.⁹ Með þessari grein gefst tækifæri til að fara nánar í saumana á Japansdvölinni, en hin mikla fjölmiðlaumfjöllun um höfundinn þar í landi gefur vísbendingar um stöðu Jóns og Nonnabókanna í Japan; hvaða mynd var dregin upp af Jóni; hver markhópurinn var fyrir Nonnabækurnar og hverju Jón kaus sjálfur að koma á framfæri. Við rannsóknina hefur greinarhöfundur leitað fanga víða, m.a. í handritadeild aðalbókasafns Sophia-háskólans, St. Miki bókasafninu í Tókýó, sem rekið er af Jesúitareglunni, rafrænum leitargrunnum japanska landsbókasafnsins (j. *Kokkai Toshokan*) og Nonnasafni Landsbókasafns Íslands. Til grundvallar rannsókninni liggja u.þ.b. 70 japanskar blaða- og tímaritsgreinar¹⁰ en þó er ekki hægt að útiloka að umfjöllun um Jón Sveinsson hafi birst víðar.

6 Viðtal greinarhöfundar við Watanabe í Tókýó, maí 2018.

7 Málþing var haldið í tilefni af opnun sýningarinnar og Watanabe hélt fjölda erinda um Nonna í kjölfar hennar og endurútgáfu Nonnabókarinnar. Margir eldri Japanir muna enn eftir Nonna og Nonnabókunum að sögn Watanabe. (Skv. viðtali greinarhöfundar við Watanabe vorið 2018.) Mögulegt er að hluti af rannsóknarvinnu Watanabe sem hér er nefnd hafi farið fram eftir opnun sýningarinnar.

8 Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“: Upphaf samskipta Íslendinga og Japana 1904–1942“, sjá sérstaklega bls. 91–100, sem fjalla um Japansdvöl Jóns og íslenska trúboða í Japan fyrir seinni heimsstyrjöld.

9 Sjá sér í lagi myndaröð með skýringartextum á bls. 57–68.

10 Greinarnar birtust í Japan í tengslum við dvöl Jóns í landinu á árunum 1937–1938. Greinarnar eru almennt ekki nefndar í heimildalista nema að í þær sé vísað beint.

2. Japan á fjórða áratugi 20. aldar

Í sögu Japans er árið 1930 þekkt sem upphafsár átakanlegs tímabils, sem síðar hefur oft verið kallað „dimmi dalurinn“ af sagnfræðingum. Tímabilið spannar árin 1930 til 1945, en á þessum tíma tóku Japanir skarpa beygju frá alþjóðahyggju og lýðræðishyggju sem einkennt höfðu áratugin á undan.¹¹ Í hverju fólst þessi mikla stefnubreyting Japana í kringum 1930 og hvaða áhrif hafði hún á japanskt samfélag? Óhætt er að fullyrða að Japan hafi verið á hraðri uppleið í alþjóðasamfélaginu við upphaf 20. aldar. Eftir að landið var opnað fyrir umheiminum árið 1853 lögðu Japanir alla áherslu á að nútímavæðast og iðnvæðast hratt og örugglega til að styrkja stöðu sína. Flest ríki Asíu lutu þá stjórn erlendra ríkja sem formlegar eða óformlegar nýlendur og Japanir vildu ekki lenda í sömu stöðu. Þeir höfðu metnaðarfull áform fyrir landið og vildu frekar skipa sér í flokk með nýlenduherrum en að lenda undir hæl þeirra. Japanir unnu stóra sigra á komandi árum og uppskáru bæði jákvæða athygli frá stórveldum þess tíma og landvinninga í Asíu. Árið 1895 tryggðu Japanir sér yfirráð yfir Taívan¹² eftir sigur á Kínverjum; árið 1905 unnu Japanar sigur á Rússum eftir fræga sjóorrustu á Japanshafi og árið 1910 höfðu Japanir tryggt sér yfirráð yfir Kóreuskaganum. Tvíhliða og alþjóðlegir samningar frá þessum tíma sýna einnig glögglega sterka stöðu Japans. Árið 1902 gerði Japan tvíhliða samning við Bretland til að stemma stigu við vaxandi áhrifum Rússa í Austur-Asíu; Japan barðist með Bandamönnum í fyrri heimsstyrjöld og átti fulla aðild að Versalassamningnum, og á þriðja áratugi 20. aldar átti Japan í tíðum samningaviðræðum við Bretland og Bandaríkin um valdajafnvægi stórveldanna þriggja í sjóhernaði. Japanir höfðu sett sér það markmið að skipa sér í hóp völdugustu ríkja heims og það hafði þeim tekist.

Straumhvörf urðu í utanríkisstefnu Japana um og eftir 1930 og það var Kína sem var bitbeinið. Japanir höfðu sérstakan augastað á Mansjúríu, víðáttumiklu landflæmi í Austur-Kína, sem var u.þ.b. fjórum sinnum stærra en Japan. Japanir höfðu smám saman aukið umsvif sín á svæðinu en í september árið 1931 hóf Kwantung-her

11 Dæmi um trausta heimild um utanríkismál Japans á 19. og 20. öld er *Japan & The Wider World: From the Mid-Nineteenth Century to the Present* eftir japanska sagnfræðinginn Akira Iriye.

12 Taívan var almennt kölluð Formósa á þessum tíma.

Japaná innrás í Mansjúríu. Innrásin var reyndar gerð án samþykkis ríkisstjórnarinnar í Tókýó en hún taldi sig ekki eiga annarra kosta vöð en að spila með til að hylma yfir hve illa herinn lét að stjórn. Árið eftir gengu Japanir skrefi lengra með því að lýsa yfir stofnun nýs ríkis á meginlandinu, Mansjúkúó, en engum duldist að Japanir réðu öllu á bak við tjöldin. Þjóðabandalagið fordæmdi framgöngu Japaná, en viðbrögð þeirra voru að ganga úr bandalaginu árið 1933. Japanir héldu áfram að stækka yfirráðasvæði sitt í Mansjúríu og sumarið 1937 braust út stríð milli Japans og Kína, sem lauk ekki fyrr en með uppgjöf Japaná í seinni heimsstyrjöld. Stríðið kostaði miklar fórnir fyrir bæði Japani og Kínverja, jafnt í efnahagslegu tilliti og í mannslífum talið. Stríðið hafði jafnframt þær afleiðingar fyrir Japan að landið stóð einangrað í samfélagi ríkjanna og leitaði því nýrra bandalaga: Japan gekk í Anti-Kómintern bandalagið með Þjóðverjum síðla árs 1936 og í Þríveldabandalagið með fasistaríkjunum Þýskalandi og Ítalíu árið 1940. Þessar sviptingar áttu eftir að skipta miklu máli fyrir þýsku jesúítana sem voru gestgjafar Jóns í Japansferðinni, líkt og nánar verður fjallað um síðar.

Þessi stefnubreyting hafði ekki aðeins áhrif á alþjóðasamskipti Japans heldur gjörbreyttist andrúmsloftið í japönsku samfélagi þar sem herinn og hægriöfl í landinu náðu sterkum undirtökum. Árið 1930 varð Osachi Hamaguchi forsætisráðherra fyrir morðtilraun og sagan endurtók sig árið 1932 þegar Tsuyoshi Inukai forsætisráðherra var skotinn á heimili sínu. Í báðum tilvikum voru árásarmennirnir eldheitir hægri-öfgamenn. Í febrúar 1936 ríkti svo sannkallað ófremdarástand í Tókýó þegar hægri-öfgahópur innan japanska hersins gerði tilraun til valdaráns. Þótt tækist að lokum að kveða niður uppreisnina höfðu stjórnmalaflokkarnir og hin lýðræðislegu öfl í landinu beðið mikinn skaða og nokkrir af þekktustu stjórnmalamönnum landsins höfðu misst lífið. Það var búið að sýna og sanna að „rangar“ skoðanir gátu auðveldlega kostað mannslíf.¹³ Hvernig má það vera að herinn og öfgahópar sem tengdust honum hafi náð svo miklum ítökum á svo skömmum tíma? Ein af skýringunum er sú að herinn naut mikillar hylli almennings. Margir Japanir studdu út-

13 Sjá nánar um uppgang hersins og pólitísku morðin á fjórða áratugi síðustu aldar í: Bix, Herbert P., *Hirohito and the Making of Modern Japan*, bls. 205–305. Nánar um valdaránið 1936 á bls. 295–305.

þenslustefnu Japana í Kína, hvers markmið var m.a. að komast yfir nýjar jarðir og ræktarland fyrir ört vaxandi íbúafjölda í Japan, og í fjölmiðlum bárust tíðar fregnir af glæstum sigrum á meginlandinu. Dagblöðin áttu stóran þátt í að draga upp hvítþvegna mynd af hernaðarsigrum Japans í Kína, en þess ber að geta að Japan varð snemma öflugt fjölmiðlavelði með áhrifamikil dagblöð og prentmiðla. Almenningsur í Japan var sigurreifur og í því andrúmslofti sem ríkti var ekkert umburðarlyndi fyrir gagnrýni á japanska herinn. Það er við þessar aðstæður sem Jón Sveinsson kom til Japans í mars árið 1937 og í ævisögu hans kemur glögggt fram hvernig hann hreifst með sigurgleði Japana. Það er að mörgu leyti skiljanlegt að gestur í landinu hafi hrifist með á sama hátt og Japanir sjálfir.

3. Ríkisrekinn shintóismi og staða „innfluttra“ trúarbragða

Líkt og fram kemur að ofan voru miklar sviptingar í japönsku samfélagi á fjórða áratug síðustu aldar og áhrifin á trúarstarf í landinu voru einnig gríðarleg. En til þess að geta áttað okkur á stöðu kristinna manna í Japan á þeim tíma sem Nonni dvaldi í Japan þurfum við að hverfa nokkra áratugi aftur í tímann og skoða stöðu trúarbragðanna í sögulegu samhengi. Árið 1868 markar upphaf Meiji-endurreisnarinnar (e. *Meiji Restoration*), sem var umfangsmikið þjóðarátak til að færa stjórn landsins í hendur keisarans, varpa japönsku samfélagi inn í nútímann og koma Japan á kortið sem jafningja Vesturveldanna. Japan hafði áður verið lénsveldi og Japanir höfðu í gegnum aldirnar fyrst og fremst kennt sig við sitt lén eða nánustu heimkynni, en nú þurfti að byggja upp þjóðernisvitund þeirra sem Japana. Á örfáum árum tókst Japönnum að tryggja sig í sessi sem nútímaríki með her og almenna herskyldu, þjóðfána, þjóðsöng, stjórnarskrá, þjóðþing og lýðræðislega kjörna ríkisstjórn. Og ekki leið á löngu áður en Japanir færðu út kvíarnar með nýlendum líkt og fram hefur komið. Sú stórfellda endurskoðun á öllum samfélagslegum þáttum sem átti sér stað í Meiji-endurreisninni markaði einnig nýja stefnu fyrir trúarbrögð í landinu og Meiji-stjórnarskráin, sem tók gildi árið 1889, tryggði þegnunum trúfrelsi, en þó með nokkrum

skilyrðum. Grein 20 um trúfrelsi er svohljóðandi: „Japanskir þegnar skulu njóta trúfrelsis innan þeirra marka sem lög og reglur leyfa og svo lengi sem það stangast ekki á við skyldur þeirra sem þegna.“¹⁴ Þetta nýja ákvæði tryggði ákveðin grunnréttindi en með nýjum áherslum breyttist jafnvægið sem ríkt hafði milli helstu trúarbragða í landinu: búddisma, shintóisma og kristni.¹⁵

Staða kristninnar í Japan hafði lengi verið flókin og kristnir menn höfðu víða mætt ofsóknum, en með Meiji-endurreisninni var kristni leyfð á ný í Japan eftir rúmlega tveggja alda bann. Kristnir menn voru fáir í Japan en kristnin festi sig engu að síður í sessi sem eitt af þremur megin trúfélögum. Það var ekki fjöldi kristinna manna í Japan sem gaf kristninni þessa stöðu heldur má leiða líkur að því að kristnin í Japan hafi notið góðs af styrkleika kristninnar á heimsvísu.¹⁶ Shintóismi er aldagömul þjóðtrú upprunnin í Japan en búddisminn barst til Japans frá meginlandi Asíu á 6. öld. Í fleiri aldir höfðu Japanir iðkað bæði shintóisma og búddisma en með Meiji-endurreisninni voru gerð skil á milli japanskra og „innfluttra“ hefða og veikti það töluvert stöðu búddisma í landinu. Búddismi hafði verið í hávegum hafður í gamla sjógun-veldinu en átti ekki eins upp á pallborðið í hinu nýja Japan.¹⁷ Frá 1868 og til loka seinni heimsstyrjaldar var shintóismi aftur á móti kostaður af ríkinu og er á þessu tímabili jafnan kallað ríkis-shintó (e. *state shinto*).¹⁸ Shintó var kynnt sem frum-japönsk hefð, sem hafði verið með Japönum frá öröfi alda og áhersla var lögð á tengslin milli shintóisma og japönsku keisara-fjölskyldunnar. Framan af var lögð mikil áhersla á að shintóisminn væri ekki trúarbrögð og ætti því erindi til allra Japana óháð trú en árið 1940 varð algjör stefnubreyting og shintó fékk enn mikilvægara hlutverk sem ríkistrú. Hér verður ekki farið í saumana á trúarbrögðunum sjálfum, eða hvort shintóismi sé í eðli sínu trúarbrögð yfirhöfuð, heldur er áherslan lögð á stöðu stóru trúsamfélaganna í jap-

14 de Bary, William, Gluck og Tiedemann, *Sources of Japanese Tradition*, bls. 78. Þýðing greinarhöfundar.

15 Lítið hefur verið skrifað um shintóisma á íslensku og því ekki skýr málhefð til staðar. Í greininni er talað um shintóisma frekar en shintótrú. Ekki er heldur skýr málhefð varðandi japönsku helgidómanna en almennt talað um búddahof (e. *temple*) og shintóhelgidóm (e. *shrine*).

16 Marius B. Jansen fjallar t.d. um hve mikill þrýstingur var frá erlendum ríkjum að leyfa kristni í Japan og bæta stöðu kristinna í *The Making of Modern Japan*, bls. 463.

17 Hardacre, Helen, *Shintō and the State*, 1868–1988, bls. 5.

18 Sama heimild, bls. 4.

önsku samfélagi fram á fjórða áratug 20. aldar og samband þeirra við ríkisvaldið.

Meiji-stjórnarskráin stuðlaði að því að stofna miðstýrt nútímaríki. Miðstýring á öllum sviðum var mikilvægt markmið í sjálfu sér og mótun japanskra þegna þar engin undantekning. Helstu verkfærin sem ríkið hafði til að móta æsku landsins voru menntakerfið og herinn. Árið 1890 var gefin út keisaralega tilskipunin fyrir menntun (e. *Imperial Rescript on Education*) sem send var í alla skóla landsins ásamt ljósmynd af keisaranum. Öll japönsk skólabörn skyldu nú sýna keisaranum lotningu daglega og njóta menntunar í þjóðernislegum anda. Strax í kjölfarið spruttu upp ritdeilur milli kristinna manna og andstæðinga þeirra um hvort kristnum mönnum og nemendum í kristnum skólum í Japan bæri að hneigja sig fyrir keisaranum. Gátu kristnir þjónað bæði guði sínum og hinum guðlega keisara eða var kristnin kannski í beinni mótsögn við keisaradýrkunina? Þetta var háalvarlegt mál og allir helstu trúarbragða- og heimspekingar landsins tóku þátt í ritdeilu sem spannaði yfir tvö ár og fjölda miðla, bæði trúarlegra og veraldlegra.¹⁹

Pótt gengi á ýmsu varð yfirvöldum samt ljóst að öll trúarbrögðin höfðu hlutverki að gegna þegar m.a. menntun og almennt siðferði var annars vegar og yfirvöld ætluðust til að trúfélögin gerðu sitt til að stuðla að lögum og reglu í samfélaginu. Ríkið og trúfélög áttu nefnilega sameiginlega óvini, kommúnismann og hin svokölluðu „nýju trúarbrögð“ sem skutu upp kollinum á millistríðsárunum og löðuðu til sín milljónir fylgjenda.²⁰ Ríkisvaldið efndi til nokkurra herferða gegn þessum nýju trúarhópum eftir 1920 þótt margir þeirra væru jafnvel sprotnir af shintóisma. Hernaðurinn ágerðist á næstu árum en vorið 1937 – einmitt þegar Jón var nýkominn til Japans – markar þáttaskil þegar kemur að trúarofsóknum í Japan. Ríkisvaldið réðst gegn nokkrum af stærstu hópunum, þ.m.t. shintó-hópnum Hitonomichi Kyodan sem var þó ein af þrettán shintó-reglum sem ríkið viðurkenndi. Vottar Jehóva í Japan hlutu sömu útreið 1938 og 1940.²¹ Öllum mátti því vera ljóst að engin trúfélög gátu talist örugg og til-

19 Anderson, Emily. *Christianity and Imperialism in Modern Japan: Empire for God*, sjá sérstaklega kaflann „The Problem of Two Masters“, bls. 27–61.

20 Garon, Sheldon M., „State and Religion in Imperial Japan, 1912–1945“, sjá m.a. bls. 281–282.

21 Sama heimild, bls. 289–290.

vistargrundvöllur þeirra fólst í að storka ekki ríkisvaldinu á nokkurn hátt. Þegar Japanir voru komnir í allsherjarstríð með árásinni á Pearl Harbor 1941 var enn frekar hert á stýringu og eftirliti með trúarhópum í Japan.

Það hefur verið algeng sögutúlkun að kristnir í Japan hafi verið mjög jaðarsettir á stríðsárunum sem iðkendur „erlendra trúarbragða“ og hafi því átt lítinn þátt í að styðja og taka þátt í því þjóðernis- og hernaðaræði sem gekk yfir Japan. Nýrri rannsóknir leggja aftur á móti áherslu á að stóru trúarhreyfingarnar hafi í mörgum tilvikum átt sameiginlegra hagsmuna að gæta innbyrðis – og með ríkinu, m.a. þegar kom að því að hefta uppgang kommúnisma og hinna nýju trúfélaga sem „stálu“ iðkendum hinna hefðbundnu stofnana. Nýrri rannsóknir leggja þannig áherslu á að það hafi ekki bara verið hin ríkisvædda shintó-stofnun heldur trúfélögin öll sem hafi spilað eftir þeim leikreglum sem voru settar og hafi öll átt hlutverki að gegna í uppgangi þjóðernishyggjunnar og hægri sveiflunnar í Japan.²² Þess ber einnig að geta að það var mikill munur á því hvernig ólíkir kristnir hópar og einstaklingar brugðust við þessum nýju áherslum og þrýstingi frá bæði yfirvöldum og samfélaginu. Sumir aðhylltust friðarstefnu eða fannst það guðlast að „dýrka“ keisarann líkt og til var ætlast, á meðan aðrir studdu útþenslustefnu japanska keisaraveldisins af heilum hug.²³

4. Sophia-háskólinn og línudans kristinna manna

Eins og þekkt er á Íslandi gekk rithöfundurinn Jón Sveinsson í raðir jesúíta eftir margra ára nám og undirbúning við skóla og háskóla reglunnar vítt og breitt um Evrópu²⁴. Jesúítarnir höfðu í gegnum aldirnar byggt upp umfangsmikið net trúboða og starfsstöðva víða um heim og hvarvetna var mikil áhersla lögð á menntun og skólastarf. Það var í gegnum þessa öflugu alþjóðlegu stofnun sem Jón Sveinsson ferðaðist víða um Evrópu sem nemandi, kennari og síðar

22 Sjá umræðu hjá bæði Andersen og Garon í verkum þeirra sem vitnað er í hér að ofan.

23 Þetta er ein helsta niðurstaða Andersen í bókinni *Christianity and Imperialism in Modern Japan*, sem hér hefur verið vitnað í.

24 Gunnar F. Guðmundsson fjallar ítarlega um námsferil Jóns meðal jesúíta í ævisögunni *Pater Jón Sveinsson: Nonni*.

rithöfundur. Undir lok ferilsins átti hann einnig því láni að fagna að komast í heimsreiðu á vegum Jesúítareglunnar, sem tók heil tvö ár með langri dvöl í bæði Bandaríkjunum og Japan. Ekki er alveg ljóst hvernig það atvikaðist að Jón hélt til Asíu en hitt er ljóst að hann hafði alltaf langað til að komast til Japans og það virðist hafa hentað Jesúítareglunni vel að slá tvær flugur í einu höggi með því að kynna hinn heimsfræga rithöfund og verk hans, og styrkja starfsemi trúbræðranna í leiðinni.²⁵ Þótt starfsemi jesúítanna væri umfangsmikil áttu þeir þó víða í vök að verjast um þessar mundir. Lýðræðissinnar á Spáni höfðu t.a.m. gert allar eignir Jesúítareglunnar upptækar þar í landi örfáum árum áður og þróunin í Þýskalandi nasismans olli einnig áhyggjum. Jón vonaðist til að málin myndu leysast á farsælan hátt en að „óbreyttu vildi hann að Jesúítarnir hefðu hægt um sig og ögruðu ekki stjórnvöldum. Hann fylgdi að því leyti stefnu æðsta manns reglunnar.“²⁶

Jón kom til Japans siglandi frá Bandaríkjunum og gekk á land í Yokohoma þann 18. mars 1937. Gestgjafar hans og trúbræður í Jesúítareglunni við Sophia-háskólann í Tókýó tóku fagnandi á móti honum og þar upphófst hið mikla ævintýri sem Japansdvölin var. Bókin *Nonni í Japan* kom út að Jóni látnum árið 1956 en verkið er að hluta til skáldskapur þannig að hér er ævisaga Nonna eftir Gunnar F. Guðmundsson fyrst og fremst höfð til hliðsjónar varðandi helstu staðreyndir ferðarinnar, enda byggist ævisagan á dagbókum og bréfasafni Jóns.

Sophia-háskólinn er nú einn af þekktustu einkaháskólum Japans með u.þ.b. 11 þúsund nemendur. Hann stendur miðsvæðis í Tókýó, á sama stað og þegar Jón dvaldist við háskólann. Mikil breyting hefur orðið á stærð og ásýnd háskólalóðarinnar en byggingin þar sem ætlað er að Jón hafi búið stendur enn.²⁷ Byggingin er eftir tékkneska arkitektinn Jan Letzel.²⁸ Hún er hvít, stílhrein og tignarleg og stendur í elsta kjarna háskólasvæðisins, ásamt gamla menningarhúsinu Kulturheim og gömlum japönskum garði frá Meiji-tímabilinu. Nokkrir

25 Sama heimild. Sjá nánar um tildrög ferðarinnar, bls. 366–368.

26 Sama heimild, bls. 386.

27 Viðtal greinarhöfundar við fulltrúa Jesúíta við Sophia-háskólann, 2018 og 2019.

28 Letzel teiknaði einnig eina þekktustu byggingu Japans, sem nú er þekkt sem byggingarrústin „Genbaku Domu“ eða „Atomic Dome“, sbr. „The Launching of a Small Residence Hall ...“, bls. 4.

jesúítar sem komnir eru á efri ár búa enn í húsinu en byggingin þykir ótraust og til stendur að rífa hana á næstu árum.²⁹ Í skrifum Jóns kemur fram að hann bjó í herberginu þar sem fyrrverandi forseti háskólans bjó áður og Jón kunni vel að meta þann heiður sem honum var sýndur.

Þótt Sophia sé nú virtur og þekktur háskóli átti hann erfitt uppdráttar í fyrstu. Eins og áður sagði hafði kristni lengi verið bönnuð og mætti nokkurri tortryggni en auk þess áttu jesúítarnir víða í vök að verjast sem veikti fjárhagsstöðu reglunnar. Á hinn bóginn nutu jesúítar nokkurrar sérstöðu meðal kristinna trúfélaga í Japan þar sem fyrsti trúboðinn sem kom til Japans, hinn þekkti Francis Xavier, sem kom til Japans árið 1549, tilheyrði einmitt Jesúítareglunni.³⁰ Xavier hafði lýst yfir áhuga sínum á því að stofna háskóla í Japan og árið 1906 gaf Píus páfi títundi tilmæli um að stofnuð skyldi æðri menntastofnun jesúíta í Japan. Sophia-skólinn var settur á laggirnar árið 1911 og tveimur árum síðar fékk hann starfsleyfi sem háskóli með þrjár deildir fyrir heimspeki, þýskar bókmenntir og viðskipti.³¹ Háskólinn heyrði undir hið þýska umdæmi Jesúítareglunnar og þýska var notuð sem fyrsta mál við háskólann. Jesúítarnir fundu fyrir áhuga Japana á m.a. þýskri heimspeki og siðfræði og þegar háskólinn var opnaður reyndist einnig mikill áhugi á námi við hina nýju viðskiptadeild.³²

Fyrri heimsstyrjöldin (1914–1918) reyndist mikil áskorun fyrir háskólann. Japanir börðust gegn Þýskalandi í stríðinu; nánast ómögulegt reyndist að manna stöður við háskólann vegna ferðatakmarkana og fjárhagsstaðan í Þýskalandi var slík að trúbræður þeirra í þýsku höfuðstöðvunum voru engan veginn aflögufærir.³³ Ekki tók betra við nokkrum árum síðar þegar nýlega vígðar skólabyggingar háskólans, sem og aðrar eignir, stórskemmdust í Tókýó-jarðskjálftanum mikla árið 1923. Um svipað leyti geysaði óðaverðbólga í Þýskalandi og því engrar aðstoðar að vænta þaðan.³⁴ Um 1930 hafði tekist að reisa nýja skólabyggingu og vorið 1932 var opnuð ný deild sem sérhæfði sig í

29 Viðtal við fulltrúa jesúíta við Sophia, 2018 og 2019.

30 „Xavier and Sophia University, No. 37“, bls. 1.

31 „History of Sophia University“.

32 Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, bls. 12 og 67.

33 Sama heimild, bls. 70–74.

34 „History of Sophia University“.

blaðamennsku.³⁵ Ekki leið þó á löngu áður en nýtt áfall reið yfir. Þann 5. maí 1932 átti sér stað hið svo kallaða „Yasukuni-atvik“ þar sem Sophia-háskólinn var í brennidepli, en atvikið sýnir glögglega togstreituna milli ríkisins og trúarhópa, sem og viðkvæma stöðu kristinna manna og stofnana í Japan á fjórða áratugnum. Atvikið er oft nefnt í japönskum sagnfræðiritum sem dæmi um einmitt þetta, en óútgefið handrit séra Theodors Gepperts um fyrstu ár Sophia-háskólans gefur góða innsýn í atburðarásina og er hún því höfð til hliðsjónar.³⁶ Ofurstinn sem bar ábyrgð á þjóðernislegri menntun við háskólann ákvað þennan dag að fara með hóp af nemendum skólans í Yasukuni-helgidóminn (j. *Yasukuni Jinja*, e. *Yasukuni Shrine*): einn þekktasta helgidóm shintóismans þar sem japanskir hermenn sem látið hafa lífið fyrir föðurlandið eru heiðraðir. Markmið ferðarinnar var að votta hinum látnu virðingu með hinu formlega *sampai*, langri lotningarfyllri hneingingu að shintó sið. Ekki vildi betur til en svo að þrír af nemendunum neituðu að hneigja sig í helgidómnum og þegar farið var að spyrja út í atvikið kom í ljós að forseti háskólans, séra Hermann Hoffmann, hafði gefið þau tilmæli að sem kaþólikkum bæri þeim ekki að hylla látna forfeður og hermenn. Þessi viðhorf voru í samræmi við opinbera stefnu kaþólsku kirkjunnar sem leit svo á að *sampai*-hneigingarnar væru *trúarlegs* eðlis og forfeðradýrkun falstrúarbrögð þannig að hneigingarnar væru allsendis óboðlegar kaþólikkum. Hermálaráðuneytið brást við atvikinu á versta veg en menntamálaráðuneytið reyndi að miðla málum og gaf háskólanum formlega tilskipun þess efnis að *sampai* væri skylda fyrir alla nemendur en að hneigingin hefði aðeins þann tilgang að sýna fram á föðurlandsást og hollustu. Í október sama ár, þegar lausn virtist í sjónmáli, var upplýsingum um deiluna lekið í fjölmiðla. Háskólinn var harðlega gagnrýndur í fjölmiðlum fyrir andþjóðernisleg viðhorf og nokkrir miðlar fóru jafnvel fram á að kaþólskir skólar í landinu yrðu jafnaðir við jörðu. Eftir mikið þóf náðust sættir milli yfirvalda og háskólans en með því ófrávíkjanlega skilyrði að kennslan yrði framvegis í sönnum japönskum þjóðræknislegum anda. Dagbækur Nonna frá Japan gefa

35 Sophia 100 years.

36 Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, bls. 77–85. Sjá einnig greinina „The 1932 Yasukuni Shrine Incident, No. 40“ úr 100 ára afmælisráðuneytið Sophia-háskólans. Lýsing Gepperts er ítarlegri og er því stuðst við hana.

sterklega til kynna að háskólinn hafi staðið við loforðið, enda verður hann oft vitni að og þátttakandi í athöfnum þar sem þjóðernishyggjan er allsráðandi og hrífst af því sem fyrir augu ber.³⁷ Háskólinn tók jafnframt túlkun menntamálaráðuneytisins á *sampai* góða og gilda (þ.e. að hún væri ekki trúarlegs eðlis) og árið 1936 staðfesti Píus páfi tíundi þessa túlkun. Þótt sættir tækjust í málinu hafði orðspor háskólans þó beðið mikla hnekki. Nemendum fækkaði fyrstu árin á eftir og árið 1934 náði skólinn t.a.m. ekki að fylla nema um fimmtung þeirra rúmlega 1000 skólaplássa sem hafði verið gert ráð fyrir. Fyrir ungan einkarekinn háskóla hefur þetta ástand verið mikið áfall, ekki síst fjárhagslega.³⁸ Verðandi forseti háskólans, Hermann Heuvers, og samstarfsmaður heimsóttu menntaskóla vítt og breitt til að kynna háskólann í þeirri von að fjölga mætti nemendum. Ætla má að stjórnendur Sophia-háskólans og annarra kristinna menntastofnana hafi haldið sig vel innan leyfilegra marka japanskra stjórnvalda eftir þessa afdrifaríku uppákomu. Mikilvægt er að skoða heimsókn Jóns Sveinssonar í þessu ljósi til að skilja betur annars vegar (ógagnrýnin) viðhorf gestgjafanna og Jóns til samfélagsþróunar í Japan og hins vegar hvernig dvöl Jóns nýttist gestgjöfunum og mögulega öðrum kristnum hreyfingum í Japan í víðara samhengi.

5. Nonni í Japan 1937–1938: Heimsfrægur rithöfundur á ferð

Þegar Jón lagði af stað í heimsreisuna voru viðsjárverðir tímar í Evrópu og ekki var staðan mikið betri í Japan þar sem landið hafði sagt sig úr Þjóðabandalaginu (e. *League of Nations*) árið 1933; Japanir höfðu átt í stríði við Kínverja síðan 1931 og þjóðernissinnadur öfgahópur innan hersins hafði reynt valdarán í Tókyó í upphafi árs 1936. Japanir og Þjóðverjar gengu jafnframt í bandalag haustið 1936. Jón var nýstiginn upp úr alvarlegum veikindum og það vekur því óneitanlega

37 Sjá t.d. dagbókarfærslu (dagbók merkt 8+9) þar sem Jón er fullur hrifningar eftir að hafa tekið þátt í formlegri athöfn við háskólann þar sem ný ljósmynd af keisaranum er afhjúpuð. Jóni verður líka tíðrætt í japönskum miðlum og bókinni *Nonni í Japan* um hátíðlegar kveðjuathafnir fyrir nemendur skólans sem hafa verið kvaddir til herskyldu.

38 Jóni varð fljótt ljóst hve illa statt trúboð jesúitanna var í Japan og að „hann yrði að gefa því eitt-hvert fé, þó að ekki væri nema tvö eða þrjú hundruð dollara fyrst um sinn“. Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 387.

spurningar hvers vegna hann hélt ótrauður til Japans þrátt fyrir ástandið sem þar ríkti, og jafnframt hvernig vera megi að hann hafi haft svo eindregna jákvæða mynd af Japan og Japönum á sama tíma og umfjöllun um Japan hefur vafalítið verið lituð dökkum litum í heimspressunni.

Hvað sem allri gagnrýni leið var Japan sannkallað ævintýraland í augum Jóns og mögulega hefur honum hvergi verið jafn vel tekið og í Japan. Það var alla vega upplifun hans sjálfs og hin umfangsmikla umfjöllun um Jón og Nonnabækurnar í Japan rennir stoðum undir þá upplifun hans. Tugir greina um Nonna birtust í japönskum prentmiðlum og náði yfir fjölda ólíkra miðla. Þess er vert að geta að útgáfustarfsemi var mjög lífleg í Japan á þessum árum (líkt og nú), enda læsi orðið næstum 90% meðal fullorðinna um 1930 með innleiðingu skólaskyldu í kjölfar Meiji-endurreisnarinnar.³⁹ Bókmenntir frá þessum tíma hafa þó oft verið afskrifaðar í seinni tíð hvað varðar listrænt gildi og boðskap þar sem ritskoðun varð sífellt meira áberandi eftir því sem leið á stríðsrekstur Japana. Að lokum var allt prentað efni ítarlega ritskoðað, stundum svo kyrfilega að höfundar þekktu vart eigin texta eftir meðferðina.⁴⁰

Þegar Jón kom til Japans var honum ljóst að til stóð að kynna hann og verk hans, og fyrstu greinarnar um hann birtust jafnvel áður en hann kom til landsins. Mikilvægt er að skoða betur nokkra af þeim lykileinstaklingum sem tóku á móti Jóni til að glöggva sig á bakgrunni þeirra og tengingum við útgáfuheiminn í Japan. Strax á hafnarbakkanum hitti Jón Þjóðverjann Rupert Eberle. Hann „hafði áður starfað hjá Herder í Freiburg og rak síðar forlag og bókaverslun í Japan, áður en hann varð lektor við háskólann. Hann var því öllum hnútum kunnugur þegar kom að því að kynna og gefa út Nonnabækur í Japan“.⁴¹ Greinarhöfundur hefur ekki tekist að finna nánari upplýsingar um Eberle en ítarlegar verður fjallað um japanskar útgáfur á bókum Nonna hér á eftir. Helsti gestgjafi Jóns í Japan var forseti Sophia-háskólans, Hermann Heuvers. Eins og fram kemur í *Nonni í Japan* og ævisögu Jóns⁴² fylgdi Heuvers Jóni og túlkaði fyrir

39 Jansen, Marius B., *The Making of Modern Japan*, bls. 570.

40 Kawana, Sari., „Reading Beyond the Lines ...“, bls. 154.

41 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 387.

42 Sama heimild.

hann á mikilvægum samkomum og var honum til halds og trausts í gegnum annasama fyrirlestrar- og samkvæmisdagskrá. Ætla má að Heuvers hafi búið yfir umfangsmiklu tengslaneti sem gagnaðist við að koma Jóni á framfæri en eins og áður hefur komið fram hafði háskólinn frá upphafi kennt þýskar bókmenntir og var einnig meðal fárra háskóla í Japan sem bauð upp á sérhæft og faglegt nám í blaðamennsku.⁴³ Háskólinn rak einnig dagheimili og menntaskóla, og ljóst er að háskólinn var vel tengdur öðrum kaþólskum skólum, sem og almennum barnaskólum. Síðast en ekki síst ber að nefna Japanann Fukuo Kishibe en í *Nonni í Japan* er hann kynntur sem „japanskur H. C. Andersen“, „frægur maður“ sem talinn er „mesta ævintýraskáld, sem nú er uppi í Japan“.⁴⁴ Mikill vinskapur tókst með Jóni og Kishibe þótt þeir virðist ekki hafa talað saman nema í gegnum túlk, og Jóni verður mjög tíðrætt um Kishibe í ferðabókinni. Er það ekki að undra þar sem sá síðarnefndi vann ötullega að því að koma Jóni á framfæri, ekki aðeins í prentmiðlum eins og fjallað verður um; heldur einnig í m.a. útvarpsþættinum sem áður var getið og stærstu barnasamkomunum sem Jón tók þátt í meðan á Japansdvölinni stóð. Töluvert er til af japönskum heimildum sem styðja þessar lýsingar á Kishibe. Í fjölmiðlum er hann jafnan kynntur til sögunnar sem einn fremsti sagnameistari landsins; hann var kosinn í borgarstjórn fyrir sinn borgarhluta í Tókýó (Kanda) sem óháður frambjóðandi til að vinna að málefnum barna; hann átti sæti í fjölda nefnda og ráða um uppeldis-, velferðar-, lista- og menningarmál; og var auk þess stjórnandi dagheimilis og menntaskóla í borginni.⁴⁵ Að auki kemur fram að Kishibe var í miklum metum hjá keisarafjölskyldunni og skemmti m.a. dætrum keisarahjónanna og náskyldum prinsum og prinsessum í afmælum og við önnur tilefni.⁴⁶ Í blaðagrein um Kishibe frá 1933, sem skrifuð var í tilefni af 61 árs afmæli hans, segir: „Kishibe San er í dag þekktur af milljónum barna í Japan og jafnvel enn fleiri full-orðnum sem fremsti ævintýra-sögumaður þjóðarinnar.“⁴⁷ Óhætt er að

43 Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, bls. 77.

44 Jón Sveinsson, *Nonni í Japan*, bls. 166–176. Í bókinni er japanski skáldbróðirinn iðulega kallaður aðeins eftirnafninu Kischibe en rétt stafsett og fullt nafn er Fukuo Kishibe (j. 岸邊福雄).

45 Þetta kemur m.a. fram í ýmsum greinum um Kishibe sem birtust í japanska dagblaðinu *Japan Times* á fyrri hluta 20. aldar.

46 „Mr. Kishibe's Birthday“, bls. 8.

47 Sama heimild.

fullyrða að Kishibe hafi verið vel tengdur meðal mennta- og menningarfrömuða og gegnt lykilhlutverki þegar kom að því að kynna Jón í Japan eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Umfjöllun um Jón og Nonnabækurnar í japönskum heimildum mætti flokka og greina eftir efni eða tegundum miðla og er seinni lausnin valin hér. Umfjölluninni má gróflega skipta í eftirfarandi flokka:

1. Dagblöð
2. Kaþólsk blöð og tímarit
3. Tímarit fyrir börn og ungmenni
4. Fagtímarit um barnabókmenntir og menntun barna
5. Nonnabækurnar sjálfar

Dagblöð: Heimfrægur rithöfundur á ferð

Í bókinni *Nonni í Japan* setur Jón lesendur sína vel inn í dagblaðaútgáfu í landinu með nokkurra síðna umfjöllun og svo lygilegar finnast honum staðhæfingarnar um að t.d. stórblaðið *Asahi Shimbun* seljist í alls þremur milljónum eintaka á dag að hann spyr ítrekað til að sannreyna tölurnar. Jón lýkur umfjölluninni með eftirfarandi:

Nú var mér ljóst af öllu því, sem Heuvers forstjóri hafði sagt mér, að stórblöðin höfðu ekki aðeins blaðamenskuna á valdi sínu, heldur þjóðina alla á vissan hátt. Hér var um stórveldi að ræða, ríki í ríkinu. Þetta stórveldi var veldi dagblaðanna, „Pressan“, sem svo er nefnd á mörgum málum.⁴⁸

Þessi lýsing er alls ekki fjarri lagi og það er skiljanlegt að Jón hafi sérstakan áhuga á stærstu fjölmiðlum landsins þar sem umfjöllun um hann birtist í nokkrum þeirra. Óhætt er að fullyrða að umfjöllunin hefur haft mikið að segja fyrir orðspor Jóns í Japan í krafti útbreiðslu miðlanna og þeirrar virðingar sem þeir nutu. Í greinunum er fyrst og fremst dregin upp mynd af heimspekknum rithöfundi og heims-hornaflakkara, sem alltaf er kenndur við Ísland frekar en hin þekktu Evrópulönd þar sem hann hafði átt samastað í áratugi. Ein lengsta


48 Jón Sveinsson, *Nonni í Japan*, bls. 111.

☆☆☆ イニノ人詩 ☆☆☆

☆☆☆ 師ンソニェウス・ンーヨ ☆☆☆

上智の修院内の閑静な四日。若緑の林泉を、黒い帽子を降り、足に杖を添へて、暁新日輝を誦し乍らそぞろ歩き、折々戯談をはづしては立ち留る。異に郷の様な詩人である。

日本はフランス留學中に讀んだシャルボアの日本史で初めて知



三月十九日の晩、上智大學の修院にノニイが着いた。昨秋から待たれた世界的新作家である。十二の時コペンハーゲンでアンデルセンに會つたといふお説でアイスランドのメルドルグエソルで一八五七年十一月十六日の朝誕生だといふ。

つた。忽ち日本びいきになつて了。偶々日露戦争が始ると断然日本の勝利を預言者の様に只一人叫んで止まなかつた。日本海を敗戦報はどんなに有頂天にして了つた

ランスへ留學したのは十二歳の時で母は母のアイスランドの人々の様にプロテスタントであつたけれど深い敬虔な知識人でカトリックの正しい事を知つてをり「ノニイ

年修練者となり一八九一年イエズス會の司祭に擧げられた。そしてコペンハーゲンのセンアンドレアの先生を長く勤めてゐる間に色々のお話を書いたのである。免づデスマーク請で「それから歐洲大陸の一が前に初めて獨逸國で「ノニイ」を著すと戰中にも拘らず子供達から愛されて讀版を隔ねた。

う。憧憬の日本へ来る時令弟の手紙には「おめでたう、最も丁度宜い事で」と讀つてゐたといふ。ノニイは一八七一年北フランスのアミアン市でイエズス會のコレージュに入學、そればかりか一八七八

がカトリックになつたら留つて善い事です」と讀つてゐたといふ。ノニイは一八七一年北フランスのアミアン市でイエズス會のコレージュに入學、そればかりか一八七八

健康美に類してゐる。

師の宛達は一九一二年來歐洲各地の可愛い習字の手に應へて始められアメリカを経て遂に今度の來朝となつた。

ノニイは日本に來て直ぐなじみれ好かれてゐる。それは母が愛嬌の呼び名であるから。師はこの名を便ひ續けて名高くなつたのである。

年修練者となり一八九一年イエズス會の司祭に擧げられた。そしてコペンハーゲンのセンアンドレアの先生を長く勤めてゐる間に色々のお話を書いたのである。免づデスマーク請で「それから歐洲大陸の一が前に初めて獨逸國で「ノニイ」を著すと戰中にも拘らず子供達から愛されて讀版を隔ねた。

健康美に類してゐる。

師の宛達は一九一二年來歐洲各地の可愛い習字の手に應へて始められアメリカを経て遂に今度の來朝となつた。

Dæmi um umfjöllun um Jón í Japan. Greinin er ein af mörgum frá Japan sem varðveitt er í Nonnasafni Landsbókasafns. Mynd: Greinarhöfundur, 2020.

umfjöllunin birtist í dagblaðinu *Japan Advertiser* þann 21. mars 1937 við komuna til landsins og var þýðing á greininni birt í heild sinni í *Lesbók Morgunblaðsins* síðar á árinu.⁴⁹ Jón er sagður þekktur í Evrópu sem „H. C. Andersen samtímans“ og „í New York sem Mark Twain“ og bækur hans eru sagðar hafa selst í yfir sex milljónum eintaka á fjölda tungumála.⁵⁰ Í greininni er jafnframt farið lauslega yfir ævi-sögu og rithöfundarferil Jóns, sem og bakgrunn hans sem jesúíta. Ekki hefði verið hægt að hugsa sér betri kynningu og ljóst er að greinin hefur verið nýtt einmitt sem slík, en hún er varðveitt í heild sinni sem A4 dreifibréf í Nonnasafni Landsbókasafns.⁵¹ *Japan Advertiser* var sjálfstætt enskumælandi dagblað í eigu Bandaríkja-manns: Upplagið var ekki stórt en blaðið hafði sterka stöðu meðal alþjóðlega samfélagsins í Japan.⁵²

Allt annað átti við um stórveldið *Asahi Shimbun* sem birti áhuga-verða umfjöllun og greinaröð eftir Jón. Hér var um dagblað að ræða sem seldist í milljónum eintaka daglega um allt land (morgun- og kvöldútgáfa) og var alfarið gefið út á japönsku. Dagbókarfærsla Jóns⁵³ bendir til þess að *Asahi*-dagblaðið hafi falast eftir að sitja eitt að blaðaumfjöllun um Jón og myndi það skýra hvers vegna sjö góðar greinar um eða eftir Nonna birtust í *Asahi Shimbun* meðan á dvölinni stóð, en engin umfjöllun virðist hafa birst hjá t.a.m. keppinautnum *Yomiuri Shimbun*.⁵⁴ Fyrst birtust tvær myndarlegar greinar til að kynna hinn þekkta höfund, daginn eftir komuna til landsins og svo viku síðar, en seinni greinin er skrifuð til japanskra barna og birtist í sérstökum barnadálki. Tæpum mánuði síðar birtast svo greinar þrjá daga í röð undir titlinum „Nihon no insho“ sem þýða mætti „Sýn mín á Japan“. *Asahi* vildi greinilega njóta gests auga hins reynda

49 „Nonni í Japan“, bls. 350.

50 Ekki er vitað með vissu hve mörg eintök seldust af Nonna-bókunum á heimsvísu en Brynhildur Pétursdóttir, fyrrverandi safnstjóri Nonnahúss, telur tölurnar stórlega ýktar eftir samtöl sín við aðra sérfræðinga (skv. tölvupósti til greinarhöfundar, sumar 2020).

51 Nonnasafn, Landsbókasafn, „Ýmis gögn, Japan“.

52 Stutt grein um komu Jóns til landsins birtist einnig í dagblaðinu *The Japan Times* þ. 23. mars 1937. Greinin birtist í fasta dálkinum *Art-Music-Letters*, en greinin er mun styttri og lágstemmdari en umfjöllun *Japan Advertiser*. Tilkynningar birtust reglulega í blaðinu til að vekja athygli á fyrirlestrum Jóns á ensku og lítill kveðjudálkur tilkynnti að lokum um brottför Jóns.

53 Dagbækur II. Bindi, bók 8+9.

54 Greinarhöfundur hefur gert ítarlega leit að greinum um Jón Sveinsson og Nonnabækurnar í raf-rænum grunnum bæði *Asahi Shimbun* og *Yomiuri Shimbun*. Mögulega leynast fleiri greinar þótt það verði að teljast ólíklegt.

heimshornaflakkara og það fórst Jóni vel úr hendi. Greinarnar eru fullar af kímni; Jón gerir góðlátlegt grín að sjálfum sér og það má ímynda sér að foreldrar hafi lesið greinarnar fyrir börn sín. Hann lýsir því t.d. hvernig hann velti fyrir sér hvers vegna svo margir Japanir gengju með grímu fyrir vitunum⁵⁵ og kemur með spaugilegar tilgátur:

Þegar ég gekk um Tókýó, undraði ég mig á því, að margt fólk var með grímur fyrir andlitinu. Hvað í veröldinni skyldi vera að. Ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið í nefaðgerð. Þetta laug mér í hug vegna þess að fyrsta manneskjan sem ég sá hafði verið frekar illúðleg, hann gæti hafa lent í slagsmálum og fengið högg í andlitið. Næsta manneskjan sem ég sá var hins vegar fínn herramaður sem virtist ekki líklegur til að lenda í áflogum. Ég var ráðvilltur. Og eftir að hafa séð svo marga með grímur, var ég farinn að halda að þarna gæti verið á ferðinni leynilegt grímufélag. Mér að övörum, voru konur hins vegar líka með grímur, og það sem verra var skrítnar svartar grímur. Ef konur þurftu nauðsynlega að vera með grímur, hefði mér þótt hæfa betur að þær væru með fallettri grímur með út-saumum árstíðarbundnum blómum, til dæmis rós eða eitthvað í þeim dúr.⁵⁶

Tveimur dögum síðar skrifar hann um erfiðleikana við að venjast japönskum siðum og matarvenjum, og þá sér í lagi baráttu sína við þunnu japönsku zabuton-motturnar sem Japanir nota þegar þeir sitja á gólfinu, sem var og er almenn hefð:⁵⁷

Ég skimaði um herbergið í leit að stólum, en þeir voru ekki þar. Síðan bauð fólk mér Zabuton og sagði mér að setjast. Í fyrstu kraup ég á mottuna hikandi. Á meðan vinir mínir studdu mig frá báðum hliðum, reyndi ég að setjast rólega niður. En hnén á mér létu ekki að vilja mínum. Og ég var við það að detta. Af þessum sökum staflaði fólkið fjórum Zabuton mottum hverri ofan á aðra. Síðan settist ég ofan á staflann eins og

55 Grímurnar voru fyrst og fremst notaðar sem sóttvarnargrímur eins og tíðkast í dag en þær hafa lengi verið útbreiddar í Japan.

56 Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (1)“, bls. 7. Þýðing greinarhöfundar.

57 Í Japan tíðkast að sitja á hnjúnum eða með krosslagða fætur á einni zabuton-mottu og Japönum hefur eflaust fundist tilhugsunin skondin um útflendinginn sem reynir að hlaða þeim saman til að búa sér til sæti.

konungur. En hæðin var ekki enn nægileg til að það færi vel um mig. Þannig að fólkið staflaði fjórum Zabuton mottum til viðbótar ofan á. Með þessu móti gat ég loks matast. Næsta vandamál voru prjónarnir. Ég tók þá tókum og hermdi eftir hinu fólkinu en maturinn slapp milli prjónanna. Þá greip ég til þess ráðs að halda prjónunum saman og nota eins og skeið til að færa matinn að munnum. [...] Á borðinu var bara framandlegur matur. Mér fannst sumt gott en annað var ég hreinlega ekki viss um hvort bragðaðist vel eða illa.⁵⁸

Jón segir líka frá fyrsta jarðskjálftanum sem hann upplifði á ævi sinni, sem hann tengir að sjálfsögðu við Ísland; undrun sína og aðdáun yfir því að kynnast japönskum fræðimanni og nemendum hans sem lögðu stund á íslensku og Íslendingasögurnar við Keisara-lega háskólann í Tókýó⁵⁹ og svo mætti lengi telja. En hann fjallar líka um alvarlegri efni og í kveðjugreininni sem hann skrifar fyrir brottförina gerir hann föðurlandsást Japana að aðalviðfangsefni. Þar lýsir hann hugprýði eins háskólanemanna þegar hann var kvaddur í herinn en ungi maðurinn segist ekki óttast dauðann og gefi glaður líf sitt fyrir föðurland sitt. Greinin lýsir bæði trega og aðdáun og má kannski lesa sem uppörvun og hvatningu til Japana í stríðinu. Greinin er í fullu samræmi við dagbækur Jóns og líklega hefur ekki þurft neina ritskoðun frá gestgjöfunum við Sophia-háskólann eða yfirvöldum til að ná fram þessum hughrifum eða boðskap. Jón lýsir reyndar hvernig textar hans fyrir *Asahi Shimbun* hafi verið vandlega lesnir og þýddir af kollegum Jóns við Sophia-háskólann, og þýðingarnar síðan „burstaðar, þvegnar og fægðar“ fyrir birtingu hjá *Asahi* en óljóst er hvort eiginleg ritskoðun af hálfu stjórnvalda hafi átt sér stað.⁶⁰

Á sama hátt og umfjöllunin sem birtist m.a. um Jón í *The New York Times* í Bandaríkjunum og setti Jón á ákveðinn „stall“, var umfjöllunin um Jón í stærstu og virtustu dagblöðum í Japan í upphafi ferðarinnar til að greiða fyrir annarri umfjöllun sem á eftir kom. Jákvæð og umfangsmikil umfjöllun um höfundinn Jón og söguper-

58 Jón Sveinsson, „Nippon no insho (3)“, bls. 7. Þýðing greinarhöfundar.

59 Sjá nánar um íslenskunám og áhuga á Íslendingasögum í Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“ og „Samskipti Íslands og Japans“.

60 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 389.

sónuna Nonna styrkti þá ímynd að hér væri stórmerkilegur höfundur á heimsmælikvarða á ferð. Jón er jafnan kenndur við hið framandi Ísland og í skrifum hans má vart á milli sjá hvort hrifning hans er meiri á Japan eða Íslandi.

5.1. Kapólsk blöð og tímarit: Fyrirmynd í trúnni

Það er ekki ofsögum sagt að Jón birtist sem stjarna í öllum helstu miðlum kapólsku kirkjunnar í Japan. Það blasir við að hann er einn af þeirra mönnum og við kynnumst trúmanninum og sagnameistar-anum Nonna. Trúarleg köllun og upplifun er áberandi í allri umfjöllun; ævintýri og sögur Jóns fá að njóta sín til hins ýtrasta en frásagnir af Íslandi eru líka vinsælt umfjöllunarefni. Kapólikkar voru ekki margir í Japan á þessum árum (ekki frekar en nú) en hér hefur vafalítið verið um mikilvægan markhóp að ræða fyrir Nonna-bækurnar. Beinar auglýsingar á Nonnabókunum fyrir jól og áramót eru áberandi í þessum tímaritum en þær sjást ekki í öðru samhengi. Helstu blöðin voru *Nippon Katorikku Shimbun* (Fréttablað kapólikka í Japan), *Koe/Vox Catholica* (Rödd kapólskunnar) og *Umi no Hosbi* (Stella Maris). Svo virðist sem ein útgáfa, Miðstöð kapólskrar útgáfu, hafi staðið að útgáfu blaðanna og að miðstöðin hafi verið nátengd hinu kapólska biskuparáði í Japan.⁶¹ Blöðin voru því ekki sérstaklega tengd Jesúítareglunni og miðluðu fréttum almennt til kapólska samfélagsins sem dreift var um Japan.⁶² Heuvers, forseti Sophia-háskólans, og lykilmenn innan Jesúítatrúboðsins hafa vafalítið verið í góðri aðstöðu til að koma Jóni á framfæri og líklega hefur einnig verið eftirspurn eftir efni um Jón ef marka má þær miklu vinsældir sem fyrirlestrar hans nutu í Japan.

Fréttablað kapólikka kom út vikulega á sunnudögum en *Vox Catholica* og *Umi no Hosbi* komu út mánaðarlega í tímaritsformi. Fyrri tímaritið miðaðist fyrst og fremst við fullorðna eða fjölskyldur og það síðarnefnda við unga lesendur. Hér vekur fyrst og fremst athygli hve fyrirferðarmikil umfjöllunin um Jón og Nonnabækurnar er, sérstak-

61 Miðstöð kapólskrar útgáfu hét カトリック中央出版部 (Katorikku Chuo Shuppan-bu) og Kapólska biskuparáðið hét カトリック中央協議会 (Katorikku Chuo Kyogikai), á ensku Bishops' Conference of Japan.

62 Skv. tölvupósti frá fulltrúa Jesúítareglunnar við Sophia-háskólann, sumar 2020.

lega í mánaðartímaritinu *Vox Catholica* þar sem Jón/Nonni er áberandi í næstum hverju einasta hefti meðan á Japansdvölinni stóð. Hér kennir ýmissa grasa: Birtar eru myndir af Jóni með ýmsum gestum háskólans eða frá fyrirlestrum hans; Jón er fenginn til að segja frá ýmsu sem á daga hans hefur drifið um ævina og stundum eru sögurnar það sem kalla mætti „sögur af frægu fólki“. Þannig er fjallað um hvert Jón fer og hvern hann hittir, og greint frá ýmsum smáatvikum sem aðeins eru áhugaverð þegar þekktur einstaklingur á í hlut. Jafnframt birtist frásögn af ferð Jóns á hestbaki í kringum Ísland sem raðsaga í þremur hlutum og saga kölluð *Ævintýri á sjó*, sem byggð er á *Ævintýri Nonna og Manna*, birtist einnig sem raðsaga. Stórar andlitsmyndir af Jóni birtast oft með greinum um eða eftir hann enda þótt lítið sé alla jafna af ljósmyndum í tímaritinu. Margar greinar birtast einnig í fréttablaðinu og í *Umi no Hoshi* en virðast ekki jafn tíðar og í *Vox Catholica*. Það er því ekki að undra að Japanir á ýmsum aldri kannist við Jón og gefi sig oft á tal við hann á mannamótum. Áskrifendum þessara tímarita hefur væntanlega liðið eins og þeir þekktu manninn eftir svo tíðar fréttir af honum og það er erfitt að ímynda sér að Japansdvöl Jóns hafi farið fram hjá neinum í hinu fámenna samfélagi kaþólskra í Japan.

5.2. Tímarit fyrir börn og ungmenni: Sagnameistarinn

Í þessum flokki eru fallega skreyttar myndabækur og barnatímarit í háum gæðum, enda um að ræða þekktar útgáfur sem nutu mikilla vinsælda í Japan á millistríðsárunum. Greinarhöfundur hefur fyrst og fremst kannað þau tímarit sem finnast í Nonnasafni Landsbókasafns en það eru tímarit sem Jón flutti með sér heim til Evrópu. Ekki hefur enn gefist tóm til að leita að fleiri ritum af þessu tagi í Japan og því er ekki útilokað að umfjöllun kunni að leynast í fleiri ritum. Líklegt er að Jón hafi tekið einmitt þessi rit með sér vegna þess að mikið var í tímaritin lagt og vegna þess að hann hafi orðið þess vís að þau áttu vinsældum að fagna í Japan.⁶³ Í þessum flokki ber fyrst að telja tímaritin *Kodomo no Tomo* (Vinur barnsins), *Kodomo no Kuni* (Barnalandið) og *Yonen Kurabu* (Krakkaklúbburinn) sem voru stöndug tímarit með

63 Nokkur af kaþólsku mánaðartímaritunum eru einnig í Nonnasafni Landsbókasafns en engin af dagblöðunum, að undanskildu dreifibréfinu með ensku greininni í *The Japan Advertiser*.

margra ára sögu og umfangsmikla dreifingu. Sem dæmi má nefna að á opinberri heimasíðu Borgarbókasafnsins í Tókýó eru fyrstu tvö tímaritin nefnd sem dæmi um víðlesin tímarit fyrir börn á Meiji- og Taisho-tímabilinu (1868–1925) sem varðveitt eru á skjaladeild bókasafnsins.⁶⁴ *Kodomo no Tomo* hóf göngu sína árið 1914 og var áhrifamikil á heimilum menntafólks vegna framsækkinnar stefnu í uppeldismálum. Mikið var lagt upp úr því að fá þekkt myndlistarmenn til að skreyta tímaritið og sköpunargáfa lesendanna fékk einnig að njóta sín.⁶⁵ Í blaðinu birtist stutt endurminning frá Íslandi eftir Jón í sérstöku þemahefti um jólahátíðina. Tímaritinu fylgdi einnig krakkadagblað þar sem hnattferð Jóns er gerð góð skil í heilsíðugrein. *Kodomo no Kuni* var einnig þekkt fyrir listrænt gildi, þótti framsækið fyrir nútímalega hönnun og breitt menningarlegt efnisval sem spannaði bæði ævintýri, myndasögur, söngtexta og ýmsa þætti sem gátu komið að gagni við menntun barna. Í *Kodomo no Kuni* birtist grein eftir Jón þar sem hann segir frá kynnum sínum af japönskum börnum.

Mikilvægi þessara birtinga felst fyrst og fremst í því að Jón og Nonnabækurnar fengu dýrmæta kynningu í tímaritum sem nutu mikillar virðingar; náðu til allra landsmanna og teygðu sig langt út fyrir hið fámenna samfélag kaþólskra og annarra kristinna í Japan. Óhætt er að fullyrða að vinur Jóns, hinn „japanski H. C. Andersen“, hafi haft einhverja milligöngu um að koma Jóni á framfæri en japanskar heimildir sýna að hann var talinn einn fremsti sérfræðingur landsins í uppeldisfræðum barna og barnabókmenntum.

6. Fagtímarit um barnabókmenntir og menntun barna: Menntamaðurinn

Annar mikilvægur vettvangur fyrir umfjöllun um Jón og verk hans eru fagtímarit rithöfunda og sérfræðinga sem unnu með bókmenntir,

64 https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/index.html

65 Sjá opinbera heimasíðu Borgarbókasafnsins í Tókýó, https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/09/

Hið þekkt barnatímarit *Shonen Kurabu* (Krakkaklúbburinn) sem hafði mikla dreifingu um allt land birti einnig söguna um Nonna og Manna (líklega í styttri útgáfu) með nýjum myndskreytingum.

menntun og barnauppleði. Ætla má að vinur Jóns, Fukuo Kishibe, hafi einnig hér gegnt lykilhlutverki þegar kom að því að kynna Jón fyrir þekktustu barnabókahöfundum og menntasérfræðingum landsins. Greinar birtust um Jón í m.a. fagtímaritinu *Dowa Kenkyu* (Rannsóknir á ævintýrum)⁶⁶ og hann tók þátt í faglegri umræðu um barnabókmenntir en Kishibe var þekktur fyrir að þróa og innleiða kennslufræði sem fól í sér að nýta ekki aðeins ævintýri heldur einnig tónlist og dans í tengslum við menntun barna. *Dowa Kenkyu* greinir frá því að haldið hafi verið málþing í menningarhúsi Sophiaháskólans Jóni til heiðurs þar sem ævintýri og barnabækur voru til umræðu. Fjörutíu þekktir sérfræðingar á þessu sviði tóku þátt í viðburðinum og það fylgdi sögunni að gestirnir hafi beðið Jón um eiginhandaráritun eftir viðburðinn⁶⁷. Það er óhætt að álykta að kynni Jóns af fagfólki á sviði bókmennta, mennta og uppeldismála barna hafi enn frekar aukið áhugann á Jóni sem höfundi.

Á fjórða áratug síðustu aldar kviknaði áhugi japanskra stjórnvalda á því að nýta aðferðafræði og frásagnartækni ævintýra til að innræta börnum þjóðernisleg gildi og föðurlandsást. Kishibe var þá einn af þeim sérfræðingum um menntun barna sem var virkjaður til að nýta þekkingu sína og reynslu í þágu japanska keisaraveldisins, enda leiðandi sérfræðingur á þessu sviði.⁶⁸ Barnatímaritin frá þessum tíma sýna að t.a.m. myndskreyttar sögur af dugnaði og hugrekki japönsku hermannanna þótti sjálfsagt lesefni fyrir börn. Ríkið stýrði þegar öllu kennslufni fyrir börn í gegnum algjörlega miðstýrt menntakerfi, en á stríðstímum þótti sjálfsagt og nauðsynlegt að seilast einnig inn í frítíma og inn á heimili barna í gegnum ævintýri og barnabókmenntir. Árið 1939 var Kishibe kominn í forstuhlutverk við að virkja höfunda barnabóka til að skrifa „uppbyggilegri sögur“, sem og að tengja betur sagnahöfunda og kennarastéttina til að betur mætti ala upp góða þegna í anda sannrar föðurlandsástar. Tilfelli Kishibe er engan veginn einstakt heldur sýnir það glögggt hve langt ríkið gekk

66 Umfjöllun um Jón og verk hans er tíðust í *Dowa Kenkyu* en einnig birtist ítarleg grein um Jón t.a.m. í fagtímaritinu *Kodomo no Kyōyo* (Menntun barna). Skv. japanska akademíska leitargrunninum CiNii kom *Dowa Kenkyu* út á árunum 1922–1941. Greinarhöfundi hefur ekki tekist að finna upplýsingar um upplag/dreifingu en eintök eru varðveitt á tugum háskólabókasafna um allt Japan, sér í lagi við kennaraháskóla. Tímaritið fjallaði á breiðum grundvelli um ævintýri og sögur/bækur fyrir börn í tengslum við uppeldis- og kennslufræði.

67 Uchiyama, Kendo, „Hokkyoku no dowaka ...“.

68 Sjá m.a. „Notes on Art and Literature“, bls. 8.

á öllum sviðum til að rækta þjóðarhollustu, ala upp góða þegna og móta samfélagið. Hvernig skyldu Nonnabækurnar hafa rímað við þennan veruleika hernaðar- og keisaraveldis? Fátt bendir til að japönsku þýðingarnar á Nonnabókunum og öðrum textum eftir Nonna hafi verið ritskoðaðar, og ætla má að boðskapurinn um hugrekki, þrautseigju og ást á sínum nánustu, líkt og birtist í Nonnasögunum, hafi þótt æskilegt veganesti fyrir japanska æsku (verðandi hermenn), jafnvel þótt bræðurnir hafi heitið á „erlendan guð“ þegar líf þeirra lá við. Nálægð Jóns og Nonna við hin þjóðernislegu verkefni sjást m.a. glöggð í tímaritinu *Dowa Kenkyu*⁶⁹, þar sem efnisyfirlitið báðum megin við greinina um Jón fjallar um hvernig nýta megi ævintýri til að efla þjóðernishyggu.

7. Nonnabækurnar sjálfar

Að lokum er ekki úr vegi að nefna hvað japönsku útgáfurnar á Nonnabókunum sjálfum segja okkur um viðtökur verkanna í Japan, bæði Nonnabókunum þremur sem gefnar voru út í tengslum við Japansdvöl Jóns árin 1937–1938 og fleiri titlum sem fylgdu í kjölfarið.⁷⁰ Eins og áður sagði var Þjóðverjinn Rupert Eberle lykilmaður þegar kom að útgáfu fyrstu Nonnabókanna í Japan. Eberle hafði áður unnið fyrir Herder, kristilega forlagið sem gaf út Nonnabækurnar í Evrópu, og sambönd hans í japönskum útgáfuiðnaði, sem og reynsla af bókaútgáfu hefur komið sér vel. Fyrstu bækurnar komu út hjá litlum forlögum sem jafnvel virðast stofnuð sérstaklega í kringum bækur Jóns. Það sem lengi hefur vakið furðu og forvitni greinarhöfundar er hvers vegna Nonnabækurnar voru ekki gefnar út hjá stærra eða þekktara forlagi. Eins og komið hefur fram tókst fádæma vel að kynna Jón sem heimsþekktan höfund og áhuginn á Jóni hlýtur að hafa farið fram úr væntingum. Hefði ekki sæmt „H. C. Andersen samtímans“ og „Mark Twain Evrópu“ að bækurnar væru gefnar út

69 Sjá sér í lagi árgang 17 blað 10 frá 1937, sem virðist sérstakt þemahefti um þetta efni.

70 Sjá titlana sem liggja til grundvallar fyrstu þremur Nonnabókunum á japönsku í *Pater Jón Sveinsson: Nonni* eftir Gunnar F. Guðmundsson, bls. 491, nr. 103. Það er snúið að átta sig á japönsku bókatitlunum þar sem þeir eru oft frjállega þýddir og hvergi er hægt að nálgast allar japönsku útgáfurnar af Nonnabókunum á einum stað. Skv. japönsku Nonnasýningunni frá 2008 voru til alls 15 bækur á japönsku með sögum eftir Jón Sveinsson. Þær voru ekki nafngreindar en líklega eru bæði endurútgáfur og safnrit meðtalín.

hjá einu af stóru forlögunum? Þegar þýðingin á *Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness kom út í Japan tveimur áratugum síðar var útgefandinn Kodansha, eitt stærsta og öflugasta bókaforlag Japans og a.m.k. ein af seinni útgáfum á Nonnabókunum kom einmitt út hjá Kodansha. En misræmið milli frægðar Nonna í Japan og algjört nafnleysi útgefendanna á fyrstu bókunum vekur óneitanlega upp spurningar. Fjárhagserfiðleikar jesúítatrúboðsins, sem mátti ekki við neinu tapi, og vandlega skipulögð kynningarherferðin gefa vísbendingar um að ekki hafi verið tilviljun hvernig Jesúítareglan spilaði úr því trompi sem heimsókn Jóns var. Var kannski ekki áhugi hjá stóru forlögunum á kristnum bókmenntum um þessar mundir? Var fjárhagslega hagkvæmara fyrir gestgjafa Jóns að standa sjálfir að útgáfu bókanna? Var Herder-tengingin í gegnum Eberle kannski svo augljós að önnur forlög komu ekki til greina eða var of seinlegt að semja við stóru forlögin? Því miður eru engin svör tiltæk við þessum spurningum að svo stöddu.

Annað lykilatriði sem hefði getað gefið betri mynd af viðtökum Nonnabókanna í Japan eru sölutölur, eða jafnvel útlán á almenningsbókasöfnum, sem voru í miklum vexti. Því miður hefur Nonnasafn á Íslandi ekki að geyma yfirlit yfir sölu Nonnabókanna á heimsvísu eða áreiðanlegar tölur um bóksölu í einstökum löndum. Ekki er vitað hvernig bækurnar seldust í Japan, eða hvort gróði eða tap var á útgáfu þeirra. Hitt er víst að vandað var til verka, a.m.k. á þeim árum sem þessi rannsókn nær yfir. Kápurar á fyrstu þremur bókunum voru hannaðar „í stíl“ og í formála eftir Kishibe í fyrstu bókinni sem kom út er þýðanda sérstaklega hrósað fyrir vönduð vinnubrögð og frábær gæði japanska textans sem komi hreinleika frumtextans til skila.⁷¹ Tveimur áratugum síðar þýddi Shizuka Yamamuro, sem var aðalþýðandi á *Sjálfstæðu fólki* á japönsku,⁷² Nonnabókina *Nonni shōnen no daikōkai* þannig að áfram var hugað að gæðum textans. Önnur vísbending um góðar viðtökur verkanna er að Nonnabækurnar voru gefnar út með nokkuð jöfnu millibili yfir lengri tíma. Á Nonnasýningunni í Japan árið 2008 voru kynntar 15 bækur með textum

71 Jón Sveinsson, *Nonni kyōdai no bōken* [Ævintýri Nonnabráðranna], formáli.

72 Sjá heimasíðu Gljúfrasteins, http://gljufrasteinn.is/is/halldor_laxness/thydingar/japanska/. Yamamuro var mikilvirkur þýðandi og hann þýddi alls fjórar Nonnabækur á japönsku. Eftir hann liggja fjölmörg skrif um norrænar bókmenntir og þýðingar á verkum helstu höfunda Norðurlanda.

um eða eftir Jón Sveinsson sem höfðu verið gefnar út þar í landi, þær fyrstu meðan Jón dvaldi í Japan árið 1937 og sú nýjasta árið 2008.⁷³ Það segir einnig sína sögu að fyrstu Japanirnir sem komu til náms á Íslandi á 6. og 7. áratugnum nefndu Nonna sem eitt af því fyrsta og jafnvel það eina sem þau vissu um Ísland þegar þau voru að alast upp í Japan.⁷⁴ Þannig að Jón Sveinsson hefur sannarlega sáð fræi Íslands-áhuga í Japan.

8. Lokaorð – helstu niðurstöður

Oft hefur verið haft á orði að rithöfundurinn Jón Sveinsson sé einn besti sendiherra sem Ísland hefur átt. Það bregst ekki að Jón er kenndur við Ísland og hann var óspar á faguryrði um ævintýraeyjuna Ísland en á sama tíma er hann hámenntaður heimsborgari og heims-hornaflakkari, hefur búið í helstu menningarborgum Evrópu og hefur tungur stórvelda á valdi sínu, m.a. þýsku, frönsku og ensku. Jón var maður margra heima og fjölhæfur þannig að hann reyndist góður sendiherra fyrir fleiri en Íslendinga. Þetta sannaðist í Japansferð Jóns þar sem hann sjálfur – og umfangsmikil umfjöllum um hann – náði til ólíkra hópa samfélagsins. Gestgjafarnir við Sophia-háskólann í Tókýó sáu mikil tækifæri í Jóni og með þennan öfluga liðsauka gátu þeir sinnt trúboðshlutverki sínu betur en fyrr og kynnt háskólann og menntastarf sitt í leiðinni, án þess að of mikill trúarbragur væri á kynningarstarfinu þegar slíkt átti illa við. Sá eiginleiki Jóns að höfða sterkt til ólíkra hópa á öllum aldri gagnaðist trúbræðrum Jóns í Júsútareglunni svo um munaði. Það er því ekki að undra að Hermann Heuvers, forseti Sophia-háskólans og gestgjafi Jóns í Japan, hafi kosið að Jón dveldist lengur eða settist jafnvel að í Japan, eins og fram kemur í ævisögu Jóns eftir Gunnar F. Guðmundsson.⁷⁵

Þegar viðtökur Jóns í Japan eru skoðaðar er tvennt sem ber að hafa í huga. Annars vegar þær sérstæðu aðstæður sem uppi voru í jap-

73 Þetta kemur fram í upplýsingum á sýningarspjöldum í Nonnasýningunni *Seinni ferð Nonna til Japans*. Aðeins fáir titlar eru nafngreindir en hér eru væntanlega meðtaldar ýmsar útgáfur af Nonnabókunum, t.a.m. endurútgáfur og endurbýðingar, sem og sögur eftir Jón í safnritum.

74 Kristín Ingvarsdóttir, „Samskipti Íslands og Japans eftir síðari heimsstyrjöld ...“, bls. 525–526.

75 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 395.

önsku samfélagi á meðan á Japansdvölinni stóð og hvernig rithöfundurinn Jón Sveinsson, Nonnabækurnar og viðhorf Jóns pössuðu (eða pössuðu ekki) inn í þann veruleika. Hins vegar vekur athygli hve gríðarlega mikil umfjöllun var um dvöl Jóns í Japan og hve víða hann kom við. Þessar heimildir eru vitnisburður um margþætta sýn Japana á Jón og verk hans. Fjölbreyttur birtingarvettvangur segir einnig sína sögu.

Það er augljóst að mikil kynningarherð fór af stað við komu Jóns til landsins. Íslenski bakgrunnurinn vakti hvarvetna forvitni og athygli en þýskur bakgrunnur Jóns hefur væntanlega heldur ekki spilt fyrir af ýmsum ástæðum. Þjóðverjar og Japanir gengu í bandalag síðla árs 1936 en Japanir höfðu þá einangrast mjög á alþjóðavettvangi og áttu fáar aðrar vinabjóðir. Sophia-háskólinn var rekinn af þýska umdæmi Jesúitareglunnar og miklar þýskar áherslur voru í starfi háskólans. Kristni og kristniboð mætti nokkurri tortryggni í Japan og allt bendir til þess að Sophia-háskólinn hafi jafnframt þurft að laga sig mjög eindregið að kröfum stjórnvalda um menntun og innrætingu í anda ströngustu þjóðernishyggju Japana eftir Yasukuni-atvikið árið 1932, sem tefldi tilvist háskólans í tvísýnu. Á hinn bóginn höfðu Japanir lengi borið virðingu fyrir Þýskalandi og þýskri menningu, þannig að tenging við þýskan jesúítaskóla var bæði kostur og galli.

Fyrir Jóni var Japan sannkallað drauma- og ævintýraland og í ljósi ofangreindra aðstæðna er mjög ólíklegt að hann hafi heyrt miklar gagnrýnisraddir gagnvart Japönnum meðal gestgjafa sinna eða í nánasta tengslaneti. Þá hafði rómuð gestrisni Japana sitt að segja. Dvölin í Japan styrkti því þá jákvæðu mynd sem Jón hafði af Japan fyrir komuna til landsins og í skrifum sínum og dagbókarfærslum verður honum tíðrætt um hve kurteisir, gáfaðir, vinnusamir og hugrakkir Japanir séu. Japanskur útgáfuiðnaður var gegnsýrður af ritskoðun þegar leið á fjórða áratug síðustu aldar en fátt bendir til þess að sögur og greinaskrif Jóns hafi orðið fyrir ritskoðun stjórnvalda. Jón er mjög hlyntur Japönnum í öllum skrifum sínum og skoðanir hans og umburðarlyndi gagnvart t.a.m. útpenslu Japans í Kína markast mjög af japönskum áróðri og ríkjandi skoðunum þessara ára.⁷⁶ Það er

76 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, bls. 396–399. Sjá einnig dagbækur Jóns frá Japansdvölinni.

þó ljóst að hrifning Jóns á Japan og Japönum byggist fyrst og fremst á persónulegri upplifun: því framandi ævintýri sem hann lifir í Japan og því fólki sem hann kynnist. Jón skrifaði um Japan af einlægri hrifningu og innlifun, og skrifin féllu eðlilega í kramið hjá Japönum.

Þegar umfangið á umfjöllun um Jón í japönskum blöðum og tímaritum er skoðað er freistandi að draga þá ályktun að viðtökurnar hljóti að hafa verið vonum framar. Umfjöllunin birtist ekki bara í mörgum miðlum heldur einnig í „réttu“ miðlunum sem voru áhrifa-miklir hver á sínu sviði og það er augljóst að ímynd Jóns var löguð að ólíkum miðlum og markhópum. Þannig var Jón kynntur sem heimsþekktur rithöfundur á heimsreisu gagnvart alþjóðlega samfélaginu í Tókýó í stærstu enskumælandi dagblöðum landsins. Í japanska stórblaðinu *Asahi Shimbun* fær frásagnargáfa Jóns að njóta sín og hann skrifar áhugaverða og gamansama pistlaröð um upplifun sína af japönsku samfélagi. Sannast þar hið fornkveðna að glöggst er gests augað. Í kaþólskum og kristnum ritum var lögð áhersla á Jón sem fyrirmynd í trúmálum og hvernig trúin hafði hjálpað honum að yfirstíga erfiðleika á lífsleiðinni. Jafnframt var lögð áhersla á Nonna-bækurnar, enda var hér um mikilvægan markhóp að ræða þegar kom að sölu bókanna enda þótt samfélag kaþólskra í Japan væri ekki fjölmennt. Efni frá Jóni birtist einnig á ólíku formi í virtum tímaritum fyrir börn, sem voru bæði víðlesin og þekkt fyrir nútímalegar áherslur í uppeldismálum og listrænt gildi. Af þessu má sjá að skrif Jóns náðu langt út fyrir hið þrönga samfélag kaþólskra manna. Með hliðsjón af markhópi tímaritanna má ætla að skrif hans hafi borist inn á heimili fjölmargra sem meira máttu sín vítt og breitt um Japan. Greinarhöfundur hefur enn sem komið er ekki fundið umfjöllun um Jón í almennum tímaritum um bókmenntir og menntamál frá þessum tíma en greinar birtust í tímaritum á borð við *Dowa Kenkyu* sem sérstaklega fjallaði um börn og barnauppeldi. Hér er einnig um mikilvægan markhóp að ræða þar sem bæði aðstandendur og lesendur blaðanna voru áhrifafólk á sviði menntunar og barnamenningar.

Ef marka má af þeim tugum birtinga um Jón frá þeim tíma sem hann dvaldist í Japan, og liggja til grundvallar þessari umfjöllun, bendir allt til þess að Japansför Jóns hafi verið mikil sigurför. Þótt mikið sé til af efni eru þó tvær óþekktar breytur í jöfnunni sem hefði verið áhugavert að þekkja betur. Í fyrsta lagi er sem stendur ekkert

vitað hvernig Nonnabækurnar seldust. Stór markaður var fyrir bókaútgáfu í Japan á millistríðsárunum en samkeppnin hefur vafalítið einnig verið mikil. Jafnframt voru almenningabókasöfn að ryðja sér til rúms þannig að sölutölur og útbreiðsla hafa ekki endilega alltaf farið saman. Í öðru lagi vekur spurningar hvers vegna Nonnabækurnar voru gefnar út hjá lítt þekktum forlögum. Hefði ekki verið eðlilegt að bækur þekkts og vinsæls höfundar eins og Jóns væru gefnar út hjá stöndugu og virtu forlagi? Ekki fást svör við þessum spurningum að svo stöddu en hitt er víst að alls komu út á japönsku 15 bækur sem innihéldu sögur eftir Jón (þ.m.t. endurútgáfur) á 70 ára tímabili, síðast árið 2008. Það bendir til þess að Jón Sveinsson og Nonnabækurnar hafi átt dyggan aðdáenda- og lesendahóp í Japan í nokkrar kynslóðir.

ÚTDRÁTTUR

Ævintýraeyjurnar Japan og Ísland: Um Japansdvöl Nonna, 1937–1938

Seint á rithöfundarferli Jóns Sveinssonar, Nonna, rættist draumur hans um að ferðast til Japans og hvergi fundust Jóni viðtökurnar betri en einmitt þar. Jón var þó þekktur víða um lönd og einn víðförlasti Íslendingur síns tíma, enda höfðu barnabækur hans verið þýddar á um 30 tungumál. Jón kom til Japans vorið 1937 og dvaldist í eitt ár við hinn þekhta Sophia-háskóla í Tókýó, sem rekinn var af trúbræðrum hans í Jesúitareglunni. Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á Japansdvöl Jóns á grundvelli rannsóknar á japönskum heimildum frá þeim tíma sem Jón dvaldist í landinu. Leitast verður við að svara hvar og með hvaða hætti fjallað var um rithöfundinn Jón og verk hans í japönskum dagblöðum og tímaritum. Dvöl Jóns í Japan vakti mikla athygli og umfjöllun því bæði tíð og umfangsmikil. Til grundvallar umfjölluninni liggja heimildir sem greinarhöfundur hefur mestmegnis aflað í japönskum skjalasöfnum og gagnagrunnum. Með því að rannsaka þessar heimildir bætist nýtt sjónarhorn við fyrri rannsóknir á Japansvöl Jóns. Jafnframt verður lögð áhersla á að varpa ljósi á þær þjóðfélags- og trúarhræringar sem ruddu sér til rúms í Japan á fyrri hluta síðustu aldar og hafa vafalítið haft áhrif á þær viðtökur sem höfundurinn og verk hans hlutu þar í landi. Vikið verður að hlutverki og stöðu Sophia-háskólans í japönsku samfélagi, sem og flókna stöðu kristinnar kirkju og jesúíta í Japan á áratugunum fyrir seinni heimsstyrjöld, en þau markast af uppgangi heimsvaldastefnu, þjóðernishyggju, ríkisrekinni trúarstefnu og stríðsrekstri á meginlandi Asíu.

Lykilorð: Jón Sveinsson – Nonni, Japan, viðtökur (fjölmíðlaumfjöllun), ferðasögur, trúarbrögð

ABSTRACT

Japan and Iceland: Adventure Isles

Nonni's stay in Japan 1937–1938

Late in his career as an author, Jón Sveinsson, Nonni, realised his dream of visiting Japan and nowhere did he feel that he had met with a better reception than in Japan. This despite the fact that Jón was among the best known and most widely travelled Icelanders of his time, as his popular children's books had been translated into around 30 languages. He arrived in the spring of 1937, to spend a year at the well-known Sophia University, run by his fellow Jesuits in Tokyo. The present article aims to cast light on Jón's stay in Japan and where and how the writer and his works were discussed in contemporary Japanese newspapers and magazines. As Jón Sveinsson's stay in Japan attracted a great deal of attention, media reports were both frequent and extensive. This article is based on sources gathered by the author from mainly Japanese archives and databases. These sources add a new perspective to previous research conducted on Jón Sveinsson's Japan visit. Emphasis is also placed on the significance of the social and religious changes gaining prominence in Japan in the first half of the last century, which undoubtedly influenced the reception of the author and his work. The role and position of Sophia University in Japanese society is also examined, together with the complicated status of Christianity and the Jesuits in Japan in the years preceding World War II, which were characterised by ascending imperialism, nationalism, state Shinto and armed aggression on the Asian continent.

Keywords: Jón Sveinsson – Nonni, Japan, reception (media coverage), travel literature, religion

HEIMILDIR Á ÍSLENSKU OG ENSKU

- Anderson, Emily, *Christianity and Imperialism in Modern Japan: Empire for God*. London, New Delhi, New York, Sidney: Bloomsbury, 2016.
- „Annual Reception Held at Tokyo Club“, *The Japan Times*, 19. mars 1938.
- Bergþóra Jónsdóttir, „Nonni í Japan: Japanska krónprinsessan meðal aðdáenda“, *Morgunblaðið* 24. nóvember 2009, bls. 27.
- Bix, Herbert P., *Hirohito and the Making of Modern Japan*, New York: Harper-Collins Publishers, 2000.
- „Child Story Writers Plan Nara Meeting“, *The Japan Times*, 26. desember 1939, bls. 2.
- de Bary, William T., Gluck, Carol og Tiedemann, Arthur E., *Sources of Japanese Tradition: Volume Two: 1600–2000; Part Two: 1868 to 2000*, New York: Colombia University Press, 2006.
- Garon, Sheldon M., „State and Religion in Imperial Japan, 1912–1945“, *The Journal of Japanese Studies*, 12 (2), 1986, bls. 273–302.
- Gordon, Andrew, *A Modern History of Japan: From Tokugawa Times to the Present*, 4. útgáfa, Oxford: Oxford University Press, 2020.
- Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*. Reykjavík: Opna, 2012.
- Hardacre, Helen, *Shintō and the State, 1868–1988*, New Jersey, Chichester: Princeton University Press, 1989.
- Helga Birgisdóttir, „Af hverju urðu Nonna- og Mannabækurnar svona vinsælar?“, *Vísindavefurinn*, 2013, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=58420> [sótt 10. október 2020].
- Iriye, Akira, *Japan & The Wider World: From the Mid-Nineteenth Century to the Present*, London, New York: Routledge, 1997.
- Jansen, Marius B., *The Making of Modern Japan*, Cambridge, Mass.: The Belknap Press of Harvard University Press, 2000.
- „Japanska“, *Gljúfrasteinn*, http://gljufrasteinn.is/is/halldor_laxness/thydingar/japanska/ [sótt 10. júlí 2020].
- Jón Hjaltason, *Nonni og Nonnahús*, Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 1993.
- Jón Sveinsson, *Ferð Nonna umhverfis Jörðina, Síðari bluti: Nonni í Japan*, þýð. Freysteinn Gunnarsson, 2. útgáfa, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1971.
- Kawana, Sari, „Reading Beyond the Lines: Young Readers and Wartime Japanese Literature“, *Book History* 13, 2010, bls. 154–184.
- Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“: Upphaf samskipta Íslendinga og Japana 1904–1942“, *Skírnir* 191 (1), 2017, bls. 80–114.
- Kristín Ingvarsdóttir, „Samskipti Íslands og Japans eftir síðari heimsstyrjöld: Stjórnmalasamband í 60 ár“, *Skírnir* 191 (2), 2017, bls. 501–544.
- „Mr. Kishibe’s Birthday“, *The Japan Times*, 17. febrúar 1933, bls. 8.
- „Nonni í Ameríku“, *Þjóðviljinn*, 29. nóvember 1995, bls. 6.
- „Nonni í Japan“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. nóvember 1937, bls. 350.
- „Notes on Art and Literature“, *The Japan Times*, 16. apríl 1933, bls. 8.
- „Seinni ferð Nonna til Japans“, *Fréttablaðið*, 19. september 2008, bls. 24.

- Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780-1979*, Reykjavík: Mál og Menning, 1981.
- Skapti Hallgrímsson, „Enn er Nonni í sviðsljósinu í Japan“, *Morgunblaðið* 14. október 2008, bls. 34.
- „The 1932 Yasukuni Shrine Incident“, *Sophia University*, 2013, <https://www.sophia.ac.jp/eng/aboutsophia/history/u9gsah00000007pn-att/websophiaE40.pdf> [sótt 9. júlí 2020].
- „The Launching of a Small Residence Hall of Learning“, *Sophia University*, https://www.sophia.ac.jp/eng/aboutsophia/history/u9gsah00000007pn-att/websophia_e2.pdf [sótt 9. júlí 2020].
- Tokuji, Saisho. „Art-Music-Letters“, *The Japan Times*, 23. mars 1937, bls. 8.
- „Xavier and Sophia University“, *Sophia University*, <https://www.sophia.ac.jp/eng/aboutsophia/history/u9gsah00000007pn-att/websophia37E.pdf> [sótt 10. júlí 2020].

HEIMILDIR Á JAPÖNSKU⁷⁷

- „Bikkuri shita Nonni kyōdai rokuji ima Anderusen no dōwa“, [Nonnasögurnar í útvarpinu kl. 6, Andersen okkar tíma], *Tokyo Asabi Shimibun*, 6. Maí 1937, bls. 7.
- „Janken no hanashi Aisurando de dairyūkō“ [Sagan um vinsældir janken á Íslandi], *Tokyo Asabi Shimibun*, 5. júní 1938, bls. 6.
- Jón Sveinsson, „Aisurando no kurisumasu [Jól á Íslandi], Kodomo no tomo, 24 (12), 1937, blaðsíðutal ekki gefið upp.
- Jón Sveinsson, *Appare Nonni* [Bravó Nonni], þýð. Tamotsu Itō, Tókýó: Enderure shoten, 1948.
- Jón Sveinsson, „Kyorokyoro shite mujaki na Nippon no kodomo-tachi“ [Saklausu japönsku börnin lítandi í kringum sig], *Kodomo no kuni*, 16 (9), Tókýó: Tokyosha, 1937, bls. 25.
- Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (1)“ [Upplifun mín af Japan (1)], *Tokyo Asabi Shimibun*, 21. apríl 1937, bls. 7.
- Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (2)“ [Upplifun mín af Japan (2)], *Tokyo Asabi Shimibun*, 22. apríl 1937, bls. 7.
- Jón Sveinsson, „Nippon no inshō (3)“ [Upplifun mín af Japan (3)], *Tokyo Asabi Shimibun*, 23. apríl 1937, bls. 7.
- Jón Sveinsson, *Nonni kyōdai no bōken* [Ævintýri Nonnabræðranna], þýð. Kenji Uezawa, Tókýó: Kōseikaku, 1937.
- Jón Sveinsson, *Nonni shōnen no daikōkai* [Stórsigling drengsins Nonna], þýð. Shizuka Yamamuro, Tókýó: Hōbunkan, 1957.
- Jón Sveinsson, *Nonni to kōri no okuni* [Nonni og íslandið], þýð. Tamotsu Itō, Tókýó: Enderure shoten, 1948.
- Jón Sveinsson, *Nonni to Manni* [Nonni og Manni], þýð. Kenji Uezawa, Yōnen

77 Hér eru fyrst og fremst talðar upp þær greinar og birtingar sem eru beint nefndar eða vísað í. Greinarnar sem nýttar voru fyrir rannsóknina eru alls um 70 talsins.

- kurabu 15 (12), Tókýó: Dainippon-yūbenkaikōdansha, 1940, bls. 125–136.
- Jón Sveinsson, „Owakare no kotoba suki na Nippon de kurashita ichinen“ [Kveðjuorð til míns ástkæra Japans sem ég dvaldi í um eins árs skeið], *Tokyo Asahi Shimbun*, 20. febrúar 1938, bls. 6.
- Jón Sveinsson, *Sukiparon he no kurisumasu no bōmon* [Jólaheimsókn í Skipalón], þýð. Suematsu Daigūji, Tókýó: Ōtorisha, 1974.
- Jón Sveinsson, „Watashi no otomodachi – kawaii minasan he dōwaka Suvenson“ [Til vina minna, allra fallegu barnanna í Japan – frá barnabókahöfundinum Sveinssyni], *Tokyo Asahi Shimbun*, 25. mars 1937, bls. 4.
- „Kita no kuni Aisurando kara kita dōwa no ojiisan to ohanashi suru“ [Samtal við gamla barnabókahöfundinn sem kom frá Íslandi], *Kodomo no tomo furoku seikatsushimbun*, 1. maí 1937, blaðsíðatal ekki gefið upp.
- „Kodomo no kuni“, *Tokyo Metropolitan Library*, https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/10/index.html [sótt 9. júlí 2020].
- „Kodomo no tomo“, *Tokyo Metropolitan Library*, https://www.library.metro.tokyo.lg.jp/collection/features/digital_showcase/005/09/index.html [sótt 9. júlí 2020].
- Okamoto Ippei, „Suvenson ō“ [Hinn mikli Sveinsson], *Tokyo Asahi Shimbun*, 1. ágúst 1937, bls. 9.
- „Otogí no okuni kara hachijūō Suvenson shi“ [Hinn áttæði hr. Sveinsson sem kom frá ævintýralandinu], *Tokyo Asahi Shimbun*, 19. mars 1937, bls. 11.
- Uchiyama, Kendo, „Hokkyoku no dowaka Suvenson shi“ [Ævintrýahöfundurinn hr. Sveinsson frá Norðurslóðum], *Dowa Kenkyu*, 17 (6), 1937.

ÓBIRTAR HEIMILDIR

Nonnasafn Landsbókasafns Íslands, Háskólabókasafn

Bréfasafn.

Dagbækur II. bindi.

Myndaalbúm, Japan.

Ritgerðir skrifaðar í Tókýó, Japan, 1937.

Sérprentanir og úrtök, 1935–1951.

Ýmis gögn E-D.

Ýmis gögn, laus mappa ... Japan.

VIÐTÖL OG TÖLVUPÓSTSAMSKIPTI

Fulltrúi Jesúítareglunnar við Sophia-háskólann í Tókýó (maí 2018 og október 2019).

Brynildur Pétursdóttir, fyrrverandi safnstjóri Nonnahúss og einn af aðalskipuleggjendum Nonnasýningar í Japan 2008 (vor 2018 og sumar 2020).

Motokatsu Watanabe, fyrrverandi sendifulltrúi japanska sendiráðsins á Íslandi, einn af aðalskipuleggjendum Nonnasýningar í Japan 2008 (maí 2018).

ANNAÐ PRENTAÐ EFNI

Geppert, Theodor, *The Early Years of Sophia University*, Tókýó: [óútgefið handrit], 1993.

Nonnasýningin *Seinni ferð Nonna til Japans* frá 2008, Sýningarspjöld (megintexti).
(J. ノンニの70年後の再訪日 [Nonni no nanajūnengo no saihōnichi].

Vanadio, itrio, ángstrom...
En torno a términos científicos de origen
nórdico en español

1. Introducción

Los estudios dedicados a la historia del léxico de la lengua española han experimentado un notable aumento en décadas recientes. Cabe señalar en este sentido los estudios del léxico medieval, las investigaciones sobre el léxico del lenguaje de especialidad y los estudios respecto a la etimología y la documentación del léxico, así como el análisis de la evolución semántica del léxico y la perspectiva histórica de la morfología derivativa.¹

En el ámbito de la lexicología histórica se halla la investigación de los lenguajes de especialidad, cuyo objetivo principal es el estudio del origen y evolución de la terminología de diversas áreas de especialidad. Es aquí, precisamente, donde se sitúa el estudio del vocabulario científico y técnico. Inscritos en este campo existen diversos estudios e investigaciones en torno al léxico de la ciencia y de la técnica; este léxico específico es, además, objeto de estudio de distintos proyectos en curso. Cabe destacar el estudio del léxico de la medicina cuyos resultados aparecen en el *Diccionario español de textos médicos antiguos*,

1 Clavería Nadal, Gloria, “Nuevas perspectivas en el estudio de la evolución del léxico”, en Clavería Nadal, Gloria, Margarita Freixas Alás, Marta Prat Sabater y Joan Torruella I Casañas (eds.), *Historia del léxico: perspectivas de investigación*, Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana/Vervuert, 2012, pp. 13–90.

obra dirigida por María Teresa Herrera;² la elaboración de un diccionario de la ciencia y de la técnica en el Renacimiento (*DICTER*), dirigido por María José Mancho Duque;³ los estudios de Juan Gutiérrez Cuadrado y Cecilio Garriga Escribano sobre el léxico de la química, que, con la creación del grupo NEOLCYT, se ampliaron a otros diversos terrenos de especialidad con el fin de confeccionar el *Diccionario histórico del español moderno de la ciencia y de la técnica*.⁴ Del dinamismo y de la productividad en este ámbito ofrecen testimonio además publicaciones como, por ejemplo, la *Historia del léxico español*, de 2007, una colección de artículos coordinada por Mar Campos Souto, Rosalía Coteló García y José Ignacio Pérez Pascual;⁵ *Etimología e historia en el léxico del español*, de 2016, coordinada por Mariano Quirós García, José Ramón Carriazo Ruiz, Emma Falque Rey y Marta Sánchez Orense;⁶ y *Lengua de la ciencia y lenguajes de especialidad*, libro editado por Cecilio Garriga, María Luisa Pascual y María Betulia Pedraza en 2019.⁷

Nuestra indagación, que se enmarca en el ámbito de la historia del léxico, se centra en el examen del vocabulario relacionado con el mundo de la ciencia. El propósito del presente trabajo es, en particular, analizar varios términos científicos españoles procedentes del germánico septentrional. Ello implica que el estudio también se adscribe al ámbito del préstamo léxico y se integra, de hecho, en una investigación más amplia que está en marcha sobre voces de origen nórdico incorporadas al español; al respecto vale anotar que con el término

-
- 2 Herrera, María Teresa (dir.), *Diccionario español de textos médicos antiguos (DETEMA)*, Madrid: Arco Libros, 1996.
 - 3 Mancho Duque, María Jesús (dir.), *Diccionario de la ciencia y de la técnica en el Renacimiento*, <http://dicter.usal.es/>.
 - 4 Para más información remitimos a la página web del grupo NEOLCYT: <http://dfe.uab.es/neolcyt>. Véase, además, el artículo de Rodríguez Ortiz, Francesc y Cecilio Garriga Escribano, “El Diccionario Histórico del Español Moderno de la Ciencia y de la Técnica (DHEMCYT): resultados y perspectivas” en Sinner, Carsten (coord.), *Comunicación y transmisión del saber entre lenguas y culturas*, Madrid: Peniope, 2013, pp. 401–410. <https://dialnet.unirioja.es/servlet/libro?codigo=559895>.
 - 5 Campos Souto, Mar, Rosalía Coteló García y José Ignacio Pérez Pascual (coord.), *Historia del léxico español*, A Coruña: Universidade da Coruña, 2007.
 - 6 Quirós García, Mariano, José Ramón Carriazo Ruiz, Emma Falque Rey y Marta Sánchez Orense (eds.), *Etimología e historia en el léxico del español*, Madrid/Frankfurt am Main: Iberoamericana-Vervuert, 2016.
 - 7 Garriga, Cecilio, María Luisa Pascual y María Betulia (eds.), *Lengua de la ciencia y lenguajes de especialidad*, Anexos de Revista de Lexicografía, 42, A Coruña: Universidade da Coruña, 2019. Se trata del resultado de la investigación del grupo La Red Temática «Lengua y Ciencia» que está conformado por 38 grupos internacionales. Para más información ver: <https://www.lenguayciencia.net/grupos/todos-los-grupos/>.

nordismos nos referimos a los vocablos que provienen directa o indirectamente de las lenguas germánicas septentrionales, es decir, el nórdico antiguo y las lenguas nórdicas modernas: el danés, el feroés, el islandés, el noruego y el sueco.

El punto de partida es un corpus general compuesto por léxico que hemos extraído de los diccionarios generales y específicos de la lengua española y de los bancos de datos,⁸ así como de diversos textos y traducciones de distintas épocas. El corpus manejado se compone de alrededor de doscientas voces; son bases léxicas, sustantivos en su mayoría, que llegaron al español, generalmente en letra impresa, por mediación de terceras lenguas a partir del siglo XIII.

El análisis de los vocablos del corpus y su agrupación en virtud de las relaciones semánticas que mantienen han dado a conocer varias áreas temáticas, entre las que figura el ámbito de la navegación y de la marina, como el de número más elevado, seguido de los que pertenecen a los terrenos de la geología y la geografía, la fauna y la ciencia, la mitología y el deporte. A otros campos corresponde un número reducido de palabras. En lo que se refiere a las fuentes documentales que ofrecen los primeros testimonios de vocablos de origen nórdico en español, podemos decir que son traducciones de obras y tratados de diversa índole, textos y relatos de viajes, libros histórico-geográficos, obras literarias, así como diccionarios y glosarios.

Este trabajo pretende dar cuenta de vocablos científicos creados a partir de nombres propios, nombres de personajes mitológicos y topónimos nórdicos, así como préstamos léxicos, que han sido incorporados al español desde finales del siglo XVIII hasta el siglo XX. Conviene indicar que se trata de un primer acercamiento a la recepción de estos términos científicos en el español.

8 Los bancos de datos de la Real Academia Española: *CORDE* = Banco de datos (CORDE) [en línea]: *Corpus diacrónico del español*: <http://www.rae.es>; *CREA* = Banco de datos (CREA) [en línea]: *Corpus de referencia del español actual*. <http://www.rae.es>; *NTLLE* = *Nuevo tesoro lexicográfico de la lengua española*. [en línea]: <http://www.rae.es>; *NDHE* = Instituto de investigación Rafael Lapesa de la Real Academia Española (2013-): *Nuevo diccionario histórico de la lengua española* (NDHE) [en línea]: <http://www.eb.frl.es>. *CDH* = Real Academia Española, *Corpus del diccionario histórico*. <http://www.rae.es>. *FG* = Real Academia Española, *Fichero General*. <http://www.rae.es>. *DLE* = Real Academia Española, *Diccionario de la lengua española*, <http://www.rae.es>. *DICTER* = Mancho Duque, María Jesús (dir.), *Diccionario de la ciencia y de la técnica en el Renacimiento*, <http://dicter.usal.es/>. *HD* = Biblioteca Nacional de España, *Hemeroteca digital* <http://www.bne.es/es/Catalogos/> Hemeroteca Digital. *CORPES XXI* = Real Academia Española, *Corpus del Español del Siglo XXI*, <https://www.rae.es>.

2. Términos científicos de origen nórdico

Los quince términos seleccionados para el presente estudio pertenecen al ámbito de la ciencia, y a los subcampos de la química y de la física. A la terminología de la física corresponden cuatro voces: *ångstrom*, *celsio* o *celsius*, *oersted* y *sievert*. Al terreno de la química pertenecen las siguientes once voces: *escandio*, *hafnio*, *holmio*, *erbio*, *iterbio*, *itrio*, *terbio*, *nobelio*, *torio*, *tungsteno*, *vanadio*.

Los términos que proceden de unidades léxicas suecas son diez: *ångstrom*, *celsio* o *celsius*, *holmio*, *nobelio*, *iterbio*, *itrio*, *erbio* y *terbio*, *sievert* y *tungsteno*; del danés son dos: *hafnio* y *oersted*, y del nórdico antiguo son tres: *escandio*, *torio* y *vanadio*.

Námsbraut í ensku brást við þeim vanda sem hér hefur verið lýst með tvennum hætti; annars vegar með því að setja á fót sérstakt diplómanám í akademískri ensku fyrir nemendur úr öðrum fræðigreinum sem vilja bæta enskufærni sína og hins vegar með því að laga ritunarkennslu í BA-námi í ensku að ritunarhefðum í enskum bókmenntum í einu námskeiði og ritunarhefðum í málvísindum í öðru. Strax varð þó ljóst að flesta nemendur, bæði í BA-námi í ensku og akademískri ensku, skorti undirstöðu í fræðilegri ritun á ensku sem byggist á framsetningu tilgátu (e. *thesis statement*) í inngangi og stýrir uppbyggingu textans (Hyland, 2017). Þarfagreiningar bentu til þess að þótt nemendur þekktu hugtökin 'thesis', 'evidence', 'introduction' og 'conclusion' áttu þeir erfitt með yfirfæra þessa þekkingu í ritun (Birna Arnbjörnsdóttir og Prinz, 2017). Nauðsynlegt reyndist því að hjálfa nemendur í grunnatriðum akademískrar ritunar á ensku áður en hægt var að hefja kennslu í ritun sérhæfðra texta. Aðferðin miðaðist að því að byggja ofan á hæfni nemenda í ensku talmáli, sérstaklega skilningi, og tiltölulega góðri undirstöðu í málfræðilega réttu máli (e. *accuracy*).

Nálgunin sem þróuð var byggði ofan á kunnáttu nemenda í ensku talmáli og leiddi þá smám saman að sjálfstæðum vinnubrögðum í fræðilegri ritun sem stýrt var af tilgátu (e. *thesis driven writing*). Undirstöðubjálfun í akademískri ensku við námsbrautina byggist á greiningu og ritun mismunandi textategunda (e. *genre-based writing*), þar sem áhersla er lögð á bjálfun í ritun texta sem einkennir viðkomandi fræðasvið. Markmiðið með þessari aðferð var að hjálpa nemendum að átta sig á uppbyggingu texta innan sinnar fræðigreinar og auka með því lesfærni þeirra (e. *discipline based/genre-based teaching*) (Swales, 2004; Tribble og Wingate, 2013; Hyland, 2017). Nálgunin sem hér var byggt á er sett fram í bókinni *The Art and Architecture of Academic Writing* (Prinz & Arnbjörnsdóttir, 2020) en í þessari grein verður ýmist vísað í nálgunina og þær aðferðir sem henni fylgja eða námsbókina sjálfa.

Nálgunin hefur verið í stöðugri þróun um sjö ára skeið og fyrir liggur mikill fjöldi gagna sem mæla árangur hennar. Þar á meðal eru kennslukannanir, spurningakannanir við upphaf og lok námskeiðs, ritunarverkefni fyrir og eftir kennslu, hugleiðingar og viðtöl við kennara og nemendur. Í þessari grein verður fyrst lýst fræðilegum undirstöðum nálgunarinnar, þá verður nálguninni sjálfri lýst og síðan gerð stutt grein fyrir niðurstöðum rannsókna á áhrifum hennar á nám nemenda, þ.e. hvernig þeir upplifa framfarir sínar í akademískri ritun á ensku sem er stýrt af tilgátu og hvort þeir telji sig hafa þróað með sér sjálfstæði í vinnubrögðum (e. *autonomy*) sem þeir geti nýtt sér í námi sínu (Arnbjörnsdóttir og Prinz, 2017; Arnbjörnsdóttir og Prinz, 2020). Að lokum verður greint frá rannsókn á mælanlegum framförum í enskri ritun eins og þær birtust í skrifum nemenda í byrjun og lok námskeiðsins.

2. *The Art and Architecture of Academic Writing*: Fræðilegur bakgrunnur

Nútíma ritunarkennsla byggist á þeirri hugmyndafræði að ritunarhefðir séu bundnar við faggreinar og innan hverrar þeirra hafi þróaðar fastar, óskrifaðar reglur um uppbyggingu texta og orðræðu. Þessar kenningar má rekja til hugmynda Lave og Wengers (1991) um sam-

félög málhefða (e. *communities of practice*). Í kjölfarið varð til nálgun sem byggð er á því að áhrifaríkasta leiðin til að kenna ritun sé að kenna og þjálfra nema í að skrifa texta sem grundvallast á hefðum fræðasviðs þeirra. Með öðrum orðum er byggt á þeirri hugmynd að hver textagerð hafi sitt snið þ.e. hugmyndinni um mismunandi textategundir (e. *genre based writing*) (Swales, 2004; Hyland, 2017) sem þá þarf að hafa í huga við ritun. Kenningin gundvallast m.a. á því að textar og málnotkun t.d. í verkfræði séu öðruvísi en textar í málvísindum og að textar í bókmenntum séu öðruvísi en í blaðagreinum. Ritunarkennsla eigi að hafa það að markmiði að þjálfra nema í skrifum sem lúta lögmálum hvers fræðasviðs. Skilvirkast sé að kenna nemendum að skrifa þá tegund texta sem einkennir námsbækur þeirra og kennarar þeirra vænta af þeim. Þessi aðferðafræði við ritunarkennslu tekur þannig mið af þörfum nemandans með minni áherslu á sjálft ritunarferlið (e. *process writing*), eins og áður tíðkaðist, eða á lokaafurðina, ritgerðina sjálfa, sem oftast er metin út frá því hvort almennum loka-markmiðum hafi verið náð án þess að nemendum sé sýnt hvernig þeir eigi að ná settum markmiðum í skrifum sínum. Sú aðferð að byggja kennsluna á mismunandi textategundum hefur reynst vel og er jafnframt sú sem mest er fjallað um í fræðilegri umræðu um ritunarkennslu, bæði fyrir nemendur með ensku að móðurmáli (e. *English as a native language*, ENL) og nemendur sem eru að læra ensku (e. *English as a second language*, ESL). Hún hefur reynst sérstaklega vel fyrir nemendur eins og íslenska háskólanema sem eru menntaðir á íslensku, skilja ensku en þurfa að stunda háskólanám á fræðilegri ensku (e. *English as a medium of instruction* (EMI)).

Aðferðin hefur hins vegar reynst erfið í framkvæmd; hún er kostnaðarsöm og krefst sérhæfingar í viðkomandi grein auk þekkingar á tungumálinu. Kostnaðurinn við að setja upp námskeið í enskri ritun innan allra fræðigreina er mikill og erfitt að manna slík námskeið en erfiðast er þó að réttlæta hvers vegna námskeið í sérgrein nemenda ættu að víkja fyrir námskeiði í ritun á ensku. Ofmat nemenda, kennara og yfirstjórna háskóla á eigin enskukunnáttu er líka ein ástæðan fyrir tregðunni. Það kunna jú allir ensku og námsgreina-bundin/fagtengd kennsla í ensku því óþörf. Þetta á jafnt við um Háskóla Íslands sem aðra háskóla þar sem fjöldi viðtala við nemendur og kennara hafa leitt í ljós að þrátt fyrir yfirlýsta ánægju með undir-

búning í ensku hafi hann samt sem áður ekki reynst nægilegur til að mæta þörfum þeirra í námi og starfi (Hafðís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2013; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafðís Ingvarsdóttir, 2015, 2018). Afleiðing þessa var sú að nemendum úr öðrum deildum Háskólans fjölgaði mjög í ritunarnámskeiðum í BA-námi í ensku.

3. Viðbrögð námsbrautar í ensku við breyttu málumhverfi

Innan námsbrautar í ensku hefur ekki reynst mögulegt að bjóða upp á ritunarnámskeið á hverju sersviði fyrir sig, en þróað hefur verið námskeið þar sem tekin eru fyrir atriði sem talið er að flestar textategundir eigi sameiginleg og byggjast á þremur algengustu tegundum texta sem notaðar eru í háskólanámi. Hugmyndin er byggð á rannsóknnum Gardner og Nesi (2012) á þeim grunnþáttum sem einkenna texta í risastórum gagnabanka af ritunarverkefnum á háskólastigi. Af þessum textategundum voru þrjár langmest áberandi, þ.e. esseyjur (e. *essays*), tilviksskýrslur (e. *case studies*) og rannsóknarritgerðir (e. *research papers*). Niðurstöður Gardner og Nesi styðja kenningar um sérstök einkenni hvernar þessara tegunda en undirstrika jafnframt sameiginleg einkenni ritunarverkefna þvert á fræðasvið. Þessi sameiginlegu einkenni eru undirstaða nýrrar nálgunar í kennslu í fræðilegum skrifum við námsbraut í ensku. Nálgunin er hugsuð sem undirbúningur undir lestur og ritun á fræðasviði hvers og eins. Nálgunin byggist því á verkefnum sem flestir nemendur eru líklegir til að fást við í námi, þ.e. esseyjum, sem þjálfar þá í mismunandi framsetningu texta þvert á fræðigreinar; tilviksskýrslum, sem byggðar eru á eigin rannsóknum nemenda; og rannsóknarritgerðum, sem grundvallast á eigin rannsóknum og rannsóknum annarra.

Meginreglan sem gengið er út frá er sú að nemendur fái þjálfun í að setja saman raunhæfar tilgátur (e. *thesis*) sem síðan stýra uppbyggingu textans, þ.e. að innihaldið styðji tilgátuna sem sett er fram og að þeir öðlist nægilega þjálfun í þessum undirstöðum til að geta unnið sjálfstætt að námskeiðinu loknu. Áhersla er lögð á að þróa færni í einum þætti í einu en þeir eru síðan sameinaðir í stærri og

flóknari verkefni. Þannig eru nemendur til dæmis þjálfaðir í að átta sig á tilgangi efnisgreina og hvers konar rökstuðningur styður tilgátu þeirra. Tilgangur inngangs og niðurlags er kenndur sérstaklega. Nemendur sameina síðan smám saman inngang, efnisgreinar og niðurlag í heila ritgerð og fá æfingu í að skrifa sífellt flóknari texta.

Í námskeiðinu er byrjað á því að æfa nemendur í grunnatriðum með því að láta þá skrifa texta sem þeir þekkja, s.s. frásögn eða lýsingu. Áhersla í upphafi er lögð á að fá þá til að tjá sig á formlegu ritmáli án þess að þurfa að byggja skrifin á heimildum, þ.e. finna sína eigin rödd (e. *authorial voice*). Síðan vinna þeir verkefni eða skýrslu sem byggð er á eigin rannsóknum án þess að styðjast við heimildir frá öðrum, fá þjálfun í rannsóknaraðferðum og skilning á því hvernig koma á eigin þekkingu og niðurstöðum á framfæri. Verkefnið býr nemendur undir að leysa verkefni sem þeir munu síðar glíma við (e. *case based learning* (CBL)) í sínum námsgreinum (Hall o.fl. 2016). Gerð er krafa um að þeir geri frumrannsóknir, skipuleggi og greini upplýsingar og skrifi skýrslu. Þannig þróa þeir með sér dýpri vitneskju um ritun, þjálfar færni í að nota beinar tilvitnanir og endurrita orð viðmælenda sinna (e. *paraphrase*). Að lokum er efniviður úr skýrslunni settur í félagslegt samhengi með vísun í sérfræðinga. Nemendur hafa þar með fengið þjálfun í ritun sem grundvöllur er á þeirra eigin skoðunum, frumrannsóknum og mati og vali á heimildum sem styðja við hugmyndir þeirra.

Með þessari nálgun er áhersla lögð á að nemendur temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum en þarfagreining hafði leitt í ljós að þrátt fyrir allt að tíu ára nám í ensku beittu nemendur ekki þekkingu sinni á hugtökum í rituninni sjálfri. Markmiðið var því að breyta þekkingu nemenda á ritun í ritunarfærni, auka sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum og þjálfar þá í að taka stjórnina í eigin námsferli með því að umbreyta þekkingu í verkefnatengda hegðun (Zimmerman, 2013; Holec, 1981). Þetta er gert með því að kenna nemendum námsaðferðir sem eiga við á hverju stigi ritunar – frá undirbúningi fyrir ritun og þróun tilgátu til kerfisbundinnar endurritunar og prófarkalesturs (Patricia Prinz og Birna Arnbjörnsdóttir, 2020). Notast er við stoðir (e. *scaffolding*), skýr fyrirmæli og dæmi jafnframt því sem lestextum er haldið í lágmarki til að auka vægi ritæfinga.

Nánast hverjum kafla í *The Art and Architecture of Academic Writing* (Prinz & Arnbjörnsdóttir, 2020) er skipt upp í þætti eftir verklagi. Í fyrsta þætti er fjallað um vitund og skilning nemandans (e. *awareness*) á efninu og framsetningu þess og síðan um hvernig skrifa eigi drög að texta (e. *writing*) og meta þau út frá tilgátu ritgerðar og stuðningi við hana (e. *assessment*). Þar á eftir er fjallað um endurritun draganna út frá matinu (e. *revision*) og endað á umfjöllun um prófarkalestur (e. *editing*). Innan hvers þáttar eru verkefni sem ætlað er að efla sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum, s.s. hugleiðingar (e. *reflection*), þ.e. ígrundun á eigin venjum og námsaðferðum við ritun; tilgangur (e. *relevance*), nemendur skoða tilgang kennslunnar eða verkefnisins og tengsl við þarfir þeirra og væntingar fræðasamfélagsins; og æfingar (e. *practice*), þar sem nemendur þjálf einstaka þætti ritunar áður en þeir skrifa fyrstu drög (e. *production*).

4. Fyrri rannsóknir á nýrri nálgun í kennslu

Rannsóknin sem hér er til sérstakrar umfjöllunar er hluti af viðameiri langtímarannsókn á kennslufræðinni sem beitt er í *The Art and Architecture of Academic Writing* (Prinz & Arnbjörnsdóttir, 2020). Þátttakendur eru fyrsta árs grunnnemar sem skráðir eru í ritþjálfunar-námskeið í námsbraut í ensku við Háskóla Íslands. Námið er ætlað BA-nemum í ensku og gerð er krafa um enskufærni að þrepi C1 á evrópska staðlinum. Fram til 2016 voru flestir nemenda íslenskir en líka alþjóðlegir námsmenn úr ýmsum greinum, nemendur með annan málbakgrunn. Sífellt fleiri nemendur úr öðrum deildum Háskólans, sem ekki höfðu færni upp á C1, skráðu sig í námskeiðin með afleiðingum sem áður er lýst.

Sama könnunin var lögð fyrir við upphaf námskeiðs og í lok þess. Bakgrunnsspurningar leiddu í ljós að í gegnum árin höfðu 90% svarenda hafið enskunám fyrir 12 ára aldur og næstum helmingur lært ensku í 8–12 ár. Forkannanir sýndu einnig að nemendur voru ánægðir með undirbúning sinn í ensku, en næstum 90% þeirra sögðust hafa góða eða mjög góða færni í skilningi og lestri en heldur færri töldu sig hafa góðan skilning á tali og ritun. Þetta er ofmat eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt (Birna Arnbjörnsdóttir og Patricia Prinz, 2017; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2018).

Áður hafa birst tvær greinar um hina nýju kennslunálgun. Í þeim var sjónum beint að tveimur þáttum ritunar: 1. Hvort nemendur teldu sig í lok námskeiðs geta skrifað texta sem stýrt er af tilgátu; og 2. hvort þeir teldu sig vera sjálfstæðari í vinnubrögðum eftir námskeiðið. Greiningin var byggð á gögnum sem safnað var vorið 2013 við upphaf og lok kennslu (Birna Arnbjörnsdóttir og Patricia Prinz, 2017). Þátttakendur í könnuninni sem svöruðu bæði forkönnun og könnun í lok námskeiðs voru 91 eða nánast allir þeir nemendur sem luku námskeiðinu. Spurðir um framfarir almennt sögðust 10–12% vera betri í ritun og einnig í lestri á ensku eftir námskeiðið. Þeim sem töldu sig geta skrifað ritgerðir án leiðbeiningar fjölgaði um 13% og þeim sem töldu sig skilja uppbyggingu rannsóknaritgerða um 24%. Mestu breytingarnar milli kannana við upphaf og lok námskeiðs voru samdráttur í fjölda þeirra sem merktu við að þeir væru hvorki samþykkir né ósamþykkir fullyrðingum um ritunarfærni sína og er það vísbending um að eftir námskeiðið hafi nemendur áttað sig betur á eigin færni og kunnáttu til að skrifa akademíska ensku, sem er áfangi að sjálfstæði í vinnubrögðum (Lavelle og Züercher, 2001).

Á sama misseri, vorið 2013, skiluðu heldur fleiri eða 111 nemendur skriflegum svörum við einni af sex hugleiðingum um ritun sem hluta af námsmati í námskeiðinu. Nemendur voru beðnir um að skila hugleiðingum sínum um framvindu í námskeiðinu og hvernig þeim hefði gengið að tileinka sér þær námsaðferðir og námsefni sem fyrir þá var lagt. Hugleiðingin fjallaði um hvernig þeim gengi að tileinka sér ritun texta sem stýrt væri af tilgátu, sem er eitt aðaleinkenni akademískra texta á ensku. Beðið var um að þeir veltu þessu fyrir sér þegar þeir byrjuðu að skrifa ritgerð án þess að vera búnir að ákveða um hvað ritgerðin ætti að fjalla. Greining leiddi í ljós þrjú þemu: Fyrsta þemað var skilningur á uppbyggingu akademískra texta en tveir þriðju nemendanna lýstu því hvernig námskeiðið hefði hjálpað þeim að skilja skipulag rannsóknaritgerða og hvernig þeir ættu að setja fram hugmyndir sínar. Það hefði auðveldað þeim ritunina þegar henni var stýrt af tilgátu. Oft var vitnað í kafla eða verkefni í bókinni til áréttingar. Annað þema sem nemendur ræddu var munurinn á að skrifa ensku í framhaldsskóla og í háskóla en margir gátu þess að þeir hefðu aldrei skilið tilgang tilgátna og ekki

áttað sig á hvernig skipuleggja ætti textann fyrirfram fyrr en í þessu námskeiði. Þetta kemur fram í eftirfarandi dæmi:

While I was in [upper secondary school] I took all the English courses that were available. What I found really frustrating while starting at the University of Iceland was how I did not have any good background in the development and the process of writing a paper ... (Student #99).

Þriðja þemað var svo munurinn á akademískri ritun í ensku og öðrum tungumálum sem margir nemendur vísa til og er óumdeilt. Áberandi var að textar nemenda sem ekki áttuðu sig á mikilvægi tilgátu í enskum textum báru vott um minni færni í ensku (Birna Arnbjörnsdóttir og Patricia Prinz, 2017).

Þar sem markhópur kennslufræðinnar er nemendur með færni upp á C1 var ljóst að hún hentaði ekki nemendum með minni færni því hugleiðingar nemenda sem ekki höfðu gott vald á ensku bentu til þess að þeir nytu ekki eins góðs af kennslunni og hinir. Er það mat höfundar að niðurstaðan sýni líka að það þurfi sérsniðna nálgun til að mæta þörfum nemenda eins og flestra þeirra íslensku nemenda sem koma í Háskóla Íslands. Hefðbundin kennsla með áherslu á málfræði á ekki við þennan hóp og kennsla með áherslu á akademíska ensku mætir ekki þörfum þeirra sem ekki hafa góða færni í málfræðilega réttu máli. Íslenskir nemendur gera ekki margar mál- og málfræðivillur í ensku.

Í framhaldi af þessari rannsókn var sett á fót námsleið í akademískri ensku. Þangað var nemendum sem ekki höfðu ensku upp á C1 beint, fremur en í BA-námskeið. Með því var hægt að laga kennsluna í ritun í BA-námi að þörfum nemenda með áherslu á ritun sérhæfðra texta í bókmenntum og málvísindum.

5. Rannsókn á mælanlegum framförum í ritun texta

Fyrri rannsóknir á því sem hér er til umfjöllunar byggðust á viðhorfum nemenda til eigin ritfærni. Vorið 2016 var safnað textum nemenda í tveimur könnunum, þ.e. í upphafi og við lok sama námskeiðs í ritþjálfun í akademískri ensku. Það misseri skrifuðu 56 nem-

endur texta sem voru hluti af könnuninum. Nemendur fengu sömu leiðbeiningar í báðum könnunum og sömu nemendur tóku þátt í þeim báðum. Umfjöllunarefni ritgerðanna var þó aðeins mismunandi, en fjallaði í báðum tilvikum um afleiðingar niðurbals tónlistar og kvikmynda eða sjónvarpsþátta fyrir höfunda. Þess skal getið að vorið 2016 var búið að skipta námsgreininni í BA-nám í enskum bókmenntum og málvísindum annars vegar og akademíska ensku hins vegar. Þeir nemendur sem hér um ræðir er sá markhópur sem kennsluaðferðinni er ætlað að mæta, þ.e. nemendur í enskum bókmenntum og málvísindum.

Í könnuninum voru nemendur beðnir að skrifa stuttar ritgerðir með inngangi (með tilgátu), tveimur efnisgreinum með stuðningi við tilgátuna og niðurlagi. Sérhannaður kvarði var notaður til að meta ákveðna þætti ritunar sem kenndir voru í námskeiðinu og skiptist í: 1. skipulag (e. *structure*); 2. innihald og samhengi (e. *content & coherence*); og 3. málnotkun (e. *language*). Þessum þáttum var svo skipt upp í inngang (e. *introduction*) með tilgátu (e. *thesis*); tvær efnisgreinar með inngangssætningum (e. *topic sentence*) og stuðningssetningum (e. *evidence*); niðurstöður (e. *conclusions*); og málfræði og málnotkun. Í málnotkunar- og málfræðihlutanum var sérstaklega metið hvort málið væri formlegt, hvort málfræðivillur væru áberandi og hvort samhengi milli efnisgreina bætti flæði textans. Stigin fyrir hvern þátt voru frá 0–10, skipt niður í 0–2 (óviðunandi), 3–4 (ekki nægjanlegt), 5–7 (viðunandi) og 8–10 (ágætt/mjög gott). Sem dæmi voru gefin 0–2 stig ef samhengi var ekki til staðar eða notuð voru óviðeigandi orð en 8–10 stig fyrir tengiorð sem bættu flæði og auðveldaði skilning á textanum. Hverjum þætti fylgdi svo nákvæm lýsing á viðmiðum innan hvers matsramma. Tveir matsmenn með sérstaka þjálfun í notkun rammans í námskeiðinu mátu hvern texta. Rammann (sem byggður er á hefðbundnum viðmiðum í ritunarmati en unninn af Patriciu Prinz) má sjá hér fyrir neðan:

STRUCTURE	Intro	Excellent/Very good 8 - 10-	Acceptable 5 - 7	Insufficient 3 - 4-	Unacceptable 0 - 2	Points
CONTENT AND COHERENCE	Thesis	The thesis topic is clear and the position is well-defined.	The thesis is identifiable with a clear position on the topic	The thesis statement reflects a controlling idea.	The thesis is difficult to identify.	
	Conclusion	Conclusion ties into the introduction and summarizes the main topics.	The conclusion summarizes the main points and restates the author's thesis	The conclusion summarizes most of the points in the essay	There is a concluding paragraph but does not adequately summarize point.	
	Topic	Interesting topic sentence clearly introduces the paragraph content and directly supports the thesis.	Topic sentence introduces the content of the paragraph and supports thesis statement.	Topic sentence relates to paragraph; may not support thesis statement directly.	Missing, invalid, or inappropriate topic sentence; main idea is missing.	
	Evidence	Supporting sentences develop evidence for three or more facts or details.	Supporting sentences provide evidence for two facts or details.	Supporting sentences relate to topic sentence but may be vague.	Supporting evidence is weak. Paragraph ends without concluding statement.	
	Topic Sentence	Interesting topic sentence clearly introduces the paragraph content and directly supports the thesis.	Topic sentence introduces the content of the paragraph and supports thesis.	Topic sentence relates to paragraph; may not support thesis statement.	Missing, invalid, or inappropriate topic sentence; main idea is missing.	
LANGUAGE	Evidence	Supporting sentences develop evidence for three or more facts or details.	Supporting sentences provide evidence for two facts or details.	Supporting sentences relate to topic sentence but may be vague.	Supporting evidence is weak. Paragraph ends without concluding statement.	
	Coherence	A variety of mature transitions enhance the logical progression of the essay paragraphs. A variety of transitions clarify connections among facts.	The essay is arranged in a logical progression with clear transitions between paragraphs. Appropriate transitions.	Acceptable arrangement of ideas and examples. Some transitions between ideas may be unclear or repetitive.	Transitions absent or do to not improve the flow of the paragraphs or essay.	
	Grammar	Consistent standard English usage, spelling, and punctuation. Author makes no more than 5 errors in grammar or spelling.	Standard English usage, spelling, and punctuation. Author makes no more than 5-8 errors in grammar or spelling.	Multiple errors in standard English usage, spelling, and punctuation. Author makes more than 8 errors in grammar or spelling.	Numerous errors in standard English usage, spelling, and punctuation. significantly distracts from content.	
	Discourse	Tone is appropriate to formal writing and makes use of academic language. Vocabulary is varied and clearly relates to topic. Terminology specific	Tone suggests formal writing. Some informal phrases or structures. The writer incorporates terminology or academic language.	Use of informal and conversational language and structures distract from the academic topic and academic tone. Vocabulary is general	Tone is informal; slang used. Vocabulary is vague and repetitive.	
	Form					
		Excellent/Very good 8 - 10-	Acceptable 5 - 7	Insufficient 3 - 4-	Unacceptable 0 - 2	

6. Niðurstöður

Í töflu 1 má sjá niðurstöður greiningar texta nemenda í upphafi og við lok námskeiðsins. Framfarir voru í öllum þáttum ritunar sem greindir voru, fyrir utan málfræðiþáttinn, þar sem engar breytingar urðu en þar eru stigin langhæst sem bendir til þess að nemendur noti málfræðilega rétt mál. Prósentan -1 er innan skekkjumarka.

	Könnun í upphafi	Könnun í lok	Mismunur %
Skipulag			
Inngangur	5,62	6,48	15%
Tilgáta	4,86	5,92	22%
Lokaorð	4,78	6,26	31%
Inngangssetning 1	4,86	5,7	17%
Stuðningur 1	4,48	5,34	19%
Inngangssetning 2	4,66	5,84	25%
Stuðningur	4,72	5,5	17%
Málnotkun			
Tengiorð/flæði	4,0	4,94	24%
Málfræði	7,2	7,1	-1%
Akademískt mál	5,86	6,36	9%

Mestu framfarir urðu í notkun nemenda á tilgátum (22%) og inngangssetningum (25%) og þá virtust nemendur átta sig vel á uppbyggingu lokaorða (31%) og hlutverki tengiorða eða 24%. Víkið verður að þessum niðurstöðum í umræðukaflanum hér á eftir.

7. Umræða

Niðurstöðurnar í þessum könnunum verða að teljast jákvæðar. Öll atriðin sem mæld voru voru tekin fyrir og æfð sérstaklega í námskeiðinu. Þó veldur það vissum vonbrigðum að nemendur skyldu aðeins bæta sig um 9% í notkun á formlegu, akademísku máli en slíkum æfingum var því fjölgað í bókinni og námskeiðinu í kjölfarið.

Nemendur áttuðu sig hins vegar greinilega á innihaldi lokaorða og inngangsorða en í námskeiðinu er miklum tíma varið í að kenna þeim að skrifa inngang og lokaorð sem innihalda þætti sem kennarinn væntir, s.s. tilgátu í inngangi, og að getið sé veikleika rannsóknarinnar, spurninga sem vakna og að nýjar upplýsingar eigi ekki við í lokaorðunum. Niðurstöður sýndu greinilega að um fjórðungur nemenda hafði áttað sig á mikilvægi tilgátta og inngangssetninga sem hjálpa lesandanum að átta sig á framsetningunni. Þá var 24% aukning nemenda sem áttuðu sig á mikilvægi réttra tengiorða í akademískum texta. Það að nemendur skyldu ekki bæta sig í málfræði kemur ekki á óvart þar sem sáralítill málfræði var kennd í námskeiðinu en forkannanir höfðu ítrekað sýnt að þess væri ekki þörf. Framfarir voru alls um 16% ef -1 í málfræði er tekinn með en án málfræðipáttarins voru framfarir um 20%. Það skal ítrekað að nemendur skorðu mjög hátt í málfræði bæði fyrir og eftir námskeiðið. Vissulega er möguleiki á að nemendur hefðu bætt sig í akademískri ritun þótt önnur aðferðafræði hefði verið notuð. Hins vegar er ljóst að nemendur lærðu það sem fyrir þeim var haft í þessu námskeiði með þessari nálgun. Í forkönnunni kom skýrt fram að nemendur þekktu almenn hugtök úr fyrra námi í ensku en gátu ekki beitt þeim í ritun. Eftir þetta námskeið áttuðu margir nemenda sig á þýðingu hugtaka í ritun og ritgerðir þeirra báru þess merki.

8. Lokaorð

Kennarar og fræðimenn eru sammála um að taka beri tillit til færni og þarfa nemenda þegar enskukennsla er skipulögð. Nýr hópur háskólanema sem sækir nám í eigin landi þarf æ oftast að lesa námsbækur og fræðigreinar á ensku en einnig að skrifa ritgerðir og þreyta próf á því máli. Þeir fá þó ekki enskukennslu í háskólanum en þurfa að reiða sig á enskufærni úr framhaldsskóla þar sem markmiðið í námskrá í ensku er einfaldlega annað og almennara en að þjálfar nemendur fyrir næsta skólastig. En þegar þjóðskólar krefjast akademískrar færni í öðru tungumáli en því sem nemendur hafa áður fengið sína menntun í þarf annaðhvort að breyta áherslum á fyrri skólastigum eða veita nemendum þá aðstoð í akademískri ensku sem þeir þurfa til

að geta tileinkað sér námsefnið í því námi sem þeir stunda. Nálgunin sem hér hefur verið lýst er ein af þeim fyrstu þar sem reynt er markvisst að mæta þörfum þessa hóps háskólanema. Rannsóknir á árangri nálgunarinnar sýna að hún bætir skilning nemenda á þeim þáttum sem einkenna uppbyggingu akademískra texta á ensku. Þetta á bæði við um upplifun nemendanna sjálfra og mælingar á framförum í textagerð við upphaf og lok kennslu. Rannsóknirnar sem hér hefur verið lýst hafa ákveðnar takmarkanir, m.a. þær að nemendurnir stunda nám í enskum bókmenntum og málvísindum, og því erfitt að alhæfa um niðurstöður. Það verður gert í síðari rannsóknnum en næsta skref í rannsóknnum okkar er að kanna hvort þessar framfarir í skilningi á uppbyggingu texta í ritun yfirfærast á lestur.

Háskóli sem leitast við að efla alþjóðlega ásjýnd sína með því að fjölga námskeiðum og námsleiðum sem kenndar eru á ensku þarf jafnframt að beina athygli að þörfum nemenda sem stunda slíkt nám. Námið sem hér hefur verið kynnt er viðleitni til þess að styðja við þennan vaxandi hóp nemenda. Í nálguninni er leitast við að auka skilning nemenda á eðli akademísku máls á ensku, leiða þá til sjálfstæðis í vinnubrögðum og hjálpa þeim að átta sig á væntingum sem gerðar eru til uppbyggingar texta innan hvers fræðasviðs. Unnið er að þessum markmiðum með því að þjálfa nemendur í að vinna með þá þætti ritunar sem eru undirstaða texta sem eru algengastir í háskólanámi, þ.e. esseyjur, tilviksskýrslur og rannsóknarritgerðir. Þar sem kennsla í ritun í hverri fræðigrein fyrir sig er kostnaðarsöm mætti byrja, eins og gert er með þessari nálgun, á grunnþáttum ritunar á háskólastigi og hjálpa nemendum til sjálfstæðis við að kynna sér ritun í sínum námsgreinum. Líkt og listamaður sem verður að ná góðum tókum á grunnþáttum teikningar áður en hann getur þróað persónulegan stíl þarf sá sem skrifar að tileinka sér grunnþætti ritunar áður en hann þróar eigin stíl. Þetta á við um alla textagerð.

ÚTDRÁTTUR

Enska sem kennslumál við Háskóla Íslands og kennsla í akademískri ensku

Á sama tíma og kennsla á ensku fer vaxandi við norræna háskóla hefur athygli verið vakin á þeim vandkvæðum sem fylgja því að nemendum og kennurum sé gert að læra og kenna á sérhæfðu, erlendu tungumáli sem þeim er ekki vel tamt. Í nýlegri skýrslu sem gefin var út af British Council kemur fram að merkja megi þessa þróun um allan heim. Ísland hefur ekki farið varhluta af breytingunum en lokaritgerðum sem ritaðar eru á ensku fer fjölgandi í íslenskum háskólum og sífellt fleiri námskeið á háskólastigi eru kennd á ensku. Í þessari grein er lýst viðbrögðum námsbrautar í ensku við breyttu málumhverfi í Háskóla Íslands en sífellt fleiri nemendur þurfa nú að læra á ensku án nægilegrar færni í málinu. Margir þeirra brugðu áður á það ráð að skrá sig í námskeið í enskum bókmenntum og málvísindum í von um að bæta almenna enskufærni sína. Þetta leiddi til þess að námskeiðin urðu of fjölmenn og erfitt reyndist að mæta mismunandi þörfum og markmiðum nemenda. Kennaraskipti urðu einnig tíð og framfarir nemenda ófullnægjandi, sérstaklega í ritun. Til að bregðast við þessu var sett á fót ný námsleið í akademískri ensku og námskeiðum í enskri ritun gerbreytt. Úr varð ný nálgun sem lýst er í bókinni *The Art and Architecture of Academic Writing*. Í greininni er nálguninni lýst og síðan kynntar niðurstöður rannsókna á áhrifum hennar á nám nemenda. Þar kemur fram að nemendur töldu sig almennt verða betri í enskri ritun, átta sig betur á uppbyggingu texta sem stýrt er af tilgátu og hafa betri skilning á uppbyggingu akademískra texta. Þá er í greininni kynnt ný rannsókn á mælanlegum breytingum milli texta sömu nemenda í upphafi og við lok námskeiðsins en hún sýnir að framfarir urðu ekki eingöngu í hugum nemenda heldur mældust þær líka í textum sem þeir skrifuðu við upphaf og lok námskeiðs.

Lykilorð: enska sem kennslumál á háskólastigi, kennsla í akademískri ritun, mismunandi textagerðir og ritunarkennsla

ABSTRACT

English as a Medium of Instruction at the University of Iceland and the Role of Academic English Instruction

At the same time as English as a medium of instruction (EMI) programs proliferate at Nordic universities, studies are beginning to appear that call attention to the challenges faced by teachers and students who teach and learn in their second language in such programs. A recent survey by the British Council found that this is a world-wide trend. Studies in Iceland show that more and more courses are taught in English and the number of final thesis and dissertations written in English at the University of Iceland have increased. This article describes the response by the Department of English to the changing linguistic environment of the University where over 90% of textbooks are written in English, posing challenges to Icelandic students at their national university. Many students from other departments were signing up for courses in English literature and linguistics hoping to improve their general academic English proficiency. This led to over enrollment in courses and difficulty in meeting diverse student groups' needs. Instructor turnover was frequent and a general dissatisfaction among students and instructors. In an effort to meet students' needs better, a new program in academic English was established and the writing program for BA students was reformed with a writing-to-read approach that targets students in EMI programs specifically. The new approach is presented in the textbook *The Art and Architecture of Academic Writing*. This article describes the new approach and ongoing research to evaluate whether, and if so, how, the new approach enhances students' writing skills. In previous studies students reported that their writing had improved and that they understood the structure of thesis-driven academic texts as a result of the book and course. Finally, a new study is presented that measured improvements in students' writing samples before and after. The new

study demonstrates that not only has the course led to students' perceptions of improvement, but that their perceptions are supported by actual improvements in students' writing.

Keywords: English as a medium of instruction in higher education, academic writing instruction, genre-based writing instruction

HEIMILDIR

- Birna Arnbjörnsdóttir. Enska í háskólanámi. *Milli mála* 2 (2010), 77–94.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Gerður Guðmundsdóttir. (2014). Undirbúningur framhaldsskólanemenda fyrir notkun ensku í háskólanámi: Námskrár og nýtt íslenskt málumhverfi. Í *Netlu*, vef tímariti um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 3. júlí 2020 af: <https://ojs.hi.is/netla/article/view/1945/958>
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar). (2018). *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland*. Springer.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2015). Simultaneous parallel code use: Using English in university studies in Iceland. Í *Transcultural interaction and linguistic diversity in higher education: The student experience*, A. H. Fabricius og B. Preisler (ritstjórar) (bls. 142–160). Palgrave.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Patricia Prinz. (2017). From EFL to EMI: Developing writing skills for the humanities. *ESP Today* 5(2), 5–23.
- Dearden, J. (2015). *English as a medium of instruction: A growing global phenomenon*. British Council. Sótt 11. nóvember 2017 af: <https://www.britishcouncil.org/education/ihe/knowledge-centre/english-language-higher-education/report-english-medium-instruction>
- Doolan, S. M. (2017). Comparing patterns of error in generation 1.5, L1, and L2 first-year composition writing. *Journal of Second Language Writing*, 35, 1–17.
- Dimova, S., Hultgren, A. K. og Jensen, C. (2015). *English-medium instruction in European higher education: English in Europe*, 3. DeGruyter.
- Gardner, S. og Nesi, H. (2013). A classification of genre families in university student writing. *Applied Linguistics*, 34(1), 25–52.
- Guðmundur Edgarsson. (2018). Academic vocabulary proficiency and reading comprehension among Icelandic secondary school students. Í *Language development across the life span: The impact of English on education and work in Iceland*. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar) (bls. 95–112). Springer.
- Hafdís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. (2013). ELF and academic writing: A perspective from the expanding circle. *Journal of English as a Lingua Franca*, 2(1), 123–145.
- Hall, H., Magee, C. og Clapp, T. (2016). 4-Step model to approach case-based learning in the classroom. *MPAEA Journal of Adult Education*, 45(2), 24–27.
- Hellekjær, G. O. (2009). Academic English reading proficiency at the university level: A Norwegian case study. *Reading in a Foreign Language*, 21(2), 198–222.
- Hellekjær, G. O. (2005). The acid test: Does upper secondary EFL instruction effectively prepare Norwegian students for the reading of English textbooks at colleges and universities? Óútgefin doktorsritgerð við Óslóarháskóla.
- Holec, H. (1981). *Autonomy and foreign language learning*. Pergamon Press.
- Hultgren, A. K., Gregersen, F. og Thøgersen, J. (2014). *English in Nordic universities: Ideologies and practices*. John Benjamins.

- Hyland, K. (2017). English in the discipline: Arguments for specificity. *ESP Today*, 1, 5–23.
- Jeeves, A. (2013). Relevance and the L2 self in the context of Icelandic secondary school learners: Learner views. Doktorsritgerð. Háskóli Íslands.
- Lave, J. og Wenger, E. (1991). *Situated learning: Legitimate peripheral participation*. Cambridge University Press.
- Lavelle, E. og Zuercher, N. (2001). The writing approaches of university students. *Higher Education*, 42(3), 373–391.
- Malmström, H., Mežek, Š., Pecorari, D., Shaw, P. og Irvine, A. (2016). Engaging with terminology in the parallel-language classroom: Teachers' practices for bridging the gap between L1 and English. *ASLA-Symposium*, 2016.
- Paulsrud, B. Y. (2014). *English medium instruction in Sweden: Perspectives and practices in two upper secondary schools*. Stockholm University.
- Pecorari, D., Shaw, P., Irvine, A. og Malmström, H. (2011). English textbooks in parallel language tertiary education. *TESOL Quarterly*, 45, 313–333.
- Prinz, P. og Birna Arnbjörnsdóttir. (2020). *The art and architecture of academic writing*. John Benjamins.
- Swales, J. M. (2004). *Research genres: Exploration and applications*. Cambridge University Press.
- Wächter, B. og Maiworm, F. (2015). English-taught programmes in European higher education: The state of play in 2014. *ACA papers on international cooperation in education*. Lemmens Medien GmbH. Sótt 23. maí 2017 af: http://www.acasecretariat.be/fileadmin/aca_docs/images/members/ACA2015_English-Taught.pdf
- Zimmerman, B. J. (2013). From cognitive modeling to self-regulation: A social cognitive career path. *Educational Psychologist*, 48(3), 135–147. doi:10.1080/00461520.2013.794676
- Zimmerman, B. (1989). A social cognitive view of self-regulated academic learning. *Journal of Educational Psychology*, 82(3), 1–23.

Býsn og fádæmi í tungumálinu Um magn og gæði heimilda í sögulegri setningafræði

1. Inngangur

Þeir sem rannsaka mannlegt mál standa frammi fyrir þeim vanda að gögnin sem þeir styðjast við eru oft brotakennd, ófullkomin og mótsagnakennd og krefjast því nákvæmrar rýni og flokkunar eftir ströngum fræðilegum aðferðum áður en unnt er að greina þau mál-vísindalega.¹ Þetta á ekki síst við rannsóknir á eldri stigum tungu-mála sem eru aðeins varðveitt í ritheimildum – textum af ýmsu tagi sem kunna að vera misjafnir að gæðum og umfangi. David Lightfoot, víðkunnur brautryðjandi í rannsóknum á setningafræðilegum breytingum, orðaði vandann sem sögulegir málfræðingar eiga við að etja svo: „... the “data” do not lie pristine pure in a well-organized supermarket awaiting collection by a conscientious scholar“ (Lightfoot, 1988:316). Með öðrum orðum, „gögnunum“ er ekki raðað niður í ósnortnu ástandi eins og matvörum í vel skipulagðri stórverslun sem bíða þess að vera safnað í körfu af samviskusömum fræðimanni. Þvert á móti þarf málfræðingurinn oftast en ekki fyrst að koma skipu-lagi á óreiðuna áður en unnt er að hefjast handa við greiningu á þeim mállegu gögnum sem áhuginn beinist að.

1 Þessi grein er að stofni til útvarpserindi sem var flutt á Rás 1 26. apríl 2011 og byggðist að sínu leyti á greinarkorni sem birtist á ensku þegar ég dvaldist í Ósló 2005 (Þórhallur Eyþórsson, 2005). Ég þakka ritstjórum og ónafngreindum ritrýnum kærlega fyrir gagnlegar athugasemdir við drög að þessari gerð greinarinnar.

Augljóst er að því umfangsmeiri sem ritheimildir frá eldri málstigum eru, því meiri eru líkurnar á því að þær gefi raunsanna mynd af því tungumáli sem birtist í gögnunum – og öfugt: því rýrari og fáskrúðugri sem heimildarnar eru, þeim mun meiri óvissa um túlkun þeirra. Hefðbundin þumalputtaregla textafræðinga kveður á um að eitt dæmi sé ekki nóg til að sýna nokkurn skapaðan hlut um tiltekið málfræðilegt fyrirbæri. Hér verður þó reynt að sýna fram á að þessi regla er ekki algild. Það sem raunverulega skiptir máli þegar meta skal stöðu málfræðiatríða er ekki magn heldur gæði þeirra dæma sem varðveitt eru. Við kjöraðstæður geta örfá dæmi – jafnvel eitt einasta dæmi – verið nægilegur vitnisburður um að gera megí ráð fyrir tilteknu atríði sem fullgildri einingu í málfræði ákveðins málstigs en ekki einberri undantekningu eða jafnvel allsendis ómarktækri málvillu.

Uppbygging greinarinnar er sem hér segir. Fyrst verður fjallað almennt um málheimildir, einkum í sögulegum málvísindum, og um magn og gæði þeirra gagna sem notuð eru til að meta hvort þau málfræðiatríði sem þar koma fyrir eru í samræmi við þekkingu fræðimanna á málfræði tungumáls á tilteknu tímabili. Í þessari grein er aðaláherslan á sögulegri setningafræði og breytingum á setningagerð og flest dæmin eru því tekin þaðan.² Því næst verður hugað að þeim málvísindalegu aðferðum sem notaðar eru til að meta og greina setningar. Í þriðja lagi verður svo vikið að spurningunni um það hve mörg dæmi nægja til að unnt sé að sýna fram á að tiltekið málfræðiatríði sé hluti af málfræði tiltekins tungumáls á tilteknum stað og tíma í sögunni. Í því sambandi verður aðallega tekið dæmi af atríði sem hefur verið mjög til umfjöllunar í íslenskri setningafræði undanfarna áratugi, svokölluðum aukafallsfrumlögum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson, 2005:268 o.áfr., 2007:146 o.áfr.). Aukafallsfrumlög eru nafnliðir í aukafalli, þ.e. öðru falli en nefnifalli, sem gegna hlutverki frumlags í setningu; þau eru ýmist í þolfalli (1a), þágufalli (1b) eða eignarfalli (1c).³

2 Greinargott yfirlit um setningafræðilegar breytingar í íslensku er að finna hjá Eiríki Rögnvaldssyni (2005).

3 Í hefðbundinni skólamálfræði er hugtakið frumlagsígildi oft notað um það sem síðar hefur verið kallað aukafallsfrumlag (t.d. Björn Guðfinnsson, 1943:7).

- (1) a. **Stelpuna** langar í nammi.
- b. **Karlinum** leiðist.
- c. **Þess** gætir ekki.

Ályktað er að við mat á gildi dæma í fornum textum skipti fjöldi þeirra ekki höfuðmáli heldur miklu fremur hitt að ákveðin málfræðileg og textafræðileg skilyrði séu uppfyllt.

2. Magn og gæði málheimilda

Sum atriði eru algeng í máli fólks en önnur eru sjaldgæf. Þetta kemur skýrt fram í þeim orðaforða sem málhafar tiltekins tungumáls hafa tileinkað sér og er geymdur í eins konar andlegu „orðasafni“ í heilabúinu. Sum orð eru notuð oft og eru töm flestum ef ekki öllum málhöfum. Önnur eru fátíð og eru ekki virkur hluti af grundvallarorðaforðanum heldur tilheyra afmörkuðum og sérhæfðum sviðum. Þau eru e.t.v. aðeins notuð í sérstöku samhengi af ákveðnum hópum í málsmfélaginu eða voru algeng áður fyrr en eru ekki lengur notuð og eru því dæmi um fornt og úrelt mál, t.d. *bylmingur* ‘hlaði af flöttum fiski’ (*Íslensk orðabók*, 2007).

Sú staðreynd að sum orð eru algengari en önnur er alþekkt og verður ekki fjölyrt um hana frekar hér. Það er kannski ekki eins vel þekkt að sama á við um málfræðina í þrengri skilningi: hljóðkerfi, beygingu, orðmyndun og setningagerð. Hér verður sjónum einkum beint að síðastnefnda sviðinu – setningagerðinni. Þannig koma sumar setningagerðir gríðarlega oft fyrir í tungumálinu en aðrar sárasjaldan. Setningar á borð við þá sem sýnd er í dæmi (2) virðast fremur óalgengar; vafasamt má telja að venjulegur íslenskur málhafi taki sér slíka setningu oft í munn.

- (2) Það hafa sennilega einhverjir stúdentar ekki lesið þessa bók alveg.

Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki átt við orðin sem mynda setninguna – þau eru svo sem nógu hversdagsleg – heldur formgerð hennar, það hvernig setning af þessari tilteknu gerð er upp byggð.

Þessi setning hefst á gervifrumlaginu *það*, sem er stundum kallað „leppur“ enda eru setningar af þessum toga oft nefndar leppsetningar (Höskuldur Þráinsson, 1999:194; sjá yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni, 2005:336 o.áfr, 2007:309 o.áfr).⁴ Á eftir leppnum kemur hjálparsögn (*bafa*) og því næst raunverulegt frumlag setningarinnar, óákveðinn nafnliður (*einhverjir stúdentar*) sem stendur hér á milli tveggja atviksorða (*sennilega* og *neitunarinnar ekki*). Andlagið (*þessa bók*) er svo á milli aðalsagnarinnar (*lesið*) og enn eins atviksorðs (*alveg*), sem rekur lestina í þessari setningu. Leppsetningar eru út af fyrir sig mjög algengar í íslensku og eðlilegar í talmáli. Oft hefur þó verið amast við þeim, m.a. í eldri málfræðibókum (Jakob Jóh. Smári, 1920:19, Björn Guðfinnsson, 1943:8) og í leiðbeiningum um ritun í íslensku. Þar er bent á að *það* í upphafi málsgreinar sé talmálslegt og betra að ofnota *það* ekki í formlegu málsniði. Eins og kunnugt er gengur þó oft illa að fá málhafa til að hlíta forskriftarreglum út í hörgul og það á einnig við hér; í daglegu máli hikar fólk ekki við að byrja setningar á leppnum *það*. Einkenni leppsetninga er að frumlagið sem vísar til leppsins („leppsfélaginn“) verður að vera óákveðið (óákveðið fornafn eins og *einhverjir* eða óákveðinn nafnliður eins og *stúdentar*, *einhverjir stúdentar* eða jafnvel *einhverjir stúdentarnir*). Til sannindamerkis um það er sú staðreynd að setningarnar í (3) eru miklu síðri en dæmið í (2) og vafalaust að flestra dómi allsendis ótækar í íslensku; þær eru því merktar með stjörnu eins og alsíða er að gera við ótæk dæmi í setningafræði:

- (3) a. *Það hafa sennilega **stúdentarnir** ekki lesið þessa bók alveg.
b. *Það hafa sennilega **þeir** ekki lesið þessa bók alveg.

Hins vegar er setningin í (2) rétt mynduð út frá þeim málfræðireglum sem gilda í íslensku nútímamáli enda þótt formgerð hennar sé óvenjuleg að því er snertir afstöðu atviksorðanna til annarra setningarliða. Ef atviksorðunum er sleppt kemur í ljós að setningin er í raun ósköp blátt áfram eins og sjá má í dæmi (4).

4 Í eldri málfræðiritum er leppurinn *það* ýmist nefndur aukafrumlag (Jakob Jóh. Smári, 1920:18–19, Björn Guðfinnsson, 1943:8) eða gervifrumlag (Halldór Ármann Sigurðsson, 1994:51, Höskuldur Þráinsson, 1995:63).

(4) Það hafa einhverjir stúdentar lesið þessa bók.

Alveg eins og setningin í (4) er dæmið í (2) að öllum líkindum málfræðilega tækt í máli langflestra íslenskra málhafa. Vafasamt er þó að margir hafi nokkurn tíma komist nákvæmlega svona að orði, nema kannski einstaka málfræðingur sem notar þetta dæmi til að sýna fram á áhugaverða möguleika íslenskrar setningagerðar (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson, 2005:189). Þess vegna er ekki við því að búast að slíkar setningar komi oft fyrir í gagnasöfnum um nútímaíslensku. Það breytir því samt ekki að dómar málhafa eru tiltölulega skýrir; setningin sem sýnd er í (2) er vel tæk í íslensku nútímamáli, alveg eins og setningin í (4), en dæmin í (3) eru ótæk, alveg eins og setningarnar í (5) sem eru án atviksordða.

- (5) a. *Það hafa stúdentarnir lesið þessa bók.
b. *Það hafa þeir lesið þessa bók.

Munurinn á gæðum setninganna í (1) og (2) er alls ekki háður dreifingu atviksordanna, sem er eins í öllum tilvikum, heldur stafar hann af því að í íslensku gildir málfræðiregla – eða „hamla“ – sem nefnd er hamla ákveðinna nafnliða (e. *Definiteness Effect*) og kveður á um að ákveðnir nafnliðir eins og *stúdentarnir* eða *þeir* geta ekki komið fyrir í setningum sem byrja á leppnum *það* (Höskuldur Þráinsson, 2005:585 o.áfr., 2007:147–148, 309 o.áfr.). Aðeins óákveðnir nafnliðir eins og *einhverjir stúdentar* geta staðið í leppsetningum.

3. Aðferðir til að meta setningar

3.1 Lifandi tungumál

Í rannsóknnum á setningagerð tungumála sem töluð eru í samtímanum – lifandi málum – er oftast hægt að komast að því hvort setningar séu tækar eða ótækar með því að spyrja málhafa, bera undir þá lista með dæmasetningum og biðja þá að meta þær. Dómarnir sem beðið er um eru t.d. af taginu: „já, þetta er eðlileg setning, svona get ég sagt“, „nei, þetta er ótæk setning, svona get ég ekki sagt“ eða

„óvíst, ég er ekki viss um hvort ég get sagt þetta eða ekki“. Þegar málfræðingur rannsakar setningagerð móðurmáls síns eru hæg heimatökin þar sem hann getur beitt sjálfskoðun (e. *introspection*), metið setningar sem hann myndar og borið eigið mat saman við dóma annarra einstaklinga sem tala sama tungumál. Unnt er að afla dóma frá málhöfum með því að spyrja þá beint um tiltekin atriði eða að leggja fyrir þá skriflegar kannanir, t.d. í formi dæmasetninga. Enn fremur er hægt að bera dómanna saman við aðrar málheimildir, m.a. gagnasöfn um ritmál og talmál, svonefndar málheildir (lat. *corpus*, ft. *corpora*). Sjálfskoðun verður eðlilega ekki beitt nema upp að vissu marki við mat á atriðum í öðrum málum en móðurmálinu þar sem fáir hafa alveg jafngóð tök á öðru máli og sínu eigin. Þeim mun meira er þar komið undir dómum málhafanna og upplýsingum úr annars konar heimildum, t.d. málheildum, sem hægt er að leggja til grundvallar mállysingunni.

Eins og dæmið í (2) að ofan sýnir kann tiltekin setningagerð að vera tæk og þar með í samræmi við málfræði tiltekins tungumáls þótt hún sé sárasjaldan notuð. Þetta er vandi sem allir sem stunda rannsóknir í setningafræði eiga við að etja. Með nokkurri skólun, hugkvæmni og þrautseigju ætti málfræðingur sem fæst við lifandi mál þó að geta skorið úr um það hvort fyrirbærið sem hann rannsakar er tækt enda þótt það sé fátítt í málnotkun, eða hvort það er hreinlega ótækt í málinu – þ.e. ekki hluti af málfræði tungumálsins sem verið er að rannsaka. Ljóst er að besta aðferðin til að greina á milli slíkra atriða er að skoða og bera saman dóma málhafa um þau. Í málheildum, hversu ítarlegar sem þær eru, má alltaf gera ráð fyrir því að ýmis fyrirbæri komi ekki fyrir af einskærri tilviljun, t.d. vegna óútskýrðrar gloppu í gagnasafninu, fremur en að þau séu hreinlega ekki til í tungumálinu.

Í lifandi tungumálum er fjöldi setninga ekki endanlegur heldur geta eiginlegir málhafar myndað óendanlegan fjölda setninga, t.d. með því að bæta sífellt nýjum aukasetningum við aðrar setningar, sem eru þá „móðursetningar“ undirskipuðu setninganna. Þetta er sýnt með tilvísunarsetningum í dæminu í (6).

- (6) Þetta er kona sem á heima í borg sem er í landi sem er í heimsálfu sem ... o.s.frv.

Slíkar setningar eru vitaskuld ekki ævinlega ýkja áhugaverðar en það er ekki aðalatriðið, heldur hitt að málhafar geta endalaust bætt við þær (ef þeir þyrftu ekki að nærast og sofa og ef þeir lifðu að eilífu). Þar sem alltaf er unnt að mynda nýjar og nýjar setningar er fjöldi setninga í lifandi málum óendanlegur (sjá t.d. Chomsky, 1973). Þessi óendanlegi fjöldi setninga lýtur vissulega ákveðnum reglum sem gilda innan hvers tungumáls en væntanlega líka almennum lögmálum sem kveða á um það sem er mögulegt í mannlegu máli. Að því gefnu að fjöldi setninga í hverju tungumáli sé óendanlegur er greiðasta leiðin að upplýsingum um mögulegar setningagerðir í tilteknu tungumáli sú að biðja málhafa ekki bara um dóma um það sem þeir geta sagt heldur ekki síður um það sem þeir geta ekki sagt – það er neikvæðar upplýsingar. Ef málhafi samþykkir t.d. setninguna *Í gær las þessi maður bók* sýnir það að sögn í persónuhætti getur staðið í öðru sæti í setningu, í þessu tilviki á milli atviksliðar í fyrsta sæti (*í gær*) og frumlagsins (nafnliðarins *þessi maður*). Þessi setning, skoðuð án samhengis, segir hins vegar ekkert um það hvort þessi tiltekna orðaröð er skyldubundin eða valkvæð. Það er ekki fyrr en málhafinn hafnar dæmi eins og **Í gær þessi maður las bók* að það kemur í ljós að í íslensku er regla sem kveður á um að sögn í persónuhætti megi að jafnaði ekki vera aftar en í öðru sæti í setningu.⁵ Undantekningar frá þeirri reglu eru ekki leyfðar í hefðbundnu málsniði (ótæka setningin er því auðkennd hér með stjörnu). Að vísu eru frávik frá hefðbundinni setningagerð til í kveðskap, en bundið mál lýtur að hluta til öðrum málfræðireglum en óbundið mál, sem er til umræðu hér.

3.2 Dauð tungumál

Tungumál sem aðeins eru varðveitt í textum – dauð tungumál – eru ólík lifandi málum að því leyti að þar er fjöldi setninga endanlegur. Þær setningar sem koma fyrir í þeim eru segðir (e. *utterances*),

5 Reglan um að sögn í persónuhætti geti ekki staðið aftar en í öðru sæti er á ensku nefnd *Verb Second* (skammstafað V2) og er einkenni allra germanskra nútímamála nema ensku (sjá t.d. Þórhall Eyþórsson 1999). Í íslensku (og að hluta til í færeysku) gildir þessi regla raunar bæði í aðal- og aukasetningum en í öðrum skyldum málum nánast einvörðungu í aðalsetningum. Sögnin getur líka staðið fremst í tilteknum setningagerðum, t.d. í spurningum, skipunum og frásögnum (á ensku *Verb First*, V1). Setningar þar sem sögnin stendur í þriðja sæti (á ensku *Verb Third*, V3) koma einnig fyrir, einkum í talmáli, en lúta ákveðnum hömlum sem ekki verður nánar fjallað um hér (sjá um þær einkum doktorsritgerð Ásgríms Angantýssonar 2011).

setningar eða setningabrot sem einhver hefur sagt eða ritað við tilteknað aðstæður á tilteknum tíma.⁶ Segðir í textum eru að sjálfsgöðu af ýmsu tagi. Þar á meðal eru segðir sem eru málfræðilega réttar, þ.e. í samræmi við þær málfræðireglur sem giltu á ritunartíma textans. Þá má gera ráð fyrir því að stundum komi fyrir málvarsatriði sem voru úrelt eða fyrnd á ritunartímanum en voru af einhverjum ástæðum notuð í textanum, t.d. sem meðvituð málstyrking til að ná fram blæbrigðum sem höfundurinn taldi hæfa tiltekinni textategund. Ljóst er að ólíkar textategundir setja mark sitt á segðirnar og þar kann að skipta máli hvort um er að ræða t.d. innlenda frásagnartexta, lög, guðsorð, þýðingar eða kveðskap. Í textum af síðastnefnda taginu er þess að vænta að atriði eins og stuðlun eða bragarháttur hafi áhrif á orðaröð og aðra þætti í formgerð setninganna. Slíkt er vitaskuld nauðsynlegt að hafa hugfast í rannsóknum á kveðskapartextum, t.d. eddukvæðum, Hómerskviðum, leikritum Shakespeares eða fornindverskum sálum í Rigveda. Stundum er raunar ekki fullkomlega ljóst hvað textarnir séu í bundnu máli enda þótt ýmislegt bendi til þess, t.d. notkun stuðla. Slíkt er þó ekki einhlítur mælikvarði því að stuðlasetning þekkist líka í ákveðnum tegundum óbundins máls, t.d. í forníslensku lagamáli eins og í þessum textabút úr Grágás (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, 1994:232):

- (7) Þið skuluð deila kníf og kjötstykki og alla hluti ykkar í milli sem frændur en eigi sem fjendur.

Í stuttu máli sagt, þeir sem rannsaka texta frá eldri málstigum þurfa að huga að ótal atriðum sem kunna að hafa áhrif á eðli þeirra segða sem þar koma fyrir.

3.3 Flokkun dauðra tungumála

Vandinn sem felst í tilviljanakenndum eyðum í heimildum er knýjandi í rannsóknum á öllum tungumálum en ekki síst í sögulegum málvísindum. Í þessu samhengi vakna aðferðafræðilegar spurningar um það hversu mikil gögn þurfi til að unnt sé að draga

⁶ Þetta á raunar líka við um gagnasöfn um lifandi mál en munurinn er vitaskuld sá að lifandi málhafar eru til frásagnar um hvernig málið er notað.

af þeim marktækar ályktanir um málfræði „dauðra“ tungumála, tungumála sem aðeins eru til heimildir um í textum frá eldri tímum. Gagnlegt getur verið að skipta slíkum málum í þrjá flokka, eins og stundum er gert í þýskri málfræðihæð (Untermann, 1975, 1989; sbr. Þórhall Eyþórsson, 2005):

- *Grosskorpussprachen*, tungumál sem miklar heimildir eru til um.
- *Kleinkorpussprachen*, tungumál sem aðeins eru varðveitt í takmörkuðu safni heimilda.
- *Rest- und Trümmersprachen*, tungumálaleifar og tungumálarústir.

Latína er augljós *Grosskorpussprache*, tungumál sem ekki er lengur móðurmál neins en er skjalfest í gríðarmiklum heimildum sem spanna árþúsund: fornöld, miðaldir, endurreisnartíma og raunar allt til okkar daga. Latína var upphaflega móðurmál íbúa Rómaborgar og eru elstu áletranir taldar vera frá síðari hluta 7. aldar f.Kr.; í kjölfar útpenslu Rómaveldis varð latína síðan yfirþjóðlegt heims- og lærdómsmál. Miklar ritheimildir eru líka varðveittar um sanskrít (fornindversku), forngrísku og fornensku, svo að dæmi séu nefnd, og utan indóevrópsku málaættarinnar um fornegypsku, klassíska arabísku og fornkínversku. Til slíkra mála telst einnig forníslenska, sem ríkulagar ritheimildir eru til um frá 12. öld til miðrar 16. aldar (þegar nútímaíslenska tekur við).

Dæmi um *Kleinkorpussprache*, tungumál sem er skráð í takmörkuðu safni heimilda, er gotneska; sá texti sem varðveist hefur er að mestu leyti þýðing á Nýja testamentinu, frá því um 380 e.Kr. Svipað á við um fornirkjusslavnesku og fornírönsku málin avestísku og fornpersnesku. Fornirkjusslavneska er elsta stig slavneskra mála, aðallega guðsorðaðþýðingar líkt og í gotnesku. Helstu textar á avestísku eru sálmar þar sem spámaðurinn Zarapústra er ákallaður en á fornpersnesku voru m.a. ristar áletranir með yfirlýsingum stórkonunga Persaveldis.

Frumnorræna, elsta stig germanskra mála, er svo loks fulltrúi *Trümmersprachen*, tungumálarústa (Penzl, 1989). Heimildirnar eru af svo skornum skammti að þær minna á rústir af tungumáli, nokkur

hundruð rúnaristur frá tímabilinu 150 til 600 e.Kr. Aðrar slíkar tungumálarústir er t.d. að finna á keltneskum áletrunum víðsvegar á meginlandi Evrópu; þar á meðal eru gallíska, sem var töluð í Mið-Evrópu og víðar, og keltíberíska, áður einkum töluð á Íberíuskaga, í Portúgal og vestan- og norðantil á Spáni og raunar líka í Litlu-Asíu (galatíska, sem var töluð þar sem nú er Tyrkland). Þótt skilgreining á *Restsprachen*, tungumálaleifum, og *Trümmersprachen*, tungumálarrústum, skarist er þó munur á að dómi Untermanns (1989:18–19). *Restsprachen* eru leifar af tungumálum sem eru (eða voru) aðeins notuð að takmörkuðu leyti við sérstakar aðstæður þótt þau hafi áður verið útbreiddari. Dæmi um tungumálaleifar væri latína í Páfagarði þar sem hún er enn opinber tunga, þótt ítalska sé helsta samskiptamálið. Annað dæmi væri bretónska, sem var eitt sinn algeng á Bretaníuskaga í norðvesturhluta Frakklands en er nú aðeins töluð þar til sveita og hvergi sem aðalmál; nú á dögum er franska allsráðandi á öllum sviðum þjóðlífsins (Untermann, 1989:18).⁷

Niðurstaðan af framansögðu blasir við: Því ríkulegri sem heimildirnar um eldri („dauð“) tungumál eru (sbr. *Grosskorpus-sprachen*), þeim mun ólíklegri er að gloppa sé í vitneskju okkar. Því fáskrúðugri heimildir (sbr. *Rest- und Trümmersprachen*), þeim mun ófullkomnari er vitneskja okkar um eldri málstig.

3.4 Orðaröð í frumnorrænum rúnaristum

Frumnorræna er aðeins varðveitt í tiltölulega fáum rúnaristum og er því gott dæmi um tungumálarústir. Auk þess eru textarnir afar knappir og torráðnir. Þetta mál er brotakenndar leifar af tungumáli sem var talað á Norðurlöndum á öldunum eftir Krists burð og má telja forstíga norrænna mála (íslensku, færeysku, norsku, sænsku og dönsku). Þar sem rúnaristurnar eru, auk gotnesku, helstu ritheimildir um germönsk mál á elstu tíð er mikilvægi þeirra fyrir sögu þessara mála þó ótvírætt. Í elstu rúnaristunum eru næstum einvörðungu aðalsetningar; aðeins tvö dæmi eru um aukasetningar (Þórhallur Eypórssón, 2012:40–41). Í þessum textum kemur fram munur á

7 Sumar tungumálaleifar geta flokkast undir það sem nefnt er erfðarmál (e. *heritage language*) og eru aðeins notuð við sérstakar aðstæður, t.d. fyrst og fremst heima fyrir en ekki á opinberum vettvangi. Vestur-íslenska fellur að þess konar skilgreiningu (sjá t.d. Birnu Arnbjörnsdóttur 2015) og bretónska virðist gera það líka.

stöðu sagnar í persónuhætti þannig að í sumum þeirra stendur sögn í miðri setningu, ýmist á milli frumlags og fylliliðar (andlags eða sagnfyllingar) eða á eftir fyllilið í fyrsta sæti og á undan frumlagi. Þetta er sýnt í dæmunum í (8) og (9).⁸

- (8) ek hrazaz **satido** <s>tain<a> ana ...

ég Hrazaz setti stein á ...

‘Ég, Hrær, setti stein á ...’

(Rö, steinn; Krause og Jankuhn, 1966, nr. 73)

- (9) hariuha **hait**-ika farawisa

Herjóí heiti ég fárvísi

‘Herjóí heiti ég, hinn fárvísi.’

(Sjáland, kinga 2; Krause og Jankuhn, 1966, nr. 127)

Í málinu á elstu rúnaáletrunum er persónubeygða sögnin þannig í öðru sæti í aðalsetningum eins og í flestum germönskum nútímamálum, t.d. í íslensku.

- (10) a. Ég, Gunnar, **setti** disk á borðið.

b. Hallgerður **heiti** ég.

Í fáeinum rúnaáletrunum er persónubeygða sögnin hins vegar aftast og fylgir á eftir fylliliðnum. Þannig er það t.d. á ristunni á gullhorninu fræga frá Gallehus, sem sýnd er í (11).

- (11) ek hlewagastiz holtijaz horna **tawido**

ég Hlégestur Hyltir horn gerði

‘Ég, Hlégestur frá Holti, gerði hornið.’

(Gallehus, gullhorn; Krause og Jankuhn, 1966, nr. 42)

Hér stendur *horna tawido* ‘horn gerði’ en ekki **tawido horna* ‘gerði horn’ eins og eðlilegt væri í íslensku og öðrum germönskum nútíma-

8 Í túlkunum á rúnaristum í þessari grein er miðað við umfjöllun Þórhalls Eyþórssonar (2012). Túlkanir þar eru oftast en ekki alltaf samhljóða túlkunum í handbók Krauses (Krause og Jankuhn, 1966).

málum. Að þessu leyti minnir aðalsetningin á Gallehus-gullhorninu á aukasetningar í þýsku, en þar stendur sögn í persónuhætti jafnan aftast.

- (12) Hans sagt, dass Maria das Buch gelesen hat.
Hans segir að María bókina lesið hefur
'Hans segir að María hafi lesið bókina.'

Í þessu samhengi vaknar sú spurning hvort bæði orðaraðarmynstrin – sögn í öðru sæti og sögn í aftasta sæti – hafi verið jafngild í frum-norrænu eða hvort annað þeirra hafi verið venjuleg, hlutlaus orðaröð en hitt háð sérstökum skilyrðum. Þeim sem eru ekki áhugasamir um sögulega setningafræði kann að virðast slík spurning giska tilgangslítill en í raun og veru er hún alls ekki út í hött vegna þess að svar við henni gæti varpað ljósi á þróun orðaraðar í germönskum málum á elstu tíð (Þórhallur Eyþórsson, 2012:47).

Þá er rétt að rýna ögn betur í textana. Á áletruninni frá Gallehus er að finna stuðlun eins og í hefðbundnum íslenskum kveðskap (*blewagastiz – boltijaz – borna*) og það er ekki óvarlegt að ætla að stuðlunin hafi haft áhrif á orðaröðina, eins og þekkt er úr kveðskap á öllum tímum þótt það verði ekki sannað. Það er ekki einu sinni fyllilega ljóst að setningin á Gallehus-ristunni sé í bundnu máli því að eins og áður er getið eru dæmi um stuðlun í lausamálstextum, t.d. Grágás. Sama á raunar við um rúnaristuna á kingunni frá Sjólandi (9); þar er líka stuðlun (*bariuba – bait-ika*) sem kann að hafa áhrif á orðaröðina, en það er jafnvel enn óljósara hvort sú setning er í bundnu máli en textinn á áletruninni frá Gallehus. Loks er ekki að sjá að nein stuðlun sé í textanum í (8), á rúnaristunni á steininum frá Rö.⁹ Allt er þetta sem sagt frekar óljóst!¹⁰

Út frá þeim gögnum sem úr er að móða verða málfræðingar að sætta sig við þá hlutlausu lýsingu að í málinu á rúnaristunum hafi sögnin ýmist getað staðið í öðru sæti eða aftast í setningu – og þar

9 Í ristunni frá Rö hefst orðið *satido* á *s* og *staina* á *st*, en *s* og *st* stuðla venjulega ekki samkvæmt hefðbundnum reglum um stuðlasetningu í germönskum fornálum sem gilda enn í íslenskum kveðskap.

10 Ritrýnir nefnir að stuðlun kunni að setja orðaröð skorður jafnvel þótt texti teljist óbundinn. Í dæminu úr lagamáli sem tilfært er í (7) að framan er þannig líklegt að afstaða orða sem stuðla hvers til annars sé háð tilteknum hömlum.

með að staða sagnar í persónuhætti hafi verið frjálsari í germönsku á elstu tíð en í nútímamálum. Þótt sennilegt megi telja að önnur hvor orðaröðin hafi verið sjálfgefin en hin bundin ákveðnum skilyrðum munum við aldrei vita það með fullkominni vissu. Þetta er algeng staða í rannsóknum á fornum textum, vitaskuld ekki síst þeim sem litlar heimildir eru um, svokölluðum tungumálaleifum og málárústum.

4. Hve mörg dæmi nægja?

4.1 Eitt gott dæmi er nóg

Af framansögðu blasir við að aðalmunurinn á rannsóknum á málfræði lifandi tungumála og dauðra er sá að í síðara tilvikinu hefur málfræðingurinn ekki aðgang að dómum málhafa sem byggðir eru á máltilfinningu þeirra. Það eina sem hann hefur í höndunum eru segðir sem einhver málhafi hefur einhvern tíma skrifað niður, við aðstæður sem voru eins misjafnar og textarnir eru margir. Sögulegur málfræðingur hefur ekki aðgang að neikvæðum vísbendingum, eins og áður var getið um; hann getur eðlilega ekki spurt málhafa um það sem þeir geta ekki sagt.¹¹

Til að sigrast á þeim erfiðleikum sem við er að etja þarf málfræðingur sem rannsakar eldri málstig helst að búa yfir alhliða þekkingu á því tungumáli sem hann beinir sjónum að, málfræði þess og sögu, og hafa hlotið trausta og vandaða skólun í textafræði og öðrum greinum sem koma að gagni við málvísindalega greiningu textans. En jafnvel við slíkar kjöraðstæður er hætt við að þekkingin verði ávallt ófullkomin.

Það segir sig sjálft að því umfangsmeiri sem ritheimildirnar eru því minni eru líkurnar á að skortur á dæmum um tiltekin málfræðiatrði sé tilviljun og þeim mun meiri eru líkurnar á því að gögnin gefi raunsanna mynd af því tungumáli sem birtist í gögnunum. Hefðbundin þumalputtaregla textafræðinga er sú að eitt dæmi sé ekki nóg til að sýna nokkurn skapaðan hlut um tiltekið

11 Eins og ritstjóri minnir mig á sýna fornir textar stundum ekki bara dæmi um notkun tiltekins tungumáls heldur geta þeir beinlínis fjallað um málið sjálft. Þannig segja rómverskir málfræðingar eins og Varró og Quintilianus beinlínis í óspurðum fréttum að eitthvað sé (að þeirra mati) ótækt í latínu. Slíkur vitnisburður er líklega það næsta sem nútímamaður kemst dómum málhafa sem ekki eru lengur á meðal okkar um það sem þeir geta ekki sagt – eða telja a.m.k. óæskilegt mál.

málfræðilegt fyrirbæri – eða eins og það heitir á latínu: *unus testis – nullus testis* ‘eitt dæmi er ekkert dæmi’. Á móti þessu er því haldið fram hér að það sem skipti máli þegar meta skal stöðu tiltekinna málfræðiatríða sé ekki magn heldur gæði þeirra dæma sem varðveitt eru – að minnsta kosti í ákveðnum tilvikum (Þórhallur Eyþórsson, 2005:54). Jafnvel í tungumáli sem ríkulegar heimildir eru til um, eins og latínu eða forníslensku, er hætt við að í málfræðigreiningu sem byggist aðeins á algengustu orðmyndum og setningagerðum yfirsjáist mönnum sjaldgæf en mikilvæg mynstur. Slík mynstur kunna að hafa verið fullkomlega eðlileg fyrir þeim sem töluðu málið, þ.e. málhöfum latínu eða forníslensku, þótt af einhverjum ástæðum séu þessi atríði sjaldgæf í varðveittum textum.

Þannig eiga öll málfræðiatríði sem koma fyrir í tungumálinu, hvort sem þau eru algeng eða sjaldgæf í málnotkun, sinn stað í þeirri málfræði sem hver einstakur málhafi býr yfir, þ.e. í málkunnáttu einstaklingsins. Raunar ættu það að vera augljós sannindi að aðeins eitt dæmi – jafnvel svokallað stakdæmi (gr. *hapax legomenon*) – getur nægt til að sýna að það sé hluti af málfræði tiltekins tungumáls, að því tilskildu að það sé textafræðilega og málfræðilega ótvírætt. Hitt er annað mál að mjög sjaldgæf atríði eru e.t.v. ekki eins miðlæg og fyrirbæri sem koma oft fyrir í tilteknu tungumáli. Þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð ákveðið um þetta má ætla að algeng málfræðiatríði séu frekar miðlæg en sjaldgæfari atríði jaðarlæg. Á meðal hinna síðarnefndu væru væntanlega atríði sem börn á máltökuskeiði ná tiltölulega seint valdi á, eins og sum hljóðasambönd og beygingarmynstur (sbr. Chomsky, 1981:3–4).

4.2 Aukafallsfrumlög

Til að gera hugleiðingarnar í undanfarandi kafla ögn áþreifanlegri verður hér tekið dæmi af tilteknu málfræðifyrirkæri í forníslensku. Fyrst þarf samt að minnast örstutt á nútímaíslensku – og raunar líka á mál frænda okkar Færeyinga.

Í nútímaíslensku er frumlag setningar ekki endilega í nefnifalli. Eins og minnst var á í upphafi getur það allt eins staðið í einhverju af aukaföllunum: þolfalli, þágufalli eða eignarfalli (t.d. *stelpuna langar, karlinum leiðist* eða *þess gætir*). Þannig eru fall (einkum og sér í lagi

nefnifall) og persónu- og tölusamræmi sagnar og frumlags ekki frumlagseinkenni í íslensku ólíkt því sem talið er eiga við um mörg önnur tungumál (Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinsson, 1985:100 o.áfr., Höskuldur Þráinsson, 2005:282, Höskuldur Þráinsson, 2007:166–167). Hugum að setningunni í (13).

(13) Íslendingurinn étur þennan hákarl.

Í þessari setningu er frumlagið (*Íslendingurinn*) í nefnifalli og sögnin (*étur*) samræmist því í persónu og tölu. Skoðum því næst setninguna í (14).

(14) Íslendingnum líkar þessi hákarl.

Hér er frumlagið (*Íslendingnum*) í þágufalli en sögnin er í þriðju persónu eintölu og samræmist raunar andlaginu (*hákarl*) sem stendur í nefnifalli.

Í hefðbundinni skólamálfræði er frumlag venjulega skilgreint sem fallorð í nefnifalli.¹² Fræðileg málvísindi síðustu áratuga hafa kollvarpað þessari viðteknu hugmynd og í þeim rannsóknum hefur íslenska gegnt lykilhlutverki. Í sem stystu máli má segja að aukafallsnafnliðir eins og *mér í mér líkar* hegði sér setningafræðilega eins og frumlög í nútímaíslensku. Sá sem fyrstur sýndi fram á frumlagseðli slíkra aukafallsnafnliða var bandarískur málfræðingur að nafni Avery Andrews, sem dvaldi hér á landi snemma á níunda áratug síðustu aldar en hefur lengst af starfað í Ástralíu (Andrews, 1976). Sömu sögu er að segja um færeysku, eins og Bretinn Michael Barnes sýndi fram á (Barnes, 1986). Þannig tekur sögnin *dáma* 'líka' t.d. með sér frumlag í þágufalli í máli margra Færeyinga (15a) þótt nefnifallið sækir raunar á með sögnum af þessu tagi, eins og kemur fram í (15b).

(15) a. **Mér** dámar hesa bókina.
mér líkar þessa bók

12 Í þessum anda er skilgreining Björns Guðfinnssonar (1943:7): „Frumlag er fallorð, fallsetning eða bein ræða í nefnifalli, er táknar þann (há, það), sem aðhefst, er eða verður það, sem umsögnin segir.“

‘Mér líkar þessi bók.’

b. Eg dámi hessa bókina.

ég líka þessa bók

‘Mér líkar þessi bók.’

Því má skjóta inn að andlagið með *dáma* er í þolfalli í færeysku (*hesa bókina* ‘þessa bók’), hvort sem frumlagið er í þágufalli eða nefnifalli. Þetta er ólíkt íslensku þar sem andlagið er venjulega í nefnifalli með sögnum eins og *líka* sem taka frumlag í þágufalli.¹³ Hins vegar er andlagið í þolfalli (eða öðru aukafalli) með sögnum sem taka nefnifallsfrumlag.¹⁴

Til þess að sýna fram á það hvort tilteknir nafnliðir séu frumlög eða ekki er stuðst við svokölluð frumlagspróf. Fjölmörg slík próf hafa verið nefnd til sögunnar og meðal þeirra helstu eru fyrirbæri sem bera heiti eins og langdræg afturbeyging og völdunarnafnhættir, sem ég mun greina nánar frá hér á eftir. En áður en ég geri það má spyrja: Hvernig þróuðust aukafallsfrumlög í norrænum málum? Svo að spurningin sé orðuð aðeins öðruvísi: Eru aukafallsfrumlög í nútímaíslensku og færeysku nýjung sem greinir þessi tvö mál frá öðrum norrænum málum (norsku, sænsku og dönsku)? Eða eru aukafallsfrumlög fornt atriði – „arkaismi“ eins og það heitir á útlensku – sem hefur varðveist í þessum eyjamálum en glatast í frændmálunum á meginlandinu, samtímis því sem fallakerfi þessara mála einfaldaðist og hrundi? Dæmin í (16) eru úr norsku og sýna tvennt: annars vegar tekur sögnin *like* ‘líka’ frumlag í nefnifalli (*jeg* ‘ég’) en ekki lengur þágufallsfrumlag eins og fornnorræna; hins vegar kemur munur á nefnifalli og aukafalli (þolfalli) aðeins fram í fornöfnum (16a) en ekki í nafnorðum (16b):

(16) a. Jeg liker deg.

ég líka þig

‘Mér líkar við þig.

b. Mannen liker kvinnen.

13 Raunar örlar á breytingu í íslensku þar sem sagnir með þágufallsfrumlagi sem upprunalega tóku andlag í nefnifalli hafa farið að taka þolfall (Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2012).

14 Um samburð á fallakerfi íslensku og færeysku sjá nánar Höskuld Þráinsson o.fl. (2012), Þórhall Eypórsson (2015, 2017) og Þórhall Eypórsson og Höskuld Þráinsson (2017).

maðurinn líkar konuna
'Manninum líkar við konuna.'

Þótt málfræðingar séu flestir á einu máli um að nútímaíslenska hafi aukafallsfrumlög er setningafræðileg staða aukafallsnafnliða í forníslensku umdeild. Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram að aukafallsliðirnir hafi verið frumlög að fornu, rétt eins og í nútímaíslensku. Þessa stefnu má kalla „íslenska skólann“; fulltrúar hans eru m.a. íslenskir málfræðingar eins og Eiríkur Rögnvaldsson (1991, 1996, 2005:612–613), Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson (2003) og Jóhannes Gísli Jónsson (2018). Aðrir halda því fram að í forn máli séu þessir aukafallsnafnliðir ekki frumlög heldur andlög. Þetta mætti kalla „norska skólann“ þar sem í framvarðarsveit hans eru einkum norskir fræðimenn, t.d. Jan-Terje Faarlund (1980, 1990, 2001, 2004), Kristian Emil Kristoffersen (1991, 1994), Endre Mørck (1992) og John Ole Askedal (2001). Norski skólinn segir að orðið hafi breyting í sögu íslensku og færeysku þar sem liðir sem voru upprunalega andlög voru endurtúlkaðir sem frumlög. Hins vegar telur íslenski skólinn að ekki hafi orðið nein breyting í sögu íslensku (og færeysku) að því er varðar aukafallsfrumlög.¹⁵

Vandinn er að það er erfitt að finna réttu setningagerðirnar sem nauðsynlegar eru til að prófa málfræðihlutverk meintra aukafallsfrumlaga í „dauðu“ tungumáli og í sumum tilvikum koma þær raunar alls ekki fyrir í þeim textum sem varðveist hafa. Nauðsynlegt er að fá úr því skorið hvort þessi skortur á dæmum af réttum toga sé tilviljanakenndur eða kerfisbundinn. Eins og áður er getið eiga málfræðingar (þ.m.t. setningafræðingar) sem fást við lifandi mál alla jafna ekki við þennan vanda að etja (a.m.k. ekki á sambærilegan hátt). Verkefni þeirra er því auðveldara vegna þess að þeir geta orðið sér úti um þau dæmi sem máli skipta, ýmist með því að styðjast við eigin máltilfinningu þegar þeir fjalla um móðurmál sitt eða með því að biðja heimildarmenn að dæma hvort tiltekin setning sé tæk eða ótæk. Sérstaklega mikilvægt er að biðja málhafa um neikvæða dóma – um það sem þeir geta ekki sagt. Þeir sem fást við sögulega setn-

15 Sögufróðir lesendur taka eftir að nafngiftirnar „íslenski skólinn“ og „norski skólinn“ eru hér notaðar á meðvitaðan hátt sem hliðstæður við samsvarandi heiti á stefnum sem eitt sinn voru fyrirferðarmiklar í norrænum fornþéttmenntum.

ingafræði verða hins vegar að reiða sig á kunnáttu sína (eða ef henni er ekki til að dreifa, á kunnáttu annarra) í þeim tungumálum sem þeir fást við – og því traustari sem þessi kunnátta er, þeim mun betra. En enginn lærdómur, hversu mikill sem hann er, kemur samt í staðinn fyrir dóma lifandi málhafa um það hvað er hægt að segja og ekki síður hvað ekki er hægt að segja.

4.3 Frumlagspróf

4.3.1 Langdræg afturbeyging

Eitt af þeim frumlagsprófum sem hafa verið talin gilda í nútímaíslensku er langdræg afturbeyging (e. *long-distance reflexivization*) (Höskuldur Þráinsson 2005:276, Höskuldur Þráinsson 2007:164). Hér er um það að ræða að afturbeygt fornafn í aukasetningu vísar til undanfara í aðalsetningunni (móðursetningunni). Undanfarinn stenst öll frumlagspróf, óháð því falli sem hann stendur í, og er því alltaf frumlag en ekki andlag. Venjuleg túlkun á dæminu í (17) er að afturbeygða fornafnið *sig* vísi til nefnifallsfrumlagsins Gunnars í aðalsetningunni en ekki til Hallgerðar sem er nefnifallsfrumlag í aukasetningunni.

(17) **Gunnar** hélt að Hallgerður elskaði **sig**.

Það sama á við um aukafallsfrumlög í nútímamáli; afturbeygt fornafn í aukasetningu vísar til þágufallsliðarins í aðalsetningunni.

(18) **Gunnari** fannst að Hallgerður elskaði **sig**.

Enginn vafi er á því að í forníslensku, rétt eins og í nútímaíslensku, geta nefnifallsliðir í móðursetningu verið undanfarar afturbeygðra fornafna í aukasetningu þótt það hafi e.t.v. ekki verið ýkja algengt (Eiríkur Rögnvaldsson, 2005:612). Hins vegar hefur sá fræðimaður sem gerst hefur rannsakað þetta atriði (Eiríkur Rögnvaldsson, 1996:64) aðeins fundið þrjú dæmi í forn máli um meint aukafallsfrumlög sem væru undanfarar langdrægs afturbeygðs fornafn (frekari leit hefur ekki skilað árangri, sbr. Jóhönnu Barðdal og Þórhall

Eyþórsson, 2003:448). Eitt þessara þriggja forníslensku dæma er í Ljósvetninga sögu (sbr. Eirík Rögnvaldsson, 1996:64):

- (19) ... og þótti **honum** [sem fóstura **sínum** myndi mein að verða].
(*Íslendingasögur*, 1985–86; Ljósvetninga saga, bls. 1681)

Hér er þágufallsliðurinn í aðalsetningunni (*honum*) undanfari nafnliðar með afturbeygðu eignarfor nafni (*fóstura sínum*) í aukasetningunni.

Mikilvægt er að halda því til haga að engin dæmi eru í forníslensku um að liður sem er ótvírætt andlag sé undanfari í langdrægri afturbeygingu. Með öðrum orðum, það eru engin dæmi um setningar eins og *Gunnar sagði Njáli að sér myndi mein að verða* þar sem afturbeygt fornafn vísaði til óbeina andlagsins Njáls en ekki Gunnars, sem er frumlag móðursetningarinnar. Ef slíkt dæmi myndist – þar sem ótvírætt andlag væri undanfari í langdrægri afturbeygingu – þá væri langdræg afturbeyging ekki lengur gilt frumlagspróf í forníslensku. Líkurnar á því að þetta gerist eru ekki miklar því að heimildir um forníslensku eru svo ríkulegar. En ef við ímyndum okkur að áður óþekkt Íslendingasaga uppgötvaðist í einhverju skúmaskoti og þar leyndist slíkt dæmi þá yrði að endurmeta gildi langdrægrar afturbeygingar sem frumlagsprófs í forníslensku og varpa því fyrir róða. Ástæðan er sú að það er í grundvallaratriðum ekki útilokað að afturbeygt fornafn vísi aftur til liðar í móðursetningu sem ekki er frumlag. Þangað til slíkt gagndæmi finnst er setningin í (19) í samræmi við tilgátuna um að langdræg afturbeyging sé vitnisburður um aukafallsfrumlög í forníslensku. Þessi niðurstaða hefur gildi í víðara samhengi því að hún sýnir að tilgátan er hrekjanleg en það er einmitt aðal vísindalegra tilgátna. Ef í ljós kæmi að afturbeygða fornafnið gæti vísað til liðar sem er ekki frumlag þá væri tilgátan fallin.

4.3.2 Völdunarnafnháttir

Veigameiri rök fyrir tilvist aukafallsfrumlaga í forníslensku lúta að nafnháttarsetningum þar sem unnt er að sleppa frumlagi sem er samvísandi við frumlagið í aðalsetningunni. Þetta fyrirbæri er kallað völdunarnafnháttur (e. *control infinitive*) og er sýnt í dæmunum í (20)

(Höskuldur Þráinsson 2005:283–284, Höskuldur Þráinsson 2007:164–165, 419).¹⁶ Eyðan fyrir nafnliðina sem eru undanskildir í nafnháttarsetningunum er táknuð með undirstriki (____).

- (20) a. Sigga vonast til að ____ komast heim fyrir klukkan þrjú.
b. Sigga vonast til að ____ leiðast ekki í vinnunni.

Ósögðu nafnliðirnir í (20) samsvara frumlögum í setningum með sögn í persónuhætti (*Sigga kemst ...*, *Siggu leiðist ...*); *komast* tekur með sér nefnifall en *leiðast* stýrir þágufalli. Ástæðan fyrir því að völdunarnafnhættir eru svo mikilvægt frumlagspróf er ekki bara að „unnt“ er að sleppa frumlögum í slíkum nafnháttarsetningum – þau **geta ekki** staðið þar. Á hinn bóginn gildir engin slík regla um andlög og þar með hljóta ósögðu liðirnir í (20) að vera frumlög. Dæmin í (21) með sögninni *lofa* sýna þetta enn betur, en sú sögn getur tekið með sér völdunarnafnhátt. Í (21a) sést að frumlagið sem er samvísandi við frumlagið Gunnar í aðalsetningunni stendur ekki í nafnháttarsetningunni. Í (21b) og (21c) kemur raunar fram að samvísandi frumlag (*hann*, þ.e. Gunnar) getur alls ekki staðið þar. Loks sýnir dæmið í (21d) að ekki er heldur hægt að sleppa bæði frumlagi og samvísandi andlagi í nafnháttarsetningu.

- (21) a. Gunnar lofaði að ____ raka sig ekki.
b. *Gunnar lofaði að hann raka ____ ekki.
c. *Gunnar lofaði að hann raka sig ekki.
d. *Gunnar lofaði að ____ raka ____ ekki.¹⁷

Forníslenska virðist vera í aðalatriðum eins og nútímaíslenska að því er varðar nefnifallssagnir í völdunarnafnhætti (sjá t.d. Faarlund, 2004: 275–277, Eirík Rögnvaldsson 2005:612). Hins vegar hafa aðeins örfá ótvíræð dæmi um aukafallssagnir fundist í slíkum nafnháttar-

16 Völdunarnafnhættir eru annars eðlis en önnur algeng tegund nafnháttarsetninga sem stundum er kennd við „andlæga frumlagslyftingu“, t.d. *Gunnar sagði sér það vera nær skapi*. Slíkar setningar eru mikilvægt frumlagspróf í forníslensku eins og í nútímamáli, eins og Eiríkur Rögnvaldsson (2005:612) hefur m.a. rakið.

17 Raunar er setningin í (21d) tæk ef ekki er um að ræða samvísun andlags við frumlag en þá hefur hún aðra merkingu (eitthvað í líkingu við: ‘Gunnar lofaði að munda ekki hrífuna’). Ég þakka ritstjóra fyrir að minna mig á þetta.

setningum í forníslenskum textum. Eftir því sem næst verður komist eru dæmin sex að tölu (Eiríkur Rögnvaldsson, 1996:60, Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson, 2003:458, Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal, 2005:835–836), þar á meðal þessi setning úr Laxdæla sögu:

- (22) Höskuldur kvaðst ____ það mikið þykja ...
(*Íslendingasögur*, 1985–86; Laxdæla saga, bls. 1542)

Sögnin *kveðast* stendur með nefnifallsfrumlagi (*Höskuldur*) og stýrir völdunarnafnháttarsetningu með *þykja*, en sú sögn tekur með sér þágufall bæði að fornu og nýju (og a.m.k. í nútímamáli er þágufallið frumlag). Í dæminu í (22) samsvarar eyðan í nafnháttarsetningunni (táknuð með undirstriki) þágufallslíðnum í sambandinu *Höskuldi þykir það mikið*. Lögð skal áhersla á að frumlagseðli nafnliðarins felst í því að það verður að sleppa honum í slíkum setningum – hann getur ekki komið þar fyrir, hvorki í forn máli né í nútímamáli (ótækt er að segja **Höskuldur kvaðst bonum það mikið þykja ...*).

Því mætti halda fram á móti að dæmin um eyður fyrir möguleg aukafallsfrumlög í völdunarnafnháttum séu mjög fá og ef þetta væri raunverulegt formgerðareinkenni á forníslensku væri við því að búast að það kæmi fyrir í meiri mæli í textum.¹⁸ Þessi mótrök eru ekki eins sterk og kynni að virðast við fyrstu sýn vegna þess að sagnir sem taka aukafallsfrumlög eru líka frekar sjaldgæfar í völdunarnafnháttum í nútímaíslensku. Slík dæmi eru samt samþykkt af mörgum íslenskum málhöfum þegar þeir eru spurðir, t.d. setningin í (21) þar sem þágufallsfrumlagi er sleppt með *líða*. Flestir aðspurðra fallast á að þessi setning sé tæk þótt öðrum kunni að finnast hún skrítin eða hafni henni alfarið.¹⁹

- (23) Öll dýr eiga rétt á því að ____ líða vel.

18 Sjá umræðu um fæð dæma í forníslensku til að skera úr um hvort tiltekinn aukafallsnafnliður er frumlag eða ekki hjá Kristoffersen (1991:89), Mørck (1992:95) og Faarlund (2001:127–29). Mótrök gegn þessum vangaveltum er m.a. að finna hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1996:50 o.áfr.)

19 Í könnun á dómum íslenskra málhafa um setningar með ósögðum aukafallsfrumlögum var setningin í (23) metin tæk af 72,4% þátttakenda (Höskuldur Þráinsson, Matthew Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson, 2015:347, tafla 16.14). Áftur á móti taldi 12,1% þátttakenda setninguna ótæka en óvissir voru 15,5%.

Það var raunar ekki fyrr en með tilkomu vefleitarvéla á netinu (Google o.þ.h.) að mögulegt varð, án gríðarlegrar fyrirhafnar, að finna slík dæmi í ritmáli nútímaíslensku. Hins vegar merkir sú staðreynd að tiltekin formgerð er fátíð **ekki** að hún sé ótæk eða jafnvel alls ekki til. Ef einhver munur er á nútímaíslensku og forníslensku hvað snertir formgerðir eins og hér eru til umfjöllunar þá virðist sá munur vera á magni en ekki gæðum. Dæmin sex sem nefnd voru í 4.3.2 eru úr elstu og traustustu handritum íslenskra fornþókmennta (sjá nánar hjá Jóhönnu Barðdal og Þórhalli Eyþórssyni 2003:459). Þau verða því – bæði út frá textafræðilegum og málfræðilegum sjónarmiðum – að teljast gildur vitnisburður um frumlagseðli meintra aukafallsfrumlaga, að því gefnu að aðeins frumlög en ekki andlög séu þeirrar náttúru að það verði að undanskilja þau í völdunarnafnháttum.

4.4 Vitnisburður um aukafallsfrumlög – gæði eru mikilvægari en magn

Að lokum er rétt að herða á því sem áður var sagt: Frá því um miðjan áttunda áratug 20. aldar hafa málfræðingar gert ráð fyrir aukafallsfrumlögum í nútímaíslensku, þ.e. að í íslensku sé frumlag setningar ekki endilega í nefnifalli þótt vissulega sé það algengasta frumlagsfallið. Það sama er talið eiga við um færeysku. Söguleg þróun aukafallsfrumlaga hefur verið umdeild en nú eru margir málfræðingar – einkum og sér í lagi flestir íslenskir málfræðingar – á því að enginn eðlismunur sé á forn máli og nútímamáli hvað varðar stöðu aukafallsfrumlaga. Hitt er annað mál að dæmin sem notast má við sem óyggjandi frumlagspróf eru mjög fá í forn málinu. Markmiðið með þessari umfjöllun var að færa rök að því að magn skipti minna máli en gæði í þessu sambandi – aðalatriðið sé að dæmin séu af réttum toga. Niðurstaðan er því sú að forníslenska hafi haft aukafallsfrumlög eins og nútímaíslenska og því hafi engin breyting orðið í málinu að þessu leyti. Aukafallsfrumlög eru fornlegt málarseinkenni sem hefur varðveist í íslensku og færeysku.

Í kjölfarið vakna spurningar um það hvernig hátti til í öðrum tungumálum sem hafa ríkulegt fallakerfi, t.d. þýsku eða fornum indóevrópskum málum eins og latínu og grísku. Eru þessi mál með aukafallsfrumlög eins og íslenska að fornu og nýju? Eða eru þau ólík

íslenskunni og aukafallsnafnliðirnir andlög? Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að rannsóknum á þessum spurningum (t.d. Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson, 2003, 2018, Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal, 2005, Halldór Ármann Sigurðsson, 2002). Niðurstöður úr þessum rannsóknum benda til þess að aukafallsfrumlög hafi verið sameiginlegt einkenni fornra indóevrópskra mála, t.d. latínu og grísku, en hafi varðveist einstaklega vel í íslensku. Óhætt er að segja að þessar rannsóknir séu á meðal þeirra áhugaverðustu í sögulegum málvísindum á síðari árum en nánari frásagnir af þeim verða að bíða betri tíma.

5. Lokaorð

Í þessari grein var fjallað almennt um heimildir um eldri málstig, fyrst og fremst út frá sjónarmiði sögulegrar setningafræði, og um magn og gæði þeirra fyrirbæra sem notuð eru til að meta hvort þau atriði sem þar koma fyrir eru í samræmi við þekkingu fræðimanna á málfræði tungumáls á tilteknu tímabili.

Fyrst var vikið að þeirri staðreynd að sumar setningagerðir eru mjög algengar í tungumálinu en aðrar sárastaldgæfar. Jafnvel þótt tiltekna setningagerðir séu mjög sjaldgæfar breytir það því ekki að dómar málhafa eru einatt tiltölulega skýrir. Þeir samþykkja eða hafna setningum á grundvelli formgerðar þeirra, venjulega óháð orðunum sem í þeim eru.

Því næst var hugað að þeim aðferðum sem notaðar eru í setningafræði til að meta og greina setningar. Aðferðafræðin er byggð á rannsóknum á samtímamálum en er yfirfærð á „dauð“ tungumál, sem aðeins eru varðveitt í textum frá eldri málstigum. Munurinn á lifandi málum og dauðum er vitaskuld sá að lifandi mál er móðurmál einhverra málhafa sem geta myndað óendanlegan fjölda setninga í krafti málkunnáttu sinnar. Dautt mál er ekki móðurmál neins þar sem eiginlegir málhafar eru ekki lengur ofar moldu og vitnisburður um málið – þar á meðal setningar – er því endanlegur. Að því gefnu að fjöldi setninga í lifandi tungumáli sé óendanlegur er greiðasta leiðin að upplýsingum um mögulegar setningagerðir í tilteknu máli sú að biðja málhafa ekki bara um dóma um það sem þeir geta sagt heldur

ekki síður um það sem þeir geta ekki sagt – það er neikvæðar upplýsingar. Slíkar upplýsingar eru ekki, eða a.m.k. aðeins að mjög takmörkuðu leyti, aðgengilegar þeim sem rannsaka texta frá eldri málstigum. Til þess að bæta sér upp skort á beinu aðgengi að málhöfum þurfa þessir fræðimenn að huga að ótal málfræðilegum og textafræðilegum atriðum sem kunna að hafa áhrif á eðli þeirra segða sem koma fyrir í textunum. Engu að síður verða sögulegir málfræðingar einatt að setta sig við hlutlausar lýsingar á þeim málum sem þeir fjalla um. Í málinu á frumnorrænum rúnaristum, til að mynda, gat sögn í persónuhætti ýmist staðið í öðru sæti eða aftast í setningu. Þótt líklegt sé að önnur hvor orðaröðin hafi verið sjálfgefin en hin bundin ákveðnum skilyrðum munum við tæplega nokkurn tíma vita það með fullkominni vissu. Þetta er raunar algeng staða í rannsóknum á fornum textum, ekki síst þeim sem litlar heimildir eru um, svokölluðum málarástum.

Í þessu samhengi var varpað fram þeirri lykilspurningu hve mörg dæmi nægðu til að unnt væri að sýna fram á að tiltekið málfræðiatríði sé hluti af málfræði tiltekings tungumáls á tilteknum stað og tíma í sögunni. Þar var hert á því sem ættu raunar að vera augljós sannindi að aðeins eitt dæmi – jafnvel svokallað stakdæmi – getur nægt til að sýna að það sé í samræmi við málfræði tiltekings tungumáls, vitaskuld að því tilskildu að það sé textafræðilega og málfræðilega ótvírætt. Þar var tekið dæmi af þekktu fyrirbæri í íslenskri setningafræði, svokölluðum aukafallsfrumlögum. Almenn er viðurkennt að aukafallsliðir séu frumlög í nútímaíslensku en það hefur verið umdeilt í forníslensku. Til að sýna fram á frumlagseiginleika aukafallsnafnliða er lykilatriði að unnt sé að beita svokölluðum frumlagsprófum. Þar koma ekki síst til álitá próf eins og langdræg afturbeyging og völdunarnafnhættir. Enda þótt sannfærandi dæmi um setningagerðir sem sýna ótvírætt frumlagseðli aukafallsnafnliða séu mjög fá benda þau eindregið til þess að aukafallsnafnliðir hafi verið frumlög í forn máli eins og í nútímamáli.

Í stuttu máli, til að sýna fram á hvort tilteknir nafnliðir í forníslensku séu aukafallsfrumlög eða ekki skiptir fjöldi mögulegra nafnliða í aukafalli með tilteknum sögnum ekki höfuðmáli. Miklu mikilvægara er að unnt sé að beita svokölluðum frumlagsprófum á sannfærandi hátt á þær setningagerðir sem koma til greina. Almenn

niðurstaða af umfjölluninni í þessari grein er að við mat á gildi dæma í fornum textum séu gæði þýðingarmeiri en magn og fáein dæmi – jafnvel bara eitt einasta dæmi – geti ráðið úrslitum um greiningu á tilteknu fyrirbæri að því gefnu að ákveðin málfræðileg og textafræðileg skilyrði séu uppfyllt.

ÚTDRÁTTUR

Býsn og fádæmi í tungumálinu: Um magn og gæði heimilda í sögulegri setningafræði

Í þessari grein er fjallað um fyrirbæri sem eru sjaldgæf í tungumálum. Rætt er almennt um málheimildir, einkum í sögulegum málvísindum, og um magn og gæði þeirra fyrirbæra sem notuð eru til að meta hvort þau atriði sem þar koma fyrir eru í samræmi við þekkingu fræðimanna á málfræði tungumáls á tilteknu tímabili. Aðaláherslan er á sögulega setningafræði og breytingar á setningagerð og hugað er að þeim málvísindalegu aðferðum sem notaðar eru til að meta og greina setningar. Í því samhengi er spurt hve mörg dæmi séu nauðsynleg til þess að þau teljist marktækur vitnisburður um málfræði tiltekins tungumáls eða málstigs. Því er haldið fram að það fari eftir eðli einstakra fyrirbæra. Í mörgum tilvikum þarf býsna mikinn fjölda dæma til að meta marktæknina og þá er mikilvægt að gögnin séu sem ítarlegust. Í öðrum tilvikum nægja fáein dæmi – jafnvel bara eitt dæmi – til þess að unnt sé að sýna fram á að fyrirbærið sé málfræðilega gjaldgengt en ekki bara undantekning eða jafnvel málvilla sem ekkert er að marka.

Lykilorð: gæði málheimilda, söguleg málvísindi, setningafræði, frumlagspróf, aukafallsfrumlög

ABSTRACT

Superabundance and paucity in language

On the quantity and quality of evidence in historical syntax

This article discusses phenomena that are rare in languages. There is a general discussion of language corpora, especially in historical linguistics, focusing on the quantity and quality of the phenomena used to assess whether their occurrences are consistent with scholars' knowledge of the grammar of the language in question in a given period. The main emphasis is on historical syntax and changes in sentence structure, with due consideration given to the linguistic methods used to evaluate and analyze sentences. In this context, the question is posed how many examples are needed to be considered significant evidence on the grammar of a particular language or a language stage. It is claimed that this depends on the nature of the individual phenomena. In many cases, a large number of examples are needed to assess the significance of the data, in which case it is important that the data are as abundant as possible. In other cases, only a few examples – even just one example – are sufficient to show that the phenomenon is grammatically valid and not just an exception or even a mere language error.

Keywords: quality of language corpora, historical linguistics, syntax, subject tests, oblique subjects

HEIMILDIR

- Andrews, Avery. 1976. „The VP Complement Analysis in Modern Icelandic.“ *Proceedings of NELS* 6:1–21.
- Askedal, John Ole. 2001. „‘Oblique subjects’, structural and lexical case marking.“ *Grammatical Relations in Change*. Jan Terje Faarlund (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 65–97.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Barnes, Michael. 1986. „Subject, Nominative and Oblique Case in Faroese.“ *Scripta Islandica* 37:13–46.
- Beck, Heinrich (ritstj.). 1989. *Germanische Rest- und Trümmersprachen*. Berlin/New York: Walter de Gruyter.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2015. „Reexamining Icelandic as a Heritage Language in North America.“ *Germanic Heritage Languages in North America: Acquisition, Attrition and Change*. Janne Bondi Johannessen (Ý) og Joseph C. Salmons (ritstj.). Amsterdam: Benjamins, 72–93.
- Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði*. 2. útg. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Chomsky, Noam. 1973. *Mál og mannsbúgur*. Halldór Halldórson þýddi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding. The Pisa Lectures*. Dordrecht: Foris.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1991. „Quirky Subjects in Old Icelandic.“ *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*. Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.), 369–378. Reykjavík: Institute of Linguistics, University of Iceland.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. „Frumlag og fall að fornu.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 18:37–69.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. „Setningafræðilegar breytingar í íslensku.“ *Setningar: Handbók um setningafræði*. Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur). Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 602–535.
- Faarlund, Jan Terje. 1980. „Subject and Nominative in Old Norse.“ *Scripta Islandica* 31:65–73.
- Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.
- Faarlund, Jan Terje. 2001. „The notion of oblique subject and its status in the history of Icelandic.“ *Grammatical Relations in Change*. Jan Terje Faarlund (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 99–135.
- Faarlund, Jan Terje. 2004. *The Syntax of Old Norse*. Oxford: Oxford University Press.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2002. „To be an oblique subject: Russian vs. Icelandic.“ *Natural Language and Linguistic Theory* 20:691–724.

- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2012. „Case in disguise.“ Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives. A Microcomparative Perspective*. Oxford: Oxford University Press, 96–143.
- Höskuldur Þráinsson. 1999. *Íslensk setningafræði*. 6. útg. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. (2. útg. 2006.)
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar: Handbók um setningafræði*. Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur). Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen. 2012. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Tórshavn: Fróðskapur/Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson, Matthew Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson. 2015. Ýmislegt. *Tilbrigði í íslenskeri setningagerð II*. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 331–364.
- Íslendinga sögur*. 1985–86. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Íslensk orðabók*. 2007. Mördur Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar. [Endurprentuð 1987 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson. 2003. „The change that never happened: the story of oblique subjects.“ *Journal of Linguistics* 39(3):439–72.
- Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson. 2018. „What is a subject? The nature and validity of subject tests“. *Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: The Reykjavík-Eyjafjallajökull Papers*. Jóhanna Barðdal, Na’ama Pat-El og Stephen Mark Carey (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 257–273.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2018. „Word order as a subject test in Old Icelandic.“ *Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: The Reykjavík-Eyjafjallajökull Papers*. Jóhanna Barðdal, Na’ama Pat-El og Stephen Mark Carey (ritstj.). Amsterdam: Benjamins, 135–154.
- Krause, Wolfgang og Herbert Jankuhn. 1966. *Die Runeninschriften im älteren Futhark I–II*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.
- Kristoffersen, Kristian Emil. 1991. *Kasus, Semantiske roller og Grammatiske funksjoner i norrønt*. Institutt for nordistikk og litteraturvitenskap, Universitetet i Oslo.
- Kristoffersen, Kristian Emil. 1994. „Passiv i norrønt og nyislandsk – ei samanlikning.“ *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 12:43–67
- Lightfoot, David. 1988. „Syntactic Change.“ *Linguistics: The Cambridge Survey*, 1.

- bindi. Frederick Newmeyer (ritstj.). New York: Cambridge University Press, 303–323.
- Mørck, Endre. 1992. „Subjektets kasus i norrønt og mellomnorsk.“ *Arkiv för nordisk filologi* 107:53–99.
- Penzl, Herbert. 1989. „Die Gallehusinschrift: Trümmer der nordisch-westgermanischen Ursprache.“ Hjä Beck, 1989, 87–96.
- Untermann, Jürgen. 1975. „Etymologie und Wortgeschichte.“ *Linguistic Workshop III: Arbeiten des Kölner Universalienprojekts 1974*, Hansjakob Seiler (ritstj.). München: Fink, 93–116.
- Untermann, Jürgen. 1989. „Zu den Begriffen Restsprache und Trümmersprache.“ Hjä Beck, 1989, 15–20.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Þráinsson. 1985. „Case and Grammatical Relations: The Icelandic Passive.“ *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441–483.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Þórhallur Eypórsson. 1999. „Uppruni sagnfærslu í germönskum málum.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 19–20:133–180.
- Þórhallur Eypórsson. 2005. „Looking at the overlooked.“ *Convergence: Interdisciplinary communications* 2004/2005, Willy Østreng (ritstj.). Oslo: Centre for Advanced Study at the Norwegian Academy of Science and Letters, 54–57.
- Þórhallur Eypórsson. 2012. „Variation in the syntax of the older runic inscriptions.“ *Futhark: International Journal of Runic Studies* 2:27–49.
- Þórhallur Eypórsson. 2015. „The Insular Nordic experimental kitchen: Changes in case marking in Icelandic and Faroese.“ *An Intimacy of Words / Innileiki orðanna. Essays in Honour of Pétur Knútsson / Festschrift til heiðurs Péttri Knútsyni*. Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal (ritstj.). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum / Háskólaútgáfan, 328–352.
- Þórhallur Eypórsson. 2017. „Frumlagsfall er fararheill. Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku og færeysku.“ *Tilbrigði í íslenskeri setningagerð III*, Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 285–302.
- Þórhallur Eypórsson og Höskuldur Þráinsson. 2017. „Variation in oblique subject constructions in Insular Scandinavian.“ *Syntactic Variation in Insular Scandinavian*, Höskuldur Þráinsson, Caroline Heycock, Hjalmar P. Petersen og Zakaris S. Hansen (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 53–90.
- Þórhallur Eypórsson og Jóhanna Barðdal. 2005. „Oblique subjects: a common Germanic inheritance.“ *Language* 81.4:824–881.

Gluggi í austurátt: þýðingasaga íslenskra og kínverskra bókmennta

Í þýðingum íslenskra og kínverskra bókmennta kennir ýmissa grasa þótt beinar þýðingar á milli málanna hafi lengst af verið fátíðar. Þjóðirnar státa báðar af ríkulegum bókmenntaarfi en val á verkum til þýðinga hefur að miklu leyti mótast af samfélagsaðstæðum og pólitísku andrúmslofti hvers tíma. Í þessari samantekt þýðinga verður leitast við að skýra val á verkum og setja í sögulegt samhengi. Skipta má þýðingum á milli íslensku og kínversku niður í þrjú tímabil sem verða rakin í eftirfarandi umfjöllun.

1. Tímabil fyrstu skrefa, frá útgáfu fyrstu þýðingarinnar 1921 og fram til 1937.
2. Tímabil sósíalísks eldmóðs, frá stofnun Alþýðulýðveldis Kína 1949 og fram til 1977.
3. Tímabil jafnvægis og vaxandi samskipta, frá 1978 og fram til okkar daga.

Titlar og heiti kínverskra höfunda verða rituð með samræmdri *pinyin*-umritun sem nú tíðkast auk kínverskra tákna til aukins skýrleika. Þó fá eldri umritanir að halda sér í bókfræðilegri skráningu verka í neðanmáli til að gæta samræmis við skráningarkerfi Landsbókasafns þar sem svo ber undir. Umfjölluninni er ekki ætlað að vera tæmandi skrá þýðinga en ætti að veita góða yfirsýn yfir þýðingasögu íslenskra og kínverskra bókmennta.

1. Tímabil fyrstu skrefa

Árið 2021 eru liðin 100 ár síðan *Daodejing* 《道德经》¹ var fyrst þýdd á íslensku undir titlinum *Bókin um veginn* og gefin út af Bókaverslun Guðmundar Gamalielssonar í Reykjavík. Bræðurnir Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu bókina aðallega eftir danskri þýðingu Ernst Möller (útg. 1909) og enskri þýðingu James Legge (útg. 1891).²

Hálfri öld síðar var bókin endurútgefin með formála eftir Halldór Laxness en mörgum var kunnugt hve nóbelskáladið var hrifið af bókinni sem hann vitnaði margoft í. Í formála Halldórs greinir hann frá æskuminningum um langar umræður þeirra Erlends Guðmundssonar í Unuhúsi, Sigurðar Jónassonar og Þórbergs Þórðarsonar um *Daodejing* sem þeir töldu auk sanskrítarritsins *Bhagavad Gita* merkustu rit heims. Halldór telur sennilegt að áhugi á guðspeki hérlandis hafi „orðið til að ljúka upp glugga í austurátt og draga þessar bækur í sjónmál vina minna“.³

Bræðurnir Jakob og Yngvi, sem réðust í þýðingu verksins, voru miklir tungumálamenn og Jakob lengi yfirkennari Menntaskólans í Reykjavík auk þess sem hann sat í stjórn Sálarrannsóknarfélags Íslands. *Daodejing* er stutt kver og fyrirliggjandi þýðingar með orðskýringum hafa án efa orðið bræðrunum hvatning til verksins en ekkert kínverskt rit hafði áður verið gefið út á íslensku. Yngvi Jóhannesson getur þess að Guðmundur Hjaltason (1853–1919) hafi verið þeim bræðrum fyrri til og þýtt *Daodejing* eftir þýskri útgáfu Fr. W. Noack en sú þýðing hafi ekki komið út á prenti.⁴

Ritið hefur síðan verið þýtt á íslensku að minnsta kosti þrisvar. Fyrst kom út þýðing Sörens Sörenssonar *Tao Teh King* eða *Bókin um dyggðina og veginn*⁵ sem Helgiritáutgáfan gaf út 1942. Sören þýddi

1 Í stað skáletrunar eru titlar bóka og tímarita á kínversku auðkenndir með sérstökum tvöföldum sviga.

2 Lao-tse, *Bókin um veginn*, Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu, Reykjavík: Bókaverslun Guðmundar Gamalielssonar, 1921, bls. 92–93.

3 Lao-tse, *Bókin um veginn*, Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu, Reykjavík: Stafafell, 1971, formáli Halldórs Laxness bls. 5–6.

4 Yngvi Jóhannesson, „Tao Teh King, eða Bókin um dyggðina og veginn“, *Morgunblaðið*, 16. desember 1942, bls. 4.

5 Lao-tse, *Tao Teh King* eða *Bókin um dyggðina og veginn*, Sören Sörenson, Reykjavík: Helgiritáutgáfan, 1942.

eftir enskri útgáfu *Tao Te Ching*⁶ eftir kínverska fræðimanninn Chu Dagao (初大告 áður umritað Ch'u Ta-kao). Næst kom út þýðing Njarðar P. Njarðvík úr ensku og frönsku, *Tao te King: bókin um veginn og dyggðina*, gefin út af JPV 2004. Svo að lokum frumþýðing Ragnars Baldurssonar úr fornkínversku undir titlinum *Ferlið og dyggðin* gefin út af Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 2010. Álitamál er hvort telja skuli með þýðingu eða endursögn Gunnars Dal, *Bókina um Tao*, byggða á *Daodejing*, sem kom út 1998 hjá bókaútgáfunni Muninn en þar er nokkurt skáldaleyfi notað og þess ekki getið í formála hvaða útgáfur höfundur studdist við en ljóst er að ekki var þýtt úr fornkínversku.

Kínaáhugi Íslendinga á þriðja áratugnum einskorðaðist ekki við forna lífs- og stjórnspeki. Íslenskir esperantistar fengu snemma hug á samskiptum við Kínverja. Þeirra á meðal var Þórbergur Þórðarson, sem þýddi grein úr tímaritinu *Esperanto* eftir kínverskan esperantista að nafni Liang-chu-vaj⁷ og birti í *Alþýðublaðinu* 26. nóvember 1927.⁸ Greinin er ádeila á hægagang Þjóðabandalagsins, undanfara Sam-einuðu þjóðanna, í afvopnunarmálum og ber þess vitni að esperantó og alþjóðleg tímarit esperantista veittu Kínverjum aðgang að ákveðnum alþjóðlegum umræðuvettvangi. Meira kveður að esperantistum á tímum kalda stríðsins en í millitíðinni voru fyrstu íslensku bækurnar þýddar á kínversku og gefnar út í Kína.

Íslenskar bókmenntir virðast fyrst hafa verið kynntar til leiks í Kína við lok þriðja áratugar síðustu aldar. Mao Dun (茅盾), vinstri-sinnað raunsæisskáld, skrifaði samantekt á nútímabókmenntum níu Evrópulanda sem kom út 1929, *Jindai wenzue mianmianguan* 《近代文学面面观》,⁹ og er þriðji kaflinn, á eftir köflum um Danmörku og Noreg, tileinkaður Íslandi. Þar nafngreindir hann fjóra íslenska samtímahöfunda, þá Jónas Guðlaugsson, Jóhann Sigurjónsson, Gunnar Gunnarsson og Guðmund Kamban en þeir skrifuðu mörg af verkum sínum á dönsku. Mao Dun telur þá geta vakið athygli á

6 Ch'u Ta-kao, *Tao Te Ching*, New York: Routledge Chapman & Hall, 1937, *non vidi*.

7 Þetta er esperantó-umritun nafnsins sem sennilegast var umritað Liang Chu-wai á gamla mátann en myndi í *pinyin*-umritun vera Liang Zhuwai. Ekki tókst að finna nánari upplýsingar um greinarhöfundinn.

8 Þórbergur Þórðarson, „Hvað gerir Þjóðabandalagið?“, *Alþýðublaðið*, 26. nóvember 1927, bls. 3.

9 Mao Dun (茅盾), *Jindai wenzue mianmianguan* 《近代文学面面观》, Shanghai: Shijie shuju (世界書局), 1929, *non vidi*.

heimsvísu fyrir samfélagslýsingar frá svo afskekktum stað og hinar mannlegu tilfinningar sem höfundarnir lýsi frá einstöku sjónarhorni. Hann telur Jóhann Sigurjónsson mesta leikskáld Íslands og nefnir í því samhengi sérstaklega viðhorf til kvenna fyrr á öldum.¹⁰ Þar vísar hann til leikverksins *Fjalla-Eyvindar* um útlagana Fjalla-Eyvind og Höllu sem hlaut stórgóðar viðtökur við frumsýningu í Reykjavík 1911. Árið eftir var það sett upp í Kaupmannahöfn, svo víðar um Evrópu¹¹ og loks í New York 1921.¹²

Á fyrri helmingi 20. aldar var gífurlegur fjöldi vestrænna trúboða starfandi í Kína. Þeirra á meðal var Íslendingurinn Ólafur Ólafsson, sem vann með norskum trúboðum á landamærum héraðanna Hubei og Henan inni í miðju landi. Fyrir tilstilli Ólafs var fyrsta íslenska ritið þýtt og gefið út á kínversku 1928 og var það útgáfa með völdum versum *Passíusálmanna* eftir Hallgrím Pétursson. Þýðinguna gerði bandaríski trúboðinn Harry Price úr ensku¹³ og voru *Shijiakufeng* 《詩家可風》,¹⁴ Passíusálmarnir kínversku, gefnir út af Religious Tract Society for China í Wuhan¹⁵ og Shanghai fyrir íslenskt samskotafé. Þýðandinn gætir þess víða að halda bragarhætti með endarími. Ekki er laust við að Íslendingar hafi fyllst stolti yfir þessu menningarframlagi eins og lesa má í tímaritinu *Ljósberanum* vorið eftir: „Það er mikill heiður fyrir þjóðina okkar fámennu að Passíusálmarnir skuli vera komnir á kínversku og skemtilegt fyrir minstu þjóðina að geta sent stærstu þjóðinni slíka trúarljóða-gimsteina.“¹⁶

Stuttu síðar var gefin út önnur bók með verkum Íslendings á kínversku þegar tvær sögur Jóns Sveinssonar, betur þekktur sem Nonni, voru þýddar úr frönsku¹⁷ og gefnar út af bókaútgáfu kaþólsku kirkj-

10 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“), *Wenyi Bao* 《文艺报》, 14. maí 2014, bls. 7, aðgengilegt á vef Kínverska rithöfundafélagsins (China Writers Association), <http://image.chinawriter.com.cn/61/2014/0514/U3875P843T61D1168F789DT20140514065908.pdf> [sótt 25. maí 2020].

11 Jón Viðar Jónsson, *Kaktusblómið og nóttin*, Akureyri: Hólar, 2004, bls. 17.

12 „Fjalla-Eyvindur“, *Morgunblaðið*, 17. apríl 1921, bls. 2.

13 „Passíusálmarnir á kínversku“, *Alþýðublaðið*, 21. apríl 1928, bls. 4.

14 Hallgrím Petursson, *Shijiakufeng* 《詩家可風》, þýð. Harry Price, Hankow og Shanghai: Religious Tract Society for China (中国基督聖教書會), 1928.

15 Þá nefnd Hankow.

16 „Passíusálmarnir á kínversku“, *Ljósberinn*, 6. apríl 1929, bls. 106. Eintak er varðveitt á Landsbókasafni.

17 Titill frönsku útgáfunnar er *Récits Islandais*.

unnar í Yanzhou-borg í Shandong-héraði 1931. Bókin fékk titilinn *Tongzi yuxian ji* 《童子遇险记》¹⁸ sem þýða mætti sem „Svaðilfarir ungra drengja“ og inniheldur tvo hluta af bókunum *Nonni og Manni* og *Sólskinsdagar*.¹⁹ Ný kínversk þýðing²⁰ var unnin af Hu Duan (胡端) og gefin út 1937 af bókaútgáfu hins kaþólska Zhendan-háskóla í Shanghai í sambandi við heimsókn Nonna til Japans og Kína.²¹ Háskólinn var starfræktur af jesúítum sem áttu starfsstöðvar víða í Kína og fleiri löndum Asíu. Á forsíðu seinni þýðingarinnar er sérstaklega tilgreint að bókin sé gefin út með leyfi Auguste Haouissée (á kínversku titlaður *Hui zhujiang* 惠主教) er gegndi hlutverki umsjónarmanns páfa (lat. *vicarius apostolicus*) og var síðar vígður biskup Shanghai.

Nonni hélt í langferð til Japans vorið 1937 og dvaldist þar í boði jesúíta í eitt ár. Á meðan á dvöl hans stóð hélt hann fjölmarga fyrirlestra og hitti sér til mikillar ánægju íslenskumælandi Japani á meðal fræðimanna. Á heimleiðinni kom hann í stutta heimsókn til Shanghai, hersetinnar, en einmitt á þessum tíma voru Japanir að leggja undir sig landsvæði og borgir víða í Kína. Nonni var hugfanginn gestur í Japan og virðist aðeins hafa séð fegraða mynd þarlendra fjölmíðla af stríðinu.²² Af bréfa- og dagbókarskrifum hans frá þessum tíma má sjá að hann studdi málstað Japana á þeim forsendum að stækkandi þjóðina vantaði aukið landrými. Nonni sökkti sér niður í áróðursrit Japana um stríðið í Kína og varð vitni að skrudgöngum prúðbúinna skólabarna í tilefni af yfirtöku Japana á borginni Nanjing, einum stærsta stríðsglæp Japana í Kína. Ekkert bendir þó til þess að Nonni hafi vitað af þeim ódædisverkum sem þar voru framin.²³

Annar Íslendingur virðist upplífa stríðshættuna skýrar. Oddný Erlendsdóttir Sen bjó um árabíl með eiginmanni sínum Kwei Ting

18 Jón Sveinsson, *Tongzi yuxianji* 《童子遇险记》, þýð. ógetið, Yanzhou: Tianzhutang yinshuguan (天主堂印書館), 1931.

19 Nokkur eintök bókarnnar eru varðveitt á Landsbókasafni, undir titlinum *Tongzi yuxianji*.

20 Jón Sveinsson, *Yi* 《憶》, þýð. Hou Tuan, Shanghai: Zhendan daxue (震旦大学), 1937.

21 Í seinni þýðingu *Récits Islandais* er aðeins að finna söguna *Nonni og Manni*. Kínverskur titill bókarnnar er *Yi* 《憶》 sem mætti þýða sem *Minningar*. Nafn þýðandans er í eldri umritun en væri nú umritað Hu Duan. Bókin er varðveitt á Landsbókasafni undir titlinum *Yi; Récits Islandais: Nonni et Manni*.

22 Kristín Ingvarsdóttir, „Frá Sóleyjum“, *Skírnir*, vor 2017, bls. 80–114, hér bls. 96–99.

23 Gunnar F. Guðmundsson, *Pater Jón Sveinsson: Nonni*, Reykjavík: Opna 2012, bls. 397–398 og 402.

Sen²⁴ (孙贵定) og börnum þeirra í hafnarborginni Xiamen²⁵ í Suður-Kína. Árið áður en Oddný yfirgaf Kína með börn sín hafði henni tekist að fá skáldsöguna *Brúðarkjólinn*²⁶ eftir Kristmann Guðmundsson þýdda úr ensku og gefna út á kínversku hjá Bókaforlagi verslunarmanna í Shanghai. Sagan gerist í íslenskri sveit á umrótstímum og Kristmann þótti laginn við persónusköpun og lýsingar á sveitalífinu. Kínverski þýðandinn, Tang Xuzhi (唐旭之), nefnir í eftirmála að hann hafi þýtt bókina vegna einlægrar vonar Oddnýjar um að auka skilning þjóðanna hvorrar á annarri og að fátt nýtist betur til þess en bókmenntir. Hann skrifar jafnframt að Kínverjar þekki lítið sem ekkert til íslenskra bókmennta nema þeir sem hafi sérstakan bókmenntaáhuga en þeir viti auðvitað af ríkulegum bókmenntaarfi Íslands í eddukvæðum og fornsögum. Hins vegar þekki fólk ekki til nútímabókmennta og því sé nýútkomin þýðing *Brúðarkjólins* vænleg til úrbóta enda vel skrifuð raunsæissaga af sveitalífi og átökum ólíkra kynslóða.²⁷

Oddný skrifar í inngangi bókarinnar stutta kynningu á sögu og náttúru Íslands. Hún lýsir meðal annars fjalllendi og jarðhita, Geysi og björtum sumarnóttum þar sem hægt sé að lesa á miðnætti andstætt löngum svörtum vetrarnóttum þegar himinninn lýsist upp af glitrandi norðurljósum. Hún lýsir landnáminu og Haraldi hárfagra, varðveislu tungumálsins, handritum miðalda og friðsælu samfélagi nútímans.

2. Tímabil sósíalísks eldmóðs

Á tímum innrásarstríðs Japana 1937–1945 og svo borgarastríðsins sem tók við í Kína gafst lítið tóm til bókmenntaþýðinga. Íslenskir sósíalistar fylgdust af áhuga með framgöngu kommúnista og stofnun Alþýðulýðveldisins Kína 1949. Um það leyti tóku að koma út íslenskar þýðingar á verkum kínverskra höfunda sem áttu það sameiginlegt að vera umbótasinnaðir byltingarmenn er fundu sinn farveg

24 Hér er brugðið frá *pinyin*-umritun þar sem nafn hans er þekkt í þessari eldri umritun á Íslandi.

25 Þá nefnd Amoy.

26 Kristmann Guðmundsson, *Hsin niang li fu* 《新娘禮服》, þýð. Tang Xuzhi, Shanghai: Commercial Press (商务印书馆有限公司), 1936. Bókin er varðveitt á Landsbókasafni.

27 Sama rit, eftirmáli.

á meðal vinstriðingja. Þar má nefna Xiao Jun, Lu Xun, einn þekktasta höfund Kína, Guo Moruo,²⁸ afkastamikinn rithöfund og þýðanda, Mao Dun, þann er ritaði kaflann um íslenskar bókmenntir, Ye Junjian, sem var liðtækur esperantisti, og rithöfundinn og leikskáldið Lao She. Helstu útgefendur þýðinganna voru Mál og menning og Heimskringla í Reykjavík.

Fyrst slíkra þýðinga var bókin *Síðsumar*, á frummálinu *Bayue de xiangcun* 《八月的乡村》²⁹ beinþýtt „Þorpið í ágúst“, eftir Xiao Jun (萧军), sem einnig var fyrsta samtímaskáldsaga Kínverja þýdd á ensku.³⁰ Bókin fjallar um raunir Kínverja í Japansstríðinu og var gefin út með formála bandaríska blaðamannsins Edgars Snow sem frægur varð fyrir heldur jákvæða umfjöllun og persónuleg tengsl sín við leiðtoga kínverskra kommúnista. Gísli Ásmundsson þýddi og bókin var gefin út af Bókasafni Helgafells sumarið 1949. Öllu þekktari eru smásögur Lu Xun (鲁迅) og var safnrit með fimm sögum hans undir titlinum *Mannabörn*³¹ gefið út af Heimskringlu 1957. Halldór Stefánsson sneri úr ensku og má þar meðal annars finna smásögurnar *Sjálf sagan af Ab Q* 《阿Q正传》 og *Dagbók vitfirrings* 《狂人日记》.

Skáldsagan *Fjallaþorpið* eftir Ye Junjian³² (叶君健) kom út 1961 í þýðingu Hannesar Sigfússonar sem einnig íslenskaði leikritið *Óðinn um glóaldinlundinn*, á kínversku *Qu Yuan* 《屈原》,³³ eftir Guo Moruo (郭沫若). Inngangsorð *Fjallaþorpsins* ritar Halldór Laxness sem kynntist Ye persónulega og hælir honum fyrir vel skrifað verk þar sem „Kína sjálf er í bókinni dregið saman í ofurlítið afskekt fjallaþorp“ er veiti lesandanum skýra innsýn í eðli kínversku bændabyldingarinnar. Halldór segist jafnframt hafa átt nokkurn hlut að útgáfu skáldsögu vinar síns á íslensku.³⁴

28 Einnig þekktur undir nafninu Kuo Mo-jo.

29 T'ien Tsün (dulnefni Xiao Jun), *Síðsumar*, Gísli Ásmundsson, Reykjavík: Bókasafn Helgafells, 1949.

30 John K. Fairbank og Albert Feuerwerker, *The Cambridge History of China, Volume 13: Republican China 1912–1949*, Cambridge: Cambridge University Press, 2002 [1986], bls. 455.

31 Lú Hsun, *Mannabörn*, Halldór Stefánsson, Reykjavík: Heimskringla, 1957.

32 Ye skrifaði bókina *Fjallaþorpið* á ensku undir titlinum *The Mountain Village*. Á íslensku var nafn hans umritað Jeh Tsjún-tsjen en hann var einnig þekktur undir dulnefninu Cicio Mar fyrir skrif sín á esperantó.

33 Kuo Mo-jo, *Óðurinn um glóaldinlundinn* eða *Sjú Júan*, Hannes Sigfússon, Reykjavík: Heimskringla 1958.

34 Jeh Tsjún-tsjen, *Fjallaþorpið*, Hannes Sigfússon, Reykjavík: Mál og menning, 1961, bls. 5–7.

Halldór Laxness var afar áberandi rithöfundur í röðum íslenskra vinstrimanna og um skeið virkur í Heimsfriðarráðinu sem sovéska kommúnistaflokkurinn kom á fót snemma í kalda stríðinu. Á upphafsárum Alþýðulýðveldisins Kína voru Kínverjar undir miklum áhrifum frá Rússum. Halldór Laxness hlaut bókmenntaviðurkenningu Heimsfriðarráðsins 1953³⁵ og bókmenntaverðlaun Nóbels 1955. Hann var því ákjósanlegur höfundur í augum Kínverja þegar kom að þýðingum erlendra bókmennta og voru nokkur verka hans þýdd úr rússnesku á síðari helmingi sjötta áratugarins.

Fyrst birtust sögurnar *Saga úr síldinni* og *Lilja*, árið 1956 í safnríti³⁶ með smásögum frá Sovétríkjunum, Júgóslavíu, Norður-Kóreu og Víetnam. Árið eftir var *Atómstöðin*³⁷ gefin út í þýðingu Guo Shuke (郭恕可) hjá Útgáfufélagi rithöfunda í Beijing. Leikverkið *Silfur-túnglið*³⁸ fylgdi í kjölfarið árið 1959, einnig í þýðingu Guo Shuke auk Li Xing (李醒), gefið út af Bókmenntaútgáfu alþýðunnar. Sögurnar eiga það sameiginlegt að fjalla um líf íslensks alþýðufólks sem oft verður erfitt í átökum við auðstéttina.

Árið 1959 kom einnig út smásagnasafn³⁹ á kínversku þýtt úr rússnesku með sögum „skandinavískra“ höfunda, þar á meðal voru átta sögur eftir fjóra íslenska höfunda. Auk þriggja smásagna eftir Halldór Laxness, *Nýja Ísland*, *Napóleon Bónaparti* og *Lilja*, eru þar sögurnar *Feðgarnir* eftir Gunnar Gunnarsson,⁴⁰ *Hengilásinn* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson og *Vér mótmælum allir* eftir Halldór Stefánsson.⁴¹ Þýðingarnar önnuðust Tian Yi (田怡) og Guo Shuke og var safnið gefið út af Bókmenntaútgáfu alþýðunnar í Beijing.

35 Halldór Laxness, „Heima og heiman“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1954, bls. 7–22, hér bls. 20.

36 Titill safnritsins er *Yiwen* 《譯文》 en er á Landsbókasafni varðveitt undir titli smásagna Halldórs Laxness í eldri umrituninni *Ch'ing-yü*; *Lilia* (í pinyin-umritun *Qingyu* og *Liliya*).

Halldór Laxness, *Qingyu*; *Liliya* (青魚·莉里亞), þýð. Lin Yun (林耘) og Yi Xin (伊信), útgáfustaðar ekki getið: útgefanda ekki getið, mars 1956.

37 Halldór Laxness, *Yuanzizhan* 《原子站》, þýð. Guo Shuke, Beijing: Zuoja chubanshe (作家出版社), 1957.

38 Halldór Laxness, *Bei chumai de yaolanqu* 《被出卖的摇篮曲》, þýð. Guo Shuke og Li Xing, Beijing: Renmin wenxue chubanshe (人民文学出版社), 1959.

39 Halldór Laxness o.fl., *Sikandinauveiya zuojia duanpian xiaoshuo xuan* 《斯堪的纳维亚短篇小说选》, þýð. Guo Shuke og Tian Yi, Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 1959, *non vidi*.

40 Á Skriðuklaustri lá ekki fyrir vitneskja um kínversku þýðinguna en forstöðumaður þess, Skúli Björn Gunnarsson, benti höfundi á að sagan *Feðgarnir* hefði sennilega verið þýdd úr þýsku, þar titluð *Der Sohn*.

41 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

Halldór Laxness hélt ásamt Auði Sveinsdóttur konu sinni í heim-sókn til Kína í lok árs 1957. *Atómstöðin* var þá nýkomin út á kínversku og dvöldust þau hjónin í landinu mestallan desembermánuð í boði Vináttusamtaka Kína við erlend ríki (CPAFFC).⁴² Auk gestgjafanna og Ye Junjian hittu þau meðal annarra íslenskan námsmann að nafni Skúli Magnússon.⁴³ Skúli nam fornkínversku við Beijing-háskóla og hefur sennilega verið fyrstur til að þýða beint úr kínversku á íslensku og birta á prenti en nánar verður vikið að því síðar.

Halldór var sérlega hrifinn af daóisma, sem hann kynntist ungur í *Daodejing* eins og áður segir, og þurfti að hafa örlítið fyrir því að fá að heimsækja hof daóista en kínverskir kommúnistar hafa eflaust frekar viljað sýna honum birtingarmyndir nútímaframfara. Í daóista-hof komst hann þó og var alsæll með heimsóknina þar sem hann fékk tækifæri til að ræða við aldraðan yfirprest. Taldi Halldór heim-sóknina annað tveggja „merkilegra ævintýra“ er hann hefði ratað í á för sinni í kringum hnöttinn en hitt var heimsókn hans og merkur bókarfundur á bókasafni mormóna í Utah.⁴⁴ Halldór hélt fyrirlestur um íslenskar bókmenntir hjá Kínverska rithöfundafélaginu í Beijing og skrifaði grein í tímarit þess, *Wenyibao* 《文艺报》, undir fyrir-sögninni *Eddas and Sagas*⁴⁵ 《冰岛的埃达和萨迦》.^{46 47}

Svo virðist sem gestgjöfunum hafi þótt nokkuð til íslenskra forn-bókmennta koma. Tæpu ári eftir heimsókn Halldórs til Beijing er kínversk þýðing á *Gunnlaugs sögu ormstungu*,⁴⁸ sem er tiltölulega stutt í samanburði við til dæmis *Njálu* eða *Laxdælu*, gefin út af Bók-menntaútgáfu alþýðunnar. Guo Shuke þýddi, líkast til úr rússnesku. Þýðingin er fertugasta smábókin í ritröð jafnt innlendra sem erlendra bókmennta frá fornöld til marxískra samtímamanna. Á bókar-kápunni er skýrt frá því að nú á tímum hinnar pólitísku herferðar

42 „Kína og Indlandsdvöl Halldórs Laxness mun nú vera lokið“, *Þjóðviljinn*, 12. febrúar 1958, bls. 3 og 12.

43 Auður Sveinsdóttir Laxness, „Úr Kínadagbók“, *Melkorka*, 1958, bls. 4–7, hér bls. 7.

44 Halldór Laxness „Þessi hlutur – eða tónlist af strengjum“, *Tímarit Máls og menningar*, 1/1958, bls. 11–18, hér bls. 14–18.

45 „Kína og Indlandsdvöl Halldórs Laxness mun nú vera lokið“, *Þjóðviljinn*, 12. febrúar 1958, bls. 3 og 12.

46 Shi Qin'e (石琴娥), „冰岛文学在中国“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

47 Halldór Laxness, „Bingdao de Aida he Sajia“ 《冰岛的埃达和萨迦》, þýð. Huang Xingyin (黄星垠), *Wenyibao* 《文艺报》, 1958, *non vidi*.

48 Höfundur óþekktur, *Gonglaoge yinxiong chuanshuo* 《贡劳格英雄传说》, þýð. Guo Shuke, Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 1958.

„Stóra stökksins“⁴⁹ sé tími af skornum skammti og því séu þessar stuttu bækur, sem megi bera á sér og lesa í frítíma, gefnar út. Við lesturinn sé ekki aðeins hægt að öðlast þekkingu á heimsbókmenntum heldur einnig þekkingu á möguleikum lífsins. Þýðandi ritar í formála að fornsögur Íslands séu hluti af dýrmætum menningararfi landsins og standi framarlega á meðal evrópskra bókmennta.⁵⁰

Haustið 1959 var fræðirit Einaris Ólafs Sveinssonar, *Sturlungaöld: drög um íslenska menningu á þrettánda öld*,⁵¹ þýtt úr ensku og gefið út af Menntamálaútgáfu Shanghai.⁵² Brot úr íslenskum fornþókmenntum er einnig að finna í kínverskri þýðingu *Scandinavian Legends and Folk-tales*⁵³ eftir velska fræðimanninn Gwyn Jones⁵⁴ sem gefin var út af Bókmenntaforlagi Shanghai 1960. Gwyn valdi meðal annars hluta af *Grettis sögu* þegar Grettir glímir við drauginn Glám og hluta nokkurra þátta⁵⁵ úr *Flateyjarbók* í þjóðsagnasafnið.

Eftir að slitnaði upp úr nánnum tengslum Kínverja við Rússa 1960 var Halldór Laxness ekki þýddur frekar á meginlandi Kína fyrr en á níunda áratugnum. Raunar virðist lítið hafa gerst í útgáfu íslenskra þýðinga í Kína næstu árin ef frá er talið smásagnasafn⁵⁶ með sex sögum eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson sem kom út á kínversku 1962 hjá Útgáfufélagi rithöfunda í Beijing.⁵⁷ Ólafur var ásamt Hannesi Sigfús-syni í hópi íslenskrar sendinefndar Kínversk-íslenska menningarfélagsins (KÍM) sem heimsótti Kína haustið 1960.⁵⁸

49 „Stóra stökkið“ eða „Stóra stökkið fram á við“ (kínv. *Dayuejin*) var pólitísk herferð yfirvalda til að reyna að endurmóta stefnu Kína í iðnaði og landbúnaði og átti að margfalda framleiðslu landsins með vinnuafli bænda á samyrkjubúum en mistókst hrapallega.

50 *Gonglaoge yingxiong chuanhuo* 《功劳格英雄传说》, þýð. Guo Shuke, Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 1958, bls. 1. Eintak af bókinni er varðveitt á Landsbókasafni.

51 Einar Ólafur Sveinsson, *Sidelong shidai: shisan shiji Bingdao wenhua* 《斯德龙时代 十三世纪的冰岛文化》, þýð. Yang Lixin (楊立信), Shanghai: Shanghai jiaoyu chubanshe (上海教育出版社), 1959.

52 Shi Qin'e (石琴娥), „Íslenska menningin í Kína“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

53 Gwyn Jones, *Sikandinaweija minjian gushi* 《斯堪的納維亞民間故事》, þýð. Mei Shaowu (梅紹武), Shanghai: Shanghai wenxue chubanshe (上海文学出版社), 1960.

54 Gwyn Jones er kunnur fyrir rannsóknir og þýðingar á norrænum fornþókmenntum og var sæmdur riddarakrossi íslensku fálkaorðunnar 1963 og stórriddarakrossi fálkaorðunnar 1987.

55 Þorleifs þáttur jarlaskálds, Auðunar þáttur vestfirska, Þorsteins þáttur skelks og Nornagests þáttur.

56 Ólafur Jóhann Sigurðsson, *Xigudexun duanpian xiaoshuo* 《西古德遜短篇小说》, þýð. Guo Shuke og Guo Kailan (郭开兰), Beijing: Zuojia chubanshe, 1962.

57 Shi Qin'e (石琴娥), „Íslenska menningin í Kína“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

58 „Íslendingar til Kína“, *Þjóðviljinn*, 21. september 1960, bls. 10.

Námsmaðurinn Skúli Magnússon sneri heim frá Kína 1961 eftir fjögurra ára dvöl í Beijing. Tvær þýðingar hans á sögum eftir Lao She (老舍)⁵⁹ eru birtar í *Eimreiðinni* 1962 og í *Tímariti Máls og menningar* 1964. Skúli þýddi jafnframt valda kafla úr *Zhuangzi* 《莊子》,⁶⁰ einu þekktasta riti daóista, og var það gefið út af Menningarsjóði í Reykjavík 1969 undir titlinum *Vegurinn og dygðin*. Þetta er eina íslenska þýðingin sem unnin hefur verið úr *Zhuangzi* og sennilega fyrsta bókin sem þýdd er beint úr kínversku. Þýðing heimspekirtsins er ákveðin undantekning frá þeim kínversku raunsæis- og byltingar-bókmenntum sem annars komu út á þessu tímabili.

Önnur lítil undantekning er kínversk myndasaga sem Ólafur Ólafsson Kínatrúboði þýddi og birt var mánaðarlega í hlutum í kristilega barnablaðinu *Ljósberanum*⁶¹ 1952–1953 og kom síðan út á bókarmyndformi undir titlinum *Ging Lin*.⁶² Myndasagan fjallar um kynni fátækrar bátafjölskyldu af kristniboða og kraftaverkalækningum. Eins og Skúli var Ólafur vel kínverskumælandi eftir samtals fjórtán ára starfsdvöl í Kína.

Nokkuð var birt af kínverskum smásögum í íslenskum tímaritum jafnaðarmanna. Að minnsta kosti ein þeirra var þýdd úr esperantó og birt í pólitíska kvennaritinu *Melkorku*⁶³ í nóvember 1955 í þýðingu Kristófers Grímssonar. Þóra Vigfúsdóttir þýddi kínverskt ævintýri sem birt var í desemberblaði *Melkorku*⁶⁴ 1959 og í sama tölu- blaði birtust einnig þýðingar Halldóru B. Björnsson á nokkrum forn- ljóðum úr *Shijing* (詩經). Lítið var um þýðingar á kvenkyns höf- undum á þessu tímabili en þó kom sagan *Brennandi æska* 《青春之歌》⁶⁵ eftir Yang Mo (楊沫) í þýðingu Þóru Vigfúsdóttur út hjá Heimskringlu 1966. Þetta er dæmigerð byltingarsaga um ungt fólk sem brennur af ástríðu í baráttu fyrir breyttu samfélagi.

59 Lao She, „Nágrannarnir“ 《邻居们》, Skúli Magnússon, *Eimreiðin* 3. hefti 1962, bls. 237–248. Lao She, „Hálfmáninn“ 《月牙儿》, Skúli Magnússon, *Tímarit Máls og menningar* 4. tbl. 1964, bls. 361–385.

60 Höf. óþekktur, *Vegurinn og dygðin* 《莊子》, Skúli Magnússon, Reykjavík: Menningarsjóður, 1969.

61 Höf. óþekktur, „Ging Lin“ (fyrsti hluti), Ólafur Ólafsson, *Ljósberinn* 7. tbl. 1952, bls. 85.

62 Höf. óþekktur, *Ging Lin: myndasaga frá Kína*, Ólafur Ólafsson, Reykjavík: Lilja, 1953.

63 Cin Gau-jang, „Það barst með blænum“, Kristófer Grímsson, *Melkorka* 3. tbl. 1955, bls. 86–90. (Ath. að nafn höfundar er í esperantó-umritun, væri mögulega Jin Gaoyang eða Qin Gaoyang í pinyin-umritun.)

64 Höf. óþekktur, „Áklæðið fagra“, Þóra Vigfúsdóttir, *Melkorka* 3. tbl. 1959, bls. 89–92.

65 Yang Mo, *Brennandi æska*, Þóra Vigfúsdóttir, Reykjavík: Heimskringla, 1966.

Brynjólfur Bjarnason, um árabil einn helsti leiðtogi íslenskra kommúnista, þingmaður og ráðherra, þýddi ásamt fleirum ritgerðir⁶⁶ Maos Zedongs. Brynjólfur þýddi einnig úr ensku *Rauða kverið* 《毛主席语录》⁶⁷ með tilvitnunum í ræður Maos sem kom út á íslensku 1967. Á þessum árum voru yfirvöld Alþýðulýðveldisins Kína enn að berjast fyrir viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á stöðu sinni sem ríkjandi stjórn landsins og fyrir myndun stjórnmalasambands við önnur ríki. Ísland var ekki í stjórnmalasambandi við Kína fyrir byltingu kommúnista 1949 enda utanríkisþjónustan umsvifalítil á þeim árum og áhrif Bandaríkjamanna hérlandis talsverð. Staðan hélst óbreytt um árabil en eftir stjórnarskiptin sem urðu hér á landi í júlí 1971 kvað við nýjan tón.

Í stefnuyfirlýsingu hinnar nýju ríkisstjórnar Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Samtaka frjálslyndra og vinstrimanna kom fram stuðningur við málstað Alþýðulýðveldisins Kína sem fulltrúa Kína innan Sameinuðu þjóðanna í stað útlagastjórnarinnar í Taívan.⁶⁸ Stjórnmalasamband við Alþýðulýðveldið Kína var síðan tekið upp í desember 1971. Aðeins þremur mánuðum síðar, í mars 1972, var skáldsagan *Sjálfstætt fólk*⁶⁹ eftir Halldór Laxness gefin út á kínversku í Taívan. Tímasetningin er athyglisverð og undirstrikar pólitíska stefnumótun í vali á bókmenntum til þýðinga á tímum kalda stríðsins.

Við stjórnarskiptin á Íslandi rofaði til í útgáfu fjölbreyttari bókmennta og efnt var til endurútgáfu *Bókarinnar um veginn*⁷⁰ í fyrsta sinn í hálfa öld og nokkru síðar kom út úrval kínverskra ljóða⁷¹ í þýðingu Helga Hálfðanarsonar. Enn voru þó nokkrir sem héldu sínu striki í útgáfu byltingarbókmennta, meðal annars voru ljóð⁷² Maos formanns þýdd og gefin út á íslensku 1977 í kjölfar andláts hans. Sú

66 Mao Tse-tung, *Ritgerðir*, Ásgeir Blöndal, Brynjólfur Bjarnason og Gísli Ásmundsson þýddu, Reykjavík: Heimskringla, 1959–1970.

67 Mao Tse-tung, *Rauða kverið*, Brynjólfur Bjarnason, Reykjavík: Heimskringla, 1967.

68 *Alþingistíðindi* 1971–1972, 92. löggjafarþing B. Umræður: dalkur 2095.

69 Halldór Laxness, *Duli zhi zi* 《獨立之子》, þýð. Song Shuliang (宋樹涼), Taipei: Yuanjing chuban shiye gongsi (遠景出版事業公司), mars 1972.

70 Lao-tse, *Bókin um veginn*, Jakob Jóh. Smári og Yngvi Jóhannesson þýddu, formáli Halldór Laxness, Reykjavík: Stafafell, 1971.

71 *Kínversk ljóð frá liðnum öldum*, Helgi Hálfðanarson, Heimskringla: Reykjavík, 1973.

72 Mao Tse-tung, *Gangan mikla: Ljóð Maos Tsetúngs*, þýð. Guðmundur Sæmundsson, formáli Arnþór Helgason, Reykjavík: Prentúsið: Guðmundur Sæmundsson, 1977.

útgáfa markar enda þessa tímabils, þegar bókmenntir beintengdar stuðningi við málstað kínverskra kommúnista hættu að koma út.

3. Tímabil jafnvægis og aukinna samskipta

Loks tekur við þriðja og síðasta tímabilið sem hér verður rakið og hófst í kjölfar opnunarstefnu Kína 1978 en hún markar tímamót í efnahagsþróun landsins. Áhugi á erlendri menningu vaknaði á ný og sett var á fót Stofnun erlendra bókmennta við Fræðastofnun félagsvísinda í Kína (中国社会科学院). Innan stofnunarinnar var agnarlítill deild sem fékkst við norrænar bókmenntir og færðust þýðingar og útgáfur á kínversku í aukana.⁷³ Smásagnasafn⁷⁴ með sögum eftir Halldór Stefánsson, Guðmund Gíslason Hagalín, Jakobínu Sigurðardóttur, Svövu Jakobsdóttur og Ólaf Hauk Símonarson var gefið út í Shanghai 1985. Skáldsögurnar *Sjálfstætt fólk*⁷⁵ og *Salka Valka*⁷⁶ eftir Halldór Laxness voru einnig þýddar og gefnar út í Kína og eru auk eldri þýðinga á verkum hans varðveittar á Landsbókasafni og Gljúfra- steini. Sömuleiðis voru þýdd fornfræg verk eins og *Njála*⁷⁷ 1983 og síðar eddukvæði (eða *Sæmundar-Edda*)⁷⁸ og úrval Íslendingasagna⁷⁹ sem komu út árið 2000.

Úrval Íslendingasagnanna var gefið út í tveim bindum hjá Bóka- forlagi verslunarmanna í Beijing. Það inniheldur Vínlandssögurnar, þ.e. *Grænlandinga sögu* og *Eiríks sögu rauða*, ásamt *Laxdælu* í þýðingu Shi Qin'e (石琴娥), *Vatnsdælasögu* í þýðingu Jin Bing (金冰), *Njálu* í

73 Shi Qin'e (石琴娥), „Íslenska bókmenntir í Kína“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

74 Halldór Stefánsson, Guðmundur G. Hagalín, Jakobína Sigurðardóttir, Svava Jakobsdóttir, Ólafur H. Símonarson, *Dangdai Bei'ou duanpian xiaoshuoji* 《当代北欧短篇小说集》, þýð. Shi Qin'e (石琴娥) og Si Wen (斯文), Shanghai: Shanghai yiwén chubanshe (上海译文出版社), 1985.

75 Halldór Laxness, *Duli de renmen* 《独立的人们》, þýð. Xue Hongshi (薛鸿时) og Hua Xuan (华萱), Shanghai: Shanghai wenyi chubanshe (上海文艺出版社), 1983.

76 Halldór Laxness, *Bingdao guniang* 《冰岛姑娘》, þýð. Shuang Bi (双璧) og Pu Lin (浦兰), Changsha: Hunan renmin chubanshe (湖南人民出版社), 1985. *Salka Valka* er aftur þýdd og gefin út árið 2002: Halldór Laxness, *Saerka Waerka* 《萨儿卡·瓦尔卡》, þýð. Zhang Fusheng (张福生), Guilin: Lijiang chubanshe (漓江出版社), 2002.

77 Höf. óþekktur, *Niya'er chuanshuo* 《尼亚尔传说》, þýð. Hou Huanhong (侯焕阏), Shanghai: Shanghai yiwén chubanshe (上海译文出版社), 1983, *non vidi*.

78 Höf. óþekktir, *Aida* 《埃达》, þýð. Shi Qin'e og Si Wen, Nanjing: Yilin chubanshe (译林出版社), 2000.

79 Höf. óþekktir, *Sajia xuanji* 《萨迦选集》, þýð. Shi Qin'e, Zhou Jingxing (周景兴), Jin Bing (金冰), Lin Hua (林桦), Chen Wenrong (陈文荣), Beijing: Shangwu yinshuguan (商务印书馆), 2000.

þýðingu Zhou Jingxin (周景兴), *Gunnlaugs sögu ormstungu* í þýðingu Chen Wenrong (陈文荣) og *Egils sögu* í þýðingu Lin Hua (林桦). Þýðendurnir Shi Qin'e og Lin Hua eru þekktir fyrir framlag sitt til kynningar á norrænum bókmenntum. Shi Qin'e hefur skrifað bækur um sögu norrænna bókmennta og þýtt margt úr sænsku og dönsku. Lin Hua tók á sínum tíma að sér opnun kínverska sendiráðsins á Íslandi 1972 og starfaði svo um árabíl í kínverska sendiráðinu í Kaupmannahöfn.

Kínversk þýðing á *Hávamálum*⁸⁰ eddukvæða var gefin út á Íslandi 1996 í þýðingu Vigdísar Wang Chao Bóasson (王超) sem þýddi beint úr íslensku með ráðgjöf Emils Bóassonar. Þýðingin var unnin með kínverskum bragarhætti frá Tang-tímabilinu á 7.–10. öld. Kínverska ljóðskáldið Zheng Chouyu (郑愁予), sem einnig var prófessor í kínverskum bókmenntum við Yale-háskóla, las yfir og veitti góð ráð auk þess að rita formála bókarinnar.

Nútímalegri ljóðapýðingar litu dagsins ljós þegar íslenska sendiráðið í Kína, sem opnað var 1995, styrkti útgáfu ljóðasafns undir titlinum *Tíminn og vatnið*.⁸¹ Í þessari sýnisbók íslenskrar nútímaljóðlistar þýddi Dong Jiping (董继平) 226 ljóð eftir 37 íslenska höfunda í samvinnu við Sigurð A. Magnússon rithöfund, sem áður hafði þýtt ljóðin á ensku. Á meðal höfunda eru Steinn Steinarr, Jón úr Vör, Einar Bragi og einnig seinni tíma skáld, svo sem Nína Björk Árnadóttir, Ólafur Haukur Símonarson og Kristín Ómarsdóttir.⁸²

Bókmenntafræðingurinn sænskumælandi Shi Qin'e, sem þýddi eddukvæði ásamt Si Wen (斯文) og hluta Íslendingasagnanna, ritaði grein um íslenskar bókmenntir í tímaritið *Wenyibao* árið 2014. Í blaðagrein sinni telur hún að þegar hafi yfir 70 íslenskir höfundar verið þýddir á kínversku.⁸³ Auk höfunda sem áður hafa verið nefndir má nefna Andra Snæ Magnason, Gyrði Elíasson, Sjón, Arnald Indriðason, Jón Kalman Stefánsson, Fríðu Á. Sigurðardóttur og Einar Má Guðmundsson, en skáldsögur tveggja síðastnefndu höfundanna

80 Höf. óþekktir, *Haikou shijing* 《海寇詩經》, þýð. Vigdís Wang Chao Bóasson (王超), Reykjavík: Oslo; Göteborg: Gudrun, 1996.

81 Steinn Steinarr o.fl., *Time and the Water: Postwar Poetry of Iceland - Shijian yu shui: zhanbou Bingdao shixuan* 《时间与水:战后冰岛诗选》, þýð. Dong Jiping (董继平), Dunhuang: Dunhuang wenyi chubanshe (敦煌文艺出版社), 1998.

82 Shi Qin'e (石琴娥), „Island literature in China“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

83 Shi Qin'e (石琴娥), „Island literature in China“ („Íslenskar bókmenntir í Kína“).

voru þýddar beint úr íslensku af Zhang Xinyu (张欣彧), M.A. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands, einnig þekktur undir íslenska nafninu Halldór.

Halldór þýddi *Hundadaga* 《酷暑天》⁸⁴ sem útleiggst á kínversku „Sjódheittir dagar“ eftir Einar Mát Guðmundsson en sú bók kom út í Beijing 2017. Næst þýddi hann skáldsöguna *Á meðan nóttin líður* 《夜逝之时》,⁸⁵ þar sem merking kínverska titilsins helst óbreytt, eftir Friðu Á. Sigurðardóttur gefin út í Beijing 2019. Þá tók hann saman og þýddi að mestu, auk þátttöku Xu Dong (徐冬), smásagnasafn íslenskra höfunda sem birt var í sérblaði⁸⁶ bókmenntatímaritsins *Shijie Wenxue* 《世界文学》. Sögurnar eru *Forstofan* 《门厅》 eftir Braga Ólafsson, *Vængmaður* 《翼人》 eftir Gyrði Elíasson, *Alheimurinn og dimmur flauelskjóll* 《宇宙与黯淡的天鹅绒裙》 eftir Jón Kalman Stefánsson, *Þrjár hurðir* 《三道门》 eftir Kristínu Eiríksdóttur, *Kona og kind* 《女人与羊》 eftir Steinunni Sigurðardóttur og *Fyrnist yfir allt* 《一切归乎遗忘》 eftir Svövu Jakobsdóttur. Von er á fleiri þýðingum íslenskra verka frá Halldóri, þar af nokkrum sem komnar eru í útgáfuferli er þetta er ritað.

Tvær bækur Andra Snæs Magnasonar, *Blái hnötturinn* 《蓝色星球》^{87 88} og *Tímakistan* 《光阴之盒》,^{89 90} hafa verið þýddar og gefnar út bæði á meginlandi Kína og á Taívan. Þýðing Liu Qingyan (劉清彦) á *Bláa hnettinum* hlaut fyrsta sæti Lesendaverðlauna barna 2019, sem

84 Einar Mát Guðmundsson, *Ku shu tian* 《酷暑天》, þýð. Zhang Xinyu (张欣彧), Beijing: Renmin wenxue chubanshe, 2017.

85 Friða Á. Sigurðardóttir, *Ye shi zhi shi* 《夜逝之时》, þýð. Zhang Xinyu, Beijing: Zhongguo guoji guangbo chubanshe (中国国际广播出版社), 2019.

86 *Bingdao wenxue xiaoji* 《冰岛文学小辑》, sérblað um íslenskar bókmenntir í bókmenntaritinu *Shijie Wenxue* 《世界文学》 (ísl. *Heimabókmenntir*), 6/2018, bls. 5–128, *non vidit*.

87 Andri Snær Magnason, *Lanse xingqiu* 《蓝色星球》, þýð. Guo Yixuan (郭怡萱), Beijing: Beijing kexue jishu chubanshe (北京科学技术出版社), 2009.

88 Andri Snær Magnason, *Lanse xingxing de haizi guo* 《蓝色星星的孩子國》, þýð. Liu Qingyan (劉清彦), Taipei: Xiao tianxia (小天下), 2014. Ath. þessi þýðing var svo gefin út á meginlandi Kína árið 2018, í Guizhou af Guizhou renmin chubanshe (贵州人民出版社), undir sama titli en með einfölduðum kínverskum táknum meginlandsins, og sú útgáfa hlaut lesendaverðlaunin sem hér er greint frá.

89 Andri Snær Magnason, *Guangyin zhi be* 《光阴之盒》, þýð. Chen Jingyan (陳靜妍), Taipei: Dongfang chubanshe (東方出版社), 2017.

90 Andri Snær Magnason, *Guangyin zhi be* 《光阴之盒》, þýð. Wang Shuhui (王书慧), Nanning: Beijing: Jieli chubanshe (接力出版社), 2018.

kosið er um í Kína ár hvert, með yfir 50 þúsund atkvæðum lesenda.⁹¹

Haustið 2008 hófst íslenskukennsla í Beijing-háskóla erlendra fræða. Greinarformaður íslenskudeildarinnar, Wang Shuhui (王书慧), þýddi *Skugga-Baldur* eftir Sjón úr íslensku og kom hún út hjá Yilin-bókaútgáfunni 2014 undir titlinum 《蓝狐》 eða „Blár refur.“ Wang Shuhui þýddi einnig *Tímakistuna* eftir Andra Snæ sem kom út hjá Jieli-bókaforlaginu í Kína 2018. Nemendur í íslenskudeild Beijing-háskóla erlendra fræða þýddu sömuleiðis úr íslensku dagbók⁹² Jóhannesar úr Kötlum, um ferð fyrstu íslensku sendinefndarinnar er hélt til Kína árið 1952 og varð undanfari Kínversk-íslenska menningarfélagsins. Tvímála útgáfa bókarinnar kom út 2013.

Á Íslandi hófst einnig blómaskeið þýðinga á kínverskum bókmenntum og þýðingum beint úr frummálinu fór fjölgandi. Ber þar helst að nefna þýðingar Ragnars Baldurssonar á *Speki Konfúsíusar* 《论语》⁹³ og bókinni áður nefndu, *Ferlinu og dygðinni* 《道德经》,⁹⁴ og þýðingar Hjörleifs Sveinbjörnssonar á sýnisbók kínverskra bókmennta sem gefin var út undir titlinum *Apakóngur á Silkeveginum*.⁹⁵ Í *Apakóngi* Hjörleifs er að finna brot úr þekktustu bókmenntum Kínverja. Þar eru hlutar af *Þríríkjasögu* 《三国演义》, *Fenjasögu* 《水浒传》, *Vesturferðinni* 《西游记》, *Hinni lærðu stétt* 《儒林外史》, *Drauminum um rauða herbergið* 《红楼梦》, smásagan *Sápa* 《肥皂》 eftir Lu Xun og kafla úr skáldsögunni *Luotuo xiangzi* 《骆驼祥子》 eftir Lao She.

Ragnar og Hjörleifur lærðu báðir kínversku í Beijing á síðari hluta áttunda áratugarins þegar kínverskir ráðamenn kepptu um völdin eftir fráfall Maos. Ragnar sneri sér að kínverskri heimspeki en Hjörleifur að kínverskum bókmenntum. Austur-Asíufræðingurinn Jón Egill Eypórsson hefur einnig fengist við þýðingar úr fornkínversku og meðal annars þýtt ljóð eftir Wang Wei (王维), eitt af höfuðskáldum

91 Andri Snær Magnason, *The Story of the Blue Planet chosen best children's book in China*, 11. febrúar 2020: <https://www.andrimagnason.com/news/2020/02/the-story-of-the-blue-planet-chosen-best-childrens-book-in-china/> [sótt 3. júlí 2020].

92 Jóhannes úr Kötlum, *Fyrsta íslenska sendinefndin í Alþýðuljóveldinu Kína: Dagbók og ljóð Jóhannesar úr Kötlum* 《首个冰岛代表团访问新中国纪实》, þýð. íslenskunemar Beijing-háskóla erlendra fræða, Beijing: Shijie tushu chuban gongsi (世界图书出版公司), 2013.

93 Höf. óþekktur, *Speki Konfúsíusar*, Ragnar Baldursson, Reykjavík: Íðunn, 1989. Bókin hefur tvisvar verið endurútgefin af bókaútgáfunni Þjaxi 2006 og síðan Ritskinnu 2012.

94 Laozi, *Ferlið og dygðin*, Ragnar Baldursson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.

95 *Apakóngur á Silkeveginum*, Hjörleifur Sveinbjörnsson tók saman og þýddi, Reykjavík: JPV, 2008.

Tang-tímabilsins, og voru tvö þeirra birt í tímaritinu *Milli mála*⁹⁶ haustið 2018.

Nýleg viðbót verka sem þýdd hafa verið beint úr fornkínversku er *Hernaðarlist meistara Sun* 《孙子兵法》⁹⁷ í þýðingu Geirs Sigurðssonar, prófessors í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands. Ritið er tvímála útgáfa gefin út af Háskólaútgáfunni og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum síðla árs 2019. *Hernaðarlistin*, sem margir þekkja eflaust undir enska titlinum *The Art of War*, er talin vera frá því um 5. öld fyrir okkar tímatal og er á meðal kunnustu fornrita Kínverja.

Tekið er að þýða kínverska kvenhöfunda í auknum mæli, má þar nefna þýðingu Hjörleifs Sveinbjörnssonar á metsölubókinni *Villtum svönum*⁹⁸ eftir Jung Chang (张戎), gefin út 1994,⁹⁹ þýðingu Helgu Þórarinsdóttur á bókinni *Dætur Kína*¹⁰⁰ eftir Xinran (薛欣然) frá 2003 og þýðingu Ingunnar Snædal á *Einu sinni var í austri*¹⁰¹ eftir Xiaolu Guo (郭小橰) gefin út 2017. Bækurnar þrjár fjalla um átakanlegar aðstæður kvenna í Kína og byggjast á upplifunum höfundanna sjálfra. Þær voru fyrst gefnar út í Englandi og bæði *Villtir svanir* og *Einu sinni var í austri* voru samdar á ensku. Bækurnar hafa ekki verið gefnar út í Kína þar sem yfirvöld sníða höfundum býsna þröngan stakk. Sögur kvennanna minna sterklega á kínverskar áfallabókmenntir (kínv. *shangben wenxue*) sem komu út skömmu eftir andlát Maos og röktu raunir fólks á tímum menningarbyltingarinnar enda skarast söguvið kvenhöfundanna og þess tímabils.¹⁰²

Fyrsta nóbelskáld Kínverja, Mo Yan (莫言),¹⁰³ er einnig þekktur fyrir lýsingar á pólitískum og samfélagslegum breytingum í Kína frá

96 Jón Egill Eyþórsson, „Um Wang Wei“ ásamt ljóðaþýðingum, *Milli mála* 2018, bls. 129–133.

97 Sunzi, *Hernaðarlist meistara Sun*, Geir Sigurðsson, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum: Háskólaútgáfan, 2019.

98 Jung Chang, *Villtir svanir: þrjár dætur Kína*, Hjörleifur Sveinbjörnsson, Reykjavík: Mál og menning, 1994.

99 Jung Chang og Jon Halliday eru höfundar bókarinnar *Mao: The Unknown Story* sem kom út í íslenskri þýðingu Ólafs Teits Guðnasonar undir heitinu *Maó: Sagan sem aldrei var sögð* hjá JPV árið 2007, rétt er að geta þýðingarinnar þótt bókin sé ekki einungis eftir kínverskan höfund.

100 Xinran, *Dætur Kína: bældar raddir*, Helga Þórarinsdóttir, Reykjavík: JPV, 2003.

101 Xiaolu Guo, *Einu sinni var í austri: upptaxtarsaga*, Ingunn Snædal, Reykjavík: Angústúra, 2017.

102 Önnur bók eftir Xinran, *Hinnaför* (e. *Sky burial*), var þýdd á íslensku af Önnu Maríu Hilmarisdóttur og gefin út 2004 og einnig bókin *Hnitmiðuð kínversk-íslensk orðabók fyrir elskendur* (e. *A Concise Chinese-English Dictionary for Lovers*) eftir Xiaolu Guo í þýðingu Ingunnar Snædal, gefin út 2020.

103 Mo Yan er höfundarnafn Guan Moye (管谟业) og merkir „ekki tala“.

sjónarhorni hins almenna borgara. Sum af verkum hans hafa verið bönnuð í Kína en með því að sveipa hráar sögur af fortíðinni töfra-raunsæi hefur hann fetað sig áfram á mörkum ritskoðunar. Tvær sögur eftir hann hafa verið þýddar á íslensku en þó er ekki um frumþýðingar að ræða. Nóvellan *Umskipti* 《变》¹⁰⁴ var þýdd af Böðvari Guðmundssyni 2013 og er skrifuð í formi endurminninga höfundarins. Smásagan *Töfralækningin* 《灵药》, í þýðingu Lárusar Jóns Guðmundssonar og gátuð af Halldóri Xinyu Zhang, birtist í safnritinu *Smásögur heimsins: Asía og Eyjaálfa*¹⁰⁵ sem kom út 2018. Nóbels-skáld Íslands og Kína hafa því bæði verið þýdd og gefin út á íslensku og kínversku en gaman væri að sjá þýðingar á lengri verkum Mo Yan.

4. Niðurlag

Hér hafa þýðingum íslenskra og kínverskra bókmennta verið gerð skil og skipt niður í þrjú tímabil sem endurspegla stig og tíðni samskipta á milli Íslands og Kína. Fyrstu þýðingarnar, örfáar, eru gerðar á fyrri hluta 20. aldar ýmist undir áhrifum guðspeki, kristniboðs eða raunsæisstefnunnar í bókmenntum á miklu umbreytingaskeiði í Kína.

Næst tekur við tímabil sósíalískra hugsjóna kalda stríðsins sem mótast annars vegar af áhuga íslenskra sósíalista á hinu nýja „rauða“ Kína og hins vegar af utan- og innanríkismálum Kínverja. Tíma-setningar þýðinganna kallast á við pólitíska atburði eins og glöggst má sjá á þýðingum verka Halldórs Laxness bæði þegar hætt er að þýða verk hans vegna ósættis Kínverja og Rússa 1960 og eins þegar þýðing á *Sjálfstæðu fólki* kom út í Taívan 1972, líklega sem viðleitni til að aftra myndun stjórnmalasambands Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína þótt of seint yrði. Takturinn og efnistöð við þýðingar á kínverskum bókmenntum breyttist eftir að stjórnarskipti urðu á Íslandi í júlí 1971. Áherslan var ekki lengur bundin við samtíma raunsæis- og byltingarbókmenntir Kínverja sem þó héldu áfram að koma út fram yfir andlát Maos.

Þriðja tímabilið endurspeglar ákveðið pólitískt jafnvægi og aukin samskipti í samræmi við opnunarstefnu Kínverja. Fjölbreyttari raddir

¹⁰⁴ Mo Yan, *Umskipti*, Böðvar Guðmundsson, Akranes: Uppheimar, 2013.

¹⁰⁵ *Smásögur heimsins: Asía og Eyjaálfa*, Rúnar Helgi Vignisson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Jón Karl Helgason ritskýrðu, Reykjavík: Bjartur, 2018.

heyrast nú en áður þegar tekið er að þýða bæði íslenska og kínverska kvenhöfunda samtímans. Eftir því sem samskipti þjóðanna aukast, íslenskt sendiráð var opnað í Kína og fleiri Íslendingar og Kínverjar ná tökum á tungumáli hvorra annarra, fer þýðingum beint úr frummálinu fjölgandi, jafnt á fornfrægum verkum sem nútímabókmenntum.

ÚTDRÁTTUR

Gluggi í austurátt: þýðingasaga íslenskra og kínverskra bókmennta

Í þýðingum íslenskra og kínverskra bókmennta kennir ýmissa grasa þótt beinar þýðingar á milli tungumálanna hafi lengst af verið fátíðar. Þjóðirnar státa báðar af ríkulegum bókmenntaarfi en val á verkum til þýðinga hefur að miklu leyti mótast af samfélagsaðstæðum og pólitísku andrúmslofti hvers tíma. Í þessari samantekt þýðinga er leitast við að skýra val á verkum og setja í sögulegt samhengi. Bókmenntaþýðingum á milli íslensku og kínversku má skipta niður í eftirfarandi þrjú tímabil:

1. Tímabil fyrstu skrefa, frá útgáfu fyrstu þýðingarinnar 1921 og fram til 1937.
2. Tímabil sósíalíks eldmóðs, frá stofnun Alþýðulýðveldis Kína 1949 og fram til 1977.
3. Tímabil jafnvægis og vaxandi samskipta, frá 1978 og fram til okkar daga.

Árið 2021 verða hundrað ár liðin frá útgáfu fyrstu þýðingar kínversks rits á íslensku. Það var þýðing heimspekiritsins *Daodejing* 《道德经》, eignað Laozi, sem fyrst var þýtt og gefið út hérlendis undir titlinum *Bókin um veginn*. Síðan þá hafa bæst við þýðingar fjölmargra kínverskra verka og frumþýðingar úr bæði fornkínversku og nútímakínversku hafa litið dagsins ljós. Jafnframt hefur mikið af íslenskum bókmenntum verið þýtt á kínversku. Fyrsta íslenska verkið sem þýtt var á kínversku er útgáfa með völdum versum *Passíusálmanna*, eftir Hallgrím Pétursson, sem kom út 1928 og hlaut á kínversku titilinn *Shijiakefeng* 《詩家可風》. Alls hafa verk yfir 70 íslenskra höfunda verið þýdd og gefin út í Kína, allt frá íslenskum fornbókmenntum á borð við eddukvæðin og Íslendingasögur til ljóða og bókmennta samtímaskálda.

Lykilorð: þýðingasaga, þýðingar, bókmenntir, kínverska, Kína

ABSTRACT

A Window to the East: The translation history of Icelandic and Chinese literature

There are many interesting findings in the translation history of Icelandic and Chinese literature although direct translations between the two languages were rare for a long time. Both nations are known for their rich literary heritage and the choice of literary works for translations has largely been influenced by social circumstances and the political atmosphere of each period. In this overview of translations these editorial choices will be reviewed and explained with historical context. Literary translations between Icelandic and Chinese can be divided into three time periods:

1. The first steps, from the first published translation in 1921 until 1937.
2. The socialists' enthusiasm, from the founding of the People's Republic of China in 1949 until 1977.
3. Time of balance and increased communications, from 1978 up till now.

In 2021 a hundred years have passed since the first publishing of a Chinese literary work in Icelandic. The famed philosophical texts of *Daodejing* 《道德经》, attributed to Laozi, were the first to be translated and published in Iceland, with the Icelandic title *Bókin um veginn*. Since then a lot of Chinese literature has been translated into Icelandic and direct translations from both ancient and modern Chinese have been published. Likewise, a great deal of Icelandic literature has been translated into Chinese. The first literary work to be translated into Chinese comprised a selection of poems from *The Passion Hymns* by Hallgrímur Pétursson, published in 1928 under the title *Shijiakefeng* 《詩家可風》. Altogether, works by more than 70 Icelan-

dic authors have been translated and published in China, varying from Icelandic Old Norse literature, such as the eddaic poems and the sagas, to the poetry and literature of modern-day writers.

Keywords: translation history, translations, literature, Chinese, China

ANGELA RAWLINGS, LARA W. HOFFMANN,
RANDI W. STEBBINS

Multilingual Writing in Iceland The Reception of Ós Pressan and its Members Nationally and Internationally

1. Introduction

Ós Pressan is an Icelandic literary collective and small publisher founded and run by women, mostly women of foreign origin. By spring 2020, Ós had published four issues of the multilingual publication Ós - The Journal. Ós has a rather traditional nonprofit structure with a president, secretary, and treasurer all elected at the annual meeting. This structure, though, is imposed on Ós by the law in Iceland on constituting a nonprofit organization. The options were further limited by the realities around publishing a literary journal, meaning making contracts with authors, printers, suppliers, and distributors. In short, Ós Pressan needed to be an official entity here in order to meet its goals. But, that is on paper. In reality, Ós has a democratic structure. This structure and the realities of publishing and being published in Iceland are the focus of this article. We will touch on issues of gatekeeping, cultural or national identity, and migrant literature and multilingual literature as an eruptive and disruptive force in society. We use Ós Pressan and its membership as a case study and start with a discussion about Iceland's literary landscape, where Ós is located.

The Icelandic language community is relatively small. There are about 350,000 speakers of Icelandic. A number of studies have discussed that language ideologies in Iceland are characterized by the

notion of linguistic purism and that this approach is still a characteristic of language policies in Iceland today.¹ In her assessment of language policy in the context of globalization, multicultural and international education scholar Halla B. Hólmarsdóttir asserts that “Iceland’s language policy is not only a governmental policy, it is a policy that comes from the grassroots.... Icelanders are very proud of their language and are extremely determined to continually develop and preserve the language for future generations”.²

With projects such as Ós Pressan, immigrants in Iceland have the opportunity to publish their work in Iceland. These structures seem, however, to be understood as immigrant structures. This reality is mirrored in the discussions of Ós Pressan in the media which focus primarily on Ós Pressan as made by foreigners for foreigners, which is not necessarily the reality of Ós Pressan. The radical anomaly of multilingual literature⁶⁶ can be seen here as well. While Ós Pressan serves as an addition to the literary scene, the overall understanding of Icelandic literature as homogenous and extending a centuries-long tradition persists in contemporary society, media, and marketing. Societal focus on Ós Pressan's general structures as a foreign-origin non-profit initiative, as opposed to consideration of the press' literary material, limits the possibility to hear the actual narratives and voices of people on, about, or connected to Iceland in different ways.

66 Rossich, Albert, "An Overview of Literary Multilingualism".

In the context of literature, we, therefore, see similar developments to discussions about immigrants, where immigrants stated that they felt that they would mostly be invited to discussions etc. when immigrant issues were discussed, rather than being included in discussions on all kinds of different issues in the society in which they live.⁶⁷ Future studies could incorporate a comparative perspective in order to identify similarities and differences in the experiences of migrant writers in Iceland and in the other Nordic countries. Whether Ós Pressan has changed the traditional notion of Icelandic literature is questionable. The newspaper reports about Ós Pressan, particularly in Iceland, primarily employ an othering tone, which emphasizes Ós as being apart from the traditional Icelandic literary scene seems to indicate that ideas of Ós Pressan as the foreign group persist. The reinvention of the category of the mother language, as suggested by Yildiz,⁶⁸ and any reflection on the concept of Icelandic literature seems to be countered by emphasizing Ós members' length of stay in Iceland and their countries of origin, clearly categorizing them as foreigners in Iceland and Ós Pressan as a project for foreigners.

As studies in other countries have shown that artistic and literary projects can influence societal change in different ways,⁶⁹ it would be interesting to conduct additional qualitative research, e.g. among both Icelandic native speakers and immigrants in Iceland to investigate the effects that Ós Pressan has on their understanding of Icelandic literature and their relation to it in more detail. The activities of Ós Pressan to bring additional voices and, for example, publish work in Icelandic as a second language, might have long-term effects in perspectives on Icelandic as language that can also be spoken with an accent. The fact that Ós Pressan has in its fourth issue published pieces in Icelandic written by a non-native speaker might be seen as an indication in this direction.

Hélène Cixous wrote in *The Laugh of the Medusa*: "Censor the body and you censor breath and speech at the same time. Write yourself.

67 Skaptadóttir, Unnur Dís, Loftsdóttir, Kristín, *Konur af Erlendum Uppruna. Hvað Kreppir að?*

68 Yildiz, Yazemin, "Beyond the Mother tongue".

69 See Otte, Hanka, "Bonding or Bridging?" and Jeffery et al., "Creative Engagement with Migration", pp. 3–17. doi: 10.1386/cjmc.10.1.3_1.

Your body must be heard.”⁷⁰ For Ós, the body that others censor, the body that must be written and heard, is that of all who are kept out of Icelandic literature by the gatekeepers, artefacts of a patriarchal and traditional nationalistic understanding of what makes Icelandic literature Icelandic.

70 Cixous, Hélène, “The Laugh of the Medusa”, *Journal of Women in Culture and Society* 4/1976, pp. 875–894. https://www.jstor.org/stable/3173239?seq=5#metadata_info_tab_contents [accessed April 28, 2020], here p. 880.

ÚTDRÁTTUR

Skrifað á mörgum málum:
Viðtökur Ós Pressunnar og meðlima hennar
á Íslandi og erlendis

Ós Pressan varð til í íslensku bókmenntasenuinni árið 2015 í framhaldi fjöltyngdrar ritstofu sem Reykjavík – bókmenntaborg UNESCO og Borgarbókasafn Reykjavíkur stóðu fyrir. Ós Pressan gefur árlega út bókmenntatímarit sem innheldur verk eftir höfunda sem tengjast Íslandi á einn eða annan hátt og stendur fyrir vinnustofum, bókmenntaklúbbi og upplestrum með innlendum og erlendum höfundum. Í þessari ritgerð verður bókmenntafélagið, sem rekið er án ágóða, tekið sem dæmi um fjöltyngdar bókmenntir og fjallað um viðtökur þess í fjölmiðlum á Íslandi og erlendis. Við skoðum lýðræðisferlið að baki Ós Pressunni og viðtökur sem framtakið og meðlimir þess hafa fengið í fjölmiðlum og í útgáfu á Íslandi. Niðurstaða okkar er að þó að Ós Pressunni hafi verið vel tekið og sumir meðlima hennar hafi getað hafið feril í bókmenntageiranum, þá hafi íslenskir fjölmiðlar oft stimplað Ós Pressuna sem „hina“, þ.e.a.s. með því að leggja áherslu á erlendan uppruna meðlimanna og hversu lengi þeir dveldust á Íslandi. Þessi ímynd Ós pressunnar, að hún standi einhvern veginn utan við íslenskar bókmenntir en sé ekki hluti af þeim, sýnir eina ferðina enn þær áskoranir sem þeir höfundar, sem tala ekki íslensku sem fyrsta mál, mæta í bókmenntaheiminum á Íslandi.

Lykilorð: fjöltyngdar bókmenntir, innflytjendabókmenntir, frumkvöðlastörf án hagnaðar, lýðræði, útgáfugeirinn, útgáfufélag

ABSTRACT

**Multilingual Writing in Iceland:
The Reception of Ós Pressan and its Members
Nationally and Internationally**

Ós Pressan was born in the Icelandic literary landscape of 2015 as a continuation of a multilingual writing workshop sponsored by UNESCO Reykjavík City of Literature and the Reykjavík City Library. Ós Pressan prints an annual literary magazine that includes works from authors on, about or connected to Iceland and has organized workshops, a book club, and readings with visiting and local authors. This paper presents the literary collective and publishing nonprofit as an example of multilingual literature. We look at the democratic processes of running Ós Pressan and the reception of the initiative and its members in the Icelandic media and publishing industry and abroad. We conclude that, while Ós Pressan has been received positively and some of its members were able to launch their professional careers in literature, the Icelandic media often frame Ós Pressan as the other by, among other things, emphasizing the members' countries of origin and lengths of stay in Iceland. This image of Ós Pressan as apart from or not a part of Icelandic literature demonstrates once more the challenges authors who don't speak Icelandic as their first language face in the Icelandic literary landscape.

Keywords: Multilingual literature, migrant literature, non-profit initiatives, democracy, publishing industry, literary collective

REFERENCES

- Ahmed, Sarah, *Living a Feminist Life*, Durham: Duke University Press, 2017.
- Allen, Stuart, "Journalism and the Culture of Othering", *Brazilian Journalism Research*, 2/2010, doi: 10.25200/BJR.v10n2.2014.776.
- Beckett, Rex, "Polishing Iceland: The Reykjavík Ensemble Brings The Polish Experience To The Stage", *The Reykjavík Grapevine*, 2020, <https://grapevine.is/icelandic-culture/2020/03/09/polishing-iceland-the-reykjavik-ensemble-brings-the-polish-experience-to-the-stage> [accessed 28 April, 2020].
- Bishop, Claire, *Artificial Hells: Participatory Art and the Politics of Spectatorship*, London: Verso, 2012.
- Bjarnar, Jakob, "Þessi fá listamannalaun árið 2019", *Vísir*, 2020, <https://www.visir.is/g/2019190119758> [accessed April 29, 2020].
- Bjarnar, Jakob, Hilmarsdóttir, Sunna Kristín, "Þessi fá listamannalaun árið 2020", *Vísir*, 2020, <https://www.visir.is/g/2020200109135> [accessed April 29, 2020].
- Blatter, Joachim and Markus Haverland, "Relevance and Refinements of Case Studies", *Designing Case Studies*. Berlin: Springer, pp. 1–32, doi: 10.1057/9781137016669_1.
- Böker, Elisabeth, "The Incredible Success Story of Scandinavian Best Sellers on the German Book Market", *Scandinavian Studies*, 4/2019, pp. 582–589, <https://www.muse.jhu.edu/article/738251> [accessed April 29, 2020], here p. 586.
- Cova, Helen, 2020, *Personal Communication*, April 8–9.
- Cixous, Hélène, "The Laugh of the Medusa", *Journal of Women in Culture and Society* 4/1976, pp. 875–894. https://www.jstor.org/stable/3173239?seq=5#metadata_info_tab_contents [accessed April 28, 2020].
- "Cultural Narratives", *Borgarbókasafnið*, 2020, <https://borgarbokasafn.is/event/welcome/postponed-cultural-narratives> [accessed April 28].
- CWILA: *Canadian Women in the Literary Arts*, <https://www.abclc.ca/cwila-canadian-women-in-the-literary-arts> [accessed 28 April, 2020].
- Daðason, Kolbeinn Tumi, "Þessi fá listamannalaun árið 2018", *Vísir*, 2020, <https://www.visir.is/g/2018180109405> [accessed April 29, 2020].
- Damery, Shannon, Mescoli, Elsa, "Harnessing Visibility and Invisibility through Arts Practices: Ethnographic Case Studies with Migrant Performers in Belgium", *Arts*, 8/2019, pp. 1–17. doi: 10.3390/arts8020049.
- Daðason, Kolbeinn Tumi, Þessi fá listamannalaun árið 2018, 2018, <https://www.visir.is/g/2018180109405>.
- Denzin, Norman. K, *The Research Act: A Theoretical Introduction to Sociological Methods*, Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall, 1989.
- Dewey, John, *Democracy and Education*, Hollywood, FL: Simon & Brown, 2012 [1916].
- Einarsdóttir, Júlía Margrét, "Skrímsli kennir börnum kosti einverunnar", *RÚV*, 2019, <https://www.ruv.is/frett/skrimsli-kennir-bornum-kosti-einverunnar> [accessed April 28, 2020].
- Félag Íslenkra Bókauðgefenda, *List of Members*, 2018, <https://fibus.is/english/list-of-members> [accessed April 28, 2020].

- Flóra útgáfa*, 2018, <https://flora-utgafa.is/um-okkur> [accessed 16.10.2020].
- Foster, Clarise, “An Interview with Ós Pressan Collective Members: a rawlings, Randy Stebbins, Anna Valdís Kró, Beatriz Portugal, Ewa Marcinek, Virginia Gillard and Elena Ilkova”. *CV2: The Canadian Journal of Poetry and Critical Writing*, 40/2017, pp. 21–35.
- Forlagið*, TMM 3. hefti 2016 <https://www.forlagid.is/baekur/timarit-mm-3-hefti-2016/?fbclid=IwAR1m7peEkq6Ts58wiCuXsa-Ja8fnf4XM4dXyCLl4E-6sOueYN26b6ocjKPY> [accessed October 16, 2020].
- Greene, Maxine, “Diversity and Inclusion: Toward a Curriculum for Human Beings”, *Teachers College Record*, 2/1995, pp. 211–221.
- Guðjónsson, Kristján, “Fjölmála skáldasamfélag”, 2016, <https://www.dv.is/fokus/menning/2016/05/07/fjolmala-skaldasamfelag> [accessed 30.04.2020].
- Hagstofa Islands*, 2020, <https://www.hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn/?fileId=19525> [accessed October 16, 2020].
- Haraway, Donna, “Situated Knowledges: The Science Question in Feminism and the Privilege of Partial Perspective”, *Feminist Studies*, 3/1988, pp. 575–599. doi:10.2307/3178066.
- Hilmarsson-Dunn, Amanda, “Protectionist Language Policies in the Face of the Forces of English”, *The Case of Iceland. Language Policy*, 5/2006, pp. 295–314. doi: 10.1007/s10993-006-9027-2.
- Hilmarsson-Dunn, Amanda, Kristinsson, Ari Páll, “The Language Situation in Iceland”, *Current Issues in Language Planning*, 11/2010, pp. 207–276. doi: 10.1080/14664208.2010.538008.
- Hodgetts, Darrin and Kerry Chamberlain, “Analysing News Media”, *The SAGE Handbook of Qualitative Data Analysis*, pp. 380–393. London: SAGE Publications Ltd, 2014. doi: 10.4135/9781446282243.
- Hólmarsdóttir, Halla, “Icelandic: A Lesser-Used Language in the Global Community”, *International Review of Education*, 3–4/ 2001, pp. 379–394, <https://www.jstor.org/stable/3445351?seq=1> [accessed April 28, 2020], here p. 391.
- Gunnarsdóttir, Gunnþóra, “Nýjar Raddir Skálda”, *Vísir*, 2015, <https://www.visir.is/g/2015707259997> [accessed 30.04.2020].
- Griest, Stephanie Elizondo, “The Quest to Keep Iceland’s Language Alive”, *airbnb-magazine*, 2018, <https://medium.com/airbnbmag/the-quest-to-keep-icelands-language-alive-b22d4b6d74f2> [accessed April 30, 2020].
- “Immigrants and Persons with Foreign Background 2019”, *Statistics Iceland*, 2019, <https://statice.is/publications/news-archive/inhabitants/immigrants-and-persons-with-foreign-background-8903> [accessed April 29, 2020].
- International Review of Education*, 3–4/ 2001, pp. 379–394. <https://www.jstor.org/stable/3445351?seq=1> [accessed April 28, 2020].
- Jeffery, Laura, Palladino, Mariangela, Rotter, Rebecca, Woolley, Agnes, “Creative Engagement with Migration”, *Crossings: Journal of Migration & Culture*, 10/2019, pp. 3–17. doi: 10.1386/cjmc.10.1.3_1.
- Jónsson, Jakob S., „Kvenleg reynsla, ósvikin kómík. Leiklistargagnrýnandi Kjarnans fjallar um sýningu Reykjavík Ensemble, Polishing Iceland”, *Kjarninn*, 2020, <https://kjarninn.is/folk/2020-03-20-kvenleg-reynsla-osvikin-komik>

- [accessed 30 April, 2020].
- Kristinsson, Ari Páll, “National Language Policy and Planning in Iceland – Aims and Institutional Activities”, *National Language Institutions and National Languages. Contributions to the EFNIL Conference 2017* in Mannheim, ed. Gerhard Stickel, Budapest: Research Institute for Linguistics, Hungarian Academy of Sciences, 2018, pp. 243–249.
- “Lesum Heiminn / Read the World”, *Bókmenntaborgin*, 2018, <https://bokmenntaborgin.is/lesum-heiminn> [accessed 28 April 2020].
- Marling, William, *Gatekeepers: The Emergence of World Literature and the 1960s*, Oxford: Oxford University Press, 2016, doi: 10.1093/acprof:oso/9780190274146.001.0001.
- Marcinek, Ewa, “Ísland pólerað”, *Tímarít Máls og Menningar*, 2016.
- Minnich, Elizabeth Kamarck, “Philosophy, Education, and the American Tradition of Aspirational Democracy”, *Feminist interpretations of John Dewey*, ed. Charlene Haddock Seigfried, University Park, PA: The Pennsylvania State University Press, 2002, pp. 95–112.
- Olgeirsson, Birgir, “Þessi fá listamannalaun árið 2017”, *Vísir*, 2020, <https://www.visir.is/g/2017170109223> [accessed April 29, 2020].
- Otte, Hanka, “Bonding or Bridging? On Art Participation and Social Cohesion in a Rural Region of the Netherlands”, *Poetics*, 2019, doi: 10.1016/j.poetic.2019.02.006.
- Parks, Tim, “The Dull Global Novel”, *Where I’m Reading From: The Changing World of Books*, Tim Parks, New York: New York Review Books, 2015, pp. 25–28.
- Putnam, Robert, *Bowling Alone: The Collapse and Revival of American Community*, New York: Simon & Schuster, 2000.
- Reykjavík UNESCO City of Literature: About Us* <https://bokmenntaborgin.is/en/about-us/city-of-literature-and-literature> [accessed April 28, 2020].
- Reykjavík UNESCO City of Literature*, <https://bokmenntaborgin.is/en> [accessed October 16, 2020].
- Rithöfundasamband Íslands, Félagatal*, 2020, <https://rsi.is/felagatal> [accessed April 29, 2020].
- Rise, “10 things you need to consider if you are an artist not of the refugee and asylum seeker community looking to work with our community”, Rise, *Refugees, Survivors and Ex-detainees*, <http://riserefugee.org/10-things-you-need-to-consider-if-you-are-an-artist-not-of-the-refugee-and-asylum-seeker-community-looking-to-work-with-our-community> [accessed April 30, 2020].
- Rossich, Albert, “An Overview of Literary Multilingualism”, *Comparative Critical Studies*, 1/2018, pp. 47–67, doi: 10.3366/ccs.2018.0259.
- RÚV. Lestin – Íslenska með hreim, Emiliana Torrini og bókasöfn. https://www.ruv.is/utvarp/spila/lestin/23619/7hr8me?fbclid=IwAR1iUgh6_zsOo7JqvXcJLxoELjtzgrh2J1sRo94PZY47GOI7rnzUDsyJteA [accessed 16.10.2020].
- Sigurðardóttir, Jórunn, “Íslenskar bókmenntir, hvað er það?”, *RÚV*, 2018, <https://www.ruv.is/frett/islenskar-bokmenntir-hvad-er-thad> [accessed April 28, 2020].
- Sigurðardóttir, Jórunn, “Ljóð og sögur á ólíkum tungumálum”, *RÚV*, 2019, <https://www.ruv.is/frett/ljod-og-sogur-a-olikum-tungumalum> [accessed April 30, 2020].

- Skaptadóttir, Unnur, Innes, Pamela, “Immigrant Experiences of Learning Icelandic and Connecting with the Speaking Community”, *Nordic Journal of Migration Research*, 1/2017, pp. 20–27.
- Skaptadóttir, Unnur Dís, Loftsdóttir, Kristín, *Konur af Erlendum Uppruna. Hvað Kreppir að?*, *Skýrsla unnin fyrir félagsmálaráðuneytið*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2020.
- Smith, Dorothy, “A Peculiar Eclipsing: Women’s Exclusion from Man’s Culture”, *Women’s Studies International Quarterly*, 4/1978, pp. 281–296.
- “Snúlla finnst gott að vera einn / Upplestur og perl”, *Akureyrarbær*, <https://www.akureyri.is/grimsey/moya/calendar/snulla-finnst-gott-ad-vera-einn-upplestur-Og-perl>, 2019 [accessed April 28, 2020].
- Spender, D, “The Gatekeepers: A Feminist Critique of Academic Publishing”, *Doing Feminist Research*, ed. Helen Roberts, London: Routledge, 1981, pp. 186–202.
- Svartalog, Þjóðleikhúsið, 2018, <https://www.leikhusid.is/syningar/svartalog> [accessed April 28, 2020].
- “Sögur–Snúlla finnst gott að vera einn”, Útvarp KrakkaRÚV, 2019, <https://player.fm/series/utvarp-krakkaruv/sogur-snulla-finnst-gott-ad-vera-einn> [accessed April 28, 2020].
- Valdis Kro, Anna, Hoffmann, Lara, “Ós Pressan”, 2019, *Multilingual Month*, <https://multilingualmonth.org/2019/03/18/os-pressan-2/> [accessed April 28, 2020].
- Van Schalkwyk, Jo “Grein með hreim”, *Flóra útgáfa*, 2018, <https://flora-utgafa.is/2utgafa/grein-med-hreim> [accessed 16.10.2020].
- VIDA: *Women in Literary Arts. About the VIDA Count*, <https://www.vidaweb.org/the-count> [accessed April 28, 2020].
- Yildiz, Yazemin, *Beyond the Mother Tongue. The Postmonolingual Condition*, New York: Fordham University Press, 2012.
- Yin, Robert K., *Case Study Research Design and Methods*, Thousand Oaks, CA: Sage, 2014 [1984].
- “Þýðingar”, *Bókmenntaborgin*, 2019, <https://bokmenntaborgin.is/borgin/frettir/tydingar> [accessed April 28, 2020].

Þýðingar

Nokkur orð um Lýsías

Mikilvægi hins talaða orðs í Grikklandi til forna verður seint ofmetið. Forngríkkir virðast ætíð hafa metið orðsnilld mikils enda eru merki þess í elstu bókmenntum þeirra, kviðum Hómers. Þar er því lýst hvernig mál hafi flotið af tungu Nestors hunangi sætara og er Ódysseifur einnig lofaður fyrir mælsku sína.¹ Í Aþenu klassíska tímans, þ.e. 5. og 4. öld f.o.t., var hverjum manni brýnt sem aldrei fyrr að geta komið fyrir sig orði. Engir fjölmiðlar voru til. Frami og áhrif í stjórnmálum voru undir því komin að maður gæti tekið til máls og réttarkerfið byggðist á því að hver og einn verði sig sjálfur í eigin persónu. Því varð fljótt eftirspurn eftir kennslu í mælskulist, sem varð til sem sérstök listgrein meðal Grikkja um miðja 5. öld f.o.t. Kórax frá Sýrakúsu á Sikiley og nemandi hans Teisías eru taldir frumkvöðlar hennar en um þá er flest á huldu. Allt frá síðari hluta 5. aldar buðu fræðarar (eða sófistar) kennslu í mælskulist en frægastir þeirra voru Prótagóras frá Abderu (um 490–420 f.o.t.) og Gorgías frá Lentínoí (um 483–385 f.o.t.). Einnig komu fram ræðuhöfundar (λογογράφοι) sem sömdu ræður fyrir aðra gegn greiðslu. Þótt slíkt nyti ekki mikillar virðingar kunnu Aþeningar eigi að síður vel að meta góða ræðu. Ekki leið á löngu áður en snjallir ræðuhöfundar létu dreifa eintökum af ræðum sínum eftir að þær höfðu verið fluttar. Fyrir vikið varð grísk *retórík* í einhverjum skilningi að bókmenntagrein. Meðal vinsælustu ræðuhöfunda í Aþenu var Lýsías.

Ekki er með vissu vitað hvenær Lýsías fæddist. Plútarkos, sem var að störfum u.þ.b. fimm öldum eftir að Lýsías lést, fræðir okkur um

1 Sjá t.d. II. 1.249 og 3.221–23.

að hann hafi verið á lífi 459/8–380 f.o.t. en sennilega er rangt með fæðingarár hans farið. Fræðimenn telja nú að Lýsías hafi ekki fæðst fyrr en um 445 f.o.t. Hann var ættaður frá Sýrakúsu á Sikiley en Kefalos, faðir hans, flutti með fjölskylduna til Aþenu að boði Períklesar. Frá þessu greinir Lýsías sjálfur í 12. ræðu sinni, sem ber titilinn *Gegn Eratosþenesi*.² Í Aþenu rak Kefalos verksmiðju sem framleiddi skildi og varð maður auðugur. Honum og sonum hans – Evþýdemosi, Lýsíasi og Pólemarkosi – bregður fyrir í *Ríkinu* eftir Platon en ólíkt Pólemarkosi og Kefalosi eru Lýsías og Evþýdemos þöglir áheyrendur samræðunnar.³

Þeir Kefalosarsynir fluttu síðar til Þuríoí á Suður-Ítalíu, sennilega skömmu eftir að Pelópsskagastríðið braust út árið 431 f.o.t. Þar mun Lýsías hafa numið mælskulist hjá Teisíasí. Eftir ófarir Aþeninga í Sikileyjarleiðangrinum á árunum 415–413 f.o.t. hrökkluðust þeir bræður burt frá Suður-Ítalíu og voru árið 412 f.o.t. komnir aftur til Aþenu.

Óljóst er hvenær Lýsías hóf feril sinn sem ræðuhöfundur. Lýsíasar er enn getið í annarri samræðu Platons sem ber heitið *Fædros*.⁴ Hann virðist þá þegar vera orðinn frægur fyrir ræður sínar en í samræðunni er höfð eftir honum fremur ómerkileg ræða um að ungur maður ætti heldur að láta undan vilja elskhuga sem er ekki ástfanginn fremur en elskhuga sem er ástfanginn af honum. Sögutími samræðunnar er óljós, ef til vill af ásettu ráði, en virðist vera einhvern tíma skömmu eftir 412 f.o.t. Lýsías er sagður ungur maður og kominn aftur til Aþenu frá Suður-Ítalíu og Pólemarkos bróðir hans er enn á lífi. Eftir að Aþena hafði tapað Pelópsskagastríðinu fyrir Spörtu árið 404 f.o.t. komst á ógnarstjórn þrjátíuvenninganna svo nefndu. Þrjátíuvenningarnir ofsóttu þá sem þeir töldu sér óvilhalla en þörfnuðust líka fjár til að viðhalda spartversku hersetuliði og urðu auðugir útlendingar í Aþenu sérstaklega fyrir barðinu á þeim. Lýsías og Pólemarkos voru teknir höndum, eignir þeirra voru gerðar

2 Röð ræðnanna er hvorki aldursröð né frá höfundi komin, heldur byggist hefðin á handritageymdinni. Um varðveislu textans má lesa í formála Christophers Carey að fræðilegri útgáfu hans, *Lysiae Orationes cum Fragmentis*, Oxford: Clarendon Press, 2007, bls. v–xli.

3 *Ríkið* kom út í íslenskri þýðingu Eyjólfss Kjalars Emilssonar hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 1991.

4 *Fædros* kom út í íslenskri þýðingu Eyjólfss Kjalars Emilssonar hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 2019.

upptækar og Pólemarkos tekinn af lífi en Lýsíasi komst undan við illan leik. Téð ræða Lýsíasar gegn Eratosþenesi er ákæruræða vegna þessa atburðar, sem hann kann að hafa flutt sjálfur eftir að lýðræði komst aftur á í Aþenu árið 403 f.o.t. Fræðimenn telja reyndar líklegast að um það leyti hafi höfundarferill Lýsíasar hafist, hvað svo sem sögutíma *Fædroasar* líður.

Fornar heimildir herma að 425 ræður hafi verið eignaðar Lýsíasi en 233 þeirra hafi raunverulega verið eftir Lýsíasi.⁵ Í handritum eru 22 ræður varðveittar í heild og heilleg brot úr níu til viðbótar. Enn fremur eru heilleg brot varðveitt úr þremur ræðum í ritum Díónýsíosar frá Halikarnassos auk ræðunnar sem Platon eignar Lýsíasi í samræðu sinni *Fædrosi*. Að lokum eru svo að minnsta kosti á annað hundrað minni brot og titlar. Þónokkur vafi leikur á að ræðan sem Platon eignar Lýsíasi í *Fædrosi* sé í raun ræða eftir hann. Einnig leikur vafi á nokkrum af hinum ræðunum 34 en fræðimenn telja nú að flestar þeirra kunni að vera ósviknar. Illa hefur gengið að sýna fram á með óyggjandi hætti hverjar þeirra eru réttilega og hverjar ranglega eignaðar Lýsíasi.⁶

Hvort sem tiltekin ræða er eða er ekki réttilega eignuð Lýsíasi (eða öðrum ræðuhöfundi) er ljóst að heimildagildi þessara texta er ómetanlegt. Ræðurnar eru í senn heimildir um réttarfar, pólitísk átök og daglegt líf auk þess að vera mikilvægar málheimildir. Þær eru gluggi inn í gríska menningu 5. og 4. aldar f.o.t.

Fornmenn skiptu ræðum gjarnan í þrjá flokka: Í fyrsta lagi voru það pólitískar ræður fluttar á þjóðfundinum (ἐκκλησία); í öðru lagi réttarræður fluttar fyrir dómstólum (δικαστήριον); og í þriðja lagi sýningarræður og aðrar tækifærisræður. Flestar ræður í varðveittu ritsafni Lýsíasar eru réttarræður en margar þeirra eru jafnframt rammpólitískar, eins og til dæmis 12. ræðan, *Gegn Eratosþenesi*.

Ræðan sem hér er þýdd, sú fyrsta í ritsafni hans, *Um morðið á Eratosþenesi*, er ein þeirra sem flutt var frammi fyrir dómstól. Ástæðulaust þykir að efast um að ræðan sé réttilega eignuð Lýsíasi. Ekki er vitað hvenær þessi réttarhöld voru haldin eða hvernig þeim lyktaði.

5 [Plut.] *Vit. Lys.* 836a. Um ritsafn Lýsíasar, sjá K. J. Dover, *Lysias and the Corpus Lysiacum*, Berkeley og Los Angeles: University of California Press, 1968.

6 Dover, *Lysias and the Corpus Lysiacum*, bls. 152, taldi mögulegt að margar ræðurnar hafi verið samdar af Lýsíasi í samvinnu við skjólstaðinga sína.

Verjandinn Evfíletos hafði banað manni, Eratosþenesi, sem hafði haldið á laun við konu Evfíletosar. Þetta manndráp var löglegt samkvæmt fornum aðenskum lögum hafi Evfíletos staðið elskhuga konu sinnar að verki. Aftur á móti var það ólögmætt hafi Evfíletos lagt á ráðin um að bana Eratosþenesi. Ættingjar Eratosþenesar kærðu Evfíletos og gáfu honum að sök að hafa lagt fyrir Eratosþenes snörur og ráðið honum bana af yfirlögðu ráði. Sennilega hefur þessari fornu lagaheimild ekki oft verið fylgt en oftast hefur eiginmaðurinn þegið miskabætur af brotamaninum. Málsvörnin, sem Lýsías samdi fyrir Evfíletos, er byggð á því að draga upp mynd af Evfíletosi sem einföldum og hrekklausum manni sem hefði engin fyrri kynni haft af Eratosþenesi þessum. Því hafi hann brugðist við innan marka laganna. Um Evfíletos er ekkert vitað annað en það sem fram kemur í ræðunni. Var Eratosþenes sá hinn sami og verið hafði í hópi þrjátíu menninganna; sá sem Lýsías talaði gegn í 12. ræðunni, *Gegn Eratosþenesi*? Það er ekki vitað en fræðimenn hafa fært rök bæði með og á móti.⁷

Stíll Lýsíasar er umfram allt skýr, einfaldur og laus við óþarfa skruðmælg; hann er aldrei tilgerðarlegur. Lýsías leggur mikið upp úr því að skýra frá málavöxtum. Á ákveðnum stað í ræðunni víkur röksemdafærslan og ræðan verður að sögustund. Annað sem Lýsías leggur mikla áherslu á og var frægur fyrir er persónusköpun (ἡθοιοποιία). Trúverðugleiki ræðunnar og þar með áhrif hennar á áheyrendur veltur á því að samræmi sé milli persónu ræðumannsins og inntaks ræðunnar. Því þarf að bregða upp trúverðugri mynd af ræðumanninum, haga máli og efnistöfum í samræmi við hana, helst án þess að eftir því sé tekið.⁸ Í þessu skarar Lýsías fram úr öðrum. Til dæmis má bera saman verjandann Evfíletos í 1. ræðunni og Mantípeos í 16. ræðunni, *Til varnar Mantípeosi*. Mantípeos er ungur aðalsmaður með óbilandi trú á sjálfum sér, eins ólíkur Evfíletosi og hugsast getur; vinnusömum smábónda í útjaðri Aþenuborgar sem hefur einungis gerst sekur um eftirlátssemi við unga eiginkonu sína. Þannig lýsir hann að minnsta kosti sjálfum sér í málsvörn sinni sem hér er þýdd.

7 Sjá Stephen Usher, *Greek Oratory: Tradition and Originality*, Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. 55 nmgr. 6.

8 Sbr. Aristóteles, *Mælskulistín* I.2 1156a1–20.

Ræðunni vindur fram með hefðbundinni uppbyggingu réttar-ræðu. Skiptast þær alla jafna í fernt: inngang (προοίμιον), frásögn (διήγησις), rökstuðning (πίστεις) og niðurlag (ἐπίλογος). Í inngangi ræðunnar reynir sakborningurinn að skilgreina málið og höfða með einhverjum hætti til áheyrenda. Í þessu tilviki er málið greint sem afbrot af hálfu Eratosþenesar en Evfíletos sjálfur er brotaþoli og hann höfðar til vandlætingar kviðdómaranna (1–5). Þeir ættu að reiðast Eratosþenesi, enda hafi glæpur hans verið grafalvarlegur og skyldi enginn bregðast við slíkum glæp með tómlæti. Næst er málavöxtum lýst (6–28), eins og fyrr segir, og er mikil áhersla lögð á lýsingu atburða og persónusköpun. Því næst er komið að rökstuðningi (29–46). Vitni eru kölluð fram til þess að styðja frásögnina, en vitnisburður þeirra er ekki hluti af varðveittum texta, ekki frekar en texti laganna sem lesinn var upp til þess að styðja fullyrðingar Evfíletosar um lögmæti athafna sinna. Hér þarf einnig að svara ásökunum kæranda og styðst Lýsías einkum við sennileikarök. Evfíletos biður áheyrendur að meta hvort frásögn hans af atburðarásinni sé ekki sennilegri en sú sem andstæðingar hans halda fram. Að lokum er málsvörnin tekin saman í niðurlagi (47–50).

Mikilvægasta handritið með ræðum Lýsíasar er 12. aldar handrit (X) sem heitir Palatinus Graecus 88. Þar eru ræður 1–31 en ræðum 1–2 í þessu handriti hefur verið bætt við síðar og hafa þær verið afritaðar úr öðru handriti en hinar ræðurnar. Auk þess að vera í handriti X og afritum af því, er 1. ræðuna að finna í þremur handritum frá 15. öld sem eiga ekki rætur að rekja til X en eiga sér sennilega öll sameiginlega fyrirmynd, beina eða óbeina, sem nú er týnd: Marcianus 122 (coll. 900) (H), Vaticanus Palatinus Graecus 117 (P) og Toletanus Bibl. Cap. 101.16 (To).

Gríski textinn kom fyrst út á prenti hjá Aldo Manuzzi í Feneyjum árið 1513. Í prentaðri útgáfu Henris Estienne, *Oratorum veterum orationes*, sem kom út í Genf árið 1575, var texta þessarar ræðu að finna á bladsíðum 91–96; en þótt stephanusartöluna, sem kennd er við útgefandann, sé að finna á spássíum nær allra fræðilegra útgáfa textans er hana ekki að finna hér af því að hún er ekki lengur notuð til þess

að vísa til textans. Í þýðingunni er aftur á móti hefðbundinni skiptingu textans í tölusettar efnisgreinar haldið til haga enda er venjan að nota þær til þess að vísa til textans. Til dæmis kallar Evfíletos til vitni máli sínu til stuðnings í *Lýs.* I.29 og biður um að lesin séu upp lög af steininum á Aresarhæð í *Lýs.* I.30.

Um morðið á Eratosþenesi¹

1 Ég teldi miklu skipta, herrar mínir, að þið yrðuð mér slíkir dóm-
 arar um þetta mál sem þið væruð ykkur sjálfum ef þið hefðuð
 mátt þola annað eins. Því ég veit vel að ef þið skylduð vera sömu
 skoðunar um aðra menn og um ykkur sjálfa, þá væri enginn sem
 ekki myndi reiðast vegna þess sem hefur átt sér stað. Þvert á móti
 mynduð þið allir telja refsingarnar vægar til handa þeim sem stunda
 svona lagað. **2** Og ekki væri þetta einungis metið svo af ykkur,
 heldur um gervallt Hellas. Því varðandi þessa misgerð eina, jafnt í
 lýðræði sem undir fámennisstjórn, hefur sami hefndarrétturinn verið
 gefinn þeim sem eru minnimáttar gagnvart þeim sem mest mega
 sín, þannig að hinn lítilsverðasti borgari njóti jafnræðis á við þann
 besta. Þannig, herrar mínir, telja allir menn þennan ofstopa vera þann
 skelfilegasta. **3** Um þyngd refsingarinnar tel ég ykkur alla hafa sömu
 hugmynd og engan vera svo skeytingarlausan að hann telji að sýkna
 beri þá sem valda slíkum verkum eða að þeir verðskuldi væga
 refsingu. **4** Ég tel, herrar mínir, að mér beri að sýna fram á þetta: að
 Eratosþenes hafi verið að fleka konuna mína og að hann spillti henni
 og smánaði börnin mín og braut á mér sjálfum er hann kom inn á
 heimili mitt.² Auk þess ber mér að sýna að hvorki hafi verið nein
 óvild milli mín og hans að þessari undanskilinni, né hafi ég gert
 þetta fjárins vegna, til þess að ég gæti brotist úr fátækt og orðið

1 *Um morðið á Eratosþenesi* er 1. ræðan í ræðusafni Lýsíasar. Á frummálinu heitir hún ὁπὲρ τοῦ Ἐρατοσθένους φόνου ἀπολογία. Hefðbundinni skiptingu textans í tölusettar efnisgreinar er haldið til haga enda venjan að vísa til textans (t.d. Lýs. I.1). Svavari Hrafní Svavarssyni eru þakk-
 aðar gagnlegar ábendingar.

2 Í málsgreininni skiptir Lýsías um tíð. Síðasta sögnin (ὄβρισην, „braut á“) er í aoristus, þátið sem gefur til kynna aflokinn verknað. Sagnirnar tvær á undan (διέφθειρε, ἥσχυεν, „spillti ... smánaði“) geta ýmist verið í aoristus eða imperfectum eins og fyrsta sögnin (ἐποίησεν, „var að fleka...“) en það er þátið sem gefur til kynna ólokinn verknað. Á því veltur einmitt málsvörn Evfíletosar að honum tækist að sannfæra áheyrendur um að hann hafi staðið Eratosþenes að verki.

ríkur, né vegna neins annars ágóða en lögbundins hefndarréttar. 5 Ég mun þess vegna greina ykkur frá öllum mínum málum allt frá upphafi, undanskilja ekkert heldur segja ykkur sannleikann. Ég tel nefnilega að þetta sé eina bjargræði mitt, ef mér reynist mögulegt að segja ykkur allt sem hefur gerst.

6 Góðir Aþeningar! Þegar mér hugkvæmdist að kvænast og ég leiddi konu inn á heimili mitt, þá var því þannig farið hjá mér í þó nokkurn tíma að ég hvorki atyrkti hana né gaf henni of lausan tauminn svo hún gæti gert hvað sem hana lysti. Ég reyndi að gæta hennar eins og mér var unnt og sinnti henni eins og hæfilegt var. Er mér fæddist sonur treysti ég henni þegar og lét allt mitt í hennar hendur, enda taldi ég að þetta væri hin besta sambúð. 7 Fyrst um sinn, kæru Aþeningar, var hún allra kvenna best. Hún var skörugleg húsfreyja, sparsöm og fylgdist grannt með öllu. En svo féll móðir mín frá og andlát hennar varð orsök allrar minnar ógæfu. 8 Því konan mín var viðstödd útför hennar þegar þessi maður kom auga á hana og áður en langt um leið hafði hann spillt henni, enda fylgdist hann með ambáttinni sem fer á markaðinn, færði henni skilaboð og leiddi hana í glötun.

9 Nú, í fyrsta lagi – því þetta þarf einnig að útskýra fyrir ykkur – þá á ég tveggja hæða hús og þegar kemur að vistarverum kvenna annars vegar og vistarverum karla hins vegar er efri hæðin jafnstór þeirri neðri.³ Þegar okkur fæddist sonur hafði móðir hans hann á brjósti. Og til þess að hún legði sig ekki í hættu við fara niður stigann þegar átti að baða drenginn, þá tók ég að mér að búa uppi en konurnar niðri. 10 Þetta vandist fljótt svo að konan mín fór oft frá mér niður til þess að hvíla hjá barninu og gefa því brjóst svo það gréti ekki. Svona var þetta um langa hríð en aldrei nokkurn tíma var ég tortrygginn. Raunar var ég slíkur einfeldningur að ég hélt að konan mín væri sú siðprúðasta af öllum í borginni. 11 En, herrar mínir, að einhverjum tíma liðnum kom ég óvænt af akrinum. Eftir matinn fór barnið að gráta og var óhuggandi en ambáttin hafði verið að espa það upp á laun til þess að það gerði þetta. Maðurinn var nefnilega inni í húsinu; seinna komst ég að öllu saman. 12 Ég skipaði konunni að fara niður og gefa barninu brjóst til þess að það hætti að gráta. Það vildi

3 Vistarverur kvenna voru alla jafna á efri hæð í tveggja hæða húsum.

hún ekki í fyrstu á þeim forsendum að hún væri glöð að sjá mig loksins kominn heim. En þegar ég reiddist og skipaði henni að fara sagði hún: „Já, til þess að þú getir reynt við stúlkuna þarna; þú hrifsaðir í hana einu sinni ölvaður.“ 13 Ég hló bara en hún reis á fætur og gekk út og lokaði dyrunum á eftir sér. Hún lét eins og hún gerði að gamni sínu og dró í lás. Ég leiddi hugann ekkert að þessu, grunaði ekki neitt og lagðist glaður til hvílu af því að ég var kominn heim af akrinum. 14 Undir morgun kom hún og opnaði dyrnar. Þegar ég spurði hvers vegna marrað hefði í hurðinni um nóttina fullyrti hún að slokknað hefði á lampanum sem var hjá barninu og hún hefði fengið eld hjá nágrönnunum. Ég þagði og hélt að þannig hefði þetta verið. En mér virtist, herrar mínir, sem andlit hennar hefði verið farðað, þótt bróðir hennar hefði ekki enn verið látinn í þrjátíu daga.⁴ Eigi að síður sagði ég ekki heldur neitt um þetta og gekk út þegjandi og hljóðalaust.

15 Eftir þetta, herrar mínir, leið tími á milli og ég var grunlaus um eigin ógæfu en svo kemur til mín gömul kona nokkur. Hún hafði verið send af konu sem þessi maður flekaði, eins og ég fékk síðar að heyra. Sú var reið og taldi á sér brotið af því að hann leitaði ekki lengur til hennar með sama hætti. Hún fylgdist með honum þar til hún uppgötvaði hver ástæðan væri. 16 Sú gamla hafði vakandi auga með mér og kom svo til mín skammt frá heimili mínu og sagði: „Evfíletos, ekki halda að ég hafi komið til þín af neinni afskiptasemi. Svo vill til að maðurinn sem brýtur gegn þér og konu þinni er óvildarmaður okkar líka. Ef þú nærð tangarhaldi á ambáttinni – þessari sem fer á markaðinn og er ykkur innan handar – og pínir hana til svara áttu eftir að komast að öllu saman. Það er,“ sagði hún, „Eratospenes frá Óe sem gerir þetta. Hann hefur ekki einungis spilt þinni konu heldur einnig mörgum öðrum. Hann kann nefnilega þá list.“ 17 Þetta sagði hún, herrar mínir, og lét sig hverfa. Ég varð strax órólegur. Allt kom aftur upp í huga mér og ég fylltist grunsemdum. Ég leiddi hugann að því þegar ég var læstur inni í herberginu og það rifjaðist upp fyrir mér að þessa nótt hafði marrað bæði í dyrum hússins og forgarðsins, sem hafði aldrei gerst, og að mér virtist sem konan

4 Hefðbundinn sorgartími var 30 dagar í Aþenu, öllu lengri en í Spörtu þar sem hann varði í ellefu daga. Á þritugasta degi var haldin nokkurs konar erfidrykkja, veisla til heiðurs hinum látna, en ekki þótti við hæfi gera sér glaðan dag fyrr en að þessum tíma liðnum.

mín hafi verið förðuð. Þetta kom mér allt í hug og ég fylltist grunsemðum. 18 Ég fór heim og skipaði ambáttinni að fylgja mér á torgið. Ég leiddi hana hins vegar til eins af vinum mínum og sagði að ég hefði komist að raun um allt sem hefði gerst á heimili mínu. „Já, þú hefur,“ sagði ég, „um tvennt að velja, hvort svo sem þú vilt heldur: annaðhvort að vera hýdd og send í mylluna og fá aldrei hvíld frá slíku böli⁵ eða leysa frá skjóðunni og segir allan sannleikann en þá þarft þú ekkert illt að þola, heldur færð fyrirgefningu mína fyrir það sem þú hefur gert af þér. Ljúgðu engu en segðu allan sannleikann!“ 19 Í fyrstu maldaði hún í móinn og bauð mér að gera hvað svo sem ég vildi – hún vissi nefnilega ekkert. En þegar ég minntist á Eratosþenes við hana og sagði að hann væri viðhald konunnar, þá varð hún furðu lostin og hélt að mér væri rækilega kunnugt um allt. Hneig hún þá að hnjám mínum og tók af mér loforð um að hún myndi ekkert illt þola. 20 Svo sakaði hún hann, í fyrsta lagi, um að hafa nálgast sig eftir útförina og sagði síðan að hún hefði að endingu komið skilaboðunum áleiðis og að konan mín hefði með tímanum látið sannfærost; og hvernig hún hefði með ýmsum ráðum greitt leið hans inn í húsið og að á Þesmófóruhátið,⁶ meðan ég var á akrinum, hefði konan mín farið með móður hans í hofið. Og hún lýsti nákvæmlega og í smáatriðum öllu öðru sem gengið hafði á. 21 Er hún hafði sagt allt af létta sagði ég: „Jæja, þú skalt gæta þess að alls enginn frétti þetta; ef þú gerir það ekki, þá gildir ekkert af því sem ég hef fallist á. En ég fer fram á það að þú sýnir mér þetta í verki. Ég þarf ekki á sögu að halda, heldur að verknaðurinn verði afhjúpaður, ef þetta er með þessum hætti.“ Hún samþykkti að gera það.

22 Síðan liðu fjórir eða fimm dagar [...] eins og ég mun færa ykkur mikilsverðar sönnur um.⁷ En fyrst vil ég segja ykkur hvað gerðist á síðasta deginum. Sóstratos var félagi minn og vinur. Hann varð á vegi mínum þegar ég var að koma af akrinum við sólsetur. Af því að ég vissi að engan mat væri að hafa heima hjá honum ef hann

5 Vinna í myllu var líkamlega afar erfið. Auk þess var aðbúnaður og meðferð þræla í myllum, námum og öðrum slíkum vinnustöðum verri en víðast annars staðar. Þess vegna var það vont hlutskipti að vera sendur þangað.

6 Þesmófóruhátið var þriggja daga hausthátið kvenna haldin til heiðurs Demetru og ein aðaltrúarhátið Aþeninga til forna.

7 Hér er eyða í handritum.

kæmi á þessum tíma bauð ég honum að borða með mér.⁸ Við héldum heim til mín, fórum upp á eftir hæðina og snæddum kvöldverð. 23 Þegar hann hafði fengið vel að borða fór hann sína leið en ég lagðist til hvílu. En inn í húsið, herrar mínir, kemur hann Eratosþenes og ambáttin vakti mig strax og segir að hann sé inni. Ég sagði henni að sjá um dyrnar, geng niður þegjandi og hljóðalaust og fer út. Ég kom við hjá þessum og hinum; sumum náði ég ekki heima og komst að því að aðrir væru ekki í bænum. 24 En þegar ég hafði náð saman eins mörgum og ég gat af þeim sem voru heima gekk ég af stað. Við tókum kyndla frá nærliggjandi verslun og gengum inn en dyrnar voru opnar enda hafði ambáttin búið í haginn fyrir okkur. Við hrundum upp hurðinni að herberginu og við sem fyrstir gengum inn sáum manninn enn liggjandi við hlið konunnar minnar en þeir sem á eftir komu sáu hann standa nakinn í rúminu. 25 Herrar mínir, ég kýldi hann niður og felldi. Þegar ég hafði svo snúið upp á hendur hans aftur fyrir bak batt ég þær og spurði svo hvers vegna hann bryti gegn heimili mínu með því að koma þarna inn. Hann tók undir að hann hefði brotið af sér en grátbað mig og bar upp þá bón að ég dræpi hann ekki heldur þæði ég fjárgreiðslu. 26 En ég sagði við hann „Ekki mun ég drepa þig, heldur lög borgarinnar sem þú hefur farið á svig við og virt minna en þínar eigin nautnir. Þú hefur valið að fremja svona glæp gegn konunni minni og gegn börnunum mínum frekar en að hlýða lögum og haga þér sómasamlega.“

27 Þannig, herrar mínir, hlaut þessi maður þau málagjöld sem lögin segja fyrir um til handa þeim sem breyta svo. Ekki var hann gripinn á götu úti né heldur hafði hann flúið á náð eldstæðisins, eins og þessir menn hérna segja.⁹ Því hvernig mætti það vera? Maður sem var laminn í svefnherberginu og strax felldur, hendur hans bundnar! Og þarna inni var svo margt um manninn; ekki gat hann flúið og hann hafði hvorki hníf né staf eða neitt annað sem hann hefði getað

8 Margir þýðendur fylgja hér Immanuel Bekker, sem leiðrétti textann og prentaði οὐδένα ... τῶν ἐπιτηδείων („engan úr fjölskyldunni“). Öll handrit hafa aftur á móti οὐδέν ... τῶν ἐπιτηδείων („engar nauðþurftir“) og er því fylgt hér. Evfíletos kveðst því hafa boðið Sóstratosi í mat af því að heima hjá Sóstratosi væri ekkert í matinn svo seint um kvöld en ekki af því að heima hjá Sóstratosi væri engan að finna.

9 Eldstæðið eða arinninn (ἑστία, *bestia*) var hjarta heimilisins og að nokkru leyti helgur staður og hafði verið allt frá því á bronsöld. Eldstæði var einnig að finna í hofum guðanna og í ráðhúsinu (*prytaneion*) þar sem stjórn borgaríkisins hafði aðsetur. Leituðu menn gríða við eldstæði ýmist heimilis eða hofs þegar svo bar undir. Gyðjan Hestía er að uppruna persónugervingur eldstæðisins.

notað til að halda þeim frá sem komu inn. 28 En ég held, herrar mínir, að þið vitið líka að þeir sem haga sér ekki réttlátlega viðurkenni aldrei að andstæðingar þeirra séu að segja satt. Á hinn bóginn ljúga þeir sjálfir og beita þess háttar brellum til þess að kynda undir reiði áheyr- enda sinna gegn þeim sem haga sér réttlátlega. Lesið þá fyrst lögin:

{lög}

29 Hann andmælti þessu ekki, herrar mínir, heldur viðurkenndi að hafa brotið af sér og grátbað um og fór þess á leit að hann yrði ekki drepinn og var reiðubúinn að láta fé af hendi rakna. En ég samþykkti ekki skaðabætur hans. Aftur á móti taldi ég að lög borgarinnar væru gildari og ég lét hann sæta þessari refsingu sem þið hafið fyrirskipað handa þeim sem breyta á þennan hátt af því að þið hafið talið hana vera þá réttlátustu. Leiðið þá fram vitni um þetta:

{vitni}

30 Lestu einnig fyrir mig þessi lög af steininum á Aresarhæð.

{lög}

Þið heyrið, herrar mínir, að í sjálfum dómstólnum á Aresarhæð – en bæði heyrir honum til samkvæmt hefðinni að dæma í morðmálum og honum er einnig gefið það hlutverk á okkar dögum – er alveg sérstaklega tekið fram að ekki skuli dæma þann mann sekan um morð sem tekur sér þennan hefndarrétt þegar hann hefur hendur í hári friðils eiginkonu sinnar. 31 Já, svo mjög taldi löggjafinn að þetta væri réttlátt í tilfelli giftra kvenna að hann lét þessi sömu viðurlög gilda um hjákonur, sem eru minna verðar. Það er alveg ljóst að ef hann hefði haft einhvern hefndarrétt sem tæki þessum fram í tilviki giftra kvenna, þá hefði hann gripið til hans. En af því að honum er nú ekki mögulegt að finna neina þyngri refsingu í tilviki þessara kvenna, mat hann máttulegt að refsingin yrði sú sama og í tilviki hjá-kvenna. Lestu fyrir mig þessi lög líka.

[lög]

32 Þið heyrið, herra mínir, að lögin fyrirskipa að ef einhver nauðgar frjálsum manni eða dreng, þá skal honum gert að greiða tvöfaldar skaðabætur.¹⁰ En ef hann nauðgar konu – í þeim tilvikum þegar leyfilegt er að dæma til dauða – þá skal hann vera undir sömu sök seldur. Þannig, herrar mínir, taldi löggjafinn að nauðgarar verðskulduðu vægari refsingu en flagarar; hann kveður upp dauðadóm yfir þeim síðarnefndu en gerir hinum fyrrnefndu að greiða tvöfaldar bætur. 33 Þetta er af því að hann telur að þeir sem beita ofbeldi séu hataðir af þeim sem verða fyrir ofbeldinu en þeir sem á hinn bóginn beita sannfæringu spilli þannig sálum þeirra með þeim afleiðingum að þeir gera annarra manna konur fylgispakari við sig en við eiginmenn sína. Allt heimilið verður á þeirra valdi og óljóst er hvorum börnin tilheyra, eiginmönnum eða friðlum. Vegna þessa lét löggjafinn dauðann vera refsingu þessum mönnum.

34 Þess vegna, herrar mínir, sýkna lögin mig ekki einungis af því að hafa brotið af mér, heldur hafa þau beinlínis skipað mér að grípa til þessarar refsingar. Það er ykkar að ákveða hvort lögin eigi að vera gild eða einskis verð. 35 Því ég tel að allar borgir setji lög af þessum sökum, til þess að við getum leitað í lögin og séð hvað við eigum til bragðs að taka í þeim málum sem vefjast fyrir okkur. Og í þessum málum fyrirskipa lögin þeim sem hafa orðið fyrir ranglæti að grípa til refsingar af þessu tagi. 36 Ég fer þess á leit við ykkur að þið hafið sömu skoðun og þau. En ef ekki, þá skapið þið friðlum slíka friðhelgi að þið munuð hvetja meira að segja innbrotspjófa til þess að segjast vera friðlar, vitandi ósköp vel að ef þeir segja að þetta hafi verið ástæðan og ef þeir segja að þeir hafi þess vegna farið inn á annarra manna heimili muni enginn snerta þá. Allir munu þá vita að það þurfi að sjá á bak lögunum um hórdóm en óttast úrskurð ykkar því hann er gildastur alls í borginni.

10 Hér er sennilega um að ræða tvöfaldar skaðabætur miðað við nauðgun á ófrjálsum manni, þræl eða ambátt. Í *Ævisögu Sólon*s eftir Plútarkos (*Sol.* 23.1) kemur fram að Sólon hafi snemma á 6. öld f.o.t. sett lög í Aþenu um að eiginmanni, sem gómaði annan mann með eiginkonu sinni, væri heimilt að drepa friðlinn; aftur á móti væri 100 drökmú sekt við því að nauðga ógíftri frjálstri konu og 20 drökmú sekt við því að draga hana á talar án ofbeldis. Undanskildar þessum lögum voru vændiskonur.

37 Íhugið þetta, herrar mínir: Þeir ákæra mig á þeim forsendum að á þessum degi hafi ég skipað ambáttinni minni að sækja unga manninn. Ég lít svo á, herrar mínir, að ég hefði gert rétt með því að hafa hendur í hári þess manns sem spillt hefði konunni minni með hvaða ráðum sem er. 38 (Ef ég skipaði henni að sækja hann eftir að hafa heyrt sögur en ekkert hefði gerst, þá beitti ég ranglæti. En ef ég tæki hann með hvaða ráðum sem er eftir að allt saman hefði þegar náð fram að ganga og hann hefði oft og tíðum komið inn á heimili mitt, þá teldi ég mig breyta hyggilega.) 39 Íhugið svo þetta, að þeir skrökva einnig þessu og það getið þið auðveldlega vitað af eftirfarandi ástæðu: Ég á nefnilega vin, herrar mínir, að nafni Sóstraton – eins og ég nefndi áðan – og er hann mér náinn. Eftir að hafa hitt hann á leiðinni heim af akrinum um sólarlagsbil snæddum við kvöldverð saman og þegar hann hafði fengið nóg hélt hann sína leið. 40 Takið nú þetta fyrst til rækilegrar skoðunar, herrar mínir. Ef ég væri að reyna að leggja snörur fyrir Eratosþenes þessa nótt, hefði þá ekki verið betra fyrir mig að borða sjálfur annars staðar heldur en að taka hann með mér heim til þess að borða? Því þannig hefði þessi náungi síður þorað að koma inn á heimilið. Þykir ykkur síðan sennilegt að ég hefði sent matargestinn burt og orðið eftir einn og yfirgefinn frekar en að biðja hann um að vera áfram til þess að hann gæti komið fram hefndum á friðlinum með mér? 41 Herrar mínir, sýnist ykkur ekki síðan að ég hefði sent boð til félaga minna um daginn og beðið þá að koma saman á heimili vinar skammt frá frekar en að hlaupa um að næturlagi um leið og mér var gert viðvart, ekki vitandi hvern ég fyndi heima við og hver væri úti? Ég fór til Harmódíósar og einhvers annars en þeir voru ekki í bænum (ég vissi það ekki) og ég komst að raun um að aðrir væru ekki heima við. En ég safnaði saman þeim sem ég gat og við gengum af stað. 42 Hefði ég samt vitað fyrir fram, haldið þið ekki að ég hefði haft þrælana tilbúna og komið skilaboðum til vina minna til þess að geta farið inn á sem öruggastan hátt? (Hvernig átti ég að vita hvort hann hefði líka eitthvert eggvopn?) Já, til þess að ég framfylgdi hefndarréttinum með sem flestum vitnum? En nú vissi ég ekkert um það sem átti eftir að gerast þessa nótt og tók með mér þá sem ég gat. Stígið fram sem eruð til vitnis um þetta.

{vitni}

43 Herrar mínir, þið hafið heyrt frá vitnunum. Veltið nú þessu máli fyrir ykkur á þessa leið: Grennslist fyrir um það hvort milli mín og Eratosþenesar hafi nokkurn tíma andað köldu að þessu undanskildu. Þið munuð engan finna. 44 Því hann hafði ekki veist að mér með falsákæru né hafði hann gert tilraun til þess að gera mig brottrækan úr borginni eða höfðað einkamál gegn mér og ekki var honum kunnugt um neitt það ódæði af minni hálfu sem ég myndi vilja drepa hann fyrir af ótta við að upp kæmist. Og ef ég hefði komið þessu til leiðar ætti ég ekki heldur von á að fá neina peninga. Sumir menn leggja nefnilega á ráðin um dauða hver annars slíkra hluta vegna. 45 Því fer svo fjarri að það hafi kastast í kekki milli okkar, okkur hafi annaðhvort lent saman í ölæði eða einhver annar ágreiningur risið okkar á milli þar sem ég hafði aldrei nokkurn tíma litið manninn augum fyrr en þessa nótt. Hverju var ég þá að vonast eftir þegar ég lagði mig í slíka hættu, ef ég hefði ekki orðið fyrir bardinu á hinu alversta ranglæti af hans hálfu? 46 Hefði ég síðan framið níðingsverk eftir að hafa sjálfur kallað saman vitnin þegar ég hefði getað haldið því leyndu fyrir þeim ef ég vildi drepa manninn ranglátlega?

47 Ég lít svo á, herrar mínir, að þessum hefndarrétti hafi ekki verið beitt einkalega í mína eigin þágu, heldur í þágu allrar borgarinnar. Ef þeir sem breyta svona sjá hver launin eru fyrir óhæfuverk af þessu tagi, þá muni þeir síður brjóta af sér gegn öðrum ef þeir sjá líka að þið eruð sömu skoðunar. 48 En ef ekki, þá væri miklu betra að fella úr gildi núverandi lög og setja önnur; einhver lög sem refsar með viðurlögum þeim mönnum sem gæta eiginkvenna sinna, en veita talsverða friðhelgi þeim sem sækjast eftir að brjóta gegn konunum. 49 Því þannig væri það miklu réttlátara en að láta borgarana ganga í gildru laganna, sem annars vegar fyrirskipa að ef einhver gómar friðil geri hann það sem hann langar við hann en hins vegar reynist svo réttarhöldin öllu hættulegri þeim sem brotið var á heldur en þeim sem í trássi við lögin smána annarra manna konur. 50 Því nú er ég í hættu staddur bæði hvað varðar líkama minn og fjármuni og allt annað, af því að ég hlýddi lögum borgarinnar.

Geir P. Þórarinnsson þýddi úr grísku

Dies irae

Tómas frá Celano (Tommaso da Celano) var ítalskur betlimunkur á 13. öld (f. um 1185 eða 1190, d. 1260). Tómas óx upp í Celano á Mið-Ítalíu (þá í ríki Sikileyjarkonunga), hlaut klerklega menntun, kynntist heilögum Frans frá Assisi og tilheyrði betlimunkareglu hans frá því hún var formlega stofnuð 1215. Tómas stýrði um skeið útbreiðslustarfi reglunnar á Þýskalandi. Hann samdi dýrlings-ævisögu heilags Frans (í þremur gerðum), sömuleiðis heilagrar Klöru frá Assisi. Honum er einnig eignaður kirkjulegur kveðskapur á latínu, þar á meðal *Dies irae*, sem þó er ekki á afgerandi rökum reist.

Dies irae, dies illa
solvet saeculum in favilla,
teste David cum Sibylla.

Heiftardaginn hinst á láði
heimur ferst í sindurs bráði.
Þessu dís með Davíð spáði.

Quantus tremor est futurus,
quando iudex est venturus,
cuncta stricte discussurus!

Skjálfandi má skepnan bíða:
Skaparinn í málum lýða
dag þann fellir dóminn stríða.

Tuba mirum spargens sonum
per sepulchra regionum,
coget omnes ante thronum.

Lúður yfir gröfum gjalla
Guð mun láta og þar með alla
fyrir hástól herrans kalla.

Mors stupebit et natura,
cum resurget creatura,
judicanti responsura.

Dauðinn glúpnar, dignar, stríðir:
Dómsstefnunni skepnan hlýðir,
upp svo rísa allir lýðir.

Liber scriptus proferetur,
in quo totum continetur,
unde mundus judicetur.

Eina bók, sem allt hið sanna
á finnst ritað, skal hér kanna
svo að dæmist syndir manna.

Judex ergo cum sedebit,
quidquid latet apparebit:
nil inultum remanebit.

Þegar Drottinn dóma vekur
dylst ei lengur hver er sekur;
straffi ekkert undan tekur.

Quid sum miser tunc dicturus?
Quem patronum rogaturus,
cum vix justus sit securus?

Hvert má nú í skjólið skríða
skálkur minn, án hjálpar lýða,
bestu menn ef böli kvíða?

Rex tremendae majestatis,
qui salvandos slavas gratis,
salva me, fons pietatis.

Ægikóngur himni hærri
huggar þræla miskunn skærri.
Ver mér, brunnur náðar, nærri.

Recordare, Jesu pie,
quod sum causa tuae viae:
ne me perdas illa die.

Hafðu, Jesú minn, í minni
mig, sem naut af jarðvist þinni,
hinsta dag að frelsið finni.

Quaerens me, sedisti lassus;
redemisti crucem passus:
tantus labor non sit cassus.

Bið ég ei til einskis þyldi
efstu þísir herrann mildi
þegar mér hann vægja vildi.

Juste judex ultionis,
donum fac remissionis,
ante diem rationis.

Nær að skuldadögum dregur,
dómarinn minn vegsamlegur,
upp gef sök að opnist vegur.

Ingemisco, tamquam reus.
Culpa rubet vultus meus.
Supplici parce Deus.

Fyrir dómi sökum seldur;
syndin dómsáfelli veldur
nema Guð mín gæti heldur.

Qui Mariam absolvisti,
et latronem exaudisti,
mihi quoque spem dedisti.

Magdalena sýkn varð saka,
sáttum ránsmanns vannstu taka.
Einnig mér lést vonir vaka.

Preces meae non sunt dignae,
sed tu bonus fac benigne:
ne perenni cremer igne.

Enga vissu bænir boða:
Bið ég þína gæsku stoða
eilífum gegn eldsins voða.

Inter oves locum praesta,
et ab headis me sequestra,
statuens in parte dextra.

Þér á hægri hönd án nauða,
höfrum fjarri merktum dauða,
finn mér stað í flokki sauða.

Confutatis maledictis
flammis acribus addictis,
voca me cum benedictis.

Fordæmdir þá feigðarhnífsins
finna brodd í logum kífsins,
kalla mig til ljóss og lífsins!

Oro supplex et acclinis,
cor contritum quasi cinis.
Gere curam mei finis.

Dreyrgu hjarta í duftið hneigi.
Drottinn sæll ég bið að megi
annast mig á efsta degi.

Lacrimosa dies illa,
qua resurget ex favilla,
judicandus homo reus;
huic ergo parce Deus.

Dagur óps og ekkasoga
upp þá rís af sindurs loga,
maður fyrir dóm skal dreginn.
Drottinn bendi á náðar veginn.

Pie Jesu Domine,
dona eis requiem.

Sælan Jesúm bljúgur bið:
Gef þeim náð að finni frið.

Amen

Amen

Helgi Skúli Kjartansson þýddi úr latínu

Um þýðinguna

Latínutextinn er messusálmur eða sekvensa, oftast eignaður Tómasi frá Celano, reglubróður og ævisöguritara heilags Frans frá Assisi, og þá ortur um eða skömmu fyrir 1250.¹ Handritum eða lesbrigðum kann ég ekki skil á en hér er fylgt því orðalagi² sem lengst af var haft í sálumessuritúali kaþólsku kirkjunnar og þar með líka í sálumessum tónskáldanna, Mozarts og fleiri.³

Alþekkt er þýðing Matthíasar Jochumssonar á þessum sálmi: „Dagur reiði, dagur bræði“. Má kalla í senn ofdirlfð og óþarfa að vinna það verk að nýju og síst get ég kallað mig jafnoka Matthíasar að brag-snilld. Það sem þó kom mér af stað, það er nafn Maríu í 13. erindi. Hann les það sem nafn Maríu guðsmóður og þýðir: „Þú sem *móður þjáða* reistir.“ Hef ég skilið það sem vísun til orða Jesú á krossinum til móður sinnar, enda er það einmitt við krossinn sem María er kölluð „móðirin þjáða“ – *mater dolorosa* eins og alþekkt er úr málalalistinni.

Að þessi skilningur orki tvímælis hafði ég ekki hugsað út í fyrir en einhvern tíma upp úr aldamótum þegar nýjar hugmyndir um Maríu Magdalenu voru komnar í tísku, ekki aðeins meðal guðfræðinga heldur á víðari menningarvettvangi. Þótt ég læsi mig aldrei verulega inn í þá umræðu hafði ég veður af henni, frétti t.d. að samkvæmt einhverjum af apókrýfu guðspjöllunum (þeim sem aldrei voru

1 Niðurlagið (tvö erindi eða a.m.k. fjórar hendingar) kann að vera viðbót eða breyting frá frumtexta. Þar er ekki aðeins bragurinn frábrugðinn heldur stingur í stúf að skáldið einblínir þar ekki á eigin sálhjálp heldur biður fyrir „manni“ og „þeim“.

2 Stafsetning og greinarmerki eru með ýmsu móti í útgáfum. Hér er ritað ae en ekki æ, hins vegar ekki i/u fyrir j/v (nema qu); greinarmerki ekki stranglega samræmd.

3 Þýðingin fylgir stranglega atkvæða- og bragliðaskipan frumtextans. Þar með er ekki sagt að hún sé sönghæf. Þýðingu til söngs dugir ekki að gera eftir textanum einum heldur þarf að bera hana saman við tónverkið og gæta þess að þagnir og endurtekningar falli eðlilega að textanum. Þegar mörg tónskáld hafa notað sama textann, eins og hér, gæti þurft að laga þýðinguna að hverri tónsmíð fyrir sig.

tekin upp í Biblíuna) hefði María Magdalena verið lykilpersóna í lífi Jesú, jafnvel staðið honum nær en sjálfir postularnir. Og einhvern veginn flutu með þær upplýsingar að samkvæmt ritskýringu miðalda-kirkjunnar hefði „bersynduga konan“, sú sem í 7. kapítula Lúkasar-guðþjalls laugar fætur Jesú í tárum, þerrar með hári sínu og smyr dýrum smyrslum, verið engin önnur en María Magdalena.⁴

Þetta hafði ég frétt þegar ég af einhverri rælni skoðaði textann við sálumessu Mozarts, sá þar nafn Maríu og að það sem Jesú gerði fyrir hana hét ekki að „reisa“, eins og hjá Matthíasi, heldur *absolvo*. Í klassískri latínu getur það merkt ‘leysa úr fjötrum; inna af hendi’ og í lagamáli ‘sýkna (af ákæru), hreinsa (af grun)’ en í máli miðalda-kirkjunnar umfram allt ‘veita syndaaflausn’. Einkennilegt orðaval um svo syndlausa manneskju sem heilaga guðs móður. En aldeilis upp-lagt um þá bersyndugu, sem Jesú kvaddi einmitt með þeim frægu orðum: „Syndir þínar eru fyrirgefnar.“ Miðaldatextinn hlaut að eiga við Maríu Magdalenu.

Svo ég fór að fikta við að þýða erindið. Allnákvæm þýðing ljóð-línunnar væri: „Maríu lést sýkna saka.“ En íslenskur lesandi eða hlustandi, sem hefði lært sínar biblíusögur líkt og ég, myndi ekki sjá í hendi sér hvaða Maríu átt væri við. Öruggst væri því að segja það fullum fetum: „Magdalena sýkn varð saka.“ Utan á þetta hlóðst svo þýðingin. Ég hafði ekki hliðsjón af þýðingu Matthíasar, reyndi þvert á móti að muna sem minnst af henni. Vissulega er orðalag víða svipað (t.d. mjög líkt í 15. erindi), en það held ég stafi oftast af fylgispekt beggja við frumtextann.

Aðrar þýðingar sálmsins þekkti ég ekki né umfjöllun fræðimanna, t.d. Þórhalls Þorgeirssonar 1948,⁵ en hann greinir frá eldri þýðingum

4 Undirrótin að þessari ályktun mun vera sú að í næsta kafla guðþjallsins, þar sem María Magdalena er fyrst nefnd á nafn, er hún í hópi kvenna sem styrktu starf Jesú „með fjármunum sínum“ (Lúkas VIII, 3). Af því má ætla að hún hafi haft nokkur fjárráð, einmitt líkt og bersynduga konan sem hafði efni á dýrum smyrslum. Hjá sumum bættist við sú ágiskun að syndirnar, sem Jesú fyrirgaf, hefðu verið tekjulind Maríu, þ.e. skækjulifnaður. Að öðru leyti má vísa á pistil sr. Sigurðar Ægissonar í *Morgunblaðinu* 2006: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1094152/>. Eins og þar kemur fram hafði páfinn sjálfur snemma á miðöldum tekið undir það að sú bersynduga hefði verið María Magdalena og það síðan verið viðurkennd ritskýring í kaþólsku kirkjunni þar til hún var opinberlega afturkölluð 1969. En hana hefur Matthías Jochumsson örugglega ekki lært í sinni lútersku guðfræði. Því má bæta við að þegar kaþólska kirkjan dró það til baka að hin bersynduga hefði verið María Magdalena var texta sekvensunnar breytt úr *que Mariam in peccatricem*, þ.e. „hina syndugu“.

5 „Um þýðingar og endursagnir úr ítölskum miðaldaritum.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands*, bls. 212–224; bls. 220 er það sem hér skiptir máli.

Gísla Brynjólfssonar og Helga Hálfðanarsonar (Prestaskólakennara), sömuleiðis bendir hann á endurbirta þýðingu Matthíasar í *Kapólskri bænabók* (1922) þar sem búið er að leiðrétta Maríuvilluna.

— — —

Ekki ætla ég hér að fara yfir þýðinguna frá upphafi til enda, hvorki með samanburði við frumtextann né við aðrar þýðingar, heldur láta nægja nokkur dæmi úr fyrsta erindinu um sígild álitamál bókmenntaþýðinga. Og skoða þá, jafnframt textunum hér að ofan, þýðingu Matthíasar:

Dagur reiði, dagur bræði
drekkir jörð í logaflæði,
votta heilög völufræði.

Fyrsta ljóðlína latínutextans er orðrétt biblíutilvitnun. Það er einn af smærri spámönnunum, Sefanía (eða Sófonías), sem er aðalfyrirmynd sálmsins og segir hann (í 1. kapítula, 15. versi): „Dagur reiði verður dagur sá.“⁶ Tilvitnanir eru auðvitað eitt hinna frægu fótakefla þýðenda. Hér leyfir bragurinn ekki að halda íslenska biblíutextanum orðréttum og fáir íslenskir lesendur munu svo kunnugir þessum ritningarstað⁷ að þekkjanleg orðalagslíkindi þjóni nokkrum tilgangi. Reyndar býst ég við að það sama hafi átt við um viðtakendur latínutextans. Hann hefur fljótt orðið svo miklu þekktari en spádómsbók Sefanía að *dies irae*, *dies illa* hefur í huga fólks orðið að tilvitnun í sálminn, ekki Gamla testamentið.

Það virðist þannig óþarfi að þýða endilega *dies illa* ('dagur sá') enda gerum við Matthías það hvorugur. Hann notar í staðinn tvöfalda þýðingu á *dies irae*, þ.e. „Dagur reiði, dagur bræði“ og heldur nefnifalli latínunnar svo að dagurinn verður gerandi þess sem í næstu línu segir. Ég hef hrakist lengra frá frumtexta, segi „heftardaginn“ (í tímaþöfelli) og fylli seinni bragliðina með efni sem ekki á sér samsvörun á latínunni: „hinst á láði“. Vissulega snýst kvæðið allt um hinn efsta dag, þann síðasta í sögu jarðarinnar, svo að þessi orð *gætu*

6 Svo í *Biblíu* 21. aldar. „Sá dagur er dagur reiðinnar,“ hefur það verið í Biblíu Matthíasar en í minni: „Sá dagur er dagur reiði.“

7 Þótt Grímur meðhjálpari í *Manni og konu* sé reyndar svo biblíufastur að vitna til Sófoníusar spámanns um „dag grimmðarinnar“.

átt þar heima en eru þar ekki frá höfundarins hendi. Svipaðar uppfyllingar frá eigin brjósti koma fyrir allvíða í þýðingunni þar sem mig brast hagamælsku til að fella eiginlega þýðingu að formi bragarins. Lakast er það víst í 16. erindi þar sem einungis orðin „fordæmdir“, „logum“ og „kalla mig“ eru raunveruleg þýðing, hitt allt hallærislausnir í bragnað.

Að þýða orðin *dies illa* virðist sem sagt óþarft – þegar aðeins er horft á fyrsta erindið. En svo kemur í ljós að þau enduróma í erindum 9 (*illa die* – hér hefur latínann tíðarfall eins og ég notaði í upphafs-orðunum) og 18 (aftur *dies illa*). Þessi endurtekning skilar sér aðeins að hluta í þýðingu minni þar sem „hinna dag“ í níunda erindi á að kallast á við „hinn á láði“ í því fyrsta.

Að *dies irae* sé „dagur reiði“ er einfalt mál, orðrétt þýðing eins og í Biblíunni. En „dagur *bræði*“ hjá Matthíasi, hvað þá „*heiftardagur*“ hjá mér, þar er öllu meira í lagt. „Bræði“ eða „heift“ táknar helst stjórnlausea geðshræringu, síður þá réttmætu og yfirveguðu reiði sem hæfa myndi almáttugum Guði. (Þó að í sjálfum Passíusálmunum segi reyndar: „Drottins tími þá tekur af / tvímælin öll í *bræði*.“) Í Biblíu 21. aldar er Sefanía (I, 18) látinn segja: „Á reiðidegi Drottins og í *heiftarbáli* hans verður öllu landinu eytt.“ Hér heitir það „heift“ Guðs sem eldri þýðingar kalla „vandlætingu“, á latínu *zelus*. Síðar (III, 8) lætur Sefanía Drottin hótta konungsríkjum heims „að ausa yfir þau reiði minni, allri minni logandi *heift*.“ Já, fyrir eldi *bræði* minnar mun öll jörðin eyðast.“ Hér hefur latneska Biblían (Vulgata) *indignatio* og *furor*, orð sem tákna a.m.k. ekkert jafnaðargeð, og er þá ekki fráleitt að höfundur sálmsins hafi talið sams konar reiði birtast í þeim orðum sem hann tók upp sem fyrstu ljóðlínu.

Látum þá útrætt um hana.

Í annarri hendingu segir hvað dagur reiðinnar gerir – „drekkið jörð í logaflæði“ hjá Matthíasi – eða, hjá mér, hvað gerist þann dag – „heimur ferst í sindurs flóði“. „Jörð“ eða „heimur“ er einfölduð þýðing á lat. *saec(u)lum*, sem m.a. merkir ‘öld, tímabil’ en líka ‘tíminn sjálfur’ og þar með ‘hið tímanlega, veröldin’. Sögnin, *solvo*, merkir aðallega ‘leysa’ en líka ‘(um efni eða hluti) leysa sundur, leysa upp, láta bráðna eða gufa upp’. Hin tímanlega veröld á þannig að leysast sundur *in favilla*, þ.e. verða að ‘glóðum, neistum, heitri ösku eða gjalli’ (m.a. notað um „ösku“ látins manns og þá átt við glóðina eftir

líkbrennslu). Eldur eða bruni er ekki nefndur í þessu sambandi (eldur helvítis í 14. erindi er annað mál) en liggur í samhenginu. Báðar þýðingarnar gefa í skyn að eldurinn sé jarðeldur. „Logaflæði“ Matthíasar, sem „drekkir“ jörðinni, hlýtur að minna íslenska viðtakendur á flæðigos. Þó að „sindur“ sé ekki beinlínis hraun heldur neistar eða heitt gjall frá járnvinnslu og „sindurs flóð“ eiginlega flóð af glóandi gjalli – eins og í Snorra-Eddu: „sem sindur það er renn úr eldinum“ – þá er varla hægt að skilja það heldur sem annað en líkingu fyrir glóandi hraun. Hér höfum við þá, báðir þýðendurnir, freistast til að koma til móts við okkar sérstaka lesendahóp með líkingu sem ekki felst í frumtextanum. Er þó ævinlega álitamál hve langt megi ganga í því efni.

Hliðstæðri freistingu hef ég fallið fyrir í níunda erindi þar sem skáldið biður Jesú vissulega að minnast sín, en ég hef þýtt það með auðþekktu orðalagi Passíusálmanna („Hafðu, Jesú, mig í minni“). Óbeinni vísun felst í þýðingu fjórða erindis þar sem dauðinn „glúpnar, dignar, stríðir“ – með þremur orðum þar sem latínan hefur eitt, en slíkar orðaþrennur skynja ég sem vörumerki Hallgríms Péturssonar („Bið, styn, andvarpa“ og fjölmargt því um líkt). Passíusálmarnir eru, líkt og jarðeldurinn, séríslenskur veruleiki sem spyrja má hvaða erindi eigi inn í þýðingu á ítölskum miðaldatexta.

Þriðja hendingin er svo eins konar tilvísun og heimildirnar tvær: Davíð og „Sibylla“.

Matthías þýðir: „votta heilög völufræði“; gerir sér lítið fyrir og sleppir Davíð. Það kann að virðast nokkurt gjöræði af þýðanda. Þess ber þó að gæta að þekktanlegar fyrirmyndir kvæðisins eru fyrst og fremst hjá Sefanía, sumt á hliðstæður í öðrum spádómsbókum Biblíunnar, jafnvel í guðspjöllunum (eins og hafrar og sauðir í 15. erindi), en líkindi við Davíðssálma eru fá og býsna óljós. Hér kann því að „vakna sú spurning hvort mikils sé misst“ þó að nafn Davíðs falli niður.

„Völufræði“ Matthíasar er, þegar að er gáð, merkilega nákvæm þýðing á *Sibyllu* sálmsins. Hinar upphaflegu „síbyllur“ voru spágyðjur Forngríkkja sem áttu að hafa þjónað við tiltekna helgidóma þar sem þær mæltu fram goðsvör véfrétta. Hafa þær að miklu leyti verið þjóðsagnapersónur, sumar sagðar goðkynjaðar, en þó kunna raunverulegar konur að hafa brugðið sér í þetta hlutverk. Rómverjar

töldu sig vita deili á einum tíu síbyllum og koma þær, eins og fleira úr rómverskri menningu, víða fyrir í myndlist endurreisnartímans. En fyrr á miðöldum höfðu þær einkum verið þekktar af spádómasafni, *Oracula sibyllina*, sem gekk í handritum í ýmsum tilbrigðum. Efnið var af fjölbreyttum uppruna, mest aftan úr heiðni en sumt lagfært eða aukið við af gyðingum og kristnum. Kristnir guðfræðingar tóku þetta safn gilt sem ævaforðn göðsvör heiðinna hofgyðja og töldu sig sjá í því stórmerkilegar hliðstæður við spádóma Biblíunnar, svo sem um komu lausnarans og ekki síst um dómsdag. Einmitt þá spádóma hlýtur höfundur sálmsins að eiga við. Hann nefnir Davíð sem eins konar fulltrúa Gamla testamentisins og sams konar persónugervíngur *Oracula*-safnsins ber hjá honum sérnafnið *Sibylla*. Það hafði nefnilega rutt sér til rúms sem kvenmannsnafn, m.a. í furstaættum 12. og 13. aldar. (Á uppvaxtarárum Tómasar frá Celano höfðu konur með því nafni t.d. verið drottningar á Sikiley, í Armeníu og í krossfararíkinu Jerúsalem.) Má af því ráða í hve jákvæðu ljósi menn sáu hinar fornu spágyðjur. Sjálfur veit Tómas auðvitað af Nýja testamentinu (Opinberunarbókinni) hvers vænta megi á efsta degi en hann vill benda á hvernig hin fornu helgirir höfðu spáð því sama og leggur hann þar síbylluspárnar að jöfnu við sjálft Gamla testamentið.

Að kalla þessi *Oracula sibyllina* „völufraði“ á íslensku hittir þannig vissulega í mark ef hugsað er út frá merkingarheimi frumtextans. Og „heilög“ að auki, sem að vissu leyti gerir sama gagn og tengingin við Davíð í frumtextanum. Gallinn er sá að lesandi eins og ég, sem ekki þekkti til samhengisins, gat svo hæglega misskilið, fundist að Matthías væri hér að staðfæra og hlyti að meina eddukvæðið *Völuspá*; kvæði sem líka flytur spádóm um heimsslit, einmitt í eldi – „Surtarloga“ sem Snorra-Edda kallar – þar sem „leikur hár hiti / við himin sjálfan“, því líkast sem lýst sé íslensku eldgosi. Mitt orðalag: „dís með Davíð“, býður ekki heim neinni slíkri tengingu en er hins vegar bragðdauft og skilar engu af þeirri merkingu sem hámiðaldir lögðu í síbylluspárnar.

Þá er órátt eitt orð latínutextans, *teste*, af *testis* sem aðallega merkir ‘vitni (fyrir rétti), sjónarvottur’. Það er því betur þýtt sem „votta“ en „spáði“. Mér kom reyndar á óvart, þegar ég fór að rýna í latínutextann, hve hlaðinn hann er lögfræðilegu orðfæri. Ekki aðeins um „dóm“ og „dómara“ heldur sérhæfðari hugtök, eins og *reus* (tvisvar),

þ.e. 'sakborningur'. Ég náði þessu ekki alltaf á íslenskunni, t.d. ekki þarna í fyrsta erindi, og reyndi þá að bæta það upp með lagamáli eins og að „taka sáttum“ í 13. erindi eða „dómsáfelli“ í 12. erindi, þar sem latínan nefnir aðeins 'kinnroða'. Hér reynir á enn eitt álitamál þýðingarfræðanna, þ.e. hvort frávik í gagnstæðar áttir bæti hvort annað upp og megi þannig koma einkennum frumtextans til skila þótt það sé ekki endilega á réttum stöðum.

Allt er þetta um fyrstu þrjár hendingarnar, þó aðeins bornar saman tvær af fjórum íslenskum þýðingum sálmsins, og „mundi dýr Hafliði allur“ ef reynt væri að tæma umræðuefnið. Skal því hér bundinn endi að sinni.

Um Hans Henny Jahnn (1894–1959)

Þótt þýski rithöfundurinn, orgelsmiðurinn, friðarsinninn og and-
ófsmaðurinn Hans Henny Jahnn hafi ósjaldan vakið athygli fyrir
verk sín er óhætt að segja að sú athygli hafi ekki alltaf verið jákvæð.
Þvert á móti var þýsna algengt að leikrit hans væru tekin af dagskrá
eftir að hafa komið leikhúsgestum í uppnám. Í ritverkum sínum og
leikritum ögrar Jahnn gjarnan kristilegum og borgaralegum gildum
sam tíma síns, sem hann taldi einkennast af hræsni og óheilindum; í
sömu mund og talað væri um kærleik fordæmdi samfélagið mis-
kunnarlaust þá sem skera sig úr fjöldanum en af því hafði Jahnn
beina reynslu. Að öllum líkindum var hann meðal þeirra fyrstu sem
lýstu sér sem „alkynhneigðum“ (omnisexuell) en svo opinská yfir-
lýsing þótti gríðarleg óhæfa í heimaborg Jahnn, Hamborg. Við-
brögðin við eigin annarsleika munu tvímælalaust hafa stuðlað að því
að sögupersónur Jahnn eru iðulega utan gátta í samfélagi sínu og
verða fyrir grimmilegu aðkasti vegna þess eins að þær eru frá-
brugðnar hinum í einhverju tilliti sem þær hafa enga stjórn á. Í hinni
fremur óvægnu skáldsögu *Blýnótt* (*Die Nacht aus Blei*), sem kom út á
íslensku árið 2000, er fólki með hvítan hörundslit refsað í samfélagi
biksvarta og í kaldranalegri útgáfu sinni á harmleik Evripídesar um
Medeu dregur Jahnn fram erlendan uppruna Medeu með því að gera
hana svarta á hörund í samfélagi hvíttra Hellena. Í smásögunni
„Rögnu og Níls“ beinist samfélagsleg fordæmingin bersýnilega að
hinni hlédrægu og ef til vill nokkuð einföldu en jafnframt einlægu
og ástríðufullu Rögnu.

Fyrir utan ritstörfin átti Jahnn sér fjölskrúðug hugðarefni. Hann
gat sér svo gott orð fyrir orgelsmíði að hann var ráðinn í stöðu orgel-

umsjónarmanns Hamborgar árið 1931 þrátt fyrir andúð kirkjunnar manna á andkristnum viðhorfum hans. Um ævina gerði hann upp á annað hundrað orgela og nokkur hafa jafnvel verið smíðuð eftir teikningum hans. Öllu umdeildari voru þó tilraunir hans við lyfjaframleiðslu en á fjórða áratugnum setti hann á markað yngingarlyfið Miramon, sem unnið var úr merarþvagi. Síðar taldi hann sig hafa sýnt fram á að drengjaþvag hefði endurlífandi áhrif og tókst jafnvel fyrir tilstilli borgaryfirvalda að fá að ganga á milli grunnskóla sem „hormónafræðingur“ og safna þvagi ungra sveina.

Meðan á fyrri heimsstyrjöldinni stóð flýði Jahnn til Noregs ásamt ástmanni sínum, Gottlieb Harms, til að komast hjá herþjónustu og settust þeir að í Aurlandi nálægt Björgvin. Að heimsstyrjöld lokinni sneri hann aftur til Hamborgar og setti þá á stofn nokkurs konar trúarlegan listahóp er hann nefndi Ugrino. Árið 1926 gekk hann í hjónaband með Ellinor Philips og tveimur árum síðar kvæntist Harms hálsystur hennar, Sybille. Í júnílok árið 1929 ól Ellinor dóttur þeirra Jahnn, Signe, og áður en tvær vikur höfðu liðið fæddist Harms og Sybille sonurinn Eduard. Fjölskyldurnar tvær deildu sama heimili, hjónaböndin voru opin og samband Jahnn og Harms var því alla tíð náði. Harms lést fyrir aldur fram úr nýrnabilun árið 1931 og var fráfall hans Jahnn mikið áfall. Í kjölfar valdatöku Nasistaflokksins flutti hann til Borgundarhólms ásamt fjölskyldu sinni og syni Harms þar sem Jahnn dvaldi sjálfur fram yfir stríðslok og allt til ársins 1950. Nasistar bönnuðu verk Jahnn á þeim forsendum að hann væri klámbhöfundur og hommi og síðar voru þau líka bönnuð í Austur-Þýskalandi kommúnismans af áþekktum ástæðum. Á eftirstríðsárunum sneri hann sér í auknum mæli að pólitískum baráttumálum sínum sem einkum fólust í dýravernd og friðarstefnu. Hann andmælti mjög inngöngu Þýska sambandsríkisins í Atlantshafsbandalagið og barðist ötullega gegn nýtingu kjarnorku, sem hann taldi eiga eftir að valda kynslóðum framtíðarinnar ómældum skaða, en beitti sér einnig mjög fyrir banni á hvalveiðum.

Þrátt fyrir að hafa ekki notið almennrar hylli hafa verk hans verið lofuð af ýmsum, m.a. af Bertolt Brecht, Klaus Mann og Rainer Werner Fassbinder. Bókmenntafrömuðurinn Oskar Loerke hafði milli-göngu um að veita honum hin eftirsóttu Kleist-verðlaun árið 1920 og árið 1929 tilnefndi pólska bókmenntanefndin hann til Nóbelsverð-

launa fyrir skáldsöguna *Perrudja* en sænska dómnefndin reyndist á öðru máli. Á síðustu árum ævi sinnar hlaut hann svo tvenn virt verðlaun, fyrst bókmenntaverðlaun Niðursaxlands árið 1954 og tveimur árum síðar hin virtu Lessing-verðlaun Hamborgar. Þar réð vafalaust mestu stórvirki hans *Fluß ohne Ufer* (Fljót án bakka) sem út kom í þremur bindum (og 1700 síðum!) á árunum 1949–1950 og þykir nú meðal merkilegri skáldverka sem rituð hafa verið á þýska tungu.

Sama ár, eða 1956, var sögulegur harmleikur hans um *Thomas Chatterton* settur á svið og hlaut talsvert lof. Leikritið fjallar um misskilið skáld sem fordæmt er af samfélagi sínu en sjálfstílvísun Jahnn's þykir æði skýr, t.d. í eftirfarandi reiðilestri Chattertons: „Það hefur þá sannast í eitt skipti fyrir öll að ég er óvinur hinnar réttisýnu viðskiptaborgar, dugleysingi, úrhrak. Valdamiklir stjórnendur bankanna og skipaútgerðanna ... fyrirlíta listina, hata hana, berjast gegn henni með því að ráðast að hugsanafrelsinu.“

Jahnn fylgdi ekki fordæmi Chattertons, sem svipti sig lífi, heldur lést úr hjartaáfalli í Hamborg árið 1959. Við andlát Gottlieb Harms nærri tveimur áratugum fyrr hafði Jahnn látið útbúa tvöfalda gróf og var hann því lagður til hinstu hvílu við hlið þessarar stóru ástar lífs síns svo þeir fengju, eins og hinn afdráttarlausi Jahnn hafði orðað það sjálfur, „að rotna í sameiningu“.

Ragna og Níls¹

Það var ungur fiskimaður, Níls. Hann átti skuldlaust fagurt skip. Það var sterkbyggt skip úr góðum eikarviði. Það var mjög margt úr kopar og látúni um borð. Á því mátti vera ljóst að dalirnir sem hringluðu í vösum hans voru ekki úr blikki. Í káetunni, við höfðalag koju hans (það var sú efri af tveimur; í þeirri neðri var piltur vanur að sofa, ungur stýrimaður), hafði verið festur rauður hárlokkur. Níls átti unnustu. Fimm menn voru á skipi Níls. Þeir lágu, þegar sá tími var, úti fyrir ströndum Íslands við veiðar. Það gat hent að skipherrann gerði skyndilega hlé á störfum sínum, gengi niður í káetuna og starði á rautt hárið. Slík hegðun var mjög óvenjuleg í hans umhverfi. Þeir þoldu þetta ekki, hinir. Þeir voru hjátrúarfullir, þótt þeir væru mjög hugprúðir. Þegar Níls hafði enn einu sinni kastað akkerum í víkina við heimabyggð sína (það var kyrr og grunn vík, það var mikil sól við þessa strönd, það stóðu aðeins nokkur hús nærri sjónum) og gengið á land í viðskiptaerindum og til að sækja heim jörðina sem hann var fæddur á, sem hafði tekið við bernskuskrefum hans, gekk hann ekki strax veginn til norðurs meðfram strandlengjunni að húsi unnustu sinnar sem átti von á honum; – enda skipið komið, þetta sem gert var úr góðum eikarviði með gulu möstrunum tveimur og brúnu seglunum; – hann brá út af venjunni, hann fyllti þeirri sem beið kvíða. Hann heimsótti bróður sinn í fjöllum sem bjó þar búi sínu. Hann sagði við bróðurinn: „Við ströndina býr stúlka nokkur sem er rauðhærð. En við höldum okkur á norðlægum slóðum við

1 „Ragna und Níls“ er fyrsta sagan (bls. 5–11) í smásagnasafninu *13 nicht geheure Geschichten* sem útleggja mætti sem 13 eigi hýrlegar sögur og kom fyrst út hjá Rowohlt-forlaginu í Hamborg árið 1954. Þýðandi vill færa Jóni Bjarna Atlasyni, Marion Lerner og ritstjórum *Milli mála* þakkir fyrir góðar og gagnlegar athugasemdir við gerð þýðingarinnar. Copyright ©1995 Hoffmann und Campe Verlag, Hamburg

veiðar. Hugsanir okkar eru sterkar en skipan þeirra er ekki alltaf sem best. Ég bý ekki alltaf yfir nægilegri ró við verk mín. Ef þú vildir nota strandveginn í fjarveru minni af og til myndi það gera mér gott.“ Það var ekki fyrr en að loknu þessu samtali að hann fór á fund unnustunar. Hann kom að henni útgrátinni. Það var hægt að meta sem svo að þau elskuðu hvort annað mjög. Skipið bar nafn stúlkunnar, Ragna. Henni fannst það rangt. Nær væri að jafna þessum manni saman við farkostinn. Hann var með mjög harða vöðva. Hún sagði „björn“ við hann. En hann hét ekki Björn, nafn hans var Níls. Hún virti hann fyrir sér. Sá að hann var mjög stór. Skínandi mastur. Sá að hann var mjög fagur. Góður eikarviðurinn, kopar- og látúnsbryddingarnar. Hún bað hann að endurskíra skipið. Það átti að standa Níls á bóginum. Eða að minnsta kosti Björn. Hann vildi ekki Björn. Hann sagði: „Kannski heitir einhver annar Björn. Bróðir minn heitir Björn.“ Það hryggði hana mjög að hann skyldi eiga bróður sem nefndi sig Björn. Hún hafði ekki vitað það. Hún hafði aldrei spurt um skyldmenni hans. Svo mjög elskaði hún hann. Hann sagði ofurhljótt að þetta væri tilbúningur, þessi Björn bróðir. Þau gengu niður að ströndinni. Þau reru yfir grænan spegil víkurinnar. Það var fagurt augnablik. Þau stigu um borð í skipið. Hún réð sér ekki fyrir hamingju. Á þessu skipi og með þessum manni. Þetta var gott skip. Það angaði af fiski, af fiski frá Íslandi. Ísland var víðs fjarri. Nafnið og fiskilykt þess gerðu hana dapra. En hamingjan vó þyngra. Níls þessi átti skínandi bókstafi sem mynduðu nafn hans. Hann sótti þá úr skúffu í káetu sinni. Hann lagði þá á borðið. Með skrúfum var hægt að festa þá á bóginn. Nú var komið að því. Hann náði sér í verkfæri. Hann vafði sterkum kaðli um læri sín og brjóstkassa. Ragna þurfti að slaka honum með höndum sínum niður af dekkinu yfir vatnsborðið framan við bóginn. Þar vann hann nú. Og hún sá hann ekki. Hendur hennar héldu honum, eilítið samanreyrðar, með stuðningi nokkurra lykknar sem vöfðust um tvær járnstangir. Verkið var tvíþætt: bakborði og stjórnborði. Hún þurfti líka að rétta honum málningardós. Þegar verkið var unnið fóru þau í skipsbátinn og reru umhverfis skipið. Þar stóð gylltum stöfum á svörtum fleti: NÍLS NÍLS. Þau stigu aftur um borð. Þau ætluðu að laga kaffi. Fyrst virtist Níls annað verk vera brýnna. Hann dró úr vasa sínum lausa og eilítið máða, ryðgræna

bókstafina. Hann festi þá yfir beddann sinn við hlið rauða hárbrúksins. Og að fáeinum mínútum liðnum var þegar hægt að lesa: RAGNA RAGNA. Hún klökknaði og sagði: „Mig langar alltaf að vera sængin þín.“ „Nú er allt mjög rétt,“ svaraði hann. Það hlaut að styttest í brúðkaup þeirra, því gagnkvæm ást þeirra var mjög mikil.

Hann hélt á ný til veiða. Þá er hann sneri aftur hafði hann átt miklu láni að fagna. Skipið ætlaði að springa undan miklum aflanum. Hann hljóp, knúinn af þrá, að heimkynnum sínum við víkina. Boðaði hina miklu veislu lífs síns. Síðan hélt hann suður á bóginn. Til að selja fenginn fyrir gott verð. Fólkið sem bjó í þorpinu sagði: „Þessi Níls er ríkur maður. Hann á skip. Enginn veit hvaðan honum áskotnaðist það.“ Þau gleymdu með öllu að hann var einn þeirra, létu þess ógetið að bróðir hans bjó í fjöllum. Enda þótt foreldrar hans væru látnir var lítill legsteinninn við hvítu kirkjuna sem bar vott um fyrra líf þeirra við víkina. En kirkjan var í einnar stundar göngufjarlægð frá ströndinni. – Allir hlökkudu til veglegrar brúðkaupsveislunnar. Þeir reiknuðu: eftir eina viku eða tvær, eftir þrjár gengur þessi gleði í garð. Jafnvel sýslumaðurinn var sama sinnis. Vikurnar liðu. Níls kom ekki til baka. Hann hlaut að hafa farið mjög langt til suðurs. Þeir sem bjuggust við hinu versta komu fram með skoðanir sínar og hræddu hina með því að óhapp hlyti að hafa hent. Þá breyttist mjög viðhorfið til fiskimannsins. Mennirnir fjórir sem voru með honum áttu líka eiginkonur og heitkonur á staðnum. Og í harmi sínum sökuðu þær manninn um að hafa laðað að sér tortímingaröflin með ónáttúrulegum kenndum í garð þeirrar rauðhærðu. Því var hann sekur. Og stúlkan sjálf (þau urðu mjög fyrir-litleg, munaðarleysingi sögðu þau, sú sem lifði á hinum ríka Níls) sekari, því hún lagði á hann álög. Það voru þungar áhyggjur sem ólu af sér slíkar skoðanir. Þetta voru langar vikur og langir mánuðir. Sá tími rann upp þegar menn hefðu átt að búa sig á ný undir að halda á Íslandsmið. Þá, einn morguninn, lá skipið á svargrænum spegli víkurinnar, þessi NÍLS. Fimmmenningarnir gengu heilir á húfi á land og hlógu, fullir hamslausrar kæti. Og báru með sér kistur og kassa. Þessi Níls hafði vit á lífinu. Hann hafði selt aflann á Spáni. Það hafði ekki verið greitt út í beinhörðum silfurdöllum: gull, eintómt gull, snoturlega varðveitt í litlum pyngjum, var orðið að eign hans. Og hann hafði skipt því með hinum fjórum samkvæmt þeim

hlutaskiptum sem þeir höfðu áður sammælt um. Fimmmenningarnir og eiginkonur þeirra og unnustur og börn hlógu. Jafnvel sýslumaðurinn nuddaði saman höndunum í góðlátlegri samkennd. En frá hinum íbúunum stafaði þögn, þögn vonbrigðanna. Þeim gramdist að þeir skyldu hafa haft rangt fyrir sér. Þeir voru fullir öfundar yfir þeim mikla auði sem hinum hafði fallið í skaut. Ragna grét mjög lengi við brjóst Níls. Hún sagði honum (ekki frá eigin hugarangri) frá bölinu sem hún hafði orðið fyrir. Hún þráði nú þeim mun heitar að heyra frá honum að hún væri elskuð. Brúðkaupið var haldið með allt öðrum hætti en búist hafði verið við. Fjórmenningunum var boðið, áhöfninni af skipinu, ásamt konum þeirra og unnustum. Ekki einu sinni bróðir Níls kom niður eftir. Þessi maður, þessi skipherra, hafði leitað bróðurinn uppi. Enginn vissi að þeir höfðu átt með sér samtal, gert með sér samkomulag. Sá grunur vaknaði að þeir ættu í illdeilum. Og þó voru það aðeins áhrif dálítils laumuspils hjá Níls sem ollu þeim atburðum er síðar urðu. „Ég gef þér tvöhundruð dali til að kaupa hest“, hafði hann sagt, „nú held ég brúðkaup. Það er veisla handa tveimur, ekki handa mörgum. Ég kys að bjóða þér ekki. Ég geri það ekki af fjandsemi í þinn garð; bið þig þvert á móti að veita mér vináttu þína og að láta mig í friði án kala.“ Ragna bakaði brúðkaupstertuna: eitt kíló hveiti, eitt kíló smjör, eitt kíló sykur, þrjátíu og sex egg. Þetta var gömul og góð uppskrift. Og fjórmenningarnir komu til veislunnar. Tveir með unnustum sínum, tveir með konum sínum, þannig að tíu voru samankomin. En um nóttina hlýnaði aðeins í fimm sængum. Í átta daga yfirgaf Níls ekki húsið. Síðan fór hann á sjó. Með fjórmenningunum. Á kveðjustundinni fól hann ungri húsfreyjunni eignir sínar til varðveislu. Og sagði svo, minnugur óttans sem hafði kvalið hana hans vegna þegar hann hafði dvalið lengi í burtu: „Hvað svo sem kann að vera kveðið á um gegn þér og mér, ég sný til þín aftur.“

Eftir að skipið hafði verið í burtu í þrjá daga kenndi Ragna þess að skaut hennar blæddi. Hún varð mjög miður sín og brast í grát. Hún beið í mánuð. Þegar blæðingarnar endurtóku sig lagðist það henni þungt á hjarta. Hún gekk til kvennanna fjögurra, einnar af annarri, og grennslaðist fyrir um hvort eins hefði farið fyrir þeim og henni, að hafa ekki orðið gæfunnar aðnjótandi. Hún kom til eigin-kvennanna. Þær áttu von á sér. Hún áræddi að leggja leið sína til

unnustanna. Þær áttu von á sér. Eins og eiginkonurnar. Við brjóst þeirrar síðustu grét Ragna. Hún varð að láta sér nægja þá takmörkuðu huggun að stutt vikugaman gat lent á þeim tíma þegar litlar líkur voru á að hún yrði móðir. Nú hrærðust aðeins orðin innra með henni: „– ég sný til þín aftur.“

Það bárust mjög slæmar fregnir til þorpsins. Ritsíminn flutti þær. Þetta voru óvissar fregnir. Þær hljóðuðu svo að líklega hefði „Níls“ týnst ásamt áhöfn í stormi úti fyrir ströndum Íslands. Sýslumaðurinn gekk hægum skrefum til kvennanna fimm. Hann las upp daufri röddu það sem stóð skrifað. Það sem hann bar úr bítum var mjög áþekkt: tár. Hann tók einnig eftir því að þær sem grétu voru barnshafandi, eiginkonurnar og unnusturnar. Hann huggaði unnusturnar, eins vel og hann megnaði, með því að segja að börnin myndu hljóta heiðvirð nöfn. Einungis Ragna, sú rauðhærða, felldi engin tár. Hún hlustaði á manninn til enda. Þá sagði hún: „Nei, þetta eru mistök. Þetta eru falsfréttir eins og í vor. Níls hefur lofað mér að hann muni snúa aftur. Hann mun koma.“ Svona hafði svar hennar verið. En þegar embættismaðurinn var farinn ætlaði leyndur óttinn að sprengja í henni hjartað. Full öfundar hugsaði hún til kvennanna fjögurra sem áttu von á sér. Níls gat vel verið dáinn, ef hún nú aðeins bæri barn hans. Mikil ringulreið var innra með henni. Tíminn leið. Skipið hefði átt að vera löngu komið. Það gat vel verið satt að það hefði strandað. Hvað skipti skipið svo sem máli? Níls myndi koma. Níls myndi koma yfir breitt hafið til hennar. Langt á eftir áætlun. Langa leið. Hann myndi barna hana. Kannski yfirgæfi hann hana aftur á eftir. Hún ætti að kæra sig kollótta svo fremi hann bara kæmi og færði henni eitthvað. Þetta var vondur vetur. Öll gleði hafði verið kæfð. Það hafði lagst refsing yfir staðinn. Enginn vissi hvers vegna. Enginn þorði að mæla nafn þeirrar rauðhærðu af vörum. Lærdómur síðasta árs lét enn til sín taka. Vonin var ekki óafturkallanlega dauð.

Bróðir Níls kom niður á ströndina. Hann ætlaði að segja fáein orð við mágkonu sína. Hann var bróðir hins látna, enda þótt hún þekkti hann ekki. Hann hafði ekki verið viðstaddur brúðkaupsveisluna. Þeim hefndist fyrir laumuspilið. Þar eð hann óaði við því að líta tár beið hann uns komið var kvöld. Hann bankaði á dyrnar. Það var ekkert ljós í stofunni. Samt var honum hleypt inn. Einhver vafði örmum sínum um háls hans og kyssti hann ákaft. Hann hafði aldrei

áður kennt slíkra vara. Honum hitnaði mjög. Hann skammaðist sín. Hann ætlaði að stama einhverju út úr sér. Og varð þess einungis áskynja að hér var kvölin ástríðufull eins og hafið sem hafði myrt. Hann heyrði hvíslað í eyra sér: „Níls, Níls.“ Og brá við. Hann ætlaði að æpa að hann væri bróðirinn, ekki sá látni, að hann væri hold, ekki draugur. Að hann væri ekki kominn yfir hafið. En orðin dóu út í barka hans. Hann veitti þessu áhlaupi ástarinnar viðtöku. Hann hvíslaði aðeins, til að vera áfram heiðarlegur: „Ég er Björn, Björn er ég.“ En rödd hans virtist engin áhrif hafa. Það kom svar sem var ekki í ósamræmi við móttökurnar: „Þú er björninn minn, björninn minn. Nú heitir skipið ekki Ragna, ekki Níls, það heitir BJÖRN.“ Hún dró hann inn í myrka stofuna. Með gjörvöllum líkama sínum umfaðmaði hún hann. Hann hafði aldrei upplifað annað eins, enda þótt hann ætti konu og barn. Það sljóggaði hann. Skyndilega var hold konunnar í örmum hans. Hendur hans þreifudu á fullkominni nekt hennar. Hjarta hans hlýnaði við sköpulagið sem hann skynjaði með höndunum. En rödd hennar sárþændi: „Farðu ekki frá mér, farðu ekki aftur yfir hafið áður en lánið hefur fallið mér í skaut.“ Síðan hlýnaði sængin af þeim tveimur. Hann laumaðist burt áður en nóttin var öll. Hún virtist vita að hún myndi ekki geta haldið honum. Áður en hann hafði haldið leiðar sinnar hvískraði rödd hennar: „Stutt nætur-gaman getur lent á þeim tíma þegar litlar líkur eru á að ég verði móðir. Að fjórtán dögum liðnum býst ég við þér aftur.“ Og hann kom. Og hann fann fyrir hvílu sem var óviðjafnanleg að yndisleika. Röddin sagði: „Mig langar alltaf að vera sængin þín.“

Konurnar fjórar ólu börn sín. Og börn unnustanna fengu heiðvirð nöfn, því feður þeirra voru látnir. Það var mjög mikil sorg við barnsængurnar. Ragna heimsótti konurnar fjórar og benti með höndunum á sig og sagði: „Ég er líka hafandi.“ Og brosti. Henni var ekki trúað. Og henni var vorkennt, því hún virtist veik á geði. Fólk króaði hana af og spurði hana: „Hvenær áttu eiginlega að eiga?“ Og hún reiknaði á fingrum sér í hvaða mánuði það ætti að vera. Uppvöðslusöm kona blístraði í gegnum tennurnar á sér: „Síðan hvenær koma hinir látnu í hjónasængina?“ Ragna kinkaði kolli, brosti og svaraði: „Hann kom. Hann var búinn að lofa því. Hann kom tvisvar.“ Eins og hún hafði reiknað út ól hún síðla árs sveinbarn. Konurnar í þorpinu sögðu: „Það er ólykt af þessu.“ Og spurðu: „Getur kona verið þunguð

í fimmtán mánuði? Og var ekki búið að greina frá því að á brúðkaupsnóttinni hefði hún ekki tekið við fangi?“ En enginn gat nefnt leyndan elskhugann á nafn. Móðirin stóð fast á því að faðir barnsins væri Níls. Sýslumaðurinn skráði barnið sem heiðvirt, því presturinn mælti með því; hann hafði rætt lengi við Rögnu. Hamingja hennar var mjög mikil. Brjóst hennar voru tveir hvítir brunnar með fíngerðum æðum. Á meðan barnið svaf hugsaði hún til þess að sá sem hefur komið tvisvar yfir hafið gæti ekki átt í erfiðleikum með það í þriðja skipti. Og hún kallaði til hans með hjarta sínu. Og var þess handviss að hann heyrði í henni. Og væri þá þegar í pílagrímsför sinni. Brátt myndi hann stíga yfir þröskuldinn. Og hann kom. Hann sagði aðeins eitt orð: „Barnið.“ Og hún svaraði: „Barnið okkar.“ Hún leiddi hann að vöggunni til að hann gæti snert það. Hún heyrði þungan andardrátt hans. Og snökt. Og henni virtist hún finna tár úr auga hans í höndum sínum. Þá hafði hún sængina tilbúna fyrir hann. Hann streittist hins vegar á móti. En hún sigraðist á honum með mýkt og angan líkama síns og ljúfum heityrðum sínum. Og pílagrímurinn hneig niður. Og lofaði að snúa aftur. Hann gekk ekki á bak orða sinna. Þegar líkami Rögnu tók að gildna í annað sinn og frá vörum hennar kom að blessunin væri aftur af völdum Níls tók fólk að ausa fúkyrðum yfir hana. Hrópað var á eftir henni: „Hóra.“ Presturinn kom heim til hennar. Hann yfirheyrði hana með mjög kristilegum hætti en mjög stranglega. Hún brosti. Hún sagði: „Níls kom til mín yfir hafið.“ Sýslumaðurinn leysti prestinn frá störfum. Ljós móðirin reyndi að neyða hana til játningar. Héraðslæknirinn var kallaður til. Hann hellti sér yfir hana, hvort hún ætlaðist til að hann tryði á ævintýrið líka. Reiði hans skilaði engu meira en ákefð hinna. Hann lýsti hana andlega vanheila. „Biluð í heilanum,“ öskraði hann á lögreglustöðinni, „hættulaus en klikkuð. Ef aðeins væri hægt að góma rekkjunaut hennar! Flekklaus piltur það eða hitt þó heldur. Tuddi.“ Þegar hitt barnið fæddist varð sýslumaðurinn að færa það í skrána. Faðernið var ekki hægt að sanna upp á neinn; það var nefnt eftir þessum látna Níls. Það voru nokkrir andatrúarmenn í þorpinu sem tóku að líta svo á að Ragna væri helg. Þetta fólk kom heim til hennar í því skyni að tala við hina útvöldu (eins og það taldi hana vera) um kraftaverkið. Það kraup gagntekið á kné fyrir framan bæði börnin og

vegsamaði atburð sem afhjúpaðist því aðeins í hugboði. Það veitti Rögnu andlegan styrk. Þegar hún var ein það hún til Níls með tálhrópi sínu yfir vöggu seinna sveinbarnsins að hann kæmi til hennar yfir hafið. Skaut hennar væri aftur orðið þroskað aldin. Hún varð að biðja hann oftsinnis áður en hann nam rödd hennar. Ferð hans hlaut að vera orðin mjög fyrirhafnarmikil. Hann hafði þurft að taka á sig langa pílagrímsför. Þá hafði sá ótti læðst að henni að hann væri týndur að eilífu. Hún hafði þrýst báðum börnunum að barmi sínum, tárivot um augun. Hann fylgdi loks kalli hennar. Hann var kominn. Mjög breyttur virtist henni. Þreyttari. Átti mjög þungt um andardrátt. En án mótspyrnu hafði þetta þriðja brúðkaup verið haldið. Þetta var löng brúðkaupsveisla. Hún varði allar nætur heils mánaðar. Einhver nótt hlaut að vera sú síðasta. Hann varð að halda aftur yfir hafið. Hún skynjaði það. Hann grét. Andardráttur hans þyngdist. Eins og skilnaðurinn ætti að vera um alla eilífið. Hún grét með honum. Og hann lét þau orð falla sem tættu sundur hjarta hennar að hann myndi ekki mega koma aftur. Og hvarf í rökkrið og sveif yfir hafið. Núna hafði hinn látni fundið ró. Hún varð mjög máttvana. Sterkt rammgert skipið með eikarþiljunum hafði strandað við Ísland. Níls hafði drukknað í straumkastinu. Fimm menn drukknuðu. En einn þeirra hafði orðið að standa við fyrirheit sín: „Hvað svo sem kann að vera kveðið á um gegn þér og mér, ég sný til þín aftur.“ Núna var hún ekkja eins og hinar. Og þoldi það verr en hinar. Og barmaði sér yfir því að hinn látni hafði sjálfur skammtað tímanum. Þó dafnaði í henni þriðja barnið. Þegar það varð alkunna tók stemningin að einkennast af ónotalegri þögn. Fólksýndi stillingu. Fyrst skyldi þessi fæðing vera að baki. En síðan myndi sakadómi komið á fót. Þorpsbúarnir belgdust yfir þeim óskunda sem þeir höfðu í hyggju. Þeim fannst þeir smánaðir, fíflaðir, svívirtir. En áður en tíminn rann upp kom hið skelfilega í ljós annars staðar. Þar hafði hryllilegt afbrot tekið á sig mynd. Þessi Björn hafði dag nokkurn banað konu sinni og barni með öxi. Og það var jafnvel ljóst hvers vegna. Orsökina blasti við eins og opin bók. Húsfreyjan hafði hlaupið út á götu í hryggðarkasti og æpt: „Björn barnaði Rögnu.“ Þá hafði þetta morð verið framið. Með öxi. Þessi Björn, sem var bróðir Níls, blóði drifinn, með blóðugar hendur, hafði dregið hest út úr hesthúsinu, sveiflað sér allt að því

nöktum á hnakklaust bakið, og sprett úr spori. Niður að víkinni. Í sjóinn. Á reið. En ópið um gjörðir hans hafði verið fljótar í förum en hesturinn. Bátar sigldu út á víkina. Hönd greip í höfuðhár hans. Hestinn rak út, hann sökk. Þetta mannshöfuð hvarf hins vegar ekki niður. Þetta var dýrmætt höfuð, afbrotamannshöfuð, höfuðkúpa glæpamanns. Þeir drógu líkamann upp úr söltum sjónum. Þeir börðu þennan líkama. Þeir bundu hann með nýju seglgarni. Þeir færðu hann inn á embættisskrifstofu sýslumannsins. Þegar um eftirmiðdaginn kom að vélbátur, nokkrir hermenn um borð. Honum var stjakað inn í farartækið. Hann myndi verða lokaður inni í fangelsi ævilangt. Þegar Ragna frétti hvað gerst hafði varð andlit hennar sem steinrunnið og hvítnaði eins og kalk. „Þetta var Níls,“ sagði hún, „því hann elskaði mig. Hann ætlaði aftur yfir hafið.“ Á meðan hún var enn grátandi kom þriðja barnið. Hún ól það standandi. Það datt á gólfið fyrir framan hana. Hún lyfti því upp. Enginn var hjá henni. Hún þvoði því, þótt hún væri við það að brotna saman. Þarna voru nú þrjú börn í kofanum. Öll mjög sterk og mjög fögur; en nöfn þeirra gáfu fyrirheit um örðug líf. Þau hétu: Níls, Björn, Ragna. En sú sem var móðir þeirra var steinrunnin. Hún gat ekki hlegið, enda þótt hún elskaði börn sín. Vegna hennar hafði hinn fullorðni Níls drukknað og verið lokaður inni í fangelsi.

Geir Sigurðsson þýddi úr þýsku

Um Síðaóruang og söguna Matsí

Síðaóruang er skáldanafn Wanna Sawatsrí sem er fædd 1943 í Pitsanúlók í norðurhluta Taílands. Foreldrar hennar voru verkafólk og hún ólst upp í fátækt, þriðja af átta börnum þeirra. Tólf ára gömul var hún send til Bangkok til að vinna fyrir sér. Ólíkt öðrum þekktum nútímarithöfundum Taílands, sem eru upp til hópa vel menntaðir, naut hún einungis fjögurra ára barnaskólanáms. Að nokkru leyti hafði það í för með sér skort á sjálfstrausti gagnvart bókmenntaheiminum en það virðist líka meginástæða þess að sem höfundur er hún mjög frumleg og óhrædd við að fara eigin leiðir. Sögur hennar hafa oft og tíðum hneykslað taílenska lesendur sem handan velsæmismarka hvað varðar sögupersónur og viðfangsefni.

Síðaóruang birti fyrstu smásögu sína árið 1973 og sögur hennar hafa síðar unnið til ýmissa taílenskra bókmenntaverðlauna. Tveir vestrænir bókmenntafræðingar hafa þýtt verk hennar á ensku í smásagnasöfnum; sögurnar í annarri bókinni eru að mestu leyti sósíalrealismi og þjóðfélagsgagnrýni en í hinni fantasíur þar sem notaðar eru persónur úr goðsagnabálkinum Ramayana (Ramakien á taílensku) til að draga fram ýmsar myndir af nútíma hversdagslífi.¹ Gefur það nokkra hugmynd um breidd hennar sem höfundar að hún lýsir verkafólki, verksmiðjuvinnu, hátíðum, hugarórum og öðru efni hversdagsins og fléttar í frásagnir sínar fantasíu og þjóðfélagsgagnrýni. Oft er stutt í þann glæfralega en yfirlætislausa húmor sem

1 Rachel Harrison *A Drop of Glass and Other Stories by Sidaoruang*. Bangkok: Duang Kamol, 1994; Susan F. Kepner *Married to the Demon King: Sri Daoruang and Her Demon Folk*. Chiangmai: Silkworm, 2004. Að auki þýddi Susan Kepner söguna Matsí á ensku, sjá Susan Fulop Kepner, Matsii, í bók hennar *The Lioness in Bloom: Modern Thai Fiction about Women*. Berkeley: University of California Press, 1996, bls. 95–103.

svífur yfir sögunni Matsí. Síðaóruang hefur gefið út sjö smásagna-söfn, fimm skáldsögur og sex greinasöfn, auk þess að hafa þýtt ýmsar bókmenntir yfir á taílensku.

Matsí er um margt merkileg saga sem olli nokkurri hneykslun þegar hún var fyrst birt í tímariti árið 1985.² Aðalpersónan er aldrei nafngreind, nema óbeint með heiti sögunnar. Matsí (stundum líka Maddí eða Matrí) er nafn eiginkonu Vesandons Prins í Jataka-sögunum sem fjalla um fyrri líf Búdda. Jataka útleggst sem fæðingar-sögur og snúast þær um margbrotinn lífsferil Búdda í gegnum nokkur æviskeið. Gotama Búdda er sá fjórði en sá fimmti verður Maitreya Búdda. Vesandon Prins ólst upp við allsnægtir, giftist svo hinni fallegu Matsí og þau eignuðust tvö börn. Prinsinn er óvenjulegur, hann skortir algjörlega ágirnd eða sjálfhverfu og er þess í stað einstaklega örlátur, og seinna meir fær hann hugljómun og verður Búdda. Betlari nokkur biður prinsinn um að gefa sér börnin tvö og það gerir hann umhugsunarlaust. Annar biður um konu hans, Matsí, og hann gefur hana frá sér líka. Guðirnir sjá hvað fram fer, blanda sér í málið og Vesandon fær síðar aftur börn og eiginkonu og erfir konungsríkið.

Örlæti eða gjafmildi er hampað sem kjarnaboðskap búddisma. Það að gefa af eignum sínum til góðs leiðir til góðs karma en karma veltur á uppsöfnuðum afleiðingum góðra og illra athafna, hugsana, og ætlana yfir mörg lífshlaup. Fólki og aðrar verur eru öll á ferð í gegndarlausri hringrás endurfæðinga sem það losnar ekki endilega úr. Þess vegna er mikils virði að gera góðverk, sérstaklega í formi örlætis gagnvart búddahofum og stuðningi við munka. Gott karma leiðir til endurfæðingar í betri stöðu en áður, vont karma getur af sér líf þjáninga, sorga og erfiðleika. Fólki þarf tilsögn varðandi rétt og gott líferni og fer því í hofin til að heyra munkana predika. Það að hlýða á predikanir og að gefa til hofa eykur verðleika (t. *bun*, e. *merit*) fólks.³ Gjafmildi og gott athæfi auka verðleika fólks og gefa til kynna karmastöðu þess.

2 Sagan var birt í tímaritinu *High-Class* (ไฮคลาส) árið 1985. Hún var svo endurbirt í bók höfundar, *Matsí*, smásagnasafni, gefið út af Thantawan forlagi í Ayutthaya 1987, og úr þeirri bók er þýðingin unnin. ศีลดาเรื่อง มัทรี: รวมเรื่องสั้น สำนักพิมพ์นานตะวัน อยุธยา 2530 (1987), bls. 113–21.

3 Ég nota orðið „verðleika“ í merkingunni „það sem maður á skilið“ (sbr. að verðleikum), sem mælikvarða á karmainnistæðu hvers og eins.

Um tíu ára aldur geta strákar vígst sem nemar í Búddahofum og karlmenn svo til munks um tvítugt. Munkar sverja af sér hversdagslíf og hversdagsleg gildi og helga sig námi og einföldu lífi til þess að ná auknum trúarlegum þroska. Þeir eru ekki venjulegt fólk lengur heldur búa yfir gildi helgra hluta. Karlmenn auka trúarlegan verðleika sinn með því að vígjast, hvort sem þeir endast lengi meðal munda eður ei. Er líka talið að mæður aukist að verðleikum með því að gefa syni sína á þennan hátt til eflingar trúnni en á eigin vegum er konum þessi vegur ekki fær. Konur geta vígst sem nunnur en þær njóta lítils álits sem slíkar. Munkar predika og veita blessanir, en ekkert gefur til kynna að nunnur hafi það sem til þarf hvorki að verðleikum né af trúarmætti til að sinna fólki á svipaðan hátt.

Ein helsta fyrirstaða hugljómunar þrátt fyrir lærdóm munkanna er að almenningur er veikur fyrir veraldlegum gildum, fólk er bundið ýmsum þráum og löngunum. Fólk getur ekki svo auðveldlega slitið sig frá fjölskyldu, vinum, líkamlegum þörfum eða veraldlegum gæðum. Að hluta til leiddi þetta til verkaskiptingar. Munkar sjá um andlegan vöxt sinn, miðla almenningi af lærdómi sínum í predikunum, og verða vettvangur verðleikasköpunar þess fólks sem lifir sínu hversdagslífi. Er það talið langt frá því að vera á færi hvers sem er að stunda líferni munda, til þess þurfi sérstaka hæfileika og mikinn viljastyrk. Sjálfsafneitun munda er ein meginrót hæfileika þeirra og staðfestu.

Vesandon prins var örlætið holdi klætt. Hann gaf frá sér hvers kyns veraldlega hluti. Ætlun hans strax á ungaaldri var að njóta þess að gefa. Hugsun hans kann að virðast öfgakennd þegar hann skynjar strax á barnsaldri að hann vildi helst geta gefið úr sér hjartað eða augun. Þegar Vesandon fæddist bárust honum margar gjafir, meðal annars töfrum gæddur fíll sem gat ráðið því hvenær rigndi. Var fíllinn oft bjargvættur ríkisins þar sem hann forðaði þjóðinni frá þurrki og hungursneyð. Síðar meir báðu menn úr nágrannaríki um að prinsinn gæfi þeim fílinn, sem hann þá gerði. Þetta vakti óhemju reiði meðal almennings sem sá fram á endalok velsældar sinnar. Heimtaði fólkið að kóngurinn, faðir Vesandons, dæmdi hann til dauða fyrir verkið. Í staðinn ákvað kóngurinn að senda hann í útlegð til óbyggða í skógi vöxnum fjöllum langt í burtu.

Eiginkona Vesandons, hin fallega og ljúfa Matsí, segist ekki geta verið án hans svo hún og börn þeirra tvö fylgja honum í útlegð. Gerir hún allt til að þjóna honum og styrkja hann, meðal annars að virða ósk hans um einlífi og hreinlífi eins og einsetumanni sæmdi. Svo sér Vesandon fyrir að maður nokkur muni koma og biðja af honum börnin. Hann villir fyrir Matsí og segir henni að fara út í skóg. Andar í dýralíki halda svo aftur af henni þangað til börnin eru farin. Jörðin skalf þegar hann gaf börnin frá sér. Einn guðanna sér fyrir að næst gefi hann frá sér konuna, svo hann bregður sér í mannslíki, biður um að fá Matsí, fær hana og gefur hana svo Vesandon strax aftur. Þar eð hún er þá orðin gjöf frá öðrum getur hann ekki gefið hana frá sér lengur. Þetta linnulausa örlæti Vesandons prins eykur stöðugt verðleika hans sjálfs og leiðir til þess að hann verður Búdda í næsta lífi.⁴

Hér liggur galdurinn og húmorinn á bak við sögu Síðaóruang. Matsí er ung kona, ómenntuð, fátæk og þriggja barna móðir. Hún vill helga sig trúnni og er algjörlega fær um að slíta af sér bönd hversdagsins, þar á meðal að segja skilið við börnin. Hún ætlar bara að gefa þau. Viðhorf hennar er jafngilt því og hægt væri að gera ráð fyrir hjá munkum með langa menntun og óvenju mikinn trúarþroska; „í hjarta mínu finn ég hvorki fyrir ánægju né óánægju. Þessi mannslíkami sem við fæðumst með hann tilheyrir okkur í raun alls ekki, fólk fæðist og svo deyr það, þessi börn eru ekki mín eign.“ Hér er sjónarhorn hennar það sama og Vesandon prins er hampað fyrir, algjörlega laust við bönd hversdagslífsins og er þess í stað örlætið og óeigingirninn holdi klædd. Hann sem karlmaður, prins, auðugur og valdamikill, verður spámaður og trúarleiddtogi og er sagan af honum flutt með alls kyns hætti í löndum teravada búddisma (Sri Lanka, Mjanmar, Taílandi, Laos og Kambódíu) tvö þúsund og fimm hundruð árum seinna. Hún, ómenntuð og fátæk stelpa með þrjú börn, er óskiljanleg og forkastanleg. Jörðin skalf ekkert þegar hún yfirgaf börnin sín heldur var Matsí okkar tíma flutt á lögreglu-stöðina og svo send í geðrannsókn.

Sagan af Vesandon prinsni er lesin á ákveðnum helgidögum og í sumum löndum og landshlutum fer einnig fram skruðganga með

4 Frumtextinn er til í enskri þýðingu, sjá *The Perfect Generosity of Prince Vesantara*. Margaret Cone og Richard F. Gombrich, þýð. Bristol: The Pali Text Society, 2011.

myndskreytta útgáfu sögunnar.⁵ Fólk kemur saman til að hampa dæmisöguefninu og gefur eftir megni til hofanna, að hluta til vegna þess að það er sjálft svo jarðbundið og ófært um örlætið sem Vesandon prins var í blóð borið. Það að koma saman til að fagna sögunni af Vesandon prinsu og að hlýða á lestur hennar sýnir að minnsta kosti rétt hugarfar og ásetning. Í smásögunni segir að Matsí hafi næstum tekist að losa sig við börnin sín, þjáningarbúntin þrjú. Ein uppistaðan í lærdómi búddisma er að líf fólks einkennist af þjáningu vegna þess hvað það er flækt og bundið; háð tengslum sínum við annað fólk, hluti og eigin þarfir og langanir. Útgefandi smásagnasafnsins lætur ekki leika neinn vafa á kjarna smásögunnar um Matsí nútímans. Á upphafssíðu er einungis titillinn og svo ágengasta spurning sögunnar í tvígang; „Og hvernig stendur á því að karlmenn komast upp með þetta?“

5 Aðgengilegasta heimildin er Steven Collins, ritstj., *Readings of the Vessantara Jataka*. New York: Columbia University Press, 2016. Myndskreytta útgáfan er algengust í Laos og nálægum héruðum Taílands. Hún er máluð á striga sem er um einn metri á hæð og þrjátíu metrar á lengd og er hengd upp í hofum á árlegri hátíð.

Matsí

Hún sat á móti vaktstjóranum á lögreglustöðinni. Sítt hár hennar var allt í flóka og í andlitinu mátti sjá litlar fölar unglingabólur. Hún kreisti fram hlátur og gaf því engan gaum að tvær tölur á blússunni hennar voru óhnepptar og að glæfralegt los var komið á pilsíð um mittið.

„Já, en ég var búin að útskýra þetta áðan, að ég vil ekki að neinn sé að ergja mig. Ef þið viljið stinga mér í steininn, ja, þá það bara, þá þarf ég að minnsta kosti ekki að sjá um þessa krakka lengur.“

Lögreglumaðurinn hristi höfuðið. Hann reyndi eins og hann gat að halda aftur af sér gagnvart þessari kvenmynd algjörlega sneyddri öllum mannasiðum. Hann krækti sér í sígarettu og kveikti í og blés reyknnum rólega frá sér. Horfði svo á hina ákærðu sem dró djúpt að sér andann.

„Ef þig langaði ekki í þessi börn, af hverju varstu þá að eignast þau? ... Fyrirgefðu, en jafnvel hundar unna afkvæmum sínum.“ Vaktstjórinn var alls ekki lágróma og hann var orðinn rauður í framan.

„Þetta snýst nú um pabba þeirra, af hverju ferðu ekki á eftir honum og handtekur hann líka? Ef þér finnst ég vera upp á kant við lögin þá er pabbi þeirra meira upp á kant en ég því það var hann sem bjó þau til.“ Hún hélt áfram með vanþóknun í röddinni: „Hann kastaði frá sér börnunum og konunni og tók saman við nýja tussu, það var ekki eins og ég hefði kastað þeim frá mér til að ná mér í nýjan kall.“ Hún hægði á tali sínu. „Herra lögregla, í hjarta mínu finn ég hvorki til ánægju né óánægju. Þessi mannslíkami sem við fæðumst í tilheyrir okkur í raun alls ekki, eins og búddamunkarnir hafa kennt okkur ... fólk fæðist og svo deyr það ... þessi börn eru ekki mín eign ...“

„Nóg um það, nóg um það ... burtséð frá því, ef svo fer að einhver tekur að sér börnin, hvað ætlaðu þá að gera?“

Það skein beiskja úr stórum og kringlóttum augunum. Hún starði lengi eitthvað út í loftið en ekki á neitt sérstakt, svo táraðist hún.

„Ég ætla að vígjast til nunnu. Ég hef fengið mig fullsadda af börnum og eiginmanni og get í alvöru slitíð mig frá þeim.“

Vaktstjórinn hallaði sér aftur í stólnum og dæsti. „Hu.“ Hann virtist úrvinda. „Hvað ertu eiginlega gömul, þú sjálf?“

Stelpan leit upp og þau horfðust í augu.

„Nítján.“

„Nítján ára með þrjú börn ... Hver heldurðu að trúí þér? Ekki eldri en þetta og búin að fara svona illa með þig og kemur svo hingað og segist vera tilbúin að sverja af þér alla holdlega girnd. Líklega er ekki langt í að bóndi þinn fari að daðra við þig aftur og að þú verðir enn einu sinni komin með óléttubumbu.“ Það var eins og lögregluþjónninn hefði sagt skilið við kurteisina.

„Ég er algjörlega komin á rétt spor. Ef ég vígist þá kem ég alls ekki til með að snúa aftur við blaðinu. Við tvö reyndum eftir megni að lifa rétt og svo náði það ekki lengra ... þetta er alveg búíð mál.“

Það lá ekki beint við að trúa henni. Margir mundu ráða af tali hennar, gerðum og látbragði að hún væri gengin af vitinu eða þá að hún stigi einfaldlega ekki í vitið. Lögreglumaðurinn hafði falið eigin konu eins undirmanna sinna að sjá tímabundið um öll þrjú börn þessarar annarlegu konu.

„Þú, hérna ... þykir þér gaman að fara í búddahofið?“

„Já. Áður en ég eignaðist mann fór ég með mömmu á hverjum helgidegi.“ Það lifnaði yfir henni eins og hún hefði fengið eitthvert skemmtilegt leikfang. „Mér leið alltaf vel þegar ég hlýddi á predikanir.“

„Gott og vel, ég trúí því að hugur þinn hneigist til góðra verka og að þú farir oft í hofið. En hvers vegna hefur þitt sæmdarhjarta ekki samúð með þínum eigin börnum? Hvernig gastu bara sísvona skilið þau eftir í biðskýlinu? Það var mesta mildi að lögreglan átti leið fram hjá og varð vitni að þessu. Ég veit ekki hvernig þetta hefði annars endað. Þarna er heilmikil umferð.“

Hún gretti sig og sperrti hálsinn. „Hvað þarf ég eiginlega að segja þér þetta oft? Ég var búin að segja að ég vil þau ekki ... vil þau ekki.“

Síðan hækkaði hún enn róminn. „Ef herra lögregla ætlar að þröngva þessum börnum upp á mig aftur ... þú getur gert það svo sem ... en þá skil ég þau bara aftur eftir í vegkantinum. Og ef þau fara að gráta og elta mig ... þá lumbra ég bara almennilega á þeim. Það að móðir slái börnin sín er ekki bannað með lögum. Þannig er það. Ég er alls ekki að reyna að drepa þau. Þegar ég var barn þá barði mamma mig svo fast að í hvert skipti hélt ég að ég mundi ekki lifa það af.“

Hún lyfti fótunum upp í stólinn og settist í hugleiðslustellingu. Til skiptis dró hún inn varirnar og setti á sig stút, aftur og aftur og virtist áhyggjufull.

Nokkrum klukkustundum fyrr hafði hún tekið miðjubarnið og skellt því í sæti á strætisvagnabiðstöð og hrópað: „Ef einhvern langar í barn þá fæst það gefins.“ En allt fólkið í biðskýlinu brást við með því að hafa sig á brott. Hún beið í drygklanga stund þar til hún ávarpaði stúlkuna, elsta barnið, sem hélt utan um það yngsta.

„Þið verðið saman hér. Það er bannað að elta mig. Ef einhver kemur þá bara segið þeim ... biðjið um að fá að vera með þeim ... þið vitið ... það er fullt af fólki hérna, eins og í mauraþúfu. Bráðum hittid þið einhvern með göfugt hjarta sem á leið um.“

Svo gekk hún burt. Þó að börnin þrjú þyrðu ekki að hlaupa á eftir móður sinni af því þau hræddust að hún slægi þau þá hrópuðu þau samhljóma: „Mamma, mamma, ekki skilja okkur eftir ... mamma, við erum hrædd.“

Í sannleika sagt var hún hér um bil búin að losa sig alveg við þjáningarbúntin þrjú. En það var þá sem lögreglubíllinn keyrði fram hjá. Og nú sat hún á móti þessum lögreglumanni. Hún var einbeitt.

„Herra lögregla, trúir þú á áhrif góðra verka og illra?“ spurði hún hreinskilnislega.

„Heldur betur. Ég trúi því að móðir sem fremur þvílíkt illvirki eins og þú fari eftir andlát sitt beinustu leið til helvítis.“

„Þú misskilur. Ég meina að ef þú segir að ég hafi framið illvirki þá verður mín refsing sú að ég lendi að lokum í víti. Hvers vegna er þá þörf á að handtaka mig? Það er alveg nóg að mín bíði vítisdvöl. Af hverju er verið að vandræðast með mig?“

Lögreglumanninum fannst sér misboðið. Þó svo að í yfirheyrslunni hafi hin ákærða talað af sannfæringu var langt frá því að hún stæði styrkum fótum í trúnni. Hún var með undanbrögð og vitleysisgang.

Það leit helst út fyrir að það þyrfti að senda hana til geðlæknis. Annars varð kannski að sleppa henni lausri. Börnin yrðu sennilega send til barnaverndar og kannski væri hægt að fá frétt í blaðinu. Sagan mundi vinda upp á sig. Þetta var ekki flókið. Blaðamenn voru alltaf að leita að fréttum og góðri fyrirsögn ... Hah! ... Fyrst þarf að ná tali af föður barnanna og spyrja hann að tildrögum málsins.

„Pabba þeirra, ha? Hann gengst nú ekki einu sinni við þeim.“ Hún talaði eins og hún vissi hvað hann væri að hugsa og skipti svo um umræðuefni: „Geturðu gefið mér sígarettu?“

Það fauk í lögreglumanninn yfir skeytingarleysi hennar gagnvart því hverju munaði á stöðu þeirra. Honum flaug í hug að hún væri vændiskona. En það gat ekki staðist því vændiskonur sjá almennt um börnin sín. Hann leit á sígarettuna áður en hann drap í henni í öskubakkanum og svo rétti hann henni 85-pakkann með síðustu rettunni.

„Ég veit að þér líður illa yfir þessu. Maðurinn þinn sinnti ykkur ekki, heldur tók hann saman við hjákonu. En börnin hafa ekki hugmynd um neitt. Ef þér hefði tekist að skilja þau eftir við vegkantinn hefðu þau vaxið úr grasi og gerst þjófar, dópistar. Stúlkurnar hefðu kannski farið að selja sig. Það er ekki sambærilegt að vera gefinn ókunnugum og að fá að alast upp hjá foreldrum sínum. Börnin eiga eftir að þjást af vanmetakennd ef þau fá ekki að alast upp hjá þér. Hugsaðu málið. Ef þú vilt fá vinnu skal ég hjálpa þér að finna pláss á veitingahúsi eða sem vinnukona, heimilishjálp. Þú leitar að ódýru leiguherbergi. Ég skal sjá um að skutla börnunum í dagvist á morgnana en þegar þú ert búin í vinnunni verður þú að sækja þau og hafa þau hjá þér yfir nóttina. Líst þér ekki vel á það? Fáum okkur nú að borða.“ Herra lögregla hafði þulið þessa lexú sína eins og hann hygðist segja Jataka-sögurnar alveg til enda, sögur af mörgum fyrri lífum Búdda.

Hún saug að sér reykin úr sígarettunni meðan hún hugsaði málið og hneppti á meðan lausu tölunum á blússunni. „Þetta hljómar vel. En ég verð þá að vinna svakalega mikið.“

„Þó það nú væri. Það þurfa allir að vinna sína vinnu. Nema þeir sem hafa leitað en ekki fundið starf. Ég er lögregla hérna og þarf eilíft að vera í vinnunni. Og þú ...“ Hann var aftur orðinn reiður en ákvað að tala rólega og lágt eins og búddamunkur að predika.

„En ég hef aldrei verið í vinnu.“

„Blessi þig ... eðla frú ... Þú varst rétt vaxin úr grasi þegar þú varst komin í samband. Maðurinn sá fyrir ykkur og svo varð hann bara leiður á ástandinu. Var það ekki þannig?“ Þetta hafði byrjað eins og helgiboðskapur eða bæn en varð fljótt eins og vaðall í manni í lög-reglubúningi.

Tárin streymdu niður kinnar hennar. Hún horfði fyrst dolfallin á hann og svo reyndi hún að fara bónarveginn.

„Gerðu það, má ég vígjast til nunnu?“

Í þetta sinn missti lögreglumaðurinn algerlega þolinmæðina. Hann barði hnefanum í borðið og rauk á fætur. Hann þrýsti báðum lófnum á borðplötuna og var alvaran uppmáluð.

„Þú leikur þér að því að afneita veraldlegu hliðinni, ha? En hvers konar manneskja finnur ekki til félagslegrar ábyrgðar?“

Hún hrökk upp af stólnum, hörfaði afturábak að skilvegnum og fálmaði eftir brúninni á honum. Kaldur sviti spratt fram og perlaði undir augum hennar og á nefinu. Herbergið varð þögnin ein. Flugur sveimuðu um. Kjökur hennar ágerðist smám saman.

„Það eru svo margir að vígjast. Af hverju er þá ekki skammast í þeim?“ Það var í henni þrjóskur kvörtunartónn eins og hún hefði alls ekki skilið predikun lögreglumannsins.

„En hérna ... það þarf ekki að hafa áhyggjur af fólki almennt. Það er ekki að gera þetta til að bægja hlutunum frá sér eins og í þínu tilviki ... Hvar hefur það svo sem gerst ... að fleygja börnunum frá sér og vígjast. Þú ert aldeilis brött, ætlar að flýja eigin ábyrgð og skýla þér á bak við trúna ... Hvað finnst þér ... ef börnin þín hefðu tekið erfiðleikum og þjáningum við vegkantinn sem sínu hlutskipti af fúsum og frjálsum vilja, hvernig hefði það átt að sýna að móðir þeirra hefði losað sig við allar langanir og girnd?“ Lögreglumaðurinn atyrkti hana og mótmælti rökum hennar með tilþrifum.

„Og hvernig stendur á því að karlmenn komast upp með þetta?“ Hún virtist ekki hafa meðtekið orð hans.

„Hver ... hver svo sem hefur nokkurn tíma hegðað sér í líkingu við þig?“

„Ja ... Vesandon prins.“

Hinn mikli lögreglumaður okkar varð snarringlaður. Hann vissi ekki um hvað hún var að tala. En eftir stundarkorn færði hann skrif-

stofustólinn til, settist og horfði lengi vel á þessa ungu konu. Svo bentu hann henni með hendinni að setjast aftur á sinn stað. Hann sat niðurlútur og þögull og skrifaði eitthvað á blað. Loks kallaði hann á einn undirmanna sinna og rétti honum bréf.

„Farðu með þetta eyðublað og hina ákærðu til læknisins. Ef hann kemst að einhverri niðurstöðu vil ég að þú komir til baka með skýrslu.“

Hjörleifur Rafn Jónsson þýddi úr taílensku

Um Neidu de Mendonça¹

*Ég, Neida, er fullkomlega meðvituð um að heimur minn er takmarkaður.
Í þita leiksins kann einhver að gleyma spakmæli Ludwigs Wittgensteins:
„Takmörk tungumálsins eru mótuð af mínum eigin takmarkaða heimi.“*

Neida Bonnet de Mendonça fæddist í Chaco-héraði, í norðausturhluta Argentínu árið 1933. Hún hefur verið búsett í Asunción, höfuðborg Paragvæ, í marga áratugi. Að loknu kennaranámi stundaði hún framhaldsnám í listasögu og fagurfræði við Asunción-háskóla, þar sem hún sinnti kennslu lengst af meðfram ritstörfum. Eftir hana liggja margvísleg ritverk, ekki hvað síst smásögur, sem birst hafa í safnritum víða um heim. Vel þekkt er einnig skáldsaga hennar Ljós-brot (*Golpe de luz*) frá 1983 en skáldsagan færði henni þekktustu bókmenntaverðlaun heimalandsins sama ár og hún kom út.

Fyrsta smásagnasafn Mendonça, Undir lokin (*Hacia el confin*), sem út kom árið 1984, vakti strax athygli fyrir ágeng efnistöð. Höfundur beinir kastljósi að einkalífi og stöðu kvenna, auk þess að setja fram gagnrýni á alltumlykjandi helgreipar feðraveldisins um líf kvenna úr öllum stéttum. Fyrir smásöguna „Pyharepyte“² hlaut hún menningarverðlaun Paragvæ árið 1984 og fyrir söguna „Hengirúmið“ („La hamaca“), var hún tilnefnd til Veuve Clicquot-verðlaunanna árið 1985. Síðan þá hafa smásagnasöfnin Af ryki og vindum (*De polvo y del viento*, 1988) og Biðjið fyrir okkur (*Ora pro nobis*, 1994) vakið verðskuldaða athygli.

1 Stuðst er við upplýsingar úr *Breve diccionario de la literatura paraguaya*, eftir Teresa Mendez-Faith, Editorial El lector, Asunción, Paraguay, 1998 og af: http://www.portalguarani.com/347_neida_bonnet_de_mendonca_.html. Sótt í nóvember 2020.

2 Úr tungumáli frumbyggja, guaraní. Yfirskriftin vísar til þess að sofna á verðinum.

Eftir Neidu de Mendonça hefur verið haft:

Þegar ég skrifa verður ritmálið ævinlega dularfullt og erfitt viðureignar. Rithöfundar leika sér með orð eins og kettir að mús. Framsetning þeirra skreppur undan. Höfum hugfast að ritmál kennara, stjórnmála- eða blaðamanna er ekki tungumál bókmenntanna. Rithöfundum ber að forðast það að gera tungumálið of hlutbundið. Í mínu tilfelli líður tíminn og ég eltist við viðsjál, falin, óáþreifanleg orð sem gefa lífi mínu gildi. Ef til vill er það ástæða þess að ég elska orðabækur?

Sagan sem hér hefur verið valin til þýðingar er fengin úr safnriti um smásagnarritun kvenna frá Paragvæ sem út kom með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar árið 2005. Sagan veitir ágæta innsýn í höfundarverk Neidu de Mendonça.

Par til dauðinn aðskilur okkur¹

„... ég hef náð þeim aldri að líf
allra manna er viðurkenndur ósigur.“

Marguerite Yourcenar

Þriðjudagur, 15. mars, árið ...

Julio: Þó nokkrum sinnum hef ég gert tilraun til að nota hið skrifaða orð til að eiga samskipti við fólk, nema við þig, sem veist allt um leikni þess. Af hógværð hef ég alltaf óttast að misnota hið ritaða mál og að það nýti sér þennan veikleika minn. Í félagsskap við mig verða orð óþjál, þau sleppa, flýja, fela sig, og að lokum vantar mig alltaf nokkur þeirra. Öðrum stundum stökkva þau um, allt án þess að virða málfræðireglur, og mér verður fyrirmun að telja atkvæðin! Mér hefur aldrei tekist að yrkja ljóð!

Hins vegar hef ég aldrei átt í vandræðum með talað mál. Ég hef nýtt mér það hvað eftir annað, eins og gert var í fornum menningarheimum. Hið talaða mál gerir mig auðsveipa, skipulagða; orðin flæða sjálfkrafa og fúslega, í fullkomnu samræmi. Jafnvel í þessu vorum við tvö ósamrýmanleg!

Ég nefni þetta vandamál (eitt af mörgum, ekki satt?) því ég veit, því miður, að hugsanir mínar virðast brenglaðar. Rétt eins og líf okkar var brenglað í þau sextíu ár sem við áttum saman.

Ég hafði ekki náð átján ára aldri þegar við giftumst og ég var ekki orðin tvítug þegar ég birtist í húsi foreldra minna og sagði: „Ég á engan samastað. Ég elsa eiginmann minn ekki lengur.“ Ég heyrir enn

1 Sagan ber yfirskriftina „Hasta la muerte nos separa“ á frummálinu. Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: antología de cuentistas paraguayas*. Ritstj. María del Carmen Pompa Quiróz. Universidad Nacional de Asunción: Asunción, Paragvæ, 2005.

skerandi þögnina og vanþóknun móður minnar á meðan faðir minn kvað upp dóm sinn: „Heiðvirð kona elskar eiginmann sinn til dauðadags.“ Ég sárþændi þau, sagði raunsannar og upplognar sögur. Ég notaði allar brellur hins talaða máls, án nokkurs árangurs. Þau voru óhagganleg, eins og virki frá miðöldum.

„Ég er heiðvirður maður. Það eina sem upp á vantar er að eiga fráskilda dóttur. Hvaða dag sem er gæti mér verið tilkynnt að dóttir mín sé ... „Hann þagnaði. Hann notaði ekki orðið en hann vanvirti mig þrátt fyrir það. Ég sá fyrir mér svartan blett sem stækkaði á hvíta sloppnum sem ég klæddist sem skólastúlka. Faðir minn bætti svo við: „Ég vil að þú snúir samstundis aftur heim! Og gerðu það fyrir mig að finna leið til að elska eiginmann þinn!“

Þú beiðst eftir mér; vissir að ég kæmi aftur. Til að taka á móti mér skrifaðir þú mér stutt bréf. Mér fannst það fullkomið. Óljóst man ég innihald þess ... „Yndið mitt eina. Ég hef aldrei leitað þín jafn ákaft. Ég hef aldrei þráð þig eins mikið!“

„Ég skynja þig allt um kring. Ég sé þig, ég heyri í þér og mér finnst jafnvel eins og ég sé að kyssa þig ... Hve heitt ég elska þig! Líf mitt er í þínum höndum. Það er á þínu valdi hvort þar ríkir hamingja eða vansæld. Öll tilvist mín er tilraun til fullkomunar og ég vil ekki að neitt né nokkur komi í veg fyrir það. Ég reiði mig á þig. Þú ert mér allt: leiðin að hinu góða eða að vonbrigðunum. Fyrir þig get ég náð fullkomnun eða fallið í glötun. Ég sver að ég myndi frekar kjósa dauðann en það að við værum aðskilin! Julio.“

Og með sama hætti ... í hvert skipti sem þér tókst að eyðileggja ástina sem ég gerði mér upp til að eignast Anselmitu og Diego birtust önnur bréf. Svíksamlegt orðfæri þitt ól upp börnin okkar, kom þeim á legg og forðaði föður mínum, þeim heiðvirða, frá því að eiga dóttur sem ... Ég á erfitt með að gleyma deginum þegar þú rakst okkur á dyr úr eigin húsi af því að pottarnir og pönnurnar voru útötuð sóti. Ég, hún, slæpinginn, sóðinn, átti sökina. Verst var að ég fann til sektarkenndar. Þú kastaðir öllu sem þú festir hönd á í eldhúsinu út í garð. Í bræði þinni æptir þú: „Hypjaðu þig í burtu með börnin þín tvö!“

Frú Saturnína veitti okkur skjól. Hún var komin til ára sinna en bjó að reynslu og mikilli þekkingu. Hún hitaði te, tók til smákökur,

útbjó límonaði og sagði okkur fallegar sögur um vonir og væntingar. Þegar rökkva tók snerum við aftur með hugrekki frú Saturnínu að leiðarljósi. Ég fékk aldrei að vita hvað hún hafði sagt við þig en þetta var í eina skiptið sem þú skammaðist þín.

Með tímanum styttust bréf þín, urðu að minnismiðum, þar til þú hættir alveg að skrifa. Það varð líka minna um framkvæmdir og viðhaldsvinnu af minni hálfu. Verkfærin urðu hversdagslegri. Alvöru efniviður var ekki fyrir hendi. Ástin var byggð úr sandsteini, úr leir. Nei, hún var úr dufti! („Við viðurkenndum það ekki í þögninni, við viðurkenndum það ekki í umkvörtunum, né í hugarfylgsnum okkar, né í svipbrigðum ókunnugra.“) En háttprúð kona elskar eiginmann sinn þar til dauðinn aðskilur þau. Og dauðinn nálgast.

Já, ég þekki arkitektinn sem hannaði litla „gríska“ grafhýsið úr bleika marmaranum. Ég veit að það er tilbúið og að sólin skín á gyllta látúnsplötu González-fjölskyldunnar. En ég veit einnig að jafnvel eftir dauðann, eftir allt sem á undan er gengið, höldum við áfram að kvelja hvort annað. Ég óttast að duft beina okkar muni þröngva sér út um sprungurnar, svo við getum haldið áfram að særa hvort annað.

Það var þess vegna sem ég keypti mér landskika í Ytororó. Ég notaði til þess smámyntina sem þú gleymdir í buxnavösunum. Þú finnur afsalið í skúffu í kommóðunni minni.

Ég vænti þess að snúa aftur til vindsins og jarðarinnar, endurnærð og með sæmd.

Í dag varð ég sjötíu og átta ára. Ég sit í slitnum hjólastól og flæki mál mitt með orðum.

Ég veit ekki hvernig ég á að losa mig úr þessari flækju, en það sem mig langar að biðja þig um er mjög einfalt. Ég vil ekki verða jarðsett við hlið þér eftir að ég dey.

Lucía

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku

Um Chiquitu Barreto¹

Chiquita Barreto er fædd í Caaguazú-héraði í Paragvæ árið 1947. Hún lauk fyrst kennaranámi en lagði síðar stund á framhaldsnám í uppeldis- og kennslufræðum við Kapólska háskólann í Asunción, höfuðborg Paragvæ. Hún hefur starfað sem háskólakennari um árabil og tekið virkan þátt í réttindabaráttu kvenna og starfað ötullega með kennarasamtökum heimalandsins. Hún er enn fremur vel þekkt sem leikstjóri nemendaleikhúsa á ýmsum skólastigum.

Barreto skrifaði sig fyrst á spjöld bókmenntasögu Paragvæ með smásagnasöfnunum *Með sorg og sýt* (*Con pena y sin gloria*, 1990), *Með sálina í húðinni* (*Con el alma en la piel*, 1994) og *Óráð og vissa* (*Delirios y certezas*, 1995). Síðan þá hafa smásögur hennar birst í blöðum, tímaritum og safnritum víða og nokkrar verið þýddar á guaraní² og ensku. Frá upphafi hefur Barreto beint kastljósinu að málefnum er varða stöðu kvenna, jaðarsetningu þeirra í samfélaginu og forboðnum málum eins og þrám og löngunum kvenna, efnistöku sem hún var á sínum tíma harðlega gagnrýnd fyrir af menningarelítu heimalandsins.

Frá aldamótum hefur Barreto snúið sér meira að skáldsagnaritun. Eftir hana liggja, auk nokkurra barna- og unglingabóka, fjöldi sagnasveiga og skáldsagna þar sem konur gegna aðalhlutverki. Markmið höfundarins er áfram að varpa ljósi á jaðarstöðu kvenna, gagnrýna ríkjandi hugmyndir feðraveldisins um hlutverk kvenna auk þess

1 Upplýsingar sóttar af menningarsíðum dagblaðsins ABC, sjá: <https://www.abc.com.py/edicion-impresa/suplementos/cultural/sobre-al-amparo-del-tiempo-de-chiquita-barreto-y-la-problema-tica-femenina-597544.html> og af : <https://www.biblioteca.org.ar/libros/300350.pdf> Sótt í mars 2020.

2 Talið er að um 12 milljónir manna tali guaraní. Tungumálið er annað tveggja opinberra tungumála í Paragvæ. Til frekari upplýsinga sjá: <https://www.britannica.com/topic/Guarani-language>.

að ígrunda samfélag sitt og samtíma. Meðal þekktustu verka hennar eru Mögnuð hvíld (*Una siesta asombrosa*, 2006), Úr stjörnum og leir erum við (*De estrella y barro somos*, 2007), Vaxkonur (*Mujeres de cera*, 2009), Þöggðu rödd (*La voz negada*, 2011) og Í skjóli tímans (*Al amparo del tiempo*) frá 2012.

Fyrir skáldsögu sína Nöfnin sem ég bý í (*Los nombres que habito*) áskotnuðust henni árið 2015 Roque Ganoa bókmenntaverðlaunin sem rithöfundasamband Paragvæ veitir. Árið 2017 kom svo út skáldsagan Hvert fara kettirnir þegar rignir? (*¿Dónde van los gatos cuando llueve?*) og skáldsagan Tími og tímaleysi (*Tiempo y destiempo*) árið 2019.

Smásagan sem hér hefur verið valin til þýðingar er fengin úr safnriti um smásagnaritun kvenna frá Paragvæ sem út kom hjá háskólaútgáfu Asunción-háskóla, með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar, árið 2005. Hún veitir innsýn í höfundarverk Chiquitu Barreto.

Allt fór fjandans til¹

Þessi saga er um sjálfa mig. Þessa faglegu, virtu og virðulegu manneskju sem mark var á takandi við öll tilefni. Allt til þess dags þegar lífið gerbreyttist á svipstundu átti ég fyrirmyndarfjölskyldu.

Það gerðist að morgni dags rétt um það leyti sem ég nálgadist fimmtugt. Ég man að það var heiðskírt þennan dag. Ég stóð á götuhorni fyrir framan notalegt kaffihús og beið eftir leigubíl. Að venju klæddist ég látlausri, fallegri, tvískiptri dragt. Skyndilega sé ég útundan mér konu sem líkist mér mjög nema hvað undir hárauðum kjólnum geislar kynþokki hennar. Í stað þess að halda á skjalatösku eins og ég geri ávallt, hangir fínlegt veski yfir öxl hennar. Þó að mér þætti klæðaburður hennar ekki viðeigandi á þessum tíma dags var konan glæsileg. En ekki hvað. Ég klæddi mig hins vegar ávallt á hefðbundnari hátt.

Líklega var það ekki einungis vegna klæðaburðarins heldur líka vegna þess hvernig hún bar sig að hún fangaði athygli karlmanna. Við vorum staddar á fjölfarinni götu og þessi augntillit virtust skríða upp eftir líkama hennar, frá fallegu skónum, fíkra sig upp að brjóstunum og nema staðar við hálsinn. Það blasti við að tvíafari minn og ég erum að eðlisfari algjörar andstæður. Ég velti því fyrir mér við hvað hún ynni. Hún er sannarlega ekki smekklaus, heldur hefur góðan smekk, og þótt hún líti ekki út fyrir að vera mikið eldri en þrítug þá er ég viss um að við séum jafnöldrur.

Ég ímynda mér hana hálfpartinn missa stjórn á sér í faðmi ábúðarmikils karlmanns og hugsa til míns eigin ömurlega hjónalífs. Allur

1 Sagan ber yfirskriftina „Se fue todo al carajo“ á frummálinu. Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: antología de cuentistas paraguayas*. Ritstj. María del Carmen Pompa Quiróz. Universidad Nacional de Asunción: Asunción, Paragvæ, 2005.

neisti milli mín og eiginmanns míns er slokknadur. Satt að segja hafði hann aldrei verið til staðar. Hann hafði aldrei verið umhyggjusamur elskhugi. Þegar ég fór sjálf að huga að eigin þörfum og uppgötvaði að ég þurfti að svala þorsta mínum langaði mig til þess að hann skildi það. Ég gerði tilraun til að kenna honum á hin ólíku svæði kvenlíkamans en hann lét það sem vind um eyru þjóta. Elskulegur eiginmaður minn hafði engan áhuga á því að láta segja sér til. Hann hafði sína eigin aðferð, jafnvel þótt á þessu sviði sem og öðrum byggji hann ekki að neinni sérstakri þekkingu. Með tímanum gerði ég mér grein fyrir því að hann var handónýtur í þessum efnum.

Í augum karlmanna erum við konur framandi verur. Þeir taka áhættu og fylgja henni eftir og mistökum þeirra verður ekki leynt. Við konur búum í einskonar musteri sem einungis er mögulegt að opna með okkar eigin samþykki.

En, ég átti yndislega fjölskyldu og dásamlegar dætur.

Smám saman lognaðist samlíf okkar hjóna út af og það fjaraði undan velferð eiginmannsins. Hann var í sífelldri en vonlausri leit að ánægju, hvort sem hún var keypt, leigð eða fengin að skiptum. Hann virtist villuráfandi í tilraunum sínum og var fyrirmunað að finna leið til farsældar.

Konan í rauða kjólnum og ég biðum en leigubíllinn kom ekki. Allt í einu opnast dyr á glæsivagni og ég sé hvar rauðklædda konan sest inn þegar stórmyndarlegur maður spyr með þeirri karlmannlegustu röddu sem ég hef á ævi minni heyrt:

– Hvert get ég ekið þér?

Áður en ég næ að svara er konan í rauða kjólnum búin að því:

– Farðu með mig að hliði paradísar.

Ég stíg upp í bílinn eins og ég sé undir áhrifum, ringluð og mállaus.

Öll þrjú förum við saman á fimm stjörnu hótél. Ég klæði mig úr, feimin eins og skólastelpa, og legg dragtina snyrtilega á fatagrind. Konan í rauða kjólnum afklæðir sig af mikilli færni, hún virðist dansa líkt og mjúkur, seiðandi taktur hljómi innra með henni.

Maðurinn virðir hana fyrir sér en hún tekur ekkert eftir mér. Ég spyr sjálfa mig að því hvað ég sé að gera hérna nakin og skjálfandi af feimni á milli þeirra. Ég horfi á fagrar útlínur konunnar og sam-

stundis finn ég fyrir heitum og sætum vörum glæsimennisins á mínum. Ég muldra einhverja fjarstæðu:

– Ég er gift. Ég er heiðvirð kona.

Og hann svarar:

– Ég líka.

Ég veit ekki hvað varð af konunni í rauða kjólnum eftir þetta.

* * * * *

Í dag er ég ein á báti og nafn mitt er á allra vörum.

Allt gerðist án þess að það gengi of langt, en maðurinn sem fylgdi mér í paradís fékk þá hræðilegu hugmynd að deyja úr hjartaáfalli. Upp frá þeirri stundu varð ævintýri virðulegrar, heiðvirðrar konu eins og mín að almannarómi. Að því er virðist hafði konan í rauða kjólnum ávallt verið hin hliðin á sjálfri mér í leit að eigin falli.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku

Um Delfinu Acosta¹

Delfina Acosta fæddist í Asunción, höfuðborg Paragvæ, árið 1956. Hún er menntaður lyfjafræðingur en hafði áhuga á bókmenntum frá unga aldri. Strax á unglingsárum var hún farin að taka þátt í leshringjum um klassískar bókmenntir og var í kjölfarið hvött til að taka þátt í ritsmiðjum og gefa út smásögur sínar og ljóð. Um áratuga skeið hefur hún að auki skrifað vikulega pistla um bókmenntir og listir fyrir ABC, eitt víðlesnasta dagblaðið í Paragvæ.

Helst hefur Acosta vakið athygli fyrir ljóðagerð og eftir hana liggur álitlegt safn ljóðabóka. Meðal þeirra má nefna *Ljóð á leiðinni* (*Poesía itinerante*, 1984), Allar þessar raddir, kona (*Todas las voces, mujer*, 1986), Kross kólibrífuglsins (*La cruz del colibrí*, 1993), Ballöður fólksins (*Romancero de mi pueblo*, 2003) og Minn kæri (*Querido mío*, 2004). Síðasta ljóðabók hennar, Glæðlynda eldflugan (*La luciérnaga alegre*), kom út árið 2016 og hefur enn beint kastljósi bókmenntarýna að ljóðrænum stíl Acosta þar sem ástin og átakamál einkalífsins eru til umfjöllunar.

Fyrir ljóðagerð sína hefur hún hlotið fjölmargar viðurkenningar. Meðal þeirra má nefna Edward og Lily Tuck verðlaunin fyrir ljóðasafnið *Ljóð um ást og örvæntingu* (*Versos de amor y de locura*, 2012) og PEN-verðlaunin í Paragvæ fyrir ljóðasafnið *Grundvallarstef* (*Versos esenciales*, 2001). Fyrir Ballöður fólksins hlotnuðust henni verðlaun tileinkuð García Lorca og Roque Gaona verðlaunin fyrir ljóðasafnið *Minn kæri* árið 2004.

1 Upplýsingar sóttar af http://portalguarani.com/299_delfina_acosta.html og af heimasíðu Cervantesstofnunarinnar í Madrid. Úr sérsafni sem tileiknað er bókmenntum eftir konur frá Paragvæ: http://www.cervantesvirtual.com/obra-visor/narradoras-paraguayas-antologia--0/html/ff2ff49e-82b1-11df-acc7-002185ce6064_18.html#I_47_. Sótt í apríl 2020.

Á seinni árum hefur Acosta snúið sér æ meira að smásagnarritun og eftir hana liggja nú þegar smásagnasöfnin Ferðalagið (*El viaje*, 1995), Handbók um kirkjugarð (*Guía del Cementerio*, 2009) og Klúbbur hinna angurværu (*El club de los melancólicos*, 2010). Fjöldi ljóða og smásagna eftir Delfinu Acosta hafa birst í yfirlits- og safnritum víða um heim, eins og t.d. í Suðuramerískum smásögum (*Cuentos latinoamericanos*, 2009), sem út kom hjá C.C. Buchner útgáfunni í Þýskalandi, og kennslubók í spænsku (*Prismas del mundo hispánico*) frá sama útgáfufyrirtæki árið 2011.

Sagan sem hér hefur verið valin til þýðingar er úr bókinni *El viaje* (1995) en er hér fengin úr safnriti um smásagnarritun kvenna frá Paragvæ sem út kom með styrk frá Þróunarsamvinnustofnun Svíþjóðar árið 2005. Sagan veitir innsýn í höfundarverk Delfinu Acosta.

Amalía leitar unnusta¹

Ég ætlast ekki til þess að hann elski mig með sama hætti og þegar ég var tvítug. En ég hef enn ekki gefið upp alla von um að kynnast ástríkum manni, þótt ég sé komin á sjötugsaldur. Manni sem hlustar á mig spila á píanóið og klappar innilega fyrir flutningi mínum á Mozart. Manni sem eftirsóknarvert væri að fara með í göngutúr um breiðstræti *álmviðanna*; deila með ferskri angan síðdegisins, sem nær hámarki um sexleytið, eða gera með áætlun um að eyða helginni á *La alameda* hótelinu.

Ég myndi velja mér baðföt í sinnepsgulum lit til að hvíla með honum í sandinum. Við myndum spjalla um hvað sem væri, hluti eins og lífið og dauðann, sannleika og lygar. Við myndum kaupa hálsfestar sem frumbyggjarnir búa til úr fræjum grænu ávaxtanna. Við myndum óttast að ungu sundmennirnir þekktu okkur, þrátt fyrir gleraugun og förðunina. Það er nefnilega ekki ómerkilegt að hafa skrifað rúmlega tuttugu ástarsögur, vera jafn fræg og Corín Tellado,² og vera með þrítugan ástmann upp á arminn. Aðdáendur falast stundum enn eftir eiginhandaráritunum.

Við myndum fá okkur sæti á einum af hinum fjölmörgu svölum hótelsins og njóta sólarlagsins. Óviðjafnanlegs sólseturs sem stenst þó ekki samanburð við sjónarspil hafsins í sjónaukanum. Öldur sem rísa, hníga og skella svo á klettunum. Hafið sem sýnir mátt sinn og megin og verður táknmynd hjartsláttarins sem aldrei stöðvast, hjartans sem rís og fellur, þar til það nær hæð svölunnar sem klýfur vindinn.

1 Sagan ber yfirskriftina „Amalia busca novio“ á frummálinu. Hér fengin úr safnritinu *Penélope sale de Itaca: antología de cuentistas paraguayos*. Ritstj. María del Carmen Pompa Quiróz. Universidad Nacional de Asunción: Asunción, Paragvæ, 2005.

2 Corín Tellado (1927–2009) var spænskur rithöfundur. Eftir hana liggja rúmlega 4000 ástarsögur sem selst hafa í yfir 400 milljónum eintaka á Spáni og í löndum Rómönsku-Ameríku. Erótískar skáldsögur sínar gaf hún út undir skáldanafninu Ada Miller.

Síðasti elskhugi minn, Felipe, elskaði nafn mitt meira en persónuleika. Með hverjum varstu þegar þú skrifaðir Tuttugu kossar fyrir Isoldu? spurði hann mig þessa rigningarnótt í maí þegar við borðuðum kavíar í vel útlátinni kvöldmáltíð fyrir tvo sem ég hafði pantað. Við höfðum kynnst á *Los búhos* hótelinu og lofað að elska hvort annað að eilífu. Það var hrollkalt. Tárnot sór ég eiðinn ástríðufull. Felipe hafði logið. Hann var niðurlútur og sakbitinn eins og viðkvæmt barn. Ég fann til samúðar með honum en meðaumkunin breyttist í logandi ástríðu um leið og hann þrýsti mér upp að veggnum og kyssti mig.

Hann kyssti svo vel.

Saman skrifuðum við ástarsögu sem innblásin var af hinni frægu keisaraynju Sissi.³ *Burt með þetta, lagaðu hitt*, sagði hann í sífellu við mig í gegnum strembið ferlið við að koma þessari sögu saman. Ég veit ekki hvort hjálp hans var nokkurs virði. Sannleikurinn er sá að Felipe flutti í kjölfarið til Frakklands. Hann fékk vinnu við að skrifa bókmenntadálka fyrir vel þekkt síðdegisblað. Hann taldi sig hafa fundið köllun sína með mér. Ég hélt að hann hefði tekið handritið mitt með sér, en hann sýndi lágmarks háttvísi. Handritið var ósnert en ást hans hafði ég glatað.

Fyrirmyndina á ég ekki langt að sækja.

Constantína frænka mín, sem er rétt rúmlega áttæð, tilkynnti mér í síðasta bréfi sínu að hún væri ástfangin af sextán ára unglingi. Hún segist líta til með honum, greiða þykkt hár hans eftir hverja baðferð, útbúa fyrir hann sérstakt fæði sem samansett er úr kornmeti og ristudu brauði svo hann fái ekki bólur á vangann.

Frænka kann að vera komin til ára sinna en hún kann að daðra þrátt fyrir árin áttatíu og er enn fær um að valda hneykslan þegar hún stingur sér til sunds í tópaslituðum baðfötum. Það er sannarlega þess virði að fylgjast með henni. Hún er eins og höfrungur þegar höfuð hennar rís og hnígur í hafið. Samtímis kljúfa sterkir handleggir hennar öldurnar og fleyta henni óðfluga að marki sínu við sjóndeildarhring. Hún hefur alltaf verið svona kröftug.

Ég þrái að verða ástfangin. Ungi kraftlyftingamaðurinn, Ópello, sem býr á 14. hæð, virðir, eða virðist á stundum virða mig fyrir sér.

3 Vísað er til Isabel Amaliu Eugenia (1837–1898), keisaraynju af Austurríki.

Hvað sér hann við mig? Ef til vill þessa óþreyjufullu þrá til að elska, mikilfengleika blárra augna minna eða óbeislað hugrekkið sem manar mig til þess að fella tré án vélsagar. Ég hef enn svo margt að gefa.

Stundum dreymir mig að Ópelló sé falinn í einum af fjölmörgum skápum hússins. Draumurinn á rætur að rekja til áhuga míns á feluleikjum. Skyndilega birtist hann klæddur í nærfötin mín eða hangandi á herðatré. Ópelló er sérstaklega viðkunnanlegur. Einhvern veginn eins og guðsonur. Og nú finn ég fyrir heitum líkama hans við hlið mér í rúminu. *Amalía, þú ert svo fígur*, segir hann og greiðir úr fjólunum í síðu hári mínu. Og mig dreymir að við förum að breiðstræti *álmviðanna* og ryðjum okkur braut gegnum dúfnahafið sem hefur sig til flugs. Ópelló kyssir mig á munninn og hvíslar að mér fallegum orðum sem ég skil þó ekki til fulls. Þrátt fyrir það ná þau að bræða hjarta mitt.

Það er svo hughreystandi að láta sig dreyma.

Frá mínum bæjardyrum séð skiptir ekki máli þótt hann sé rétt í þessu að ganga fram hjá með Micaelu. Þótt hann brosi og setji blóm í hnappagatið á kjólnum hennar og bjóði henni jarðarberjaís og gorti sig af því. Ég er unnusta hans. Á því leikur enginn vafi.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr spænsku

Um Nuölu Ní Dhomhnail

Nuala Ní Dhomhnail fæddist árið 1952 í Lancashire-héraði á Englandi en þegar hún var barn að aldri fluttust foreldrar hennar aftur til heimahaga sinna á Írlandi. Þó svo að báðir væru foreldrarnir írskumælandi og írski væri töluð á heimilinu lagði móðir Nuölu ríka áherslu á að tala við hana á ensku svo hún kæmist áfram í lífinu.

Nuala lagði stund á ensku og írsku í Háskólanum í Cork og þar stofnaði hún, ásamt nokkrum samnemendum sínum, ljóðakollektívið INNTI árið 1970 og gáfu þau út tímarit með sama nafni. Meðlimir ortu á írsku en í stað hefðbundinna efnistaka um sveitasælu (og volæði) sóttu þau innblástur í borgarmenninguna auk bandarískrar andmenningar sem fór sem eldur í sinu um heimsbyggðina á þeim tíma. Þannig vildu þau koma í veg fyrir að írski einangraðist sem bókmenntamál. Ekki voru allir hrifnir af þessu uppátæki og mátti hópurinn sæta hatrammri gagnrýni frá ýmsum framvörðum írskrar menningar, sem voru hreint ekki opnir fyrir því að írski væri notuð til að yrkja um úrkynjaða og enskurotna borgarmenningu.

Fyrsta ljóðabók Nuölu, *An Dealg Draighin* (Þyrniplómuþyrnirinn), kom út árið 1981 og síðan hafa átta ljóðabækur fylgt í kjölfarið. Hún hefur nú fest sig í sessi sem eitt fremsta ljóðskáld Íra og ljóðabrot eftir hana var til að mynda prentað í nýjustu gerð írski vegabréfsins við hlið ljóðabrota eftir ekki minni skáld en William Butler Yates og James Orr.

Nuala yrkir eingöngu á írsku og segist sjálf ekki geta ort á ensku, þótt tvítyngd sé. Hún segir írsku hafa ákveðna eiginleika sem enskan hreinlega hafi ekki og því geti hún ekki sagt það sem hún vill segja á ensku. Nuala nýtir sér mikið írskar goðsagnir í ljóðum sínum, og

Þá sérstaklega kvenkyns goðsagnapersónur, og spila femínismi og birtingarmynd kvenleikans stórt hlutverk í ljóðum hennar, enda segist hún ekki vilja að bókmenntir á írsku einskorðist við gömul, úrelt og mestmegnis karllæg gildi.

Ljóðið *Ceist na Teangan*, sem hér fer á eftir, sækir þó efni sitt ekki í írskar goðsögur heldur Biblíuna. Ljóðið má finna í tvímála ljóðabókinni *Pharaoh's Daughter* (Dóttir Faraós) sem kom út árið 1990. Þar birtast ljóð Nuölu bæði á írsku og í enskum þýðingum margra af mikilsvirtustu ljóðskáldum Íra, þar á meðal nóbelskáldsins Seamus Heaney.

Ljóðið lýsir viðkvæmu ástandi írskunnar, hún sé á barmi þess að deyja út og það eina sem skáldið geti gert sé að treysta henni fyrir vonum sínum og senda út í óvissuna.

Ceist na Teangan

Cuirim mo dhóchas ar snámh
i mbáidín teangan
faoi mar a leagfá naíonán
i gcliabhán
a bheadh fite fuaite
de dhuilleoga feileastraim
is bitíúmin agus pic
bheith cuimilte lena thóin
ansan é a leagadh síos
i measc na ngiolcach
is coigéal na mban sí
le taobh na habhann,
féachaint n'fheadaraís
cá dtabharfaidh an sruth é,
féachaint, dála Mhaoise,
an bhfóirfidh iníon Fharoinn?

Spurningin um tungumálið

Ég set vonir mínar á flot
í bátskel tungumálsins
líkt og hvítvoðung
í vöggu
sem fléttuð er
úr sverðliljulaufum,
botninn roðinn
jarðbiki og hrátjöru,
kem henni því næst fyrir
innan um reyrgresið
og papýrussefið
við árbakkann,
fylgist með án þess að vita
hvert straumurinn muni bera hana,
fylgist með, eins og fór með Móses,
mun dóttir Faraós koma til bjargar?

Gunnbildur Jónatansdóttir þýddi úr írsku

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Angela Rawlings (f. 1978) er fjöllistakona, ritstjóri og listkennari sem hefur doktorsgráðu í leikhúsfraedum og sviðslist frá Háskólanum í Glasgow.

Vefsíða: <http://arawlings.is>

Birna Arnbjörnsdóttir (f. 1952) er prófessor í annarsmálsfraedum og deildarforseti Mála- og menningardeildar við Háskóla Íslands.

Netfang: birnaarn@hi.is

Chiquita Barreto (f. 1947) er paragvæskur kennari, uppeldis- og kennslufræðingur, leikstjóri og rithöfundur.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: erlaerl@hi.is

Delfina Acosta (f. 1956) er paragvæskt skáld og rithöfundur.

François Heenen (f. 1957) lauk doktorsprófi í málvísindum frá Háskólanum í Vínarborg og meistaragraðu í frönsku frá Háskóla Íslands. Hann er aðjunkt í frönsku við Háskóla Íslands.

Netfang: ffb@hi.is

Geir Sigurðsson (f. 1969) er doktor í heimspeki frá Hawaii-háskóla í Bandaríkjunum og prófessor í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands.

Netfang: geirs@hi.is

Geir Þ. Þórarinsson (f. 1978) lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornaldar frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og er nú aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands.

Netfang: gth@hi.is

Gunnhildur Jónatansdóttir (f. 1986) lauk meistaraþrófi í keltneskum fræðum frá University College Cork og meistaraþrófi í ritlist frá Háskóla Íslands. Hún leggur stund á ritstörf og þýðingar.

Netfang: *guf33@hi.is*

Hans Henny Jahnn (1854–1959) var þýskur skáldsagnahöfundur og leikskáld.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er sagnfræðingur og fyrrverandi prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Netfang: *belgisk@hi.is*

Hjörleifur Rafn Jónsson (f. 1961) lauk doktorsþrófi frá Cornell-háskóla og er prófessor í mannfræði við Ríkisháskóla Arizona (Arizona State University) í Bandaríkjunum.

Netfang: *hjonsson@asu.edu*

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsþrófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku-Ameríku, frá Texasháskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *holmfr@hi.is*

Kristín Ingvarsdóttir (f. 1973) lauk doktorsþrófi frá Hitotsubashi-háskóla í Tókýó árið 2006 og er nú lektor í japönskum fræðum við Háskóla Íslands.

Netfang: *kristini@hi.is*

Lara W. Hoffmann (f. 1990) er doktorsnemi í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og starfar rannsóknarverkefnið „Inclusive Societies? The Integration of Immigrants in Iceland“ sem er styrkt af Rannís (Rannsóknamiðstöð Íslands).

Netfang: *laraw@unak.is*

Lýsías (uppi á 5. öld f.o.t.) var forngrískur ræðuhöfundur.

Neida Bonnet de Mendonça (f. 1933) er argentínskur kennari og rit höfundur.

Nuala Ní Dhomhnaill (f. 1952) er írskt skáld.

Randi W. Stebbins (f. 1971) er forstöðukona Ritvers Háskóla Íslands, skáld, og einn af stofnfélögum Óss Pressunnar.

Netfang: *rws@hi.is*

Síðaóruang (f. 1943), réttu nafni Wanna Sawatsrí, er tælenskur rithöfundur.

Tómas frá Celano (f. um 1185 eða 1190, d. 1260) var ítalskur munkur, rithöfundur og skáld.

Þorgerður Anna Björnsdóttir (f. 1985) lauk BA-prófi í kínverskum fræðum og almennum málvísindum frá Háskóla Íslands. Kínverskukennari og verkefnastjóri hjá Konfúsíusarstofnuninni Norðurljós.

Netfang: *tab@hi.is*

Þórhallur Eypórsson (f. 1959) lauk doktorsprófi frá Cornell-háskóla og er prófessor í málvísindum við Háskóla Íslands.

Netfang: *tolli@hi.is*

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er aðjunkt í dönsku við sama skóla.

Netfang: *thorbild@hi.is*